 Starfsmenn sveitarfélaga, kjarasamningar, 391.
 Steenstrup, Björn, 643.
 Stefán G. Björnsson, 635.
 Stefán Pétursson, 648.
 Stefán Snævarr, 649.
 Steindór Steindórsson, 645.
 Steingrímur O. Thorláksson, 643.
 Steinsen, Halldór, 644.
 Stígur, rkn., 217.
 Stokkseyrartorfan, hagnýting bithaga o. fl., 271—273; rafveita, 33—36.
 Strong, Peter, 636.
 Stundakennarar, laun, 398—399.
 Styrktarsjóðir: blindra, 212—213, 299; Christians konungs X., 214; fatlaðra, 212, 298—299; W. Fischers, 517; Friðriks konungs áttunda, 341—342; V. Giga's, 344; Gísla J. Nikulássonar, 215; kennara við Kvennaskólann, rkn., 131; Kristjáns konungs níunda, 342; sjómanna, 216; vangefinna, 213, 297—298; verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta, 345—346; verkamanna- og sjómannafélaganna, 300; Þórarins Tulinius, 216; Þorvaldarminning, 345.
 Strömstén, Lars Eskil, 649.
 Suðureyrarhreppur, umferð, 139
 Sundstaðir, Reykjavík, gjaldskrá, 483—484.
 Svavar Jónsson, 643.
 Sveinbjörn Jónsson, 644.
 Sveinn Skorri Höskuldsson, 646.
 Sveinn Jóhannsson, 642;
 Sýsluvegasjóður, V.-Ísafjarðarsýsla, 325—327; N.-Ísafjarðarsýsla, 327—329.
 Sysstrasjóður Kvennaskólans, 130.
 Söfnunarsjóður Íslands, 425—426.
 Sölubúðir, Kópavogi, lokun, 423.

T.

Tasiaux, Philippe, 644, 645.
 Tekju- og eignaskattur, 468.

Theódóra Baldvinsdóttir, 639.
 Thorarínson, Sigursteinn Aleck, 649.
 Thorlacius, Birgir, 643, 644, 646.
 Thorlacius, Gylfi, 648.
 Thorlacius, Hallveig, 639.
 Thorlacius, Kristján, 639.
 Thoroddsen, Ásta Björk, 648.
 Thorsteinsson, Pétur J., 635.
 Thrane, Eigil, 637.
 Togveiði í fiskveiðilandhelgi 465—466.
 Tollfrjáls farangur, 461—463.
 Tollfrjáls verzlun, Keflavíkurflugvöllur.
 Tollgeymslur, tolleftirlit, 321—322.
 Tómas Einarsson, 639.
 Tómas Gunnarsson, 644.
 Topaloski, Ilija, 649.

U, Ú.

Umferð, Blönduóskaup­tún, 423; Bolungarvík, 200; Borgarnesi, 301; Búðareyrarkaup­tún, 383; Eskifjörður 253; Egilsstaðakaup­túni, 354; Hafnarfjörður, 463; Skútustaðahreppur, 467—468; Ísafjörður, 146—147; Kópavogur, 432; Neskaupstaður, 392; Reykjavík 394; Patrekshreppur, 255, Reykjavík, 256; Rangárvallasýsla, 277; Reykjavík, 248—249; Reykjavík, 293; Reykjavík, 390; Reykjavík, 441; Suðureyrarhreppur, 139; Akureyri, 141—143; Dalvík, 144.
 Umferðarbann, hámarkshraði o. fl., 5—7.
 Umferðargjald, Reykjanesbraut, 144.
 Umferðarmerki, notkun, 149—152, 385
 Unnur Jónsdóttir, 641.
 Unnur Tómasdóttir, 640.
 Útanfararsjóður sjúkra, rkn., 130.
 Útvarpsrekstur, 428.

V.

Valborg Þorleifsdóttir, 641.
 Valgeir Gestsson, 639.
 Valur Júlíusson, 647.
 Vanderborght, Emanuel, 644.
 Vatnsleysustrandarhr., rafveita, 62—65.
 Vatnsveita, Kópavogur, 439.
 Vatnsveitufélag, Gýgjarhóls, 91—93.
 Veiðifélag Breiðdæla, 115—116; Grímstunguheidar, 121—122; Hítarar, 197—198; Hofsar, 198—199; Mýrarhvislar, 109—110; Mývatns, 23—24; Straumfjarðarar, 119.

Venýja Lúðvíksdóttir, 640.
 Verzlunarbani Íslands, 119—120; 121.
 Vessiére, George Cl., 636.
 Vestmanneyjar, rafveita, 97—101; vatns-
 veita, gjaldskrá 288—290, rg. 290—292.
 Vilberg Alexandersson, 641.
 Vilhjálmur Einarsson, 641.
 Vilhjálmur Þ. Gíslason, 643.
 Villemoes, Svend, 636.
 Vísindaleiðangrar, tollfrjáls innflutning-
 ur, 255—256.
 Vísindasjóður, 210—211.
 Vopnafjörður, Hafnarreglugerð, 185—186.
 Vörumerki, 520—635.

W.

Wie, Neuberth, 636.
 Wodiczko, Bohdan, 636.
 Wright, Ása G. 637.
 Wulf, Hans, 637.

Y, Ý.

Ytri-Torfastaðahreppur, fasteignaskattur,
 424.
 Ýmis gjöld með viðauka, innheimta, 101
 —102.

Z.

Zier, Kurt, 637.

Ð.

Þeir, sem biða tjón af jarðeldum, 518.
 Þjóðgarður í Skaftafelli, 375.

Þór Sandholt, 635.
 Þór Vilhjálmsson, 644.
 Þórarinn Ragnarsson, 639.
 Þórarinn B. Stefánsson, 645.
 Þórarinn Þórarinsson, 648.
 Þorbjörg Haraldsdóttir, 640.
 Þorbjörg Kolbrún Ásgrímsdóttir, 640.
 Þorbjörn Björnsson, 635.
 Þórður Benediktsson, 640.
 Þórður Kristjánsson, 647.
 Þorgerður Sveinsdóttir, 639.
 Þórhallur Höskuldsson, 648.
 Þorkell Steinar Ellertsson, 642.
 Þorkell Jóhannesson, 646.
 Þorlákur Sævar Halldórsson,
 Þóroddur Jónasson, 649.
 Þorsk- ýsu- og ufsaveiðar, 294—295.
 Þorsteinn Einarsson, 643.
 Þorsteinn Matthíasson, 642.
 Þorsteinn Pétursson, 642.
 Þorsteinn Sigurðsson, 647.
 Þorsteinn Skúlason, 647.
 Þorsteinn Svöfurður Stefánsson, 647.
 Þórunn Pálsdóttir, 640.
 Þrúður Guðmundsdóttir, 639.

Ö.

Ökutæki, gerð og búnaður, 484.
 Öryggisbelti, í bifreiðum, 491—492.
 Östern, Björn Frode, 649.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1968

4. janúar 1968.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 24 10. marz 1967.

1. gr.

B-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Fyrir landingar á flugvöllinum eða flughöfninni skal greiða kr. 36.69 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 18.34 á hvert honn, sem þar er fram yfir.

Minnsta gjald er kr. 61.14.

2. gr.

B-liður 7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzini, sem afgreitt er á flugvöllinum, eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.5514
Á hvert U.S.-gallon	— 2.078

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt heimild í lögum nr. 24 21. maí 1964, um loftferðir, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 24 10. marz 1967, um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ um samræmt gagnfræðapróf.

1. gr.

Allir nemendur, sem ganga undir gagnfræðapróf, skulu þreyta samræmt landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Prófin skulu miðast við að kanna ákveðinn kjarna hvernar námsgreinar. Þau skulu vera skrifleg og haldin samtímis um allt land.

Heimilt er þó, að hluti prófs sé munnlegur. Einnig er heimilt að fjölga eða fækka landsprófsgreinum frá því, er áður greinir.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 8 manna prófnefnd auk formanns nefndarinnar til allt að þriggja ára í senn. Formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina annast starfsmaður menntamálaráðuneytis eða fræðslumálaskrifstofu, skipaður af ráðuneytinu. Í prófnefndinni skulu vera 2 fulltrúar fyrir hverja námsgrein, vel kunnugir kennslu og námsefni í gagnfræðaskólum, og skal a. m. k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í greininni.

Þóknun til prófnefndarmanna og annar sérkostnaður vegna prófsins greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Prófnefndarmenn hvernar námsgreinar annast samningu prófverkefna í sinni grein og setja reglur um framkvæmd prófsins. Fræðslumálaskrifstofan sendir prófgögn til skólustjóra og ákveður próftíma. Skal öllu þann veg háttað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrir en á prófdegi.

4. gr.

Kennarar og prófdómendur fyrrnefndra námsgreina á gagnfræðaprófi skulu annast úrvinnslu og einkunnagjöf samkvæmt fyrir mælum prófnefndar. Einkunnir á hinu samræmda landsprófi skal færa sérstaklega í prófbók skólans og á gagnfræðaprófsskírteini. Auk þess er hverjum skóla heimilt að gefa sínar einkunnir í umræddum greinum og er þá í sjálfsvald sett, hver áhrif landspróf nemandans hefur á þá einkunnagjöf. Senda skal skýrslu um landsprófið til formanns nefndarinnar.

5. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0 til 10, í heilum tölum og hálfum. Eina einkunn skal gefa fyrir hverja námsgrein, nema í íslenzku tvær samkvæmt nánari ákvörðun prófnefndar.

Ekki telst nein einkunn vera falleinkunn á hinu samræmda prófi, og eigi skal heldur færa meðaleinkunn fyrir það próf.

6. gr.

Prófnefnd skal kanna einkunnagjöf hvers skóla á hinum samræmdu prófum með athugun á úrtaki úrlausna. Ef misræmis eða frávik frá matsreglum nefndarinnar verður vart, skulu prófnefndarmenn gera skólustjóra og viðkomandi kennurum eða prófdómendum aðvart. Nefndin hefur heimild til að breyta einkunnum skólans, ef um verulegt misræmi er að ræða.

7. gr.

Fyrir 1. september ár hvert skal prófnefnd senda skólunum drög að námskrá í landsprófsgreinum gagnfræðaprófs og gera nokkra grein fyrir kröfum næsta prófs og gerð þess. Bent skal á helztu atriði, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en ekki skal afmarkað ákveðið lefni í sérstökum bókum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og fer próf fram samkvæmt henni í fyrsta sinn vorið 1969. Reglugerðina skal endurskoða fyrir 1. ágúst 1970 í ljósi fenginnar reynslu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til undirbúnings samræmdu gagnfræðaprófi skulu fara fram könnunarpróf í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði vorið 1968 samkvæmt nánari fyrirmælum prófnefndar og fræðslumálaskrifstofu.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

2. janúar 1968.

Nr. 3.

REGLUR

um umferð og athafnir í kirkjugörðum Reykjavíkur, lóðum þeirra og löndum.

1. gr.

Kirkjugarðarnir eru friðhelgir. Þar er bönnuð öll óþarfa umferð, leikir og hvers konar hávaði.

2. gr.

Börn mega eigi hafast þar við, nema í fylgd með fullorðnum, sem þá beri ábyrgð á hegðun þeirra.

3. gr.

Öll umferð vélknúinna ökutækja og reiðhjóla er bönnuð þar, nema með sérstöku leyfi hverju sinni. Sömuleiðis er bannað að fara þar um með hesta, hunda og önnur dýr.

4. gr.

Nú er leyfð umferð ökutækja samkvæmt ákvæðum 3. greinar, og má þá hraði ökutækja aldrei fara fram úr 20 km miðað við klukkustund.

5. gr.

Aðstandendur þeirra, sem jarðsettir eru í grafreitum eða duftreitum kirkjugarðanna, svo og allir þeir, sem um lönd kirkjugarðanna fara, verða að hlíta þeim reglum, sem þar gilda hverju sinni.

6. gr.

Enginn má framkvæma vinnu í görðunum, sem kaup eða gjald kemur fyrir, nema með leyfi og undir eftirliti kirkjugarðsstjórnar. Öll helgidagavinna er bönnuð.

7. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna; mold, jurtaleifar, eða nokkuð annað, sem óprýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

8. gr.

Allan mannsafnað, sem að mati kirkjugarðsstjórnar, eigi telst viðeigandi, að safnist þar saman, skal banna og varna, að komi þar saman.

9. gr.

Eigi má setja girðingar úr steini, málmí eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

10. gr.

Eigi má án leyfis kirkjugarðsstjórnar gróðursetja tré, runna, né neina plöntu viðarkyns.

11. gr.

Greinar trjáa og runna mega eigi ná út fyrir endamörk legstæðisins, séu þær eigi hærra en 2 metra frá jörðu.

12. gr.

Eigi má sá til eða gróðursetja, neins staðar í löndum Kirkjugarða Reykjavíkur, þær jurtir, sem með sjálfsáningu, rötarskoti eða á annan hátt offjölgar, svo að þau valdi óeðlilega mikilli vinnu við hirðingu.

13. gr.

Sái einhver eða gróðursetji slíkar jurtir, sem um ræðir í 12. grein, ber honum að greiða kostnað, sem leiða kann af útrýmingu þeirra.

14. gr.

Eigi má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlægja neitt af grafarstæðum, svo sem minnismerki, blóm, trjágróður o. s. frv.

15. gr.

Stjórn Kirkjugarða Reykjavíkur ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minnismerki, gróður eða annað, sem á grafarstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

16. gr.

Minnismerki skulu, að stærð og útliti, vera samkvæmt reglum þeim, sem gilda kunna á því svæði kirkjugarðsins, sem um er að ræða hverju sinni.

17. gr.

Minnisvarðar á duftreitum Kirkjugarða Reykjavíkur mega aðeins vera púltsteinar.

Stærð þeirra skal vera

Á einstaklingsreitum	5/15	40 × 35 cm.
Á fjölskyldureitum	8/18	50 × 45 cm.

18. gr.

Frágangur minnismerkja skal vera svo traustur, að þau hvorki raksi, né spyrni til jarðvegi, þótt gröf sé tekin við hlið þeirra.

19. gr.

Þegar minnismerki, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sér gengið og/eða komið að falli, svo að af stafar hætta, eða er til óþrýði, skal gera umráðamanni grafarstæðisins aðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minnismerkið. Skal það þá gert í samræmi við fyrir-mæli 16. greinar laga nr. 21 23. apríl 1963.

20. gr.

Grafarstæði, sem verið hefur í óhirðu í 3 ár samfleytt, skal kirkjugarðsstjórnin láta tyrfa, malbera, eða gera aðrar ráðstafanir við, sem auðvelda umhirðu á því.

21. gr.

Eigi skulu skaðabætur koma til réttihafa grafarstæðis, ef beita verður ákvæðum 19. eða 20. greinar.

22. gr.

Þótt grafarfriðun sé útrunninn, skal eigi flytja uppistandandi minnismerki eða raska umbúnaði grafarstæðisins, sé það í góðu ásigkomulagi.

23. gr.

Auk framantalinna sérreglna, gildir Lögreglusamþykkt Reykjavíkur, eftir því sem við á, á öllum athafnasvæðum Kirkjugarða Reykjavíkur.

24. gr.

Mál, sem kunna að rísa út af reglum þessum, skal fara með samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Brot gegn reglum þessum varða sektum frá krónum 500.00 til króna 5000.00, ef eigi liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

Ef yfirsjón barns yngra en 15 ára, er að kenna skorti, foreldra eða forráðamanna, á umsjón þess, skulu þeir bæta það tjón, sem af kann að hafa hlotið.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. grein laga nr. 21 23. apríl 1963, um kirkjugarða.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur Björnsson.

REGLUGERÐ

um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl. í sambandi við gildistöku hægri umferðar.

1. gr.

Í sambandi við breytingu úr vinstri umferð í hægri, sem kemur til framkvæmda kl. 06.00 26. maí 1968, eru settar eftirfarandi reglur um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 03.00—07.00 26. maí 1968 er bönnuð öll umferð vélknúinna ökutækja á vegum, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Umferðarbann samkv. 2. gr. nær ekki til:

- a. Ökutækja, sem notuð eru af lögreglu, tollgæzlu eða slökkviliði í starfi.
- b. Ökutækja, sem notuð eru af læknum, ljósmæðrum eða dýralæknum í starfi, eða notuð eru til flutnings sjúkra til læknis eða á sjúkrahús, eða í öðrum samsvarandi tilvikum.
- c. Ökutækja, sem notuð eru við störf vegna umferðarbreytingarinnar eða vegna sérstakrar umferðarvörzlu.
- d. Leigubifreiða til mannflutninga í atvinnuakstri.

Ef sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri veitt undanþágu til notkunar annarra ökutækja, en greinir í 1. mgr.

4. gr.

Ökutæki, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegin umferðarbanni, skulu auðkennd sérstaklega, enda beri þau ekki sérstök auðkenni vegna notkunar sinnar.

5. gr.

Á tímabilinu frá kl. 05.50—06.00 26. maí 1968 er umferð þeirra ökutækja, sem ákvæði 3. gr. taka til, bönnuð, sbr. þó 6. gr.

Ökutæki, sem eru á ferð, skulu stöðvuð fyrir kl. 05.50, og staðsett eftir reglum um vinstri umferð, þannig, að auðvelt sé að færa þau til og staðsetja eftir reglum um hægri umferð.

Á tímabilinu frá kl. 05.50—06.00 er óheimil önnur umferð ökutækis á vegi en sú, sem nauðsynleg er til að flytja það til, þannig að samrýmist reglum um hægri umferð.

6. gr.

Umferðarbann samkvæmt 5. gr. nær ekki til ökutækja lögreglu í starfi, ökutækja slökkviliðs, lækna og ljósmæðra í kvaðningu, né ökutækja, sem notuð eru til óhjákvæmilegs flutnings sjúkra til læknis eða á sjúkrahús.

7. gr.

Ökutæki, sem kl. 06.00 26. maí 1968 er lagt samkvæmt reglum, sem gilt hafa fram til þess, en í bága við reglur, sem þá taka gildi, mega standa þannig fram til kl. 24.00 27. maí 1968, enda verði ökutækið eigi til hættu eða trafala í umferðinni.

8. gr.

Þegar ökutæki er flutt til samræmis hægri umferð, skal ökumaður gæta ýtrustu varúðar.

9. gr.

Eftir kl. 06.00 26. maí 1968 og þar til annað verður ákveðið gilda eftirfarandi reglur um hámarkshraða:

- a. Í þéttbýli þar sem hámarkshraði fyrir breytingu er yfir 35 km á klst. verður hámarkshraði 35 km á klst.
- b. Utan þéttbýlis verður hámarkshraði 50 km á klst. til kl. 24.00 28. maí 1968, en síðan 60 km á klst. Á þeim vegum þar sem hámarkshraði fyrir breytingu er 60 km á klst. verður hámarkshraði þó áfram 50 km á klst.
- c. Hámarkshraði á Reykjanesbraut frá vegamótum við Krísvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (flugvallarveg) verður 60 km á klst.

10. gr.

Bannmerki (B 11), sem sýna takmarkaðan hámarkshraða, er gildir eftir umferðarbreytinguna, má setja upp 25. maí 1968, þótt hæsti leyfilegur ökuhraði fram að breytingu komi ekki fram á merkinu.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum nr. 26. 2. maí 1958.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. janúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

12. janúar 1968.

Nr. 5.

REGLUGERÐ um geislavarnir ríkisins.

I. Hlutverk og stjórn.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins hafa það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, samkvæmt lögum nr. 95 20. desember 1962, í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif jónandi geisla. Starfsemi geislavarna ríkisins skal miða við reglur International Commission on Radiological Protection (ICRP) um geislavarnir.

2. gr.

Eðlisfræðingur, sérfróður um geislavarnir, skal annast framkvæmd geislavarna undir stjórn landlæknis og yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál. Geislavörnum ríkisins til ráðuneytis skulu vera prófessorinn í röntgenfræðum við læknadeild Háskóla Íslands eða yfirlæknir við röntgendeild Landspítalans, tilnefndur af honum, og eðlisfræðingur, tilnefndur af Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast:

1. Reglubundið eftirlit með öllum geislatækjum og geislavirkum efnum, sem leyfi þarf fyrir samkvæmt 1. gr. laga nr. 95 20. desember 1962.
2. Athuganir umsókna samkvæmt 2. gr. laga nr. 95 20. desember 1962 og veita landlækni umsögn um slíkar umsóknir.
3. Eftirlit með uppsetningu og breytingu röntgentækja og annarra geislatækja.
4. Eftirlit með flutningi, umbúnaði, tollskoðun og fjarlægingu geislavirkra efna.
5. Eftirlit með geislaskömmum starfsfólks, er vinnur við jónandi geislun.
6. Söfnun gagna og umsýjun með mælingum á geislavirkni í matvælum, umhverfi o. fl. og úrvinnslu og útgáfu slíkra mælinga.
7. Hvers konar annað eftirlit og athuganir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum nr. 95 20. desember 1962 eða reglugerð þessari.
8. Aðild að evrópsku viðvörunarkerfi, sem starfar í neyðartilfellum og að annast viðvörun vegna geislahættu.
9. Önnur verkefni á sviði geislavarna eftir ákvörðun landlæknis.

II. Skoðun tækja og efna, sem framleiða jónandi geisla.

4. gr.

Framkvæma skal, eigi sjaldnar en annað hvort ár, skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða jónandi geisla og leyfi ráðherra þarf fyrir.

5. gr.

Geislavörnum ríkisins skal heimill frjáls aðgangur að sérhverjum þeim stað, þar sem þau tæki og efni, sem reglugerð þessi tekur til, eru notuð og geymd, í því skyni að framkvæma á þeim skoðun, enda ber þess að gæta, að skoðunin valdi sem minnstri röskun á daglegri starfsemi viðkomandi tækja og efna.

6. gr.

Geislavarnir ríkisins fyrirskipa eigendum tækja og efna að framkvæma þær lagfæringar, sem taldar eru nauðsynlegar og séu lagfæringar eigi framkvæmdar innan þess frests, sem tiltekinn er, er heimilt að banna notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram. Eigendur tækja geta áfrýjað úrskurði geislavarna ríkisins til heilbrigðismálaráðherra.

7. gr.

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskytt er samkvæmt reglugerð þessari, skal greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni. Eigandi tækis eða efnis getur óskað eftir geislavarnarskoðun sér að kostnaðarlausu.

Skoðunargjald greiðist annað hvort ár og skal vera sem hér segir:

Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

1. Skyggni- og myndatökutæki allt að 50 mA	kr. 400.00
2. Tæki allt að 500 mA með 1 röntgenlampa	— 500.00
fyrir hvern aukalampa greiðist	— 150.00
3. Tæki 500 mA og þar yfir með allt að 3 röntgentlömpum	— 1200.00

Röntgenlækningatæki (terapi).

4. Tæki allt að 100 kV	kr. 1200.00
5. Tæki allt að 250 kV	— 2000.00
6. Tæki 250 kV og þar yfir	— 3000.00
fyrir hvern aukalampa greiðist	— 500.00

Geislavirk efni.

7. Fyrir hvern stað, þar sem slíkt efni er notað	kr. 500.00
--	------------

Eftirlitsmenn geislavarna ríkisins innheimta skoðunargjaldið.
Gera skal árlega skýrslu til landlæknis um skoðunina.

III. Leyfi til eignar, framleiðslu, innflutnings, sölu eða afhendingar tækja og efna, sem framleiða jónandi geisla.

8. gr.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 95 20. desember 1962, skal eftirlitsmaður frá geislavörnum ríkisins kanna allar aðstæður hjá umsækjanda til þess að uppfylla þær öryggiskröfur, sem reglugerð þessi, eða aðrar reglur, gera ráð fyrir, og láta landlækni í té umsögn.

9. gr.

Þegar setja skal upp röntgentæki eða önnur geislataeki eða breyta slíkum tækjum, skal senda geislavörnum ríkisins áætlun um verkið og er óheimilt að hefja verkið fyrr en fengið er samþykki þeirra.

IV. Flutningur og fjarlæging geislavirkra efna.**10. gr.**

Ef flytja skal geislavírt efni, skulu þau vera í öruggum umbúðum og svo um húið, að efnið dreifist eigi út í umhverfið þótt umbúðir rofni, enn fremur skal svo um húið, að geislunin geti eigi gefið óleyfilega háa geislaskammta meðan á flutningi stendur, samkvæmt reglum ICRP. Á umbúðum skal tekið greinilega fram, að innihaldið sé geislavírt. Á umbúðirnar skal ritað tegund og magn hins geislavirka efnis. Þá skal þess getið, hver sé sendandi og viðtakandi og heimilisföng beggja. Þess skal getið á flutningsskjölum öllum, að um geislavírt efni sé að ræða.

11. gr.

Tollskoðun á sendingum með geislavírkum efnum skal einungis framkvæmd í viðurvist sérfróðs manns frá geislavörnum ríkisins.

12. gr.

Ef fjarlægja skal hættuleg geislavírt úrgangsefni, skal það tilkynnt geislavörnum ríkisins, sem gefa nánari fyrirmæli um framkvæmd hveru sinni.

V. Notkun geislavirkra efna og geislataekja.**13. gr.**

Allir þeir staðir, þar sem unnið er með geislavírt efni, geislataeki eða geislavírt efni eru geymd, skulu greinilega merktir aðvörunarmerkjum, sem gerð skulu eftir fyrirsögn geislavarna ríkisins.

14. gr.

Geislavarnir ríkisins setja nánari fyrirmæli um öryggisráðstafanir, m. a. til að vernda starfsfólk og aðra gegn geislun, og bera eigendur geislavirkra efna eða geislataekja ábyrgð á að farið sé eftir þeim fyrirmælum.

15. gr.

Þekking þess, sem stjórnar starfi við jónandi geisla og lækniseftirliti starfsfólks á viðkomandi stað, skal vera fullnægjandi að dómi geislavarna ríkisins og landlæknis og má gera kröfur um öflun viðbótarþekkingar, sé þess talin þörf.

VI. Heilbrigðiseftirlit starfsfólks.**16. gr.**

Eigendur geislavirkra efna eða geislataekja skulu sjá fólki, sem starfar við jónandi geisla fyrir reglubundnu lækniseftirliti, sem framkvæmt skal af aðila, sem landlæknir viðurkennir til þess starfs. Geislavarnir ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins og fylgjast með framkvæmd þess.

VII. Geislavirknimælingar.**17. gr.**

Framkvæma skal mælingar á geislavirkni í matvælum og umhverfi vegna geislavarna. Landlæknir ákveður ár hvert í samráði við ráðunauta um geislavarnir, hvernig mælingum skuli hagað.

VIII. Viðurlög.

18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95 20. desember 1962 og 7. gr. laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum nr. 24 1. febrúar 1936, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðun tækja, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla, nr. 190 12. ágúst 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. janúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 6.

15. janúar 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá yfir Vistheimilið Sólborg á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 15. janúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir vistheimilið Sólborg á Akureyri.

1. gr.

Vistheimilið er stofnað af Styrktarfélagi vangefinna á Akureyri og skal vera hæli fyrir vangefið fólk á Norðurlandi.

2. gr.

Vistheimilið er sjálfseignarstofnun.

Heimili þess og varnarþing er í Akureyrarkaupstað.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur látið endurgjaldslaust af hendi fjöggra hektara landssvæði í Kotárborgum til fullra afnota fyrir starfsemi vistheimilisins.

Styrktarsjóður vangefinna mun veita fé til byggingu vistheimilisins með tilheyrandi nauðsynlegri mannvirkjagerð.

Styrktarfélag vangefinna á Akureyri hefur lagt vistheimilinu til 700 metra langa vatnslögn frá aðalæð vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að veita vangefnum fólki á Norðurlandi — einkum börnum og unglingum —, eftir því sem tók leyfa á hverjum tíma, uppeldi og umönnun, tilsögn þá og þjálfun, sem viðeigandi er og nauðsynleg talin að sérfróðra manna dómi. Leitast skal við að fá til slíkra starfa sérmenntaða stjórnendur, hæfa kennara og þjálfað hjúkrunarlið.

5. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eiga sæti 5 menn og skulu þeir þannig skipaðir, að stjórn Styrktarfélags vangefinna á Akureyri tilnefndir þrjá menn í stjórnina, bæj-

arstjórn Akureyrar tilnefni einn mann og landlæknir skipar þann fimmta og er hann formaður stjórnarinnar. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár, og telst í fyrsta skipti samkvæmt skipulagsskrá þessari frá 1. janúar 1968.

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar. Hún skal jafnan hafa samráð við héraðslækni um rekstur heimilisins og njóta skal hún aðstoðar sérfræðinga Kópavogshælisins um val vistmanna og greiningu þeirra í deildir.

7. gr.

Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um skipun sína, boðar hann hina nýju stjórn á fund og gengst þar fyrir kosningu ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til fundar í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur þegar þörf krefur, kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðið verk, með samþykki stjórnarinnar. Á aðalfundi stjórnarinnar, sem haldinn skal í febrúar ár hvert, leggur formaður fram ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum hans.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan funda, sem máli getur skipt. Hann annast allar bréfaskriftir, heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum.

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna, og geyma skal hann sjóðinn í banka með ríkisábyrgð. Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar og fyrir janúarmánaðarlok skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár.

Á aðalfundi stjórnarinnar leggur gjaldkeri reikningana fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekið verksvið.

9. gr.

Stjórn félagsins kýs endurskoðanda og einn varaendurskoðanda. Félagsmála-ráðuneytið skipar annan endurskoðanda og mann til vara fyrir hann. Skal árlega birta reikningsyfirlit stofnunarinnar í Lögbrítingablaðinu. Enn fremur ber að senda ráðuneytinu ársreikninga stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir.

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

11. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið í þágu vangefinna á Norðurlandi.

12. gr.

Breytingu á skipulagsskránni má ekki gera nema ef stjórn styrkarfélags vangefinna á Akureyri og stjórn hælisins samþykki, enda hljóti hún staðfestingu heilbrigðisstjórnarinnar.

Á stjórnarfundum í Styrktarfélagi vangefinna á Akureyri þriðjudaginn 31. okt. 1967 var framanskráð skipulagsskrá samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Akureyri, 1. nóvember 1967.

Í stjórn Styrktarfélags vangefinna á Akureyri:

Jóhannes Óli Sæmundsson, form. Jón Ingimarsson ritari. Albert Sölvason, gjaldkeri.

Jóhann Þorkelsson, meðstj. Níels Hansson, meðstj.

REGLUR

um styrkveitingar til iðnaðarmanna vegna framhaldsnáms erlendis.

Menntamálaráðuneytið veitir styrki til iðnaðarmanna, sem stunda framhaldsnám erlendis, eftir því sem fé er veitt í þessu skyni í fjárlögum ár hvert.

Fjárhæð styrkja hverju sinni fer m. a. eftir fjárveitingu og fjölda umsækjenda.

Styrkir verða fyrst og fremst veittir þeim, sem ekki eiga kost á styrkjum eða námslánnum úr lánasjóði ísl. námsmanna eða öðrum sambærilegum styrkjum og/eða lánnum. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita viðbótarstyrki til þeirra, er stunda viðurkennt tækninám, ef fé er fyrir hendi.

Styrkir eru eingöngu veittir til náms erlendis, sem ekki er unnt að stunda hér á landi. Skal námið stundað við viðurkennda fræðslustofnun og eigi standa yfir skemur en tvo mánuði, nema um sé að ræða námsferð, sem ráðuneytið telur hafa sérstaka þýðingu.

Styrkir greiðast ekki fyrr en skilað hefur verið vottorði frá hlutaðeigandi fræðslustofnun um að nám sé hafið.

Umsóknir skulu vera á eyðublöðum, sem menntamálaráðuneytið lætur gera.

Styrkveiting fer fram einu sinni á ári, og auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum.

Með umsókn skal fylgja vottorð iðnfræðsluráðs um að nám það, sem um er að ræða, sé eigi unnt að stunda á Íslandi.

Ráðuneytið leitar tillagna iðnfræðsluráðs áður en styrkir eru veittir samkvæmt reglum þessum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

Heimtaugargjöld

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Jarðstrengur		Loftlína	
	stofngjald kr.	lengdargjald kr./m	stofngjald kr.	lengdargjald kr./stólpa
1 25 A			3 533	4 123
2 60 A	806	355	4 123	4 710
3 100 A	806	427	5 300	5 889
4 25 A			4 123	4 710
5 60 A	806	427	5 300	5 889
6 100 A	2 441	485	7 067	7 361
7 200 A	8 392	736	14 134	8 834
8 300 A	34 000	x		
9 150 kVA	39 000	x		
10 300 kVA	78 000	x		
11 500 kVA	130 000	x		
12 800 kVA	208 000	x		

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.
x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

- 3.1 Lengd jarðstrengheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðamörkum eða næsta útítengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins, Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.
- 3.2 Sjái húseigandi, á eigin kostnað, um lögn frá útítengikassa eða rofa í spennistöð að eigin stofntengikassa eða töflu, greiðir hann aðeins stofngjald skv. töflu í 2. gr., enda annist húseigandi sjálfur viðhald heimtaugarinnar.
- 3.3 Fyrir loftlínuheimtaugar greiðist lengdargjald skv. töflu í 2. gr., ef setja þarf sérstaka stólpa vegna fjarlægðar eða afstöðu stofnkassa til notandalínu.
- 3.4 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sértaks aukagjalds af húseiganda.
- 3.5 Í byggingahverfum, sem sérstaklega eru skipulögð sem ein heild, er Rafmagnsveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

4. gr.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir

stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. gr.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

III. KAFLI

Mælaleiga.

6. gr.

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku:

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að	35—50	55—100	Yfir
	30 amp. kr.	amp. kr.	amp. kr.	100 amp. kr.
Einfasa kwst. mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér	55.20			
Þrífasa kwst. mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	119.88	202.80	234.96	387.12
Tvígjaldsmælar, mestumælar	202.80	234.96	368.88	589.92

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis eftir nánari ákvörðun rafmagnsstjóra.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 1 ml. 2. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI

Sala raforku.

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið svo sem hér segir:

1. Kr. 6.69 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli.
2. Kr. 919.84 hvert árshektó Watt, sem selt er um hemil eða hemilmæli, enda standi hemilstillingin ávallt á heilu hw. og sé bil milli tveggja stillinga eigi minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld skv. 1. tl. Heimilt er að selja raforku til útilýsingar skv. þessum lið, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki viðhaldskostnað að fullu.
3. Kr. 1.77 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 919.84 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfplatarmál rýmis þess, er lýsa skal og kr. 28.40 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Kr. 190.58 hvert árshw., og öll notkun kr. 1.77 kwst., ef um meira en 2.5 kw. afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 600 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfplatarmáls 15 wött á kr. 115.35 árshw.

Nú er notuð lýsing með flúrlömpum, og er þá heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltampére í stað watta.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

1. Raforka til ljósa um sérsmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld 1.67 kwst., og er heimilt að selja til notk-

- unar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum, raforku skv. þessum lið, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Kr. 1.45 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli og auk þess fastagjald kr. 140.40 á ári af hverju íbúðarherbergi. Heimilt skal að selja til notkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum raforku til suðu, skv. þessum lið, enda sé þá selt um sérmæli, en herbergjagjald ekki reiknað. Sama gildir um sölu á raforku til súgþurrkunar á heyi.
 3. Kr. 4968.16 hvert árskw., sem selt er um hemilmæla og auk þess kr. 1.36 hver kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö. Heimilt skal að selja skrifstofum, verzlunum og verkstæðum raforku skv. þessum lið, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla. Stilling hemils skal þá miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins, en ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulíð, þá 2. tl. 7. gr.
 4. Kr. 1.26 hver kwst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxi þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélareksturs skal ákveðið svo sem hér segir:

1. Kr. 3.34 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli. Lágmarksárgjald skal þó vera kr. 2257.00, en þó aldrei lægra en kr. 769.37 á ári fyrir hvert uppsett kw. í málraun véla. Heimilt er að selja orku eftir þessum lið með fastagjaldi fyrir vélar og reikna kr. 668.62 á uppsett árskw., en auk þess skal greiða kr. 1.30 fyrir hverja kwst.
2. Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:
Kr. 1120.00 á árskw.
Auk þess skal greiða kr. 0.57 fyrir hverja kwst.
3. Kr. 3628.32 fyrir hvert árskw., sem selt er um hemilmæli, og kr. 1.77 hver kwst., sem umfram er.
Rafmagnstjóri ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni.
Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.
4. Kr. 3.52 fyrir hverja kwst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

1. Kr. 0.70 hver kwst., seld um kwst.mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
2. Kr. 0.61 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumur er rofinn kl. 10.45—12.00 og 18.30—19.45.
Heimilt er jafnhliða þessu ákvæði að selja raforku, skv. 2. tl. 8. gr., enda skal þá fastagjald vera kr. 1394.80 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 641.14 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 3962.00 á ári.
Selja má raforku skv. 1. mgr. þessa liðar án klukkurofa, þar sem raforkan er notuð til hitunar á neytluvatni, stórra kæliliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
3. Kr. 0.44 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, kl. 10.00—12.00 og 2 klst. á tímanum kl. 17.00—21.00.
4. Kr. 0.28 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9.00—21.00, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar

til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem stærra er en 2000 rúmm. eða aðra hliðstæða notkun á afl, er heimilt að láta raforku í té á tímunum kl. 12.30—15.30.

5. Kr. 0.37 hver kwst., sem seld er um tvígjaldsmæli á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 1.45 hver kwst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00. Heimilt er að selja raforku til véla- og vélareksturs skv. þessum lið, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 500 klst., en rjúfa ber þá strauminn með klukkurofa á tímabilinu 10.45—12.00.

11. gr.

Rafmagnsstjóri má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstök- um samningi.

Rafmagnsstjóra er heimilt að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripa- notkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar þar sem hann telur þess þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds.

Rafmagnsstjóra er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl. hjá þeim not- endum, sem kaupa orku samkv. aflagjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á kaupgjaldsvisitölu eftir 1. marz 1959 eða grunnkaupi, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 4%. Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 100.00 fyrir að setja straum á að nýju.

15. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00, til Rafmagnsveitunnar.

16. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götu- linur og spennur þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

17. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með

þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

18. gr.

Söluskattur er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

19. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

20. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlækkun sú, sem fólgin er í þessari nýju gjaldskrá fyrir orkusölu, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun skv. mælaálestri eftir gildistöku í janúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 4.5% álagi.
2. Notkun skv. mælaálestri í febrúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 9% álagi.
3. Notkun skv. mælaálestri í marz skal reiknuð í einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur mæla fer fram mánaðarlega, skal notkun skv. álestri eftir gildistöku í janúar greidd með einingarverði gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 237 30. desember 1963, ásamt síðari breytingum.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

41. Nefnd Verkalýðsfélags Hveragerðis.
Staðfest 22. jan. 1968.
42. Nefnd Verkalýðsfélags Borgarness.
Staðfest 22. jan. 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

BRÉF**menntamálaráðuneytisins um breyting á reglum um einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri.**

Menntamálaráðuneytið ritaði hinn 24. janúar 1968 skólameistara Menntaskólans á Akureyri bréf það, er hér fer á eftir, um breyting á reglum um einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri:

„Með vísun til bréfs starfandi skólameistara, dags. 12. þ. m., heimilar ráðuneytið hér með, að gerðar verði eftirtaldar breytingar á einkunnagjöf í Menntaskólanum á Akureyri:

1. Gefin verði sérstök einkunn í **efnafræði**, bæði við árspróf og stúdentspróf.
2. Sérstök einkunn í **verklegri eðlisfræði** falli niður, en prófað verði í verklegri eðlisfræði á stúdentsprófi eins og verið hefur.
3. Framangreind ákvæði taka til beggja greina stærðfræðideildar.
4. Í náttúrufræðideild þeirri, sem nú starfar í reynsluskyni, verði gefin sérstök einkunn í **lífefnafræði**.
4. Í þeirri deild verði ein einkunn í **stærðfræði**, sameiginleg fyrir munnlega og skriflega stærðfræði.

Breytingar þessar komi til framkvæmda vorið 1968 og gildi, unz öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 24. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Búnaðarsamband Austurlands er eitt jarðræktarsamþykktarsvæði og heitir Ræktunarsamband Austurlands.

2. gr.

Ræktunarsamband Austurlands tekur að sér, á þann hátt, sem nánar er tekið fram í samþykkt þessari eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu eftir því sem bezt á við á hverjum stað, að undanskildum þeim jörðum, er falla kunna undir ákvæði IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar lands.

3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar tína og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein 2. tölul.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum. Allar framkvæmdir skv. þessari grein, 1. til 4. lið skulu gerðar eftir fyrirsógn Búnarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipan og verk svið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnarnefndarmenn B. S. A. eru um leið stjórnendur ræktunarsambandsins. Kjörnir fulltrúar á aðalfundum B. S. A., mynda fulltrúaráð ræktunarsambandsins. Aðalfundur B. S. A. er jafnframt aðalfundur Ræktunarsambands Austurlands.

4. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykkt í sveitum, að hafa samráð við vélanefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, sem keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast um allan rekstur vélanna, henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaraðila á samþykktarsvæðinu, og ákveða á hvaða tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, er unnið skal að.

7. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins ræður starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur umsjón með öllum jarðræktarframkvæmdum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til eins árs í senn og felur honum með erindisbréfi framkvæmdastjórn.

8. gr.

Allir þeir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd ræktunarsambandsins skv. samþykktum þess eða ályktunum aðalfundar eru skuldbindandi fyrir félagsheildina, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir einstök búnaðarfélög þess bornir.

Framkvæmastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði að skrá verkbeiðni félagsmanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint hvejar jarðabóta er óskað og hve mikilla á því ári, eftir því sem næst verður komið. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjóra fyrir 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers þeirra fyrir sig,

og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagssins um það, að félagið takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, er hjá þeim verða unnin á því starfsári.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr. ber framkvæmdastjórn að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði í framkvæmdaáætlun, ber að leggja hann fyrir næsta aðalfund ræktunarsambandsins til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, svo sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnrækt sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, er brjóta á til ræktunar hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélagss Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærrri síl komi að jafnaði því aðeins til greina að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð-, og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvæðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirfarandi hátt:

1. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hagsmuna njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal taka tillit til þess, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Verði ágreiningur um þessi atriði skal úr honum skorið með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiddar af verkkaupanda, eftir þeim skildaga, og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamning. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er aðalfundi að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstrarkostnaði hvers árs.

14. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila að taka að sér verk fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á sambandssvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði annarrar greinar, ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið og samþykktarsvæðið, enda sé tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

16. gr.

Rekstrarafgangur og áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 15. gr. skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins og varið skv. ákvæðum þeim, er um hann gilda sbr. 17. gr.

V. KAFLI

Fjáröflunar og tryggingar.

17. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Fer upphæð stofnfjár eftir þörfum. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélagin á samþykktarsvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð er nemur hið minnsta $\frac{1}{4}$ hluta alls stofnfjárins samkvæmt 1.—4. lið.
2. Í stofnsjóð renna óafturkræf frjáls fjárframlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins.
4. Framlög úr ríkissjóði til vélakaupa renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast. Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:
 - a. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 16. gr.
 - b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

18. gr.

Stofnfjárframlög hreppabúnaðarféлага greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þá er samþykkt hefur öðlazzt gildi. Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

19. gr.

Komi í ljós síðar að auka þurfi stofnsjóð, að áliti framkvæmdastjórnar ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til stjórnna búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu, en þær leggja fyrir almennan fund í félagunum til samþykktar. Að fenginni meirihluta samþykkt í búnaðarfélagunum skal tillagan borin upp á aðalfundi ræktunarsambandsins. Verði hún samþykkt þar með meiri hluta atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélagin.

20. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingum í því jarðræktarframlagi, er á umbætur verður greitt úr ríkissjóði, samkvæmt II. og III. kafla jarðræktarlagi.

21. gr.

Skyllt er samþykktaraðilum að hafa greitt framkvæmdastjórn $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði að frádregnu væntanlegu jarðabótaframlagi þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast á gjalddaga, er verk-tökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og yfirstjórn fjármála.

22. gr.

Reikningsár ræktunarsambandsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun hafi farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikninga sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélögum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Austurlands, er sendir þær til allra búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lög-mætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Lanbúnaðarráðuneytið, 24. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Mývatns.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Mývatns. Heimili þess og varnarþing er Skútustaða-
hreppur.

2. gr.

Félagssvæðið nær til eftirtalinna jarða, og takmarkast veiðisvæðið af Strand-
lengju Mývatns, Grænalækjarós við Arnarbæli, og Rifinu milli Haganeslands og
Geirastaðalands.

Álftagerði I.
 Álftagerði II.
 Álftagerði III.
 Álftagerði IV.
 Bjarg.
 Björk.
 Borg.
 Garður I.
 Garður II.
 Geirastaðir.
 Geiteyjarströnd I.
 Geiteyjarströnd II.
 Geiteyjarströnd III.
 Grímsstaðir I.
 Grímsstaðir II.
 Grímsstaðir III.
 Haganes.
 Kálfaströnd I.
 Kálafströnd II.
 Nónbjarg.
 Reykjahlíð I.
 Reykjahlíð II.
 Reykjahlíð III.
 Reykjahlíð IV.
 Reynihlíð.
 Syðri-Neslönd.
 Skútustaðir I.
 Skútustaðir II.
 Skútustaðir III.
 Vagnbrekka.
 Víðihlíð.
 Vindbelgur.
 Vogar I.
 Vogar II.
 Vogar III.
 Vogar IV.
 Ytri-Neslönd.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðum fiskistofni á félagssvæðinu og að
skipuleggja veiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á þessari samþykkt varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 7.00 kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 35.00 m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	— 12.00 — — —
 - c. Orkugjald — 2.10 kwst.
13. Til götulýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 2.10 kwst.
og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.
14. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 3.50 kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 156.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 1.50 kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi — 156.00 herb. á ári.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.
22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 1.50 kwst.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 312.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 3.50 kwst.

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árs-gjalds kr. 640.00 á kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um líð 12, en þriðjunglægr.

32. Um afl og orkumæli (mesta aflsmæli):
- | | |
|----------------------------------|-------------------------|
| a. Grunngjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Aflgjald af notuðu afli | — 1 920.00 kwst. á ári. |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl um kwst. mæli:
- | | |
|--|----------------------|
| a. Grunngjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Fastagjald miðað við málraun véla | — 1 530.00 kw. á ári |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

34. Til súgburkkunar á heyi um kwst. mæli:
- | | |
|---------------------|-------------------|
| a. Grunngjald | kr. 312.00 á ári. |
| b. Orkugjald | — 1.50 kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst. mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisteiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.40 kwst. |
42. Til húshitunar, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisteiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.25 kwst. |
43. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn, um kwst. mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisteiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 1.00 kwst. |
44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisteiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.50 kwst. |
45. Sameina má tvo ofangreinda gjaldskrárliði og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- | |
|---|
| a. Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra. |
| b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigumæla. |
| c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt. |

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera 1200 kr. á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra árs-helmingi næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst. mælum 30 A og minni kr. 114.00 á ári.
2. Af þrífasa kwst. mælum 50 A og minni — 198.00 —
3. Af þrífasa kwst. mælum yfir 50 A og til 100 A — 282.00 —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi reglum:

Málstr. í 3×220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 2×380 V kerfi Amp.	Hámarksafli KVA	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald	
			Skv. jöfnu 2400 kr. + 240 kr. + KVA kr.	Jarðl., heimt. skv. jöfnu 240 kr. + 4×KVA kr./m	Lofl., heimt. kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	5 520.00	292.00	4 400.00
3 × 60	2 × 60	22	7 680.00	328.00	5 256.00
3 × 100	3 × 60	38	11 520.00	392.00	6 000.00
		50 sp.	14 400.00		
	3 × 100	66	18 240.00	504.00	10 968.00
3 × 200		75 (sp.)	20 400.00	540.00	
		100 sp.	26 400.00		
3 × 350	3 × 200	132	34 080.00	768.00	
		150 sp.	38 400.00		
		200 sp.	50 400.00		
	3 × 350	231	57 840.00	1 524.00	
		300 sp.	74 400.00		

sp: spennir; (sp.): stofnvör eða spennir.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, 2 kr. á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaug lögð frá loftlínu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í gótulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 Amp., einfasa	kr. 1 500.00
60 Amp., þrífasa	— 2 000.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 120 krónur.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 120 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá um sama efni, nr. 61 14. marz 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 25. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 7.00 kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 35.00 m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	— 12.00 — — —
 - c. Orkugjald — 2.10 kwst.
13. Til götulýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 2.10 kwst.
og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.
14. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 3.50 kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 156.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 1.50 kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi — 156.00 herb. á ári.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.
22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 1.50 kwst.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 312.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 3.50 kwst.

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árs-
gjalds kr. 640.00 á kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um líð 12, en þriðjungi lægri.

32. Um afl og orkumæli (mesta aflsmæli):

a. Grunnjald	kr. 1 920.00 á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	— 1 920.00 kwst. á ári.
c. Orkugjald	— 0.50 kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl um kwst. mæli:

a. Grunnjald	kr. 1 920.00 á ári.
b. Fastagjald miðað við málraun véla	— 1 530.00 kw. á ári
c. Orkugjald	— 0.50 kwst.

34. Til súgþurrkunar á heyi um kwst. mæli:

a. Grunnjald	kr. 312.00 á ári.
b. Orkugjald	— 1.50 kwst.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur hannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst. mæli:

a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.	
b. Orkugjald	kr. 0.40 kwst.

42. Til húshitunar, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.	
b. Orkugjald	kr. 0.25 kwst.

43. Til hitunar í vatnsgeymum og gufuköttlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn, um kwst. mæli:

a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.	
b. Orkugjald	kr. 1.00 kwst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.	
b. Orkugjald	kr. 0.50 kwst.

45. Sameina má tvo ofangreinda gjaldskrárlíði og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist við-

hald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigumæla.

- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera 1200 kr. á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra árs-helmingi næsta árs.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst. mælum 30 A og minni kr. 114.00 á ári.
2. Af þrífasa kwst. mælum 50 A og minni — 198.00 — —
3. Af þrífasa kwst. mælum yfir 50 A og til 100 A — 282.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi reglum:

Málstr. í 3×220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 2×380 V kerfi Amp.	Hámarksafli KVA	Heimtaugargjald		Yfirlengdargjald	
			Skv. jöfnu 2400 kr. + 240 kr. + KVA kr.	Jarðl., heimt. skv. jöfnu 240 kr. + 4×KVA kr./m	Lofl., heimt. kr./stólpa	
2 × 60	1 × 60	13	5 520.00	292.00	4 400.00	
3 × 60	2 × 60	22	7 680.00	328.00	5 256.00	
3 × 100	3 × 60	38	11 520.00	392.00	6 000.00	
		50 sp.	14 400.00			
	3 × 100	66	18 240.00	504.00	10 968.00	
3 × 200		75 (sp.)	20 400.00	540.00		
		100 sp.	26 400.00			
3 × 350	3 × 200	132	34 080.00	768.00		
		150 sp.	38 400.00			
		200 sp.	50 400.00			
	3 × 350	231	57 840.00	1 524.00		
		300 sp.	74 400.00			

sp: spennir; (sp.): stofnvör eða spennir.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, 2 kr. á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaug lögð frá lofflinu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlinustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulinu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 Amp., einfasa	kr. 1 500.00
60 Amp., þrifasa	— 2 000.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 120 krónur.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 120 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 60 12. marz 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 25. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 7.00 kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 35.00 m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	— 12.00 — — —
 - c. Orkugjald — 2.10 kwst.
13. Til götulýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 2.10 kwst.
og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.
14. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 3.50 kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst. mæli:
 - a. Grunnugjald kr. 156.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 1.50 kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi — 156.00 herb. á ári.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 1.50 kwst.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst. mæli:
 - a. Grunnugjald kr. 312.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 3.50 kwst.

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árs-gjalds kr. 640.00 á kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um lið 12, en þriðjungi lægri.

32. Um afl og orkumæli (mesta aflsmæli):

- | | |
|----------------------------------|-------------------------|
| a. Grunnjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Aflgjald af notuðu afli | — 1 920.00 kwst. á ári. |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl um kwst. mæli:

- | | |
|---|----------------------|
| a. Grunnjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Fastgjald miðað við málraun véla | — 1 530.00 kw. á ári |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

34. Til súgþurrkunar á heyi um kwst. mæli:

- | | |
|--------------------|-------------------|
| a. Grunnjald | kr. 312.00 á ári. |
| b. Orkugjald | — 1.50 kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.40 kwst. |

42. Til húshitunar, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.25 kwst. |

43. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 1.00 kwst. |

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.50 kwst. |

45. Sameina má tvo ofangreinda gjaldskrárliði og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigumæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera 1200 kr. á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra árs-helmingi næsta árs.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst. mælum 30 A og minni kr. 114.00 á ári.
2. Af þrífasa kwst. mælum 50 A og minni — 198.00 — —
3. Af þrífasa kwst. mælum yfir 50 A og til 100 A — 282.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi reglum:

Málstr. í 3×220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 2×380 V kerfi Amp.	Hámarksafli KVA	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald	
			Skv. jöfnu 2400 kr. + 240 kr. + KVA kr.	Jarði., heimt. skv. jöfnu 240 kr. + 4×KVA kr./m	Loftl., heimt. kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	5 520.00	292.00	4 400.00
3 × 60	2 × 60	22	7 680.00	328.00	5 256.00
3 × 100	3 × 60	38	11 520.00	392.00	6 000.00
		50 sp.	14 400.00		
	3 × 100	66	18 240.00	504.00	10 968.00
3 × 200		75 (sp.)	20 400.00	540.00	
		100 sp.	26 400.00		
3 × 350	3 × 200	132	34 080.00	768.00	
		150 sp.	38 400.00		
		200 sp.	50 400.00		
	3 × 350	231	57 840.00	1 524.00	
		300 sp.	74 400.00		

sp: spennir; (sp.): stofnvör eða spennir.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, 2 kr. á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaug lögð frá loftlínu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulinu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 Amp., einfasa	kr. 1 500.00
60 Amp., þrífasa	— 2 000.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, 120 krónur.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki endurofnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 120 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 63 14. marz 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 26. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka seldur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 7.00 kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 35.00 m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	— 12.00 — — —
 - c. Orkugjald — 2.10 kwst.
13. Til götulýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 2.10 kwst.
og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.
14. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 3.50 kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 156.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 1.50 kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi — 156.00 herb. á ári.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald kr. 1.50 kwst.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst. mæli:
 - a. Grunnjald kr. 312.00 á ári.
 - b. Orkugjald — 3.50 kwst.

Hafi vélanotkun mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árs-gjalds kr. 640.00 á kw. í málaun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um lið 12, en þriðjunglægr.

32. Um afl og orkumæli (mesta aflsmæli):

- | | |
|----------------------------------|-------------------------|
| a. Grunnjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Aflgjald af notuðu afli | — 1 920.00 kwst. á ári. |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl um kwst. mæli:

- | | |
|--|----------------------|
| a. Grunnjald | kr. 1 920.00 á ári. |
| b. Fastagjald miðað við málraun véla | — 1 530.00 kw. á ári |
| c. Orkugjald | — 0.50 kwst. |

34. Til súgþurrkunar á heyi um kwst. mæli:

- | | |
|--------------------|-------------------|
| a. Grunnjald | kr. 312.00 á ári. |
| b. Orkugjald | — 1.50 kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.40 kwst. |

42. Til húshitunar, í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.25 kwst. |

43. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 1.00 kwst. |

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9, um kwst. mæli:

- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | kr. 0.50 kwst. |

45. Sameina má tvo ofangreinda gjaldskrárlíði og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigumæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera 1200 kr. á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra árs-helmingi næsta árs.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst. mælum 30 A og minni kr. 114.00 á ári.
2. Af þrífasa kwst. mælum 50 A og minni — 198.00 — —
3. Af þrífasa kwst. mælum yfir 50 A og til 100 A — 282.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi reglum:

Málstr. í 3×220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 2×380 V kerfi Amp.	Hámarksafli KVA	Heimtaugargjald		Yfirlengdargjald	
			Skv. jöfnu 2400 kr. + 240 kr. + KVA kr.	Jarðl., heimt. skv. jöfnu 240 kr. + 4×KVA kr./m	Loftl., heimt. kr./stólpa	
2 × 60	1 × 60	13	5 520.00	292.00	4.400.00	
3 × 60	2 × 60	22	7 680.00	328.00	5 256.00	
3 × 100	3 × 60	38	11 520.00	392.00	6 000.00	
		50 sp.	14 400.00			
	3 × 100	66	18 240.00	504.00	10 968.00	
3 × 200		75 (sp.)	20 400.00	240.00		
		100 sp.	26 400.00			
3 × 350	3 × 200	132	34 080.00	768.00		
		150 sp.	38 400.00			
		200 sp.	50 400.00			
	3 × 350	231	57 840.00	1 524.00		
		300 sp.	74 400.00			

sp: spennir; (sp.): stofnvör eða spennir.

Umframgjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, 2 kr. á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg, teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaug lögð frá loftlínu (samkvæmt ósk heimtaugarbeið-

anda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 Amp., einfasa	kr. 1 500.00
60 Amp., þrifasa	— 2 000.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, 120 krónur.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 120 krónur á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Eyrarbakka, nr. 62 15. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið eftirfarandi innflutningskvóta fyrir árið 1968:

Toll- skrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1968
09.01.11	Brennt kaffi	kr. 3 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði, plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri	— 4 000 000
44.18.00	Gervitrjáviður úr spónum o. s. frv. þó ekki plasthúðaðar plötur	— 14 000 000
48 09.00	Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpax	— 13 000 000
60.03.01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gervibráðum	— 20 000 000
85.01.00	Spennar (transformatorar) þó ekki spennar fyrir fluorescentljós	— 6 000 000
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot á hvalveiðibyssur og línubyssur	— 6 000 000
94.01.00		
94.03.00		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frílista	— 20 000 000
96.01.00		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar, listmálunarpenslar	— 2 500 000
99.01.00		
99.06.00	Listaverk, safnmunir, forngripir	— 1 000 000
	Vörur, sem falla undir önnur tollnúmer og ekki er frjáls innflutningur á	— 1 000 000
		Kr. 90 500 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	80 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og virmanilla	400 tonn

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa horizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1968.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUR

um úthlutun styrkja samkvæmt 9. gr. laga nr. 7/1967,
um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Rétt til að sækja um kandidatastyrki, þ. e. styrki þá, sem veittir eru samkvæmt 9. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, hafa þeir, er lokið hafa háskóla-prófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, en ekki hlutapróf.

2. gr.

Stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna annast úthlutun styrkjanna og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni.

Við styrkveitingar er heimilt að taka tillit til tekjuöflunar og fjárhagsaðstöðu hvers einstaks umsækjanda.

3. gr.

Séu umsóknir kandidata sambærilegar að öðru leyti en því, að eðlilegur heild-arnámstími kandidatanna frá stúdentsprófi er misjafnlega langur, skal sá kandi-dat, sem lengri eðlilegan námstíma hefur að baki, ganga fyrir.

Þeim, sem lokið hafa háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi kandidatastyrk, má veita lán úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, þar til þeir hafa lokið fimm ára háskólanámi.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með vísun til 4. gr. laga nr. 7/1967, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlaciús.

AUGLÝSING

um nýja Lyfjaverðskrá II og um viðauka nr. 1 og 2 við hana.

Frá og með 15. janúar 1968 gengur í gildi ný Lyfjaverðskrá II og viðauki nr. 1 og viðauki nr. 2 við hana. Frá sama tíma fellur úr gildi Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966 ásamt síðari breytingum og viðaukum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUR

um úthlutun lána og styrkja til íslenzkra námsmanna skv. lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Námsaðstoð má veita íslenzkum námsmönnum til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir samkvæmt mati stjórnar lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

2. gr.

Námsaðstoð er því aðeins veitt, að nám sé hafið, þegar úthlutun fer fram.

3. gr.

Námsaðstoð er að jafnaði ekki veitt, nema eðlilegur námstími sé minnst tvö ár.

4. gr.

Enginn námsmaður getur fengið námsaðstoð oftari en svarar til eðlilegs árafjölda í viðkomandi námsgrein og einstökum hlutum hennar. Ekki skal veita námsaðstoð, nema um eðlilega framvindu námsins sé að ræða. Námsmaður, sem fer hraðar yfir, getur notið þess í námsaðstoð.

5. gr.

Við ákvörðun lánsfjárhæða til umsækjenda skal hverju sinni höfð hliðsjón af námskostnaði á viðkomandi dvalarstað.

6. gr.

Umsækjendum ber að útfylla sérstök umsóknareyðublöð frá lánasjóðnum og önnur þau gögn, sem stjórn lánasjóðsins lætur fylgja þeim. Gögnum þessum ber að skila fyrir tilskilinn tíma, sem auglýstur skal í Lögbirtingablaði, dagblöðum og Ríkisútvarpi.

7. gr.

Sá, sem sækir um námsaðstoð í fyrsta sinn, þarf að láta fylgja með umsókn staðfest afrit af skirteinum um próf, sem umsækjandi hefur lokið hér á landi eða erlendis, eða önnur gögn, er sýni, að hann hafi fullnægjandi undirbúningsmenntun til að rækja námið með árangri. Einnig ber, svo fljótt sem við verður komið, að senda vottorð frá viðkomandi menntastofnun um að námið sé hafið. Þá ber umsækjanda við nám erlendis að senda skilríki um, hver venjulegur námstími sé í námsgrein hans og einstökum hlutum hennar.

8. gr.

Umsækjandi um framhaldsaðstoð þarf að láta vottorð um skólavist og námsárangur fylgja umsókn.

9. gr.

Lánsfjárhæð til hvers námsmanns skal vera ákveðinn hundraðshluti af umframfjárförf hans. Hundraðshlutinn skal vera lægstur á fyrsta námsári og fara síðan stighækkandi. Hlutföllin skulu ákveðin árlega með hliðsjón af fjölda umsókna og því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til umráða. Umframfjárförf er námskostnaður — samkvæmt könnun stjórnar lánasjóðsins — að frádreginni tekjuöflun til námsnota og styrkjum frá opinberum aðilum.

10. gr.

Sæki hjón bæði um lán, skal heildarfjáröflun skiptast milli þeirra að jöfnu og þeim síðan úthlutað sem einstaklingum. Sé umsækjandi kvæntur/giftur og sæki maki hans ekki um lán, skal við ákvörðun lánsfjárhæðar höfð hliðsjón af umframfjárbörf fjölskyldunnar.

11. gr.

Með umsóknum skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um að stjórn sjóðsins sé heimilt að sannreyna hjá skattayfirvöldum tekjur umsækjanda og maka hans. Námsmönnum erlendis ber einnig að senda vottorð skattayfirvalda þar um tekjur umsækjanda og maka hans síðastliðið ár. Umsækjanda, sem gefur rangar upplýsingar um tekjur eða annað, sem máli skiptir, má svipta rétti til námsaðstoðar.

12. gr.

Námsmönnum þeim á fyrsta námsári við Háskóla Íslands, sem sækja um lán, skal úthlutað samkvæmt almennum úthlutunarreglum. Þó skal greiðsla lánsins ekki innt af hendi, nema þeir að loknu fyrsta námsári skili vottorði til sjóðstjórnar um, að þeir hafi staðizt þau próf, sem eðlilegt er talið að tekin séu á fyrsta námsári.

13. gr.

Aðstoð til náms erlendis skal fyrst og fremst veita til náms í þeim greinum, sem ekki er hægt að leggja stund á hér á landi.

14. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til styrkja skv. 8. gr. laganna, skal varið til námsmanna erlendis. Styrkfjárhæðir miðast aðallega við ferðakostnað, en heimilt er og að taka tillit til hárra skólagjalda.

15. gr.

Aðalúthlutun námslána og styrkja samkvæmt reglum þessum skal fara fram einu sinni á ári og vera lokið eigi síðar en 1. marz.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

A. Lýsing.

- 1.1. Um kwst.mæli á 680 aura kwst.
- 1.2. Um kwst.mæli 340 aura kwst. auk fastagjalds 20 kr./mánuð af hverju í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur 10 kr./m².

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

- 2.1. Um kwst.mæli 165 aura kwst. auk fastagjalds 15 kr./mánuð af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálf, þó þannig að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum sem eru minni en 5 fermetrar. Herbergi sem eru stærri en 25 fermetrar skal telja sem tvö.

C. Vélanotkun.

- 3.1. Um kwst.mæli á 340 aura kwst.
- 3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 1900 kw. á ári. Orkugjald af allri notkun 50 aura kwst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fara fram með sem jöfnustu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera 7000.00 kr. á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annara slíkra stað, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

D. Hitun.

- 4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sér mæli á 165 aura kwst., enda séu suðu- og hitateki fasttengd.
- 4.2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum á 50 aura kwst. á tímanum frá kl. 22—10. og 170 aura kwst. á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í 4 stundir á mesta álagstíma Rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.

- 4.3. Hiti í kirkju um kwst.mæli á 105 aura kwst., enda sé straumur rofinn í 4 stundir á mesta annatíma Rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

E. Önnur raforkunotkun.

- 5.1. Til götu- og hafnarljósa um kwst.mæli á 160 aura kwst.
 5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, þannig:
 a. um kwst.mæli á 340 aura kwst.
 b. Um mesta straumsrofa á 55 kr. hvert amper á mánuði.

Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mesta-straumsrofi.

- 5.3. Til súgurrkunar um kwst.mæli á 100 aura kwst.
 5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.

Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki Rafveitustjórnar komi til.

6. Ofangreint raforkuverð er miðað við, að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8. Verði raunstuðull lægri er heimilt að miða raforkuverð við KVA, og KVAs. í stað KW. og KWst.

Lágmarksnotkun um hverja heimtaug skal vera 1000.00 kr. á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum	kr. 15.50 á mán.
2. Af þrifasta kwst.mælum 100 A og minni	— 34.00 — —
3. Af mesta aflsmælum 100 A og minni	— 90.00 — —
4. Af mesta aflsmælum 100 A og stærri	— 110.00 — —
5. Af skiptiklukkum	— 15.00 — —
6. Af ljósnæmirofum	— 65.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu heimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.
60 amp. 1 fasa	7 000.00	465.00
60 amp. 3 fasa	9 000.00	495.00
100 amp. 3 fasa	14 000.00	575.00
125 amp. 3 fasa	17 000.00	665.00
200 amp. 3 fasa	27 000.00	825.00
350 amp. 3 fasa	48 000.00	1 150.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 KVA, (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald, er nemi 290 kr. á hvert KVA. Skal þá aflíð miðað við varastærðirnar 350, 400 eða 630 amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 amp. skv. töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 amp. reiknast frá varkassa styztu greiðfæra leið að lóðamörkum. Lengd stærri heimtauga reiknast frá varkassa að spennistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa.

Þveri jarðlínuheimtaug akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 amp. reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu styztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 metra svo hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald 3000.00 kr fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leiti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlýta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgða heimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper 1. fasa	kr. 2000.00
60 amper 3. fasa	— 2500.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1. fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða $\frac{1}{6}$ hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til Rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 200.00 í opnunargjald á skrifstofu Rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfilega eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. janúar 1968, er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 4%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskort, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortri stendur. Söluskattur 7.5% er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 67 24. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.30 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.47 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	kr. 1.00 á m ² á mán.
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h.	— 0.39 á m ² á mán.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.20 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 7.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.24 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 325.00, fyrir kw. í málraun véla.
2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðar-fyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw., þannig reiknað:
 - a. Aflgjald af notuðu afli
 - b. Orkugjald af allri notkun

Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 0.49 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 940.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Til súgþurrkunar um kwst.mæli á kr. 0.65 hverja kwst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

D. Hitun.

1. a. Um kwst.mæli á kr. 0.45 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 4 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
- b. Án straumrofs á kr. 0.92 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.22 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn á tímanum frá kl. 8—23.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
 - a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
 - b. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
2. Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A-1.

II. MÆLALALEIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum allt að 50 amp.	kr. 4.50 á mán.
2. — þrífasa kwst.mælum allt að 50 amp.	— 13.00 — —
3. — þrífasa kwst.mælum 50—200 amp.	— 19.50 — —
4. — þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp.	— 32.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald af hverri loftlínuheimtaug	kr. 850.00
2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug	— 1 150.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsætningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki vira meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 50.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 100.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 78 4. júní 1962.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Grundarfjörð (Eyrarsveit), Snæfellsnessýslu.
2. Biskupstungnahrepp, Árnessýslu.

Byggingasamþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1968

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING**um skipulag í Biskupstungnahreppi í Árnassýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Biskupstungnahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1968

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

30. janúar 1968.

Nr. 25.

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.**

Samkvæmt lögum nr. 29/7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

43. Nefnd Verkamannafélagsins Hlífar, Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði. Staðfest 26. janúar 1968.
44. Nefnd Verkalýðsfélags og sjómannafélags Álftfirðinga. Staðfest 26. janúar 1968.
45. Nefnd Sjómannafélags Reykjavíkur. Staðfest 30. janúar 1968.
46. Nefnd Vélstjórafélags Vestmannaeyja, Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, Verkakvennafélagsins Enótar og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum. Staðfest 30. janúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1968

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. um kwst.mæli á kr. 6.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 35.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en geymslur og ganga skal greiða kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra. Einnig greiðist grunnjald, kr. 900.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun:

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- | | |
|--|------------------|
| a. Grunnjald | kr. 11.00 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun | — 1.40 kwst. |
| c. Fastagjald af hverju herbergi | — 11.00 á mán. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherberi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 3. ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.70 hverja kwst.
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafli fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli.
 - a. Á 120 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - b. Á 180 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
3. Um afl og orkumæli þannig reiknað:
 - a. Aflgjald af notuðu aflikr. 1820.00 á kw. á ári.
 - b. Orkugjald af allri notkun— 0.50 á kwst.
 eða:
 - a. Af ástimpluðu afli véla kr. 1520.00 á kw. á ári.
 - b. Orkugjald af allri notkun— 0.50 á kwst.

Grunnjald reiknast í báðum tilfellum kr. 1820.00 á ári.

D. Hitun.

Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegis og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafli, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra stað á kr. 1.40 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
 - Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 3.70 hverja kwst.
 - Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 42 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22.
 - Raforka til götu- og hafnarlýsingar á kr. 1.80 hverja kwst.
 - Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis á kr. 4800.00 árskw., enda sé spennan þá 32 volt og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.
- Innifalið í verðinu er verðjöfnunargjald.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 8.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 13.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. | — 18.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heitaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa	4 500.00	370.00
100 A 1-fasa	7 000.00	400.00
60 A 3-fasa	7 260.00	400.00
100 A 3-fasa	11 090.00	460.00
125 A 3-fasa	13 700.00	530.00
200 A 3-fasa	21 750.00	660.00
350 A 3-fasa	38 150.00	920.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra, en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá varkassa stytzu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulegt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sértaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun 100 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talið með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna nr. 47 24. febrúar 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 31. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Almenn notkun.

1. Um kwst.mæli á 135 auru hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig:

A. 1. Til lýsingar:

200 aurar á mánuði af hverjum m² gólfplatlar í rúmi því, sem lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfplatlar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.

B. 1. Til heimilisnotkunar:

12 krónur á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. 1. Til véla:

34 krónur á mánuði fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla.

2. Um kwst.mæli, án fastagjalds, þannig:

A. 2. Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

550 aurar fyrir hverja kwst.

B. 2. Til véla og til vinnulagna í byggingum í smíðum:

310 aurar fyrir hverja kwst.

C. 2. Til véla í matvælaíðnaði:

92 aurar fyrir hverja kwst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kw. og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegis, á tíma mesta álags.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til rafsufu málma.

D. 2. Til götu- og hafnarlýsingar:

175 aurar fyrir hverja kwst.

3. Um mesta álagsmæli, þannig:

A. 3. Til atvinnufyrirtækja með uppsettu rafvélaafli yfir 40 kw.:

1800 krónur fyrir hvert kw. mesta álags á árinu og 30 aurar fyrir hverja kwst.

II. Hitanotkun.

Um kwst.mæli á:

- E 1. 64.5 aura/kwst. án rofs.
- E 2. 35 aura/kwst. með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring.
- E 3. 32.5 aura/kwst. með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring.
- E 4. 25.5 aura/kwst. með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring.
- E 5. 18.5 aura/kwst. með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring.

Gjaldið breytist með útsöluverði á diselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 167 aura á oliulítra.

Gjaldið standi jafnan á heilum og hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
- b. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði af honum skv. 2. kafla.
- d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirætlum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

II. KAFLI**MÆLA- OG ROFALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

- | | |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum, allt að 30 amp. | kr. 7.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 amp. og minni | — 14.00 — — |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 amp til 200 amp. | — 48.00 — — |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp. | — 48.00 — — |

Af klukkrofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Af ein- eða tvíþóla klukkurofa 40 amp. og minni | — 43.00 á mán. |
| 2. Af þríþóla klukkurofa 60 amp. og minni | — 54.00 — — |
| 3. Af þríþóla klukkurofa yfir 60 amp. til 200 amp. | — 67.00 — — |
| 4. Af þríþóla klukkurofa yfir 200 amp. | — 86.00 — — |
| 5. Af fjarstýrandi klukkurofa | — 14.00 — — |

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan verða sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforkuna.

III. KAFLI TENGIGJÖLD (HEIMTAUGAGJÖLD)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

1. Tengigjöld miðuð við flutningsgetu heimtauga.

Gjald- skrár- liður nr.	Málstraumur stofnvara		Flutnings- geta miðuð við stærð stofnvara KVA	Tengigj. jarðstrengs allt að 15 m eða loftlínu við stærð allt að 30 m skv. jöfnu 1600 = 160 × KVA kr.
	í 3 × 220 v kerfi amp.	í 3 × 380 v kerfi amp.		
1,1	2 × 60	1 × 60	13	3 680.00
1,2	3 × 60	2 × 60	22	5 120.00
1,3	3 × 100	3 × 60	38	7 680.00
1,4		3 × 100	66	12 160.00
1,5	3 × 200		76	13 760.00
1,6	3 × 350	3 × 200	132	22 720.00
1,7		3 × 350	231	38 560.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara en hér eru taldar, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styztu greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: $Y_j = (300 + 4 \times \text{KVA})$ kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: $Y_l = (55 + 3 \times \text{KVA})$ kr./m, að viðbættum 2700 kr. á hvern stólpa í umframlínu.

2. Tengigjöld miðuð við stærðir spenna.

Gjald- skrár- liður nr.	Stærð spennis KVA	Tengigj. skv.	Gjald- skrár- liður nr.	Stærð spennis KVA	Tengigjald skv.
		jöfnu 1600 + 160 × KVA kr.			jöfnu 1600 + 160 × KVA kr.
2,1	150	25 600.00	2,3	500	81 600.00
2,2	300	49 600.00	2,4	750	121 600.00

Fyrir aðrar stærðir spenna en hér eru taldar, skal reikna tengigjaldið á sama hátt.

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjalda skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum í Borgarnesi. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

IV. KAFLI OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 100 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 100 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna nr. 54 5. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 28.

31. janúar 1968.

G J A L D S K R Á fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 900.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt eða minna af gólffleti af rúmi því er lýsa skal og kr. 26.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m². Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw., sem svarar til gjalds fyrir 15 fermetra gólf-
flatar á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 6.20 á kwst. en á hinn mælinn kr. 1.50 á kwst.
2. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.25 hverja kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 0.80 á mánuði af hverjum fermetra gólf-
flatar íbúðar.

Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi og geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.00 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 420.00 á hvert kw. í málaun vélanna.
 2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 5 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 500 klst. á ári, þannig:
 - Kr. 1 000.00 hvert kw. fyrir fyrstu 50 kw.
 - Kr. 800.00 hvert kw. fyrir umfram 50 kw.
- Auk þess skal greiða kr. 0.50 á kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun og kr. 0.42 á kwst. fyrir umfram 200 000 kwst.
3. Ef um meira en 5 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 500 kwst. á ári, á kr. 1.75 hverja kwst.
 4. Rafmagn til súgurrkunar á kr. 0.47 fyrir hverja kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.48 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.35 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8 og á kr. 0.66 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.26 hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.
4. Til hitunar í iðnaði:
 - a. Á kr. 0.70 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.44 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8, og á kr. 0.88 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Hitunarliðir skulu fylgja olíuverði, eins og það var 1. janúar 1968, og breytast í samræmi við breytingar á því, ef um minnst 5% hækkun eða lækkun þess er að ræða. Verð á kwst. verði þó ávallt í heilum aurum.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.mælar	80.40	98.40	106.80		
3-fasa kwst.mælar	135.60	206.40	268.80	447.60	980.84
Tvígjalds og mestastr.mælar ..	196.80	268.80	447.60	720.00	1440.00
Klukkurofar og skiptíkl.	343.20				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 47 18. marz 1964, ásamt síðari breytingum.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 29.

1. febrúar 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Grafreitssjóðs Jónasar Þorbergssonar í Einarstaðakirkjugarði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra, 1. febrúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Grafreitssjóðs Jónasar Þorbergssonar í Einarstaðakirkjugarði.

Ég undirritaður, Jónas Þorbergsson, fæddur að Helgastöðum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, 22. janúar 1885, nú til heimilis að Eskihlíð 8, Reykjavík, hefi látið steypa upp grafreit með grind í hliði í Einarstaðakirkjugarði í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu.

Í grafreit þessum hafa hlotið leg eftirtaldir ættmenn mínir og ástvinir, og hafa nöfn þeirra verið höggvin á dökkar steinplötur, sem eru múraðar í vegginn gegnt hliði. Þeir eru, talið frá vinstri:

1. Faðir minn, Þorbergur Hallgrímsson, (1852—1930).
2. Móðir mín, Þóra Hálfánardóttir, (1852—1893).
3. Bróðir minn, Benedikt Þorbergsson, (1878—1887).
4. Dóttir mín, Hallfríður Jónasdóttir, (1918—1920).
5. Eiginkona mín af fyrri hjónabandi, Þorbjörg Jónsdóttir frá Arnarvatni í Mývatnssveit, (1891—1923).

Nú hef ég ákveðið að stofna lítinn sjóð vegna þessa grafreits og leyfi mér að beiðast þess, að hið háa ráðuneyti staðfesti, að um sjóðinn skuli gilda eftirgreind ákvæði skipulagsskrár:

1. Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —.
2. Sjóðurinn geymist og ávaxtist í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri. Verði það útibú lagt niður, skal sjóðurinn hljóta geymslu í hverri þeirri peningastofnun norðanlands, sem kirkjustjórnin telur öruggast og hentast.
3. Höfuðtilgangur sjóðsins er að standa straum af kostnaði við fyrrnefndan grafreit, viðhaldi hans og viðgerðum.
4. $\frac{1}{10}$ af vöxtum sjóðsins má á hverjum tíma verja samkvæmt því, sem ákveðið er í 3. lið, en $\frac{1}{10}$ vaxtanna skal leggja í höfuðstól sjóðsins.
5. Kirkjustjórnin gerir ráðstafanir til þess, að grafreitssjóðurinn standi undir yfirmumsjón trúverðugs embættismanns; sveitarstjóra Reykdælahrepps eða sýslunefndar Þingeyjarsýslu, sem hverju sinni áritar til útborgunar í bankanum sundurliðaða reikninga sóknarnefndar Einarstaðakirkjusóknar með þeim takmörkunum, sem greinir í 4. tölulið.
6. Nú verða, samkvæmt lögum frá Alþingi, öll minnismerki í kirkjugörðum landsins jöfnuð við jörðu og skal þá verja vaxtatekjum sjóðsins til viðhalds Einarstaðakirkju, samanber 4. tölulið.
7. Nú verður kirkja á Einarstöðum lögð niður og skal þá sjóðurinn falla til fátækra til styrktar munaðarlausra barna og/eða einstæðra mæðra í Reykdælahreppi samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórnar með þeim takmörkunum, sem greinir í 4. tölulið.

Reykjavík, 1. febrúar 1968.

Jónas Þorbergsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa,
nr. 59 3. febrúar 1966.

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrir en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni, og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenskra einkaleyfaumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 3 200.00. Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 3. febrúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 31.

7. febrúar 1968.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 6.80 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 30.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af glóffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 10.15 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á 150 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 12.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m², jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 3.70 hver kwst. hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 750.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 1.50 hvert kwst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á 110 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.52 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.52 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 118 aura hver kwst. utan þess tíma.

34. Um mæli á kr. 1 330.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálág og auk þess 80 aura á notaða kwst.
35. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig:
Um mæli á kr. 870.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 80 aura á notaða kwst.

D. Hitun.

41. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
42. Um kwst.mæli á 25 aura hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 2.00 hver kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 3.80 hver kwst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 62 aura hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 62 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 1.50 hver kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
54. Til gatnalýsingar á 150 aura hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 10.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 12.40 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 31.30 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 45.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 230.00.

Ef fundin eru óleyfilega eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 230.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks- afl KVA	Heimtaugar- gjald Kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	6 000.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	7 950.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	11 400.00
4.			50 sp.	13 500.00
5.		3 × 100	66	18 750.00
6.	3 × 100		75	22 800.00
7.			100 sp.	27 000.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	37 400.00
9.			150 sp.	42 920.00
10.			200 sp.	54 000.00
11.		3 × 350	231	62 235.00
12.			300 sp.	85 860.00
13.			500 sp.	143 500.00

Sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (300 \text{ plús } 4 \times \text{KVA}) \text{ kr./m.}$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_l = (200 \text{ plús } 3 \times \text{KVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum 3000 kr. á hvern staur í umfram-lengd.

Sé lögð bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1 500.00
60 amp. þrífasa	— 1 800.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 223 29. október 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 7. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 6.80 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 30.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af glóffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 10.15 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli: 1.45 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 12.00 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 4.10 hverja kwst.
32. Til matvælaíðnaðar ef uppsett vélaafl fastengdra véla er yfir 10 kw.:
 - a. á 1.15 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - b. á 1.70 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
 - c. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu aflri kr. 1600 á kw. á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.55 á kwst.
 - d. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á 0.55 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 1350.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli á 75 aura hverja kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli á 37 aura kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegi og síðdegis.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 33 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegi og síðdegis.

44. Til húshitunar um kwst.mæli á 24 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
45. Til fastengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á 48 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8 og 170 aura á hverja kwst. á tímum frá kl. 8 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 2.50 hver kwst.
 2. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 750.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum 50 amp og minni | kr. 10.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 15.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 A | — 20.00 — — |
| 4. Af mestaafismælum 100 A og minni | — 45.00 — — |
| 5. Af mestaafismælum yfir 100 A | — 85.00 — — |
- Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugagjald skal miðast við flutningsgetu heimtauganna samkv. töflu, sem hér fer á eftir:

Málstraumur stofnvara.

60 amp. einfasa	kr.	4 900.00
100 amp. einfasa	—	6 500.00
60 amp. þrífasa	—	6 500.00
100 amp. þrífasa	—	8 700.00
200 amp. þrífasa	—	17 400.00
350 amp. þrífasa	—	30 000.00
350 Kwa.	—	35 000.00
300 Kwa.	—	70 000.00
500 Kwa.	—	116 000.00

Fari jarðstrengsheimtaug fram úr 20 m skal húseigandi greiða yfirlendargjald. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæra leið að varkassa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsóknir.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og heitingaskúra greiðist eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 150.00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 150.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Innifalinn í gjaldskránni er 7.5% söluskattur, en verði breyting á honum breytist gjaldskráin sjálfkrafa í samræmi við það.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 230 21. desember 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

**fyrir Vatnsveitufélag Gýgjarhóls og Gýgjarhólskots,
Biskuptungnahreppi, Árnassýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Buna. Heimili þess og varnarþing er í Biskuptungnahreppi, Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Gýgjarhóll I og II og Gýgjarhólskot I og II.

Hver stofnandi greiðir $\frac{1}{4}$ kostnaðar sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv. 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögsmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrjú félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögsmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögsmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögsmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrjú menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á iðgjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Gýgjarhóls og Gýgjarhólskots í Biskupstungnahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Eskifjarðarhreppi.**

Fasteignaskatt í Eskifjarðarhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Patrekshreppi.**

Fasteignaskatt í Patrekshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 52.

10. febrúar 1968.

REGLUR**um úthlutun lána og styrkja til íslenzkra námsmanna skv. lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.****1. gr.**

Námsaðstoð má veita íslenzkum námsmönnum til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir samkvæmt mati stjórnar lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

2. gr.

Námsaðstoð er því aðeins veitt, að nám sé hafið, þegar úthlutun fer fram.

3. gr.

Námsaðstoð er að jafnaði ekki veitt, nema eðlilegur námstími sé minnst tvö ár.

4. gr.

Enginn námsmaður getur fengið námsaðstoð oftar en svarar til eðlilegs árafjölda í viðkomandi námsgrein og einstökum hlutum hennar. Ekki skal veita námsaðstoð, nema um eðlilega framvindu námsins sé að ræða. Námsmaður, sem fer hraðar yfir, getur notið þess í námsaðstoð.

5. gr.

Við ákvörðun lánsfjárhæða til umsækjenda skal hverju sinni höfð hliðsjón af námskostnaði á viðkomandi dvalarstað.

6. gr.

Umsækjendum ber að útfylla sérstök umsóknareyðublöð frá lánasjóðum, og önnur þau gögn, sem stjórn lánasjóðsins lætur fylgja þeim. Gögnum þessum ber að skila fyrir tilskilinn tíma, sem auglýstur skal í Lögbirtingablaði, dagblöðum og Ríkisútvarpi.

7. gr.

Sá, sem sækir um námsaðstoð í fyrsta sinn, þarf að láta fylgja með umsókn staðfest afrit af skirteinum um próf, sem umsækjandi hefur lokið hér á landi eða erlendis, eða önnur gögn, er sýni, að hann hafi fullnægjandi undirbúningsmenntun til að rækja námið með árangri. Einnig ber, svo fljótt sem við verður komið, að senda vottorð frá viðkomandi menntastofnun um að námið sé hafið. Þá ber umsækjanda við nám erlendis að senda skilríki um, hver venjulegur námstími sé í námsgrein hans og einstökum hlutum hennar.

8. gr.

Umsækjandi um framhaldsaðstoð þarf að láta vottorð um skólavist og námsárangur fylgja umsókn.

9. gr.

Lánsfjárhæð til hvers námsmanns skal vera ákveðinn hundraðshluti af umframfjárbörf hans. Hundraðshlutinn skal vera lægstur á fyrsta námsári og fara síðan stighækkandi. Hlutföllin skulu ákveðin árlega með hliðsjón af fjölda umsókna og því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til umráða. Umframfjárbörf er námskostnaður — samkvæmt könnun stjórnar lánasjóðsins — að frádreginni tekjuöflun til námsnota og styrkjum frá opinberum aðilum.

10. gr.

Sæki hjón bæði um lán, skal heildarfjáröflun skiptast milli þeirra að jöfnu og þeim síðan úthlutað sem einstaklingum. Sé umsækjandi kvæntur/giftur og sæki maki hans ekki um lán, skal við ákvörðun lánsfjárhæðar höfð hliðsjón af umframfjárbörf fjölskyldunnar.

11. gr.

Með umsóknum skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um, að stjórn sjóðsins sé heimilt að sannreyna hjá skattayfirvöldum tekjur umsækjanda og maka hans. Námsmönnum erlendis ber einnig að senda vottorð skattayfirvalda þar um tekjur hans og maka hans síðastliðið ár. Umsækjanda, sem gefur rangar upplýsingar um tekjur eða annað, sem máli skiptir, má svipta rétti til námsaðstoðar.

12. gr.

Námsmönnum þeim á fyrsta námsári við Háskóla Íslands, sem sækja um lán, skal úthlutað samkvæmt almennum úthlutunarreglum. Þó skal greiðsla lánsins ekki innt af hendi, nema þeir að loknu fyrsta námsári skili vottorði til sjóðstjórnar um, að þeir hafi staðizt þau próf, sem eðlilegt er talið, að tekin séu á fyrsta námsári.

13. gr.

Aðstoð til náms erlendis skal fyrst og fremst veita til náms í þeim greinum, sem ekki er hægt að leggja stund á hér á landi.

14. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til styrkja skv. 8. gr. laganna, skal varið til námsmanna erlendis. Styrkfjárhæðir miðast aðallega við ferðakostnað, en heimilt er og að taka tillit til hárra skólagjalda.

15. gr.

Aðalúthlutun námslána og styrkja samkvæmt reglum þessum skal fara fram einu sinni á ári og vera lokið eigi síðar en 1. marz.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 13. febrúar 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur, Jóns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af hjónunum Sigrúnu Sigurjónsdóttur og Ísak Jónsnyri, skólastjóra í Reykjavík, til minningar um foreldra hans.

2. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins 1943 var kr. 5000.00, en hefur síðan aukizt með gjöfum og vöxtum og voru í sjóðnum við lok reikningsárs 1965 kr. 90 817.44, og er gert ráð fyrir, að hann aukist áfram á sama hátt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja Skóla Ísaks Jónssonar fyrst og fremst með því að kaupa kennsluáhöld, eða verja vöxtum minningarsjóðsins til að efla starfsemi skólans á einhvern annan hátt. Einnig má veita börnum efnalítilla foreldra styrk til dvalar í skólanum, eftir því sem stjórn sjóðsins telur mögulegt samkvæmt upphaflegu markmiði minningarsjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í Veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, eða öðrum ríkistryggðum verðbréfum, en umframfé skal ávaxtast í sparisjóði Landsbankans. Verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn hans.

5. gr.

Fjórum fimmtu hlutum ($\frac{3}{5}$) af vöxtum sjóðsins skal árlega varið samkvæmt fyrirmælum 3. greinar, en einn fimmti hluti ($\frac{1}{5}$) vaxtanna leggist jafnan við höfuðstól sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 50 000.00, fimmtíu þúsund krónur, en þegar svo er orðið, skal úthluta öllum vöxtum árlega, samkvæmt 3. grein.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

- a. Skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar, Reykjavík, og er hann formaður sjóðsins.
 - b. Skólanefnd Skóla Ísaks Jónssonar skipar annan sjóðsstjórnarmeðlim (karl eða konu) og skal sá maður eða kona vera einhver af ættingjum eða venzlamönnum gefendanna, ef völ er á.
 - c. Þriðji meðlimur sjóðsstjórnarinnar skal vera Fræðslumálastjóri, eða sá maður, sem síðar kann að gegna því hlutverki, er Fræðslumálastjóri gegnir nú.
- Skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins, eða einhver annar, er stjórn sjóðsins samþykkir.

Fari svo, að Skóli Ísaks Jónssonar verði lagður niður, ákveður síðasta löglega kosin stjórn sjóðsins, í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur, til hvaða líknarstarfsemi sjóðurinn skuli ganga, samkvæmt tilgangi gefendanna, og þannig, að aðeins $\frac{1}{2}$ af árlegum vöxtum hans sé úthlutað í styrktarfé, þar til sjóðurinn nemur kr. 50 000.00. Jafnframt skal þessi síðasta löglega stjórn sjóðsins ákveða, hverjir skuli skipa hina nýju stjórn sjóðsins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin sér um reikningshald sjóðsins og skulu endurskoðendur vera hinir sömu og þeir, er kosnir eru til að endurskoða reikninga Skóla Ísaks Jónssonar.

Reikningsár sjóðsins er frá 1. sept. ár hvert til jafnlengdar næsta ár. Verði Skóli Ísaks Jónssonar lagður niður annast endurskoðendur Borgarreikninganna árlega endurskoðun sjóðsreikninga. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari og um leið fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnheiðar Sigurbjargar Ísaksdóttur og Jóns Þorsteinssonar, er staðfest var 23. apríl 1957.

Reykjavík, 22. okt. 1967.

Helgi Eliasson.

Magnús Stefánsson.

Högni Egilsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 5.50 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.10 hver kwst. auk fastagjalds af gólfleti, er nemi kr: 27.00 á m² á ári í rúmi því, er lýsa skal.
13. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms er lýsa skal.

Fastagjaldið nemi 8 földum mismun á kwst.gjaldi samkv. A 11 og kwst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:

- a. Orkugjald kr. 1.70 hver kwst.
- b. Grunnugjald (mælaleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 15.00 á mánuði.
Af þrifasamælingu kr. 30.00 á mánuði.
- c. Herbergjagjald kr. 15.00 á mánuði.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi sem eru minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 5 m², hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 3.00 hver kwst.

Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefja lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kwst. á ári á hvert kw. í málraun véla.

32. Um kw/kwst.mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kw.:

- a. Orkugjald kr. 0.70 hver kwst.
- b. Aflgjald af notuðu afli kr. 1400.00 á hvert kw. á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalág ársins.
- c. Aflgjaldið af uppsettu afli véla kr. 1200.00 á hvert kw. í málraun véla.
Sé aflgjaldið miðað við málraun, greiðist ekki samkvæmt lið b.

Raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fassviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægra en 0.8.

Sé fassviksstuðull lægri, getur Rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, miðast aflgjaldið við 80% sýndarafslisins. Uppsetning rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafizt að fassviksstuðull spennanna, sé eigi lægri en 0.8.

D. Hitun.

41. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Raforka til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, og annarra slíkra staða á kr. 1.70 hver kwst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst. mæli á kr. 3.30 hver kwst.

53. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla á brauðgerðarhúsum er kr. 0.85 hver kwst., enda sé notkunin takmörkuð við tímabilið frá kl. 2200 til kl. 1000.

54. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 3.30 hver kwst.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A 11. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni	kr. 6.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni	— 12.00 — —
3. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og til 100 A	— 20.00 — —
4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennamæla)	— 44.00 — —
5. Af mestaafismælum 100 A og minni	— 40.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennamæla)	— 70.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd er hér, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð), og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð), samkv. eftirfarandi reglu. Heimtaugargjald fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínakerfi, reiknast eftir þessari jöfnu ($2000 + 200 \times \text{kVA}$) krónur. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í. Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu, (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknast frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dreginn frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (250 + 3 \times \text{kVA})$ kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_l = (50 + 3 \times \text{kVA})$ kr./m, að við bætum 2500.0 kr. á hvern staur í umfram-lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp., einfasa	kr. 1 000.00
60 amp., þriggja fasa	— 1 200.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri, að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, skv. gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennis-

stöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðar-reikningi.

Heimtaugargjald skal greitt, þegar sótt er um heimtaug.

Tafla yfir heimtaugargjöld.

Gjaldskrár- liður	Málstraumur	Stofnvara	Hámarks- afl KVA	Heimtaugar- gjald Kr.
	í 3 × 220 V kerfi Amp.	í 3 × 380 V kerfi Amp.		
1.	2 × 60	1 × 60	13	4 600.00
2.	3 × 60	1 × 60	22	6 400.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	9 600.00
4.			50 sp.	12 000.00
5.		3 × 100	66	15 200.00
6.	3 × 200		75 sp.	17 000.00
7.			100 sp.	22 000.00
8.	3 × 350	2 × 200	132	28 400.00
9.			150 sp.	32 000.00
10.			200 sp.	42 000.00
11.		3 × 350	231	48 000.00
12.			300	62 000.00

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 150.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkv. samningi við Rafmagnsveitu ríkisins. Stöðvist flutningur á raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengur, má hækka rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960, ásamt síðari viðaukum og breytingum, er talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 219 14. desember 1962.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning samkvæmt 8. gr. skal þó eigi vera hærri að krónutölu en hún var 11. október 1967.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 20. janúar 1968 og innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 7.05 hver kwst.
2. Um kwst. á kr. 2.58 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 34.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 10.55 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 1.50 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 0.65 á mánuði af gólfflatar ferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.85 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds, krónur 780.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum, kr. 3.75 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, og kjöt-, eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á 1.15 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.75 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 1.15 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 6.75 hver kwst. í 1½ klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1. klst. í senn, en 1.10 aura hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1760.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 0.65 aurar á notaða kwst.

4. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.

Aflgjald 2170.00 kr. árs kw.

Orkugjald: 0.24 aura hverja kwst.

Sala samkvæmt þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

5. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 0.54 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 0.25 aura hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

6. Önnur raforkusala.

1. Raforka til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 2.05 kr. hverja kwst., enda sé notkun mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á 3.95 kr. hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 0.64 aura hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8.30 og kr. 1.50 hver kwst. á tímanum frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á 2.15 aura hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal setja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjunum sem hér segir:

- | | |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 10.20 á mán. |
| 3. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. | — 12.60 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50 til 220 amp. | — 32.40 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 46.80 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins.

Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun 240.00 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 240.00 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð skv. lið 2, nema þyngri refsing liggja við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu.

Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðtrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks-afl KVA	Heimtaugargjald Kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	6 348.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	8 268.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	11 850.00
4.			50 sp.	14 040.00
5.		3 × 100	66	19 500.00
6.	3 × 200		75	23 702.00
7.			100 sp.	28 069.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	38 907.00
9.			150 sp.	44 626.00
10.			200 sp.	56 138.00
11.		3 × 350	231	63 514.75
12.			300	89 279.00
13.			500	149 160.00

Sp. = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leit samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugargreiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (250 + 4 \text{ kVA}) \text{ kr./m}$.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 30 m þannig: $Y_l = (50 + 3 \text{ kVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum kr. 3000.00 á hvern staur á umframlengd.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, vegna breytingar á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á jarðstrengsheimtaug og loftlínuheimtaug skv. gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu né annan kostnað er af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við breytinguna, getur stjórn Rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breytingu stofntaugarinnar.

Sé lögð bráðabirgðarheimtaug í vinnuskrúr eða hús í byggingu skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp.	kr. 1 560.00
60 amp.	— 1 872.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d.) fyrir lengri tíma, og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjalds.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarrekningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur, nr. 69 30. marz 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 15. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verzlana í Hafnarfirði.

1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað hvern dag eigi síðar en segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18 og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 7.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina, sbr. 3. gr. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessudag, ef hann ber upp á laugardag) eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 22.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13 á laugardögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. sept. skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19 á föstudögum. Þá er heimilt að hafa opið fyrsta laugardag í desember til kl. 16 og annan laugardag í desember til kl. 18.

Enn fremur getur bæjarstjórn, eftir að leitað hefur verið álits Kaupmannafélags Hafnarfjarðar, Kaupfélags Hafnfirðinga og Verzlunarmannafélags Hafnarfjarðar, með sérstakri samþykkt heimilað tilteknum fjölda verzlana að hafa opið til kl. 22, einstaka eða alla virka daga allt árið eða hluta úr ári.

3. gr.

Almenna helgidaga Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst, mega engar sölubúðir vera opnar, sbr. þó 4., 5., 6. og 7. gr.

4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðir má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h. eingöngu til sölu á brauðvöru, mjólk og mjólkurvörum.

5. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til sölu lyfja né sjúkrahalda lyfjaverzlunar í bænum.

6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Bifreiðastöðvar, biðskýli og verzlarnir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar tiltekið: Blöð, tóbaksvörur, öl, gosdrykki, ís, brauðvörur, mjólk, nýja ávexti, heitar pylsur, handsápur, tannkrem, raksápur, rakblöð, kort, frímerki, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, rafmagnsperur, rafhlöður, eldspýtur.
- b. Veitingastaðir, sem samkvæmt sérstöku leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar, selja heitar máltíðir og kaffi, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar. Veitingastaðir, sem um ræðir í b-lið, skulu undanþegnir gjaldi því, sem um ræðir í þessari grein.

Í verzlunarstöðum, sem um getur í a-lið þessarar greinar má sala fara fram á virkum dögum og helgum dögum kl. 7.30 til 22 og enn fremur kl. 22 til 23.30, en þá aðeins um söluop á útihlið húss. Í veitingastöðum, sem um getur í b-lið þessarar greinar má sala fara fram á virkum og helgum dögum kl. 7.30 til 23.30. Loka skal föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, jóladag, aðfangadag jóla og gamlársdag, samkvæmt því sem segir í 3. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað rýmri sölutíma en segir í grein þessari, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem annast almenna næturþjónustu.

Bæjarstjórn veitir heimild til verzlunarreksturs samkvæmt þessum greinum og eru leyfin bundin við nafn handhafa auk götu- og húsnúmers, sömuleiðis hefur bæjarráð heimild til að afturkalla leyfin, hvenær sem er, ef leyfisskilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt. Fyrir leyfi til verzlunarrekstrar, samkvæmt þessari grein, skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs, er greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Bæjarstjórn ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki. Bæjarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um einstök leyfi til verzlunarrekstrar samkvæmt þessari grein.

Óheimilt er að viðhafa tóbaksreykingar á sölustöðum, sem nefndir eru í grein þessari eftir almennan lokunartíma sölubúða.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlana nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja.

Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma kol, salt, oliur, veiðarfæri og vistir til skipa, sömuleiðis er heimilt að veita viðtöku vörum aðkomumanna í geymsluhús verzlana.

8. gr.

Heimilt er að afgreiða eftir lokunartíma sölubúða þá, sem komnir eru inn í verzlunina fyrir lokunartíma.

9. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðarstofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 100.00—5 000.00 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 20 frá 16. marz 1962 um afgreiðslutíma verzlana í Hafnarfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

48. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfjarðarhreppi. Staðfest 16. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 60.

16. febrúar 1968.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og/eða forleiguréttur á eftirfarandi eignum í hreppnum:

Mjóeyri með íbúðarhúsi og útihúsum, eignum kaupfélagsins Bjarkar á Hlíðarenda: Sölubúðarhúsi, geymsluhúsum og sláturhúsi með lóð að bryggju, Randúlfshúsi með lóð og bryggju, Sjóhúsi dánarbús Karls Jónassonar með lóð og bryggju, fiskþurrkunarstöð Sporðs hf. með lóð, frystihúsi og geymsluhúsum, sama með lóð og bryggju, Friðþjófshúsi með lóð og bryggju, Hlíðarenda 2 með lóð og bryggju, Tómasarhúsi (Bjarki 2) með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar h.f. (áður geymsluhús Símonar Jónassonar með lóð), gömlu Sjólyst með lóð, Reykholti 1 með lóð, Odda með lóð, Sjóhúsi Birkis s.f. með uppfyllingu og bryggjum, Neta-gerðarstöð Jóhanns Klausen með uppfyllingu og bryggjum, geymsluhúsi Arnþórs Jensen með lóð, sjóhúsi Guðjóns Gíslasonar og Gunnars Hallgrímssonar með bryggju, Ásbyrgi með lóð, Svanshúsi með lóð og bryggju, íbúðarhúsinu Eyri með lóð, Nýborg með lóð, Trésmiðavinnustofu Kristins Guðmundssonar með lóð, sölubúðarhúsi kaupfélagsins Bjarkar með lóð, Rafstöðvarhúsi með lóð, hinu nýja húsi Landsbanka Íslands með lóð, Framnesi með lóð, uppfyllingu og bryggju, sölubúð Pöntunarfélags Eskfirðinga með lóð, verzlunar- og íbúðarhúsi, Friðgeirshúsi með lóð, íbúðarhúsinu Hnithbjörg með lóð og íbúðarhúsinu Bakaríið með lóð, eignum Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. í Útkaupstað: Hraðfrystihúsi með lóð, og bryggju, síldarverksmiðjubyggingum með lóð, geymsluskálum og skreiðargeymsluhúsi með lóð svo og íbúðarhúsi með lóð, geymsluhúsi Jóns Kjartanssonar hf. með lóð, olíuhúsi h.f. Skeljungs með lóð, uppfyllingu og bryggju, Kaupangri með lóð, uppfyllingu og bryggju, Zeuthenshúsi með lóð, Vélaverkstæði Eskifjarðar og dráttar-

braut með lóð, Dalshúsi með lóð og uppfyllingu, íbúðarhúsinu í Framkaupstað og Framkaupstaðartúni, Sjávarlóð Kristjáns Jónssonar í Skuld, Blómsturvöllum með lóð, Neðri-Uppsölum með lóð, Guðnahúsi með lóð, Brautarholti með lóð, Skuld með lóð, Skaftafelli með lóð, Bröttuhlíð með lóð, smíðaverkstæði Gunnars Auðbergssonar með lóð, smíðaverkstæði Sveins Auðbergssonar með lóð, Sólborg með lóð, Steinsstöðum 1 með lóð, Reykholti 2 með lóð, Hlíð með lóð, Fögruhlíð með lóð, íbúðarhúsinu Ós með lóð, Haukabergi með lóð, verksmiðjuhúsi Pípugerðar Eskifjarðar með lóð, geymsluhúsi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. við hafnarsvæðið með lóð, sildarverksmiðju Hraðfrystihúss Eskifjarðar við nýju höfnina með lóð og öllum mannvirkjum tilheyrandi verksmiðjunni og lóð Sigurþórs Jónssonar við hafnarsvæðið innan Bleiksár.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veðifélag Mýrarkvíslar.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Mýrarkvíslar. Heimili þess og varnarþing er Félagshimilið Hveravöllum, Suður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Mýrarkvísl, Reykjakvísl, Langavatni, Geitafellsá, Kringlugerðisá og Kringluvatni, en þær eru: Laxamýri I og II, Skörð, Skarðaborg, Einarstaðir, Skógar I, II, III, Skógahlíð, Heiðarbót, Þverá, Víðiholt, Stóru-Reykir, Reykjavellir, Reykjarhóll, Rein, Litlu-Reykir, Grundir, Hveravellir, Laufahlíð, Bláhvammur, Klambrasel I og III, Brúnahlíð, Langavatn, Geitafell, Kasthvammur, Árhvammur, Presthvammur, Klömbur, Brekka, Yzti-Hvammur, Lækjarhvammur, Nes, Laxárnes, Árnes og Árbót.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skiptir stjórnin með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn

og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið. Tveir menn búsettir neðan Þverárfossa skulu skipa sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz- eða aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst 1968 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Prátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegs-
málaráðuneytið, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Ís-
lands, leyfi til veiði sildar á þessu svæði til niðursuðu eða annarar vinnslu til
manneldis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísinda-
lega verndun fiskimiða landgrunnnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

17. febrúar 1968.

Nr. 63.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr.
84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964,
hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað.

Byggingarsamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmála-
ráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnar-
tíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

23. febrúar 1968.

Nr. 64.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðu-
neytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr.
auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

49. Nefnd Málarafélags Reykjavíkur. Staðfest 21. febrúar 1968.

50. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, Gullbringusýslu. Stað-
fest 21. febrúar 1968.

51. Nefnd Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Staðfest 21. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á 644 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 322 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 872.00 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og 17.00 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 8 kr á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílóvattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwst.mæli á 161 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 162.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 335 aura hverja kwst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw.:
Aflgjald skv. kwst.mæli á kr. 1730.00 hvert árs-kw. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kwst.mæli á 54 aura hverja kwst. Minnsta aflgjald er kr. 8650.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kw.-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 161 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 54 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
3. Um kwst.mæli á 27 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafizt.
- d. Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem Rafveitan kann að setja.
- e. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað enda sé aflnotkun minnst 200 kw.:

Aflgjald: 2148.00 kr. hvert árs-kw.

Orkugjald: 24 auru hverja kwst.

Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun Rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
 - a. Um kwst.mæli á 322 auru hverja kwst.
 - b. Um mestastraumsrofa á 40 kr. hvert amper á mánuði. Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mestastraumsrofi.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: 215 auru hverja kwst. Þó ákveður Bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði skv. tillögu Rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

II. MÆLALÆIGA

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

220 V kerfi.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
60 A 1-fasa	5 200	347	4 460	4 950
100 A 1-fasa	6 560	372	5 820	6 200
60 A 3-fasa	6 810	372	5 820	6 200
100 A 3-fasa	10 400	434	8 170	8 050
125 A 3-fasa	12 880	495	10 280	8 650
200 A 3-fasa	20 440	619	16 470	10 550
350 A 3-fasa	35 800	867		

380 V kerfi.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
60 A 1-fasa	5 200	347	4 460	4 950
60 A 2-fasa	7 560	372	7 180	6 200
60 A 3-fasa	11 020	372	10 280	6 700
100 A 3-fasa	17 840	434	14 240	9 150
125 A 3-fasa	22 170	495	17 710	9 900
200 A 3-fasa	35 670	619	28 740	12 150
350 A 3-fasa	59 700	867		

Fyrir heimtaugar með flutningsgetu 150 kVA (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 250.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varastærðirnar 350, 430, 500 og 600 A. Yfirlengdargjald 350 amper skv. töflu.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 60—200 A í 220 V kerfi og 60—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stytztu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd loftlínuheimtaugar, 60—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 2500.00 fyrir stólpann. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á jarðstrengsheimtaug og loftlínuheimtaug skv. gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu né annan kostnað er af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við breytinguna, getur stjórn Rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breytingu stofntaugarinnar. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, 100 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnargjalds samkvæmt kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka raforku-reikninga um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. febrúar 1968 er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í kafla I í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 213 14. október 1965.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Breiðdæla.

	Einingar
1. Ós	7.0
2. Lágafell	2.0
3. Eyjar	4.5
4. Skjöldólfsstaðir	5.0
5. Fagridalur	5.0
6. Brekkuborg	6.0
7. Randversstaðir	0.2
8. Skriða	0.4
9. Skriðustekkur	0.4
10. Flaga	2.0
11. Ánastaðir	2.1
12. Þorgrímsstaðir	0.6
13. Höskuldsstaðasel	1.2
14. Höskuldsstaðir	0.8
15. Jórvík	1.0
16. Ásunnarstaðir	1.5
17. Ásgarður ásamt Disastöðum	1.0
18. Hóll	1.5
19. Innri- og Ytri-Kleif og Kleifarstekkur	16.4
20. Skarð	2.0
21. Tóarsel og Engihlið	4.0
22. Þorvaldsstaðir I og II og Tungufell	4.0
23. Hliðarendi I	1.6
24. Þrastahlið (Hliðarendi II)	1.6
25. Gilsá	3.2
26. Gilsárstekkur	3.2
27. Heydalir	16.4
28. Fellsás	0.8
29. Fell	0.8
30. Ormsstaðir	0.2
31. Þverhamar	3.6

Samtals 100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53, 5. júní 1957, um lax- og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytinu, 28. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 67.

28. febrúar 1968.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Ísafirði.

Fasteignaskatt á Ísafirði skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 68.

29. febrúar 1968.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 19.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal.

Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 9.50 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 16.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi sem minna er en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1940.00 á hvert uppsett kw.

2. Vélanothkun til bráðabirgða um kwst.mæli kr. 3.40 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1940.00 á kw. Notað afl telst vera mesta meðalálág á árinu mælt yfir stundarfjórðung.
 - b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1835.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundur á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C 3) kl. 11.30—12 og kl. 17.30—19.00.
4. Um afl- og orkumæli:
 - a. Af notuðu aflu mælt í stundarfjórðung kr. 1940.00 á kw. á ári.
 - b. Af allri notkun á 55 aura kwst.
Samkv. þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósanotkunar kr. 19.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum, en kr. 8.70 á hvern ferm. Í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 15.00 á hvern ferm.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 1.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.55 hverja kwst.
3. Um afl- og orkumæli:
 - a. Á 55 aura hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 445.00 hvert kw.
 - b. Ef ekki eru tók á mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
4. Um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst. með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 3.10 hverja kwst. til gatna- og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum 60 amp. og minni | kr. 5.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 11.00 — — |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. | — 15.00 — — |
| 4. Af þrífasa mælum yfir 100 amp. | — 37.00 — — |
| 5. Af mesta aflsmælum 100 amp. og minni | — 32.00 — — |
| 6. Af mesta aflsmælum yfir 100 amp. | — 60.00 á- -- |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Haumtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákvest þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kva.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	6 400.00
2.	3 × 100	38	9 600.00
3.	3 × 200	75 sp.	17 000.00
4.	3 × 350	132	28 400.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlinuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varakassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varakassa svo aðgengilegt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 1 150.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 1 380.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduroppun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 75.00 fyrir enduroppun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakra staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupa-verð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni. Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 71 31. marz 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár í Miklaholtshreppi.

Öllum tekjum og gjöldum félagsins skal skipta á milli jarða þeirra, sem félagssvæðið tekur yfir, í eftirtöldum hundraðshlutföllum:

	Einingar
1. Stakkhamar I	4 82
2. Stakkhamar II	4 82
3. Borgarholt	12.46
4. Hofstaðir	8.69
5. Hrísdalur I	12.63
6. Hrísdalur II	6.31
7. Dalur	18.94
8. Straumfjarðartunga	10.62
9. Eiðhús	1.00
10. Fáskrúðarbakki	11.07
11. Laxárbakki	5.69
12. Ytra-Skógarnes	2 95
Samtals	100.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsvæði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi arðskrá nr. 85/1939.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

4. marz 1968.

Nr. 70.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykktum nr. 19 frá 18. marz 1961 fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

1. gr.

Við 4. gr. samþykktu Verzlunarbanka Íslands hf. bætast svofelld ákvæði:

Hlutafé í Verzlunarbanka Íslands hf. skal vera allt að 30 milljónir króna, sbr. ákvörðun aðalfundar bankans 8. apríl 1967. Að því er varðar þennan hlutafjárouka, er nemur allt að 18 milljónum króna, skal hverjum hluthafa gefinn kostur á að kaupa ný hlutabréf fyrir allt að tvöfaldri hlutafjáreign, sem hann á fyrir í félaginu, þ. e. að allt að því þrefalda hlutafjáreign sína, sbr. þó næstu málsgrein hér á eftir.

Nú vilja svo margir hluthafar neyta kaupréttar síns á hlutafjárouka, að öllum verði ekki veitt úrlausn, og skulu hluthafar allir þá sæta hlutfallslegri lækkun eftir því sem stjórn bankans ákveður.

Fari svo, að nægilega margir hluthafar eigi neyti forkaupsréttar, þannig að tilskilin upphæð náist, skal stjórn bankans heimilt að bjóða öðrum og nýjum hluthöfum aukinn hlut á því verði, sem hún ákveður.

Réttur hluthafa til að skrá sig fyrir hlutafjáraukningu þeirri, sem að framan greinir, gildir til 1. ágúst 1967, og er áskrift bindandi fyrir hluthafa. Hlutféð skal aukið um 6 milljónir króna á ári hverju um sig, 1967, 1968 og 1969. Skal hluthöfum veittur kostur á að greiða hlutafjáruka með jöfnum afborgunum á greindum þremur árum. Gjald dagar innborgunar eru tveir á árunum 1968 og 1969, þ. e. 1. apríl og 1. október, en á árinu 1967 er hann einn, 1. október.

Um hin nýju hlutabréf gilda sömu reglur og um annað hlutfé í bankanum.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi bankans 8. apríl 1967 í samræmi við 34. gr. samþykktu fyrir Verzlunarbanka Íslands, staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkur-prófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu áliti biskupsins yfir Íslandi, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkur-prófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963.

14. töluliður falli niður.

8.—9. töluliður orðist svo:

8.—9. **Háteigsprestakall (I—II):** Háteigssókn takmarkast af Hallgrímsprestakalli að vestan, Reykja, Reykjanesbraut að sunnan til Kringlumýrarbrautar, síðan ræður Kringlumýrarbraut að Miklubraut, þá Miklabraut að Háaleitisbraut og Háaleitisbraut að Safamýri, en síðan ræður Safamýri og Ármúli að Hallarmúla, Hallarmúli að Suðurlandsbraut, þá Suðurlandsbraut að Nóatúni og Nóatún í sjó.

15. töluliður orðist svo:

15. **Grensásprestakall:** Grensás sókn takmarkast að Háteigssókn að vestan og Bústaðavegi að sunnan, síðan ræður Grensásvegur frá Bústaðavegi að Miklubraut, þá Miklabraut til austurs að Suðurlandsbraut og Suðurlandsbraut að Hallarmúla.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar. Sóknargjöld fyrir árið 1968 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. marz 1968.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. marz 1961
fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðar fyrir Verzlunarbanka Íslands h.f. bætist svofellt ákvæði:
Samkvæmt ákvörðun aðalfundar bankans 8. apríl 1967 skal auka hlutaféð í allt
að 30 milljón krónur. Skal hlutaféð, sem nú er 12 milljónir, aukið um 6 milljón
krónur á hverju ári um sig 1967, 1968 og 1969.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi bankans 8. apríl
1967, staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Grímstunguheiðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímstunguheiðar. Heimili þess og varnarþing er
heimili formanns félagsins.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða í Ás- og Sveinsstaðahreppum.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og auka silungsveiði í öllum vötnum og
lækjum á Grímstunguheiði og leigja veiði í þeim og stöng eða í lagnet á tíma-
bilinu frá 1. apríl til 27. sept. ár hvert.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur og er kjörtími
þeirra 3 ár. Skal formaður kosinn á aðalfundi félagsins en meðstjórnendur af sveit-
arstjórnnum aðildarhreppanna hvors um sig, ásamt endurskoðendum.

Varastjórn skal kosin á sama hátt. Enginn félagsmaður getur skorast undan
kosningu, nema hann hafi setið 3 undanfarin ár í stjórninni.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær
menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum
tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störf-
um félagsins og fjárreiðum.

Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar eða marz ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfssemi þess á næsta ári. Þá skal og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir o. fl.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt að jöfnum hlutum milli sveitastjóða aðildarhreppanna, enda bera þeir, í sömu hlutföllum kostnað er verður af starfssemi félagsins.

Aðalfundur ákveður hverju sinni, hvað lagt sé til fiskiræktar eða annarra um-bóta á félagssvæðinu.

9. gr.

Eftir því sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfssemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á viðauka við skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði, útgefinn á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 7. marz 1968.

Viðaukinn er þannig:

V I Ð A U K A S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði.

Aftan við 5. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur skal kvenfélagið veita árlega úr sjóðnum upphæð, sem það ákveður til blómarektar og skrauts í grafreit héraðsins á Stað, og skal sérstaklega sinnt um þau svæði garðsins, sem aðstandendur hafa ekki tók á að hirða um.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Trjálundasjóð Mosvallahrepps, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 7. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjálundasjóð Mosvallahrepps.

1. gr.

Sjóður þessi heitir Trjálundasjóður Mosvallahrepps og er stofnaður af Hólmgæiri Jónssyni á Þórustöðum með 5000 króna gjöf.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja skruðgarða við bæi í Mosvallahreppi, m. a. með því að greiða kostnað við leiðbeiningastarfsemi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk vaxta minningargjafir og önnur framlög, er honum kunna að áskotnast.

4. gr.

Allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum sjóðsins má verja til framkvæmda jafnóðum, en hinn hluti teknanna geymist í fastasjóði, sem þó er heimilt að lána til framkvæmdanna gegn fullri tryggingu.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru þrír, kosnir til þriggja ára í senn, þannig að einn gengur úr árlega. Félagið Vonin kýs einn þeirra, en Kvenfélag Mosvallahrepps tvo.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal færa í gerðabók fundargerðir sínar, skrá um allar gjafir er sjóðnum berast, og ársreikninga sjóðsins og annað, er varðar hag hans og rekstur. Endurskoðandi reikninganna skal kosinn af Kvenfélagi Mosvallahrepps.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Holti, 2. desember 1962.

Elín Hólmgæirsdóttir. Guðm. Ingi Kristjánsson. Guðrún Össurardóttir.

Guðmundur Gilsson. Jóhanna Kristjánsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.80 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 19.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 9.50 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 16.50 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærri en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 940.00 á hvert uppsett kw.
2. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.:
 - a. Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1 940.00 á kw. Notað afl telst vera mesta meðalág á árinu mælt yfir stundarfjórðung.
 - b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst., auk fastagjalds kr. 1 835.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkvæmt þessum gjaldskrárlið (C. 2) klukkan 11.30—12.00 og 17.30—19.
3. Um afl- og orkumæli:
 - a. Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 1 940.00 á kw. á ári.
 - b. Af allri notkun 55 aurar á kwst.
 - c. Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 19.00 á hvern fermeter í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum stöðum, en kr. 8.70 á hvern fermeter í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 15.00 á hvern ferm.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 1.65 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.45 hverja kwst.
3. Um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst. með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 3.10 hverja kwst. til gatna og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 5.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 11.00 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 15.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 37.00 — —
5. Af mesta aflsmælum 100 amp. og minni	— 32.00 — —
6. Af mesta aflsmælum yfir 100 amp.	— 60.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, gerir notandi grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafli kva.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	9 600.00
2.	3 × 100	38	14 400.00
3.	3 × 200	75 sp.	25 500.00
4.	3 × 350	132 sp.	42 600.00

Ofangreint gjald miðast við 25 metra langan jarðstreng, eða 60 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiddast samkvæmt kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytzu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 1 150.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 1 380.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 75.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni. Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 70 31. marz 1966.

Atvinnuáráðuneytið, 8. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

53. Nefnd Verkalýðsfélags Grindavíkur. Staðfest 8. marz 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

- 54. Nefnd Verkalýðsfélags Norðfirðinga og Vélstjórafélagsins Gerpis. Staðfest 16. marz 1968.
- 55. Nefnd Matsveinafélags S.S.Í., Félag matreiðslumanna og Félag framreiðslumanna. Staðfest 18. marz 1968.
- 56. Nefnd Sveinafélags pípulagningamanna. Staðfest 18. marz 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

21. marz 1968.

Nr. 79.

REGLUGERÐ

um tækninefnd orkustofnunar.

1. gr.

Tækninefnd Orkustofnunar er skipuð af raforkumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 4. gr. Orkulaga nr. 58/1967. Í henni eiga sæti 7 manns: Orkumálastjóri, tæknimenntaðir fulltrúar tilnefndir af Landsvirkjun, Sambandi íslenzkra rafveitna, Sambandi ísl. hitaveitna (eða Hitaveitu Reykjavíkur, ef sambandið hefur ekki verið stofnað), Rafmagnsveitum ríkisins og Rannsóknaráði ríkisins og hagfræðimenntaður fulltrúi Efnahagsstofnunarinnar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

2. gr.

Verkefni Tækninefndar er (1) að vera orkumálastjóra til ráðuneytis í tæknilegum og fjárhagslegum efnum (2) að stuðla að samvinnu í orkumálum þjóðarinnar milli allra aðila, sem þar eiga hluta að máli og (3) að efla samstarf um orkurannsóknir og vinna að samræmingu þeirra.

3. gr.

Orkumálastjóri leggur fyrir nefndina mál, sem hann leitar ráðuneytis hennar í. Einstakir nefndarmenn geta lagt fyrir nefndina hver þau atriði á sviði orkumála, sem að dómi þeirra er eigi sinnt sem skyldi eða þeir telja af öðrum orsökum þörf á að ræða sérstaklega. Tillögur sínar og ábendingar gerir nefndin til orkumálastjóra.

4. gr.

Orkumálastjóri er formaður Tækninefndar. Hann kallar saman fundi hennar, undirbýr þá og stjórnar þeim.

5. gr.

Tækninefndin heldur fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður kallar nefndina saman til funda endranær, er þörf krefur að hans dómi, eða þrír eða fleiri nefndarmanna óska þess.

6. gr.

Fundir Tækninefndar skulu boðaðir með dagskrá minnst viku fyrir fund, ef unnt er, en annars með eins löngum fyrirvara og kostur er.

7. gr.

Um fundi Tækninefndar skal haldin gjörðabók. Orkustofnun leggur nefndinni til fundaritara. Fundagerðir undirritast af fundarmönnum.

8. gr.

Til að starfa að einstökum málum milli nefndarfunda, um lengri eða skemmri tíma, getur Tækninefnd skipað sérnefndir úr sínum hópi, er starfa sem undirnefndir Tækninefndar, og leggja skýrslu um störf sín fyrir hana. Til að annast daglega framkvæmdastjórn á slíku sérnefndastarfi skal, um leið og sérnefnd er skipuð, fenginn hæfur maður, eigi um of öðrum störfum hlaðinn. Nefnist hann ritari sérnefndarinnar. Ritari þarf ekki að eiga sæti í sérnefndinni.

9. gr.

Tækninefnd er heimilt að leita ráðuneytis manna utan nefndarinnar um einstök mál, svo og að leita aðstoðar utanmanna við störf að einstökum verkefnum.

10. gr.

Allar fjárhagslegar skuldbindingar svo sem rannsóknarkostnaður o. fl., sem stofnað er til á vegum nefndarinnar og ekki eru greiddar af öðrum aðilum, skulu háðar samþykki ráðherra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir **Veidifélag Skaftártungumanna.**

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Skaftártungumanna. Heimili þess og varnarþing er hjá sýslumanni Skaftfellingsa.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem tilkall eiga til Skaftártunguafréttar, en þær eru: Hrifunes, Flaga I, Flaga II, Hemra, Gröf, Borgarfell, Snæbýli I, Snæbýli II, Ljótastaðir, Búland, Hvammur, Svinadalur, Múli, Austurhlíð, Hlíð, Úthlíð, Ytri-Ásar og Ásar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði til félagsmanna og annarra.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Allar tekjur félagsins renni í einn sjóð. Sjóðurinn skal vera í umsjá formanns félagsins. Sjóðnum skal varið til þeirra verkefna innan hreppsins, sem félagsmenn telja nauðsynleg á hverjum tíma, (t. d. byggingar og viðhalds sæluhúsa á afréttinum og fleiru). Til ráðstöfunar sjóðsins, þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Arðskrárákvæði. Öll lögbyli í Skaftártungu hafa jafnan rétt til veiði í þeim vötnum, sem áður nefnt veiðifélag nær til. Fær því hvert lögbyli sama einingafjöldi í arð, þ. e. arðhlutur verður jafn hjá öllum þeim býlum, sem aðild eiga að félaginu.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REIKNINGUR**Útanfarasjóðs sjúkra, Skagafirði, árin 1966 og 1967.**

	Tekjur :	
Söfnun	kr.	672 015.00
Vextir	—	58 220.88
		Kr. 730 235.88

	Gjöld :	
Greiddir styrkir	kr.	116 461.13
Kostnaður	—	144.00
Innstæða í Búnaðarbankanum, Sauðárkróki	—	613 774.75
		Kr. 730 235.88

Sauðárkróki, 15. febrúar 1968.

Friðrik J. Friðriksson.

Nr. 82.

REIKNINGUR**Systrasjóðs Kvinnaskólans í Reykjavík árið 1967.**

	Tekjur :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr.	406 453.29
1. Framlög námsmeyja 1967	—	10 804.00
2. Gjöf frá 10 ára árgangi	kr.	10 000.00
Gjöf frá 20 ára árgangi	—	10 000.00
Gjöf frá Vilhelm Steinsen og Emil Ágústssyni ..	—	2 000.00
		— 22 000.00
3. Vextir greiddir 1967:		
a. Í Söfnunarsjóði 1966	kr.	8 696.30
b. Í Landsbankanum, viðskiptabók	—	28 140.55
c. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók	—	102.55
		— 36 939.40
		Kr. 476 196.69

	Gjöld :	
1. Styrkur veittur námsmeyjum	kr.	24 000.00
2. Eign sjóðsins um áramót:		
a. Í Söfnunarsjóði, aðald. 32	kr.	97 495.89
b. Í Landsbankanum, viðskiptabók 5618	—	353 132.45
c. Í Landsbankanum, sparisjóðsbók 19092	—	1 568.35
		— 452 196.69
		Kr. 476 196.69

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs kennara við Kvennaskólann í Reykjavík árið 1967.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1967		kr. 87 402.91
2. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 250.00	
Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar	— 300.00	
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	— 6 870.61	
Vextir í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 10.57	
		<u>— 7 431.18</u>

Kr. 94 834.09

Gjöld:

1. Eign sjóðsins um áramót:		
Veðdeildarbréf í Landsbankanum, 17. fl.	kr. 5 000.00	
Innanríkislán Sogsvirkjunar	— 5 000.00	
Í Landsbankanum, sparisjóðsbók 10	— 161.74	
Í Landsbankanum, viðskiptabók 5621	— 84 672.35	
		<u>— 94 834.09</u>

Kr. 94 834.09

Reykjavík, 20. janúar 1968.

Guðrún P. Helgadóttir.

Nr. 84.

REIKNINGUR

sjóðsins Kristjónugjöf árið 1967.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1967		kr. 157 680.15
Vextir í Sparisjóði Rvíkur og nágrennis, ársbók	kr. 13 571.23	
Vextir í Sparisjóði Rvíkur og nágrennis, ársbók	— 14.00	
		<u>— 13 585.23</u>

Kr. 171 265.38

Gjöld:

Styrkur veittur á árinu		kr. 9 000.00
Eign sjóðsins um áramót:		
Í Sparisjóði Rvíkur og nágrennis, 10551	kr. 214.24	
Í Sparisjóði Rvíkur og nágrennis, 27039	— 162 051.14	
		<u>— 162 265.38</u>

Kr. 171 265.38

Reykjavík, 20. janúar 1968.

Guðrún P. Helgadóttir.

REIKNINGUR**Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands, árið 1967.****Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1967		kr. 5 693 781.62
2. Minningargjafir afh. 1967	kr. 6 485.00	
3. Samúðarskeyti Landssímans	— 1 308 851.59	
		— 1 315 336.59
4. Tvöfölduð hlutabréfaeign sjóðsins í Eimskipafél. Ísl.	— 9 500.00	
5. Greiddir vextir 1967	— 549 934.61	
		<hr/> Kr. 7 838 552.82

Gjöld:

1. Styrkveitingar til sjúklinga 1967	kr. 491 000.00
2. Önnur gjöld sjóðsins, sbr. fskj. 1—20	— 61 220.50
3. Eign sjóðsins 1. janúar 1968:	
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr. 19 000.00
b. Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	— 20 000.00
c. Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	— 10 000.00
d. Lán bygg.samv.fél. starfsm. Stjórnarráðsins	— 5 000.00
e. Bankainnstæður	— 7 232 332.32
	<hr/> — 7 286 332.32
	<hr/> Kr. 7 838 552.82

Steinunnararfur.**Tekjur:**

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 48 129.25
Afgjald eftir hálfu jörðina Haga 1965 og 1966	— 1 000.00
Vextir í Söfnunarsjóði 1966	kr. 650.11
Vextir í Landsbankanum	— 3 678.58
	<hr/> — 4 328.69
	<hr/> Kr. 53 457.94

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Hálf jörðin Hagi í Skorradal	kr. 1 050.00
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	— 7 440.54
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461	— 44 967.40
	<hr/> kr. 53 457.94
	<hr/> Kr. 53 457.94

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

T e k j u r :

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 13 979.57
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1966	— 1 296.52

 Kr. 15 276.09

G j ö l d :

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr. 15 276.09

 Kr. 15 276.09
Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.

T e k j u r :

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 16 569.98
Vextir í Búnaðarbankanum	— 1 491.21

 Kr. 18 061.19

G j ö l d :

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 60749	kr. 18 061.19

 Kr. 18 061.19
Minningargjöf um Hans Víum sýslumann.

T e k j u r :

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 8 902.55
Vextir í Landsbankanum	— 801.18

 Kr. 9 703.73

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468	kr. 9 703.73

 Kr. 9 703.73
Minningargjöf um Þórunni Jónasson.

T e k j u r :

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 18 249.30
Vextir í Landsbankanum	— 1 642.41

 Kr. 19 891.71

G j ö l d :

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469	kr. 19 891.71

 Kr. 19 891.71

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

T e k j u r :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 11 624.66
Vextir í Landsbankanum	— 1 046.16
	Kr. 12 670.82
G j ö l d :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5462	kr. 12 670.82
	Kr. 12 670.82

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

T e k j u r :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 39 340.97
Vextir í Landsbankanum	— 3 540.60
	Kr. 42 881.57
G j ö l d :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók 5467	kr. 42 881.57
	Kr. 42 881.57

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

T e k j u r :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 32 794.96
Vextir í Landsbankanum	— 2 951.46
	Kr. 35 746.42
G j ö l d :	
Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466	kr. 35 746.42
	Kr. 35 746.42

Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.

T e k j u r :	
1. Eignir sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 182 673.88
2. Vextir af innanríkisláni Sogsvirkjunar	kr. 900.00
Vextir í Landsbankanum	— 15 565.52
	— 16 465.52
3. Útdregið Sogsvirkjunarbréf	— 5 000.00
	Kr. 204 139.40

Gjöld :

1. Til jafnaðar tekjulið 3	kr. 5 000.00
2. Eignir sjóðsins 1. jan. 1968:	
Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	kr. 10 000.00
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5471	— 189 139.40
	<hr/>
	— 199 139.40

Kr. 204 139.40

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Tekjur :

Eign sjóðsins 1. jan. 1967	kr. 43 789.35
Vextir í Landsbankanum	— 3 941.01
	<hr/>

Kr. 47 730.36

Gjöld :

Eign sjóðsins 1. jan. 1968:	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	kr. 47 730.36
	<hr/>

Kr. 47 730.36

Reykjavík, 6. janúar 1968.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugasvert.

Reykjavík, 11. janúar 1968.

*Sigríður Brynjólfsdóttir.**Maria Sigurðardóttir.*

Nr. 86.

REIKNINGUR**Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur frá Kóngsbakka fyrir 1966.**

Tekjur :

1. Eign frá fyrra ári	kr. 31 642.44
2. Innlagt 4. nóv.	— 1 000.00
3. Vextir 1966	— 2 822.40
4. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	— 90.02
	<hr/>

Kr. 35 554.86

Gjöld :

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 35 554.86
	<hr/>

Kr. 35 554.86

Kóngsbakka, 24. nóvember 1967.

Haukur Sigurðsson.**Sigurborg Magnúsdóttir.****Aðalheiður Bjarnadóttir.**

REIKNINGUR

Minningsgjóðs Guðrúnar Lárusdóttur fyrir tímabilið
1. júlí 1967 til 15. marz 1968.

T e k j u r :

Í sjóði í júlí 1967		kr. 237 713.77
Vextir til áramóta:		
a. 4% vextir af 3 veðdeildarbréfum, ½ ár	kr. 60.00	
b. Landsbanka Íslands, viðskiptabók nr. 1792	— 288.84	
— — — — 5445	— 16 290.99	
— — sparisjóðsbók nr. 27355	— 2 441.25	
Útvegsbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 38514	— 217.00	
c. Gjóf frá Fr. Sigurbj.	— 1 000.00	
	—	20 298.08
		Kr. 258 011.85

G j ö l d :

Sjóðseign í marz 1968:

a. 3 veðdeildarbréf, Landsb. Ísl. nr. 77, 99, 104	kr. 3 000.00	
1 verðbr., spariskirteini nr. 3421	— 2 000.00	
1. verðbréf, spariskirteini nr. 4693	— 10 000.00	
	—	kr. 15 000.00
b. Í bankabókum:		
1. Landsb. Ísl., viðskiptabók nr. 1792	kr. 3 936.47	
2. — — — — 5445	— 197 302.81	
3. — — sparisjóðsbók nr. 27355	— 38 376.95	
4. Útvegsb. Ísl., sparisjóðsbók nr. 38514	— 3 401.62	
	—	243 011.85
		Kr. 258 011.85

Í marz 1968.

S. Á. Gíslason.

Reikningurinn er réttur. Eignir fyrir hendi.

Reykjavík, 23. marz 1968.

Ingólfur Ástmarsson. Jón Skagan.

AUGLÝSING

um varnir gegn hringskyrfi á nautgripum í Eyjafirði.

1. gr.

Vegna hættu á útbreiðslu hringskyrfis, sem orðið hefur vart á nokkrum bæjum í Hrafnagilshreppi og Grýtubakkahreppi í Eyjafirði, er óheimilt að afhenda eða selja til lífs nautgripi frá öllum býlum í áðurnefndum hreppum nema að fengnu leyfi viðkomandi héraðsdýralæknis.

Sama máli gegnir um sölu á nautgripum úr öllum sveitum við Eyjafjörð til annarra landshluta.

Bannað er að safna saman nautgripum frá bæjum í þessu héraði vegna sýninga og þess háttar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum, sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum um dýralækna nr. 124 22. desember 1947 og lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, sbr. lög nr. 16 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. marz 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

1. apríl 1968.

Nr. 89.

AUGLÝSING

um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Bann við innflutningi frá Bretlandi á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og könglum svo og hvers konar grænmeti og jarðávöxtum, sem ákveðið var með auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins, dags. 4. nóvember 1967, er úr gildi fellt. Að öðru leyti heldur auglýsingin gildi sínu.

Enn fremur er með auglýsingu þessari felld úr gildi auglýsing frá 22. nóvember 1967, þar sem bannaður var innflutningur á fóðurvörum frá Bretlandi og einnig var lagt bann við því, að nota matarleifar til gripafóðurs.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING**um nýja Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf.**

Frá og með 20. apríl 1968 gengur í gildi ný Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf. Frá sama tíma fellur úr gildi Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf frá 15. okt. 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. apríl 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 91.

8. apríl 1968.

AUGLÝSING

**um notkun heimildar á síðustu málsgr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 3/1968,
um lækkun gjalda af skrifstofuvélum.**

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í síðustu málsgrein 4. tl. 2. gr. laga nr. 3/1968, um breyting á lögum um tollskrá o. fl., á þann hátt að hinn 1. júlí 1968, skuli gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum lækka um 10 prósentustig, úr 60% í 50%:

Nr. 84.51.00	Nr. 84.53.00
— 84.52.01	— 84.54.01
— 84.52.02	— 84.54.09
— 84.52.03	— 84.55.01
— 84.52.09	— 84.55.09

Hinn 1. janúar hvert ár árin 1970, 1971 og 1972, lækka gjöldin um 5 prósentustig af framangreindum tollskrárnúmerum í hvert sinn.

Verða gjöldin því 45% árið 1970, 40% árið 1971 og 35% eftir 1. janúar 1972.

Fjármálaráðuneytið, 8. apríl 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 92.

16. apríl 1968.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 9 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. apríl 1968 gengur í gildi breyting nr. 9, útgefin í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á verði á lyfjum samkvæmt 4. gr. reglugerðar um hverjar vörur lyfsalar einir og lækna (dýralækna), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, nr. 173 20. desember 1967.

Frá og með 1. maí 1968 breytist verð á samsettum vítamíntöflum samkv. 1 mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 173 20. desember 1967 og verður í útsölu kr. 48.00 hver 100 stykkja pakkning og einnig á askorbínsýrutöflum samkv. 2. mgr. 4. gr. nefndrar reglugerðar og verður kr. 36.00 hver 100 stykkja pakkning.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. apríl 1968.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

19. apríl 1968.

Nr. 94.

AUGLÝSING

um umferð í Suðureyrarhreppi.

Samkvæmt gerðri samþykkt hreppsnefndar og ákvörðun sýslumanns eftir heimild í 65. gr. umferðarlaga er ákveðið:

1. Einstefnuakstur.

- a. Aðalgata í Suðureyrarkauptúni frá Hjallavegi að Eyrargötu, þar sem Aðalgata og Eyrargata skerast við hús nr. 32 og 34 á Aðalgötu og verður ekið frá norðri til suðurs.

Þessi ákvörðun tekur gildi 26. maí 1968.

- b. Eyrargata: Aka ber frá suðri til norðurs. Einstefnuakstur frá og með 26. maí 1968.
- c. Stefnisgata milli Aðalgötu og Eyrargötu, ekið frá vestri til austurs.
- d. Skólagata milli Aðalgötu og Eyrargötu, ekið frá austri til vesturs.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. maí skal ekki vera einstefnuakstur á Eyrargötu frá Skólagötu og til suðurs.

Umferðarmerkjum verður komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, 19. apríl 1968.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

AUGLÝSING

um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, sbr. myntsamning rikissjóðs og Seðlabankans frá 21. október 1966, hefur Seðlabanki Íslands einkarétt til að láta slá og gefa út peninga úr málm.

Hinn 6. maí n. k. mun Seðlabankinn gefa út 10 króna pening með svofelldri gerð:

Peningurinn er 25 mm í þvermál og vegur 6.5 grömm. Málmhlutföll peningsins eru 75% kopar og 25% nikkell, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Peningurinn er með sömu myndum og eins og tveggja krónu peningar, sem í umferð eru. Rönd peningsins er slétt, gagnstætt því sem er um eins og tveggja króna peninga, sem eru með rifflaðri rönd. Á bakhlið peningsins er ártalið 1967 undir skjaldarmerki lýðveldisins.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 500 króna seðils, samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um gjaldmiðil Íslands.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 og lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn hinn 6. maí n. k. gefa út 500 króna seðil með svofelldri gerð:

Stærð seðilsins er 150 x 70 mm.

Aðallitur er grænn.

Efst á framhlið er prentað: „SEÐLABANKI ÍSLANDS“ og þar fyrir aftan í horninu talan 500 með upphleyptu letri og fyrir framan talan 500 tvisvar. Á miðju fyrir neðan nafn Seðlabanka Íslands er prentað í tveim línum „FIMM HUNDRUÐ KRÓNUR“ og í næstu línu þar fyrir neðan í einni línu „Samkvæmt lögum nr. 10, 29. marz 1961“. Þar fyrir neðan koma undirskriftir tveggja af þrem bankastjórum Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Sigtryggs Klemenzsonar og Davíðs Ólafssonar. Talan 500 er prentuð í vinstra og hægra horn seðilsins og neðst á seðlinum með smáu letri „Hannes Hafstein“ og þar fyrir aftan talan 500 átta sinnum. Númer hvers seðils er skráð vinstra megin ofantil og hægra megin neðantil. Fyrir framan hvort númer er skráð F. Til vinstri á framhlið er brjóstmynd af Hannesi Hafstein, ráðherra, og á hægri hlið vatnsmerki innan í hring með mynd af Sveini Björnssyni, forseta. Málmpráður gengur lóðréttur í gegnum seðilinn til vinstri við miðju framhliðar hans. Talan 500 í efra horni hægra megin á framhlið er upphleypt, svo að sjóndapurt og blint fólk geti áttað sig á stærð seðilsins.

Á bakhlið er mynd af fiskibát og áhöfn hans á veiðum, auk þess er talan 500 skráð í efra vinstra horn og neðra hægra horn bakhliðar seðilsins.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvik Gizurarson.

3. maí 1968.

Nr. 97.

REGLUGERÐ

um mynda- og kvikmyndatöku af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum.

1. gr.

Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra er óheimil nema leyfis ráðuneytisins hafi verið aflað fyrirfram, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

2. gr.

Dvöl við hreiður umræddra fugla vegna athugana á lifnaðarháttum þeirra, til upptöku á hljóðum þeirra eða í öðrum þeim tilgangi, sem ætla má að geti valdið óæskilegum truflunum, skal og háð leyfi hliðstæðu því, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—15 000 krónum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33 1966. Öðlast hún þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

29. apríl 1968.

Nr. 98.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 2. maí 1958, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

I. Aðalbrautir:

1. Hörgárbraut.
2. Glerárgata.
3. Skipagata frá húsinu nr. 8 að Hafnarstræti.

4. Hafnarstræti frá húsinu nr. 71 að Aðalstræti 16.
5. Aðalstræti frá húsinu nr. 16 til suðurs og Eyjafjarðarbraut allt að Austlandsvegi.
6. Strandgata austan Glerárgötu.
7. Norðurgata frá Strandgötu að Hjalteyrargötu.
8. Hjalteyrargata frá Strandgötu að Tryggvabraut.
9. Tryggvabraut frá Glerárgötu til austurs að Hjalteyrargötu.
10. Kaupvangsstræti frá Skipagötu að Þingvallastræti.
11. Þingvallastræti frá Kaupvangsstræti að Súluvegi. Umferð um Þingvallastræti skal þó vikja fyrir umferð um Þórunnarstræti.
12. Eyrarlandsvegur frá Kaupvangsstræti að Hrafnagilsstræti. Umferð um Eyrarlandsveg skal vikja fyrir umferð um Kaupvangsstræti.
13. Hrafnagilsstræti frá Eyrarlandsvegi að Byggðavegi.
14. Þórunnarstræti frá Glerárgötu að Hrafnagilsstræti.
15. Gránufélagssgata gagnvart umferð um Laxagötu og Hólabraut.

Götur, sem að aðalbrautum liggja eru við vegamótin merktar biðskyldu-
eða stöðvunarmerkjum.

II. Einstefnuakstur:

1. Gránufélagssgata frá Glerárgötu að Sjávangötu	austur
2. Eiðsvallagata	vestur
3. Fjólugata	austur
4. Eyrarvegur frá Glerárgötu að Hjalteyrargötu	austur
5. Lundargata	suður
6. Grundargata	suður
7. Hríseyjargata	norður
8. Kaldbaksgata frá Gránufélagsgötu að Strandgötu	suður
9. Laufásgata frá Strandgötu að Gránufélagsgötu	norður
10. Ránargata	norður
11. Ægisgata	suður
12. Hafnarstræti frá Ráðhústorgi að Hafnarstræti 39	suður
13. Ráðhústorg að norðan	vestur
Ráðhústorg að vestan	suður
Ráðhústorg að sunnan	austur
Ráðhústorg að austan	norður
14. Skipagata frá húsinu nr. 6 að Ráðhústorgi	norður
15. Geislagata frá Hólabraut að Gránufélagsgötu	norður
16. Hólabraut frá Gránufélagsgötu að Geislagötu	suður
17. Brekkugata	norður
18. Gilsbakkavegur	austur
19. Oddagata	vestur
20. Bjarmastígur frá efri mótum hennar og Oddeyrargötu að neðri mótum sömu gatna	austur og norður
21. Krabbastígur	vestur
22. Sniðgata	vestur
23. Munkaþverárstræti	norður
24. Helgamagrastræti	suður
25. Holtagata	norður
26. Hlíðargata	norður

- | | |
|---|--------|
| 27. Lögbergsgata frá Helgamagrastræti að Hlíðargötu | austur |
| 28. Lögbergsgata frá Oddeyrargötu að Hlíðargötu | vestur |
| 29. Skólástigur | austur |
| 30. Möðruvallastræti | suður |
| 31. Skipagata frá syðri mótum hennar og Hafnarstrætis að ytri mótum sömu vega (við Hafnarstræti 71) | norður |

Bannað er að leggja bifreiðum hægra megin á einstefnuakstursgötum.

III. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a. Bifreiðastöður eru bannaðar á eftirgreindum götum eða götuköflum:
1. Hörgárbraut.
 2. Glerárgötu.
 3. Skipagötu til suðurs frá húsinu nr. 8.
 4. Hafnarstræti til suðurs frá húsinu nr. 71 að undanskildum merktum stæðum við Samkomuhúsið.
 5. Aðalstræti frá húsinu nr. 16 til suðurs að Naustavegi að undanskildum merktum stæðum.
 6. Spítalavegi.
 7. Á öllum götum í Grófargili, sbr. þó III. b. hér á eftir.
 8. Á 20 metra svæði hjá öllum viðkomustöðum strætisvagna.
- b. Á effirtöldum stöðum eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu á virkum dögum frá 9—19, nema á laugardögum kl. 9—13.
1. Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti til suðurs að Hafnarstræti 82.
 2. Kaupvangsstræti frá húsi nr. 17 að húsi nr. 23 á suðurkanti göttanar og á norðurkanti götunnar milli Hafnarstrætis og Skipagötu.
 3. Ráðhústorgi að norðan, austan og sunnan.
 4. Skipagötu frá húsinu nr. 6 að Ráðhústorgi.

IV. Gjaldmælar.

Gjaldmælar fyrir bifreiðar hafa verið settir upp í Hafnarstræti milli Kaupvangsstrætis og Ráðhússtorgs.

V. Akstur á tveim akreinum.

Á Glerárgötu frá Glerá að Geislagötu 39.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Eldri reglur og auglýsingar um umferð á Akureyri, sem brjóta í bága við reglur í auglýsingu þessari eru hér með felldar úr gildi.

Auglýsing þessi tekur gildi 26. maí 1968, kl. 6 árdegis.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 29. apríl 1968

Ófeigur Eiríksson.

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958 og að fengnum tilögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verði sett á allar götur, er liggja að Bjarkarbraut, en þær eru þessar: Sognstún, Sunnutún, Stórhólsvegur, Smáravegur, Mímisvegur.
2. Þar sem mætast Bjarkarbraut og Goðabraut, verði sett biðskylda á Goðabraut, sunnan gatnamótanna, þannig að umferð sunnan Goðabrautar víki fyrir umferð úr Bjarkarbraut.
3. Biðskylda verði sett á Hólaveg þar sem hann kemur á Goðabraut.
4. Bannað verði að leggja ökutækjum á Hafnarbraut við Samkomuhús Dalvíkur og við Grundargötu 1.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 7. maí 1968.

Ófeigur Eiríksson.

Nr. 100.

16. maí 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Umferðargjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á norðurleið.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar, svo og þau ökutæki Vegagerðar ríkisins, sem vinna að viðhaldi Reykjanesbrautar, snjómokstri eða saltdreifingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. maí 1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Bynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

**um aðalbrautir, einstefnuakstur, bifreiðastöðubönn o. fl. í Keflavík,
sem taka gildi frá og með 26. maí 1968.**

Hafnargata og Hringbraut

hafa aðalbrautarrétt gagnvart öllum götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautir:

Flugvallarvegur milli Hafnargötu og Hringbrautar.
Víkurbraut frá Hafnargötu að Vitastíg.
Faxabraut.
Vatnsnesvegur.
Skólavegur, sem hefur aðalbrautarrétt gagnvart Faxabraut.
Tjarnargata.
Aðalgata.
Vesturgata.
Vesturbraut.

Einstefnuakstur:

Suðurgata til suðurs frá Tjarnargötu að Skólavegi.
Aðalgata til austurs frá Kirkjuvegi að Túngötu.
Klapparstígur til austurs frá Kirkjuvegi að Túngötu.
Ránargata til vesturs frá Hafnargötu til Suðurgötu.
Heiðarvegur til austurs frá Sólvallagötu að Suðurgötu.

Akstur úr Klapparstíg yfir í Hafnargötu er bannaður.
Akstur úr Heiðarvegi ofanverðum yfir í Hafnargötu er bannaður.

Bifreiðastöðubönn:

Við Hafnargötu: að vestanverðu frá Flugvallarvegi að Vesturgötu að undanskildum auðkenndum bifreiðastæðum.
Við Tjarnargötu: beggja vegna frá Hafnargötu að Hringbraut að undanskildum auðkenndum bifreiðastæðum.

Tímatakmörkun á bifreiðastæðum:

Við Hafnargötu: frá nr. 27 að nr. 33 og við nr. 36.
Við Tjarnargötu: framan við nr. nr. 2 til nr. 4.
30 mín. frá kl. 9—18 alla virka daga nema laugardaga frá kl. 9—13.

Biðstaðir almenningsvagna:

Á leið til Reykjavíkur: Við símstöð, Vatnsnestorg, Aðalstöð.
Á leið frá Reykjavík: Við Verzl. Hagafell, Vatnsnestorg og símstöð.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 16. maí 1968.

Alfreð Gíslason.

AUGLÝSING

um umferð og umferðarmerki í Ísafjarðarkaupstað.

1.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, 65. grein og breytingum á þeim nr. 40 12. maí 1965 og nr. 62 13. maí 1966, hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar samþykkt, að eftirtaldir vegir og götur á Ísafirði skuli teljast aðalbrautir:

1. Fjarðarstræti.
2. Aðalstræti frá Silfurtorgi.
3. Suðurgata.
4. Hafnarstræti.
5. Seljalandsvegur.

2.

Einstefnuakstur.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar hefur verið ákveðinn einstefnuakstur um þessar götur og götukafla:

1. Aðalstræti frá Austurvegi á Silfurtorg.
2. Silfurgötu frá Silfurtorgi að Sundstræti.
3. Þvergötu frá Brunngötu á Sundstræti.
4. Eyrargötu frá sjúkrahúsi og á Túngötu.
6. Mánagötu frá Hafnarstræti að Fjarðarstræti.
7. Mjallargötu frá Fjarðarstræti að Hafnarstræti.

3.

Bifreiðastöður bannaðar.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Hafnarstræti frá Pólgötu að Silfurgötu, austan megin götunnar og beggja vegna götunnar frá Smjörlikisgerð að Silfurtorgi og frá Pólgötu að Austurvegi.
2. Í Fjarðarstræti beggja vegna götunnar frá Hrannargötu að Mjallargötu og sunnan megin götunnar alls staðar annars staðar.
3. Við Austurveg framan við húsin nr. 1 og 2.
4. Við Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg sunnan megin götunnar.
5. Við sunnanverðan Engjaveg.
6. Við sunnanverðan Hlíðarveg.
7. Við sunnanverða Túngötu.

Afgreiðsla bifreiða er þó heimil á þessum stöðum meðan skilað er farþegum eða flutningi, enda fari afgreiðslan fram á sem skemmstum tíma.

4.

Umferðarmerki.**A. Aðvörunarmerki.**

1. Merki um stöðvunarskyldu standa við þessi gatnamót: Hafnarstrætis og Austurvegar, Hafnarstrætis og Pólgötu, Hafnarstrætis og Mjallargötu, Hafnarstrætis og Sólgötu, Sólgötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Torfnavegar, Hafnarstrætis og Túngötu, Hafnarstrætis og Seljalandsvegur, Urðarvegur og Hlíðarvegur og Túngötu og Fjarðarstrætis.
2. Biðskyldumerki standa við þessi gatnamót: Suðurgötu og Ásgeirsgötu, Árnagötu og Suðurgötu, Batahafnar og Suðurgötu, Aðalstrætis og Sundstrætis, Aðalstrætis og Skipagötu, Tangagötu og Austurvegar, Tangagötu og Fjarðarstrætis, Norðurvegur og Fjarðarstrætis, Pólgötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Mánagötu, Mánagötu og Fjarðarstrætis, Hafnarstrætis og Hrannargötu, Hrannargötu og Fjarðarstrætis, Eyrargötu og Fjarðarstrætis, Túngötu og Eyrargötu (frá Hlíðarvegi), Túngötu og Þvergötu frá Hlíðarvegi, Seljalandsvegur og Engjavegar, Seljalandsvegur og Miðtúns, Sætúns og Vallartúns, Miðtúns og Vallartúns og Nestúns og Seljalandsvegur.
3. Merki um að innakstur sé bannaður stendur við þessar götur: Sundstræti og Þvergötu, Sundstræti og Silfurgötu og Túngötu og Eyrargötu.

B. Bannmerki. Sett hafa verið upp á nokkrum stöðum merki um að allur akstur sé bannaður og bifreiðastöður bannaðar.**C. Ýmis umferðarmerki.**

Sett hafa verið upp merki þar sem bifreiðastöður eru leyfðar og afmarkaðir reitir, þar sem ber að leggja bifreiðum skipulega. Gangbrautir fyrir vegfarendur hafa verið málaðar með hvítum strikum og merktar (merki D. 2). Þá hafa verið sett upp aðvörunarmerki, og akreinalínur settar á götur. Vegfarendum og bifreiðastjórum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum, sem sett eru í samræmi við umferðarlög, og önnur fyrirmæli um umferð í kaupstaðnum.

5.

Ökuhraði.

Ökuhraði bifreiða og bifhjóla í kaupstaðnum skal vera 35 km. miðað við klukkustund frá og með 26. maí n. k. þar til öðruvísi verður ákveðið, en eftir það 45 km. miðað við klukkustund, og skulu merki um það sett upp á Seljalandsvegi og Hnífsdalsvegi á mótum þjóðvegur og kaupstaðarins.

Merkjasetning samkv. framansögðu er miðuð við hægri handar umferð.

Auglýsing þessi skal taka gildi 26. maí 1968.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 21. maí 1968.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957: 52. Nefnd Félags járníðnaðarmanna, Félags bifvélavirkja, Félags blikksmiða og Sveinafélags skipasmiða. Staðfest 29. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 29. febr. 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 104.

29. marz 1968.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar.

1. gr.

Í stað „1000.00 kr.“ í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi „1500.00 kr.“
Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 frá 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 105.

29. marz 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, nr. 3. 11. jan. 1967.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrá

kafli nr.

48.16.01 Pappakassar og öskjur.

48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 29. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 61 24. marz 1959,
um umferðarmerki og notkun þeirra.

1. gr.

Í stað „A 3“ í 2. gr. komi: A 4.

2. gr.

Á eftir „B 2“ í 4. gr. komi: B 4 a.

3. gr.

a) Orðin „Letra skal á aukamerki vegalengd þá, sem bannið nær til“ í liðnum B 4 í 5. gr. falli brott.

B. 4 a. **Banni við framúrakstri lokið.** Merki þetta má letra á bakhlið B 4.

4. gr.

Í stað orðsins „hægri“ í 9. gr. (D 6—7) komi: **vinstri**, og í stað orðsins „vinstri“ komi: **hægri**.

5. gr.

a) Í stað orðsins „vinstra“ í 1. mgr. 16. gr. komi: **hægri**.

b) Í stað orðsins „hægra“ í 2. mgr. 16. gr. komi: **vinstra**.

6. gr.

Í stað orðsins „vinstra“ í 22. gr. komi: **hægra**.

7. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar breytast eftirtalin merki: A 5, B 4, B 12, C 1, C 2, D 5, D 6, og D 7, og skulu þau vera eins og sýnt er á fylgiskjali.

Einnig breytast þá merkingar á yfirborði vega, eins og sýnt er á fylgiskjali.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1968, öðlast gildi 26. maí 1968.

Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 32 11. marz 1967 um viðauka við reglugerð nr. 61 24. marz 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. marz 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Fylgiskjal

1. Nýtt merki

Bannmerki



B4a
Banni við
framúrakstri lokið

2. Breytt merki

Aðvörunarmerki




A5
Hringakstur

Bannmerki




B4
Bann við
framúrakstri




B12
Sérstakri takmörkun
hámarkshraða lokið

Fylgiskjal

Boðmerki




C1
Akstursstefnumerki




C2
Akbrautarmerki


Leiðbeiningamerki



D5
Umferð á móti



D6
Akbrautaskipti




D7
Akbrautaskipti


Fylgiskjal

3. Breyttar merkingar


Varúðarlínur



Akreinalínur



Bifreiðastæði



REGLUGERÐ

um náttúrurannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi.

1. gr.

Engum útlendingum er heimilt að stunda náttúrurannsóknir á Íslandi nema að fengnu rannsóknarleyfi, sem menntamálaráðuneytið veitir. Undanskilin reglugerð þessari eru þó leyfi erlendra hafrannsóknaskipa til rannsókna innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið veitir.

2. gr.

Umsóknir um rannsóknarleyfi skulu sendar Rannsóknaráði ríkisins, sem gefur út leyfi í umboði ráðuneytisins, að fenginni umsögn vísindastofnana eða vísindamanna, sem starfa á viðkomandi sviði. Rannsóknaráð skal senda Náttúrufræðistofnun Íslands til umsagna allar umsóknir um rannsóknarleyfi á sviði almennra náttúrurannsókna.

3. gr.

Umsókn skal fylgja ítarleg greinargerð um fyrirhugaða rannsóknarstarfsemi, þar sem m. a. séu tilgreind tæki þau, sem nota á. Nöfnum umsækjenda skulu fylgja upplýsingar um þjóðerni, menntun og fyrri störf við svipuð verkefni og fyrirhuguð eru á Íslandi. Æskilegt er, að umsóknum fylgi einnig meðmæli frá þekktri vísindastofnun.

4. gr.

Rannsóknarleyfi er jafnan bundið við ákveðið svæði og ákveðinn tíma. Leyfi er að jafnaði ekki veitt til rannsókna á þeim verkefnum, sem íslenzkir vísindamenn hafa með höndum eða munu taka fyrir í náinni framtíð. Leyfishafa ber að kynna sér lög um náttúruvernd og önnur friðunarlög og fylgja þeim í hvívetna. Ekki er heimilt að safna fuglum og eggjum án sérstaks leyfis menntamálaráðuneytisins. Rannsóknir ber að framkvæma á þann hátt, að ekki hljótist af spjöll á náttúru landsins og að ekki sé gengið á lögmætan rétt landeigenda. Þeir, sem rannsóknarleyfi hljóta, skulu sjálfir leita samþykkis landeigenda fyrir dvöl á landi hans og aðra notkun þess. Ný örnefni má ekki nota á landabréfum eða í prentuðu máli, nema sérstakt leyfi ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Leyfishöfum ber sjálfum að afla nauðsynlegra leyfa til innflutnings á tækjum og öðrum útbúnaði vegna rannsókna. Þeir skulu bera allan kostnað vegna leiðangursins, nema um annað sé samið sérstaklega.

6. gr.

Náttúrugripi má ekki flytja úr landi, nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum, sem stofnunin setur hverju sinni.

7. gr.

Rannsóknaráð ríkisins felur að jafnaði einhverjum íslenzkum aðila að fylgjast með rannsóknunum. Hinir erlendu vísindamenn skulu þá vinna að rannsóknum sínum í samráði við hann. Áður en leiðangursmenn fara úr landi, skal þessum aðila afhent bráðabirgðagreinargerð um rannsóknirnar.

8. gr.

Þegar unnið hefur verið úr niðurstöðum rannsókna, skal Rannsóknaráði send fullnaðarskýrsla í þremur eintökum. Einnig skulu Rannsóknarráði send fimm eintök af öllum greinum, bókum eða kortum, sem gefin eru út varðandi starfsemi leiðangursins.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sviptingu rannsóknarleyfis og fjársektum samkvæmt því, sem lög mæla fyrir um.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1965, um almennar náttúru-rannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, og lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglu-gerð nr. 164/1952, um náttúru-rannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi.

Menntamálaráðuneytið, 25. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipun bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn, og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

a. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjarreiðum bæjarins.

1. Árlega ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir hvert reikningsár (almanaksár), og eigi síðar en í marz mánuði. Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana skuli hagað, sbr. b-lið, enn fremur skal greina, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar, og að jafnaði skal eigi greiða fé úr bæjarsjóði nema með samþykki bæjarstjóra.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins, eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- b. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- c. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- d. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár fyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæði. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir störfum forseta, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu. Skrif-

arar skulu færa gerðabók bæjarstjórnar, nema til þess sé ráðinn sérstakur starfsmaður. Enn fremur skulu þeir telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðsla fer fram.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að ráða sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess getið hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fund einu sinni í mánuði, og skal fundur haldinn 1. eða 2. mánudag hvers mánaðar og hefjast kl. 16.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fund í júlí og/eða ágúst.

Aukafundi skal halda, samkv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar. Á dagskrá skal taka:

1. hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. og sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lög-mæltri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið;
2. fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum;
3. lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá eða fyrirspurn svarað, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en fimmtudag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 16.00 tveimur dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og geta annarra þeirra mála, sem um skal fjallað og gera í stuttu máli grein fyrir þeim. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 7. gr. skal að jafnaði boða til hans með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með eigi minna en 24 st. fyrirvara. Heimilt er þó að boða aukafund með skemmri fyrirvara, enda samþykki bæjarstjórn slíkt, eins og um afbrigði frá fundarsköpum væri að ræða.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal auglýsa á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í kaupstaðnum, með a. m. k. 24 st. fyrirvara.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundur raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fundur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögur á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp aðra höndina. Nafnakall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 2 bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarsköp.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímallengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lítur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigzlum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vitir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi frammar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fundi.

19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Um bæjarráð.

25. gr.

Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar. Skulu þeir kosnir á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði til eins árs í senn, með hlutfallskosningu. Á sama hátt kýs bæjarstjórn 3 varamenn úr sínum hópi. Forfallist bæjarráðsmaður eða hans missi við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið fulltrúa sína eða varafulltrúa mæta í þeirra stað.

Bæjarstjórn getur með einfaldri ályktun ákveðið aðra tölu bæjarráðsmanna.

26. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð.

Bæjarráð kýs sér formann og ritara. Sá er rétt kjörinn, sem fær meirihluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs.

27. gr.

Bæjarráð heldur fundi einu sinni í viku, og þar að auki ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Fundir eru lögmatir ef tveir bæjarráðsmenn mæta.

28. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Seyðisfjarðar-kaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

29. gr.

Bæjarráð hefur eftirtalin mál með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði. Þó er bæjarráði heimil fullnaðarákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

- a. Fjármál: Til þeirra teljast umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur og samning fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, eftirlit og fyrirkomulag á bókhaldi og innheimtu gjalda.
Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.
- b. Vegamál: Bæjarráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.
- c. Fasteignamál: Til þeirra teljast umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem húseignum, jörðum, mótaki, grjótnámi, slægjum, sandnámi, fjallskilum o. fl., að því leyti, sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- d. Sjúkrahúsmál: Til þeirra teljast stjórn og rekstur á sjúkrahúsi bæjarins í samráði við sjúkrahúslækni, er ávallt skal kveðja á fund er rædd eru málefni sjúkrahússins, en eigi hefur hann atkvæðisrétt.
- e. Brunamál: Til þeirra teljast framkvæmdir á öllum brunamálum bæjarins, samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið. Slökkviliðsstjóri eða varamaður hans skulu sitja fundi, ef rædd eru brunamál, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.
- f. Framfærslumál: Bæjarráð hefur á hendi stjórn allra framfærslumála Seyðisfjarðarkaupstaðar, undir það heyra elliheimili, barnaleikvöllir, dagheimili, ef slík fyrirtæki eru á staðnum.

Bæjarstjóri er framfærslustjóri, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

- g. Önnur mál: Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum, sem henni sýnist til bæjarráðs, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það, þegar þurfa þykir.

30. gr.

Skýlt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

31. gr.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyra samkvæmt framanrituðu.

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður þóknun fyrir störf bæjarráðs.

V. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

33. gr.

Á fundi sínum í júní kýs bæjarstjórn eftirtaldir nefndir og starfsmenn, til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög, reglugerðir og samþykktir mæla fyrir um:

Til eins árs:

1. Þrjú menn í bæjarráð og þrjú til vara.
2. Þrjú menn í hafnarnefnd.
3. Kjörstjórnir samkvæmt lögum.
4. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.

5. Fulltrúa á aðalfund Skipasmiðastöðvar Austfjarða h/f.:
 - a. Einn fyrir bæjarsjóð Seyðisfjarðar.
 - b. Einn fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar.
6. Fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund félagsheimilisins Herðubreið.
7. Þrjú menn í skólanefnd Tónlistarskóla Seyðisfjarðar og þrjú til vara.
8. Fimm menn í atvinnuálanefnd og fimm til vara.
Til fjögurra ára:
 1. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
 2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Seyðisfjarðar og fjóra til vara.
 3. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
 4. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
 5. Einn mann í heilbrigðisnefnd og einn til vara.
 6. Tvo menn í náttúruverndarráð og tvo til vara.
 7. Tvo menn í skólanefnd iðnskóla Seyðisfjarðar og tvo til vara.
 8. Sex menn í áfengisvarnarnefnd og sex til vara.
 9. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
 10. Einn mann í stjórn Styrktarsjóðs Gunnars Th. Oddssonar.
 11. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
 12. Einn forðagæzlumann.
 13. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
 14. Fulltrúa og varafulltrúa á fundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.
 15. Fulltrúa og varafulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.
 16. Níu menn í sjó- og verzlunardóm.
 17. Einn mann í skólanefnd Hallormsstaðaskóla og einn til vara.
 18. Þrjú menn í umferðanefnd og þrjú til vara.
 19. Þrjú menn í götunafnanefnd og þrjú til vara.

34. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má fela slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.

35. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín, og skulu gerðir fastanefnda svo nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

Þó getur bæjarstjórn, um leið og hún vísar máli til nefndar, falið henni það til fullnaðarafgreiðslu.

36. gr.

Hafnarnefnd skipa 3 menn, samkv. hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt reglum þeim, sem þar um gilda á hverjum tíma.

37. gr.

Kjörstjórnir eru kosnar og þær starfa samkvæmt fyrirmælum gildandi kosningalaga.

38. gr.

Framtalsnefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Nefndin er kosin og starfar samkvæmt lögum nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

39. gr.

Í stjórn Sjúkrasamlags Seyðisfjarðar kýs bæjarstjórn 4 menn og 4 til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varðar, samkvæmt lögum þar um.

40. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum og 5 til vara. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkv. lögum þar um. Fræðsluráð hefur á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins.

41. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

42. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar og hér-aðslæknir. Bæjarstjórn kýs einn mann í nefndina og einn til vara. Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

43. gr.

Í náttúruverndarnefnd kýs bæjarstjórn 2 menn og 2 til vara, en bæjarfógetinn í Seyðisfjarðarkaupstað er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar, skv. lögum. Nefndin starfar samkv. lögum um náttúruvernd.

44. gr.

Þar til breyting verður á iðnfræðslu á Seyðisfjarðarkaupstað, kýs bæjarstjórn 2 menn í skólanefnd iðnskólans og 2 til vara, en formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra.

45. gr.

Áfengisvarnarnefnd skipa 7 menn, þar af kýs bæjarstjórn 6 menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnar-ráðs. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum um áfengisvarnir.

46. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn og 4 til vara, auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt.

Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.

Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins, samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

Auk þess hefur byggingarnefnd umsjón með lóðum, jörðum, túnleigum o. þ. u. l., og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál.

47. gr.

Skólanefnd Tónlistarskóla Seyðisfjarðar skipa 3 menn og 3 til vara. Nefndin hefur með höndum stjórn og rekstur tónlistarskólans, fyrir bæjarins hönd.

48. gr.

Atvinnumálanefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Atvinnumálanefnd skal hafa eftirlit og umsjón með þeim atvinnutækjum er bærinn á eða rekur, einnig skal hún gera tillögur til bæjarstjórnar um atvinnuaukningu, þegar þurfa þykir.

49. gr.

Umferðanefnd skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um allt er lýtur að umferðamálum í bænum.

50. gr.

Götunafnanefnd skal gera tillögur til bæjarstjórnar um nöfn á götum í bænum.

VI. KAFLI

Um bæjarstjóra.

51. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra svo að bæjarstjóri er í andstögu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

52. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað sem tiltekin mál. Skyld er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

53. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

54. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs.

55. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sammingsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

56. gr.

Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VII. KAFLI

Endurskoðendur.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þess starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

58. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður hjá bænum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður hvernig auglýsa skuli. Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í föst störf svo og sérskilyrði, sem gilda skuli um ákveðin störf. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum sínum við þá breytingu.

59. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst störf hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

60. gr.

Nú verður gerður samningur milli bæjarstarfsmanna eða samtaka þeirra annars vegar og kaupstaðarins eða samtaka sveitarfélaga hins vegar um kaup og kjör, og skulu þá kjör fastra starfsmanna bæjarins fylgja þeim kjarasamningi, svo sem við á, þó er óheimilt að rýra kjör starfsmanns til samræmis við samninginn.

61. gr.

Fastir starfsmenn bæjarins og fyrirtækja hans njóta sömu réttinda um orlof og veikindadaga og opinberir starfsmenn, unz gerður er samningur sá, er um getur í 60. gr. Uppsagnarfræstur fastra starfsmanna skal vera þrjú mánuðir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Seyðisfirði staðfest 20. febrúar 1930, fundarsköp bæjarstjórnarinnar í Seyðisfjarðarkaupstað staðfest sama dag, og samþykkt um bæjarráð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 229 20. desember 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Austur Landeyjahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur Landeyjahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu, og sölu vatns í Austur Landeyjahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Austur Landeyja hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, en nefndin getur kosið eða ráðið 1 eða fleiri menn til að annast rekstur veitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um allar Austur Landeyjar, þannig að hver vatnsnotandi hafi greiðan aðgang að tengja við veituna í mest 10 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi eða öðru húsi þess í stað, frá þeirri tengingu skal hver vatnsnotandi leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Skylt er húseiganda eða landeiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið mælingu á vatnsnotkun, ef þörf þykir. Kostnaður sá, sem af því hlýzt, greiðist af vatnsnotanda. Þá getur nefndin látið loka fyrir vatnið vegna viðgerða á vatnsæðum, slíka lokun skal tilkynna fyrirfram ef tök eru á, fullan vatnsskatt ber að greiða þó slík lokun fari fram.

6. gr.

Heimilt er að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

7. gr.

Skyllt er landeiganda að leyfa umferð á landi sínu vegna vatnsveitunnar, bæði vegna lagningar og viðhalds. Hver sá, er veldur spjöllum á vatnsveitunni er skyldur að greiða fullar bætur.

8. gr.

Hreppsnefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því. Ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera við það á hans kostnað.

9. gr.

Hver bóndi, íbúðareigandi, eða annar sjálfstæður vatnsnotandi skal greiða stofngjald kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónur —, og skal greiða gjaldið að hálfu með pöntun vatnsæðar, og seinni helminginn um leið og tenging við aðalæð fer fram.

10. gr.

Vatnsskatt ber að greiða til vatnsveitu Austur Landeyjahrepps af öllum fasteignum í Austur Landeyjahreppi, af fasteignamatsverði lands 3% og af fasteignamatsverði húsa 1% á ári. Eigandi hvernar eignar ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti þessum nemur. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka vatnsskatt fyrir eitt ár í senn um allt að 50%.

11. gr.

Reiknings vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts skal vera 1. júlí og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga falla á hann dráttarvextir. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000 00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Þiðrandasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. marz 1968.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Þiðrandasonar, Ólafsfirði.

1. gr.

Stjóðurinn heitir „Minningarsjóður Sveinbjörns Þiðrandasonar“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund —, gefið og afhent af móður og systkinum Sveinbjörns Þiðrandasonar.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, áheiti og gjafir auk vaxta af höfuðstól.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka á bóka- og kennslutækjakost Gagnfræðaskólans í Ólafsfirði eða til styrktar efnalitlum nemendum frá Ólafsfirði til framhaldsnáms, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni.

6. gr.

Ekki skal veita styrki úr sjóðnum fyrr en fimm ár eru liðin frá stofnun hans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð: Skólastjóri Gagnfræðaskólans Ólafsfirði, sem jafnframt er formaður, sóknarprestur og einn maður tilnefndur af fræðsluráði.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók um fundi sína og hvaðeina, er sjóðnum er viðkomandi.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvernig úthlutunarfé skal varið hverju sinni í samræmi við 5. gr.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga í Ólafsfirði.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hve miklu er úthlutað úr sjóðnum, þó skal aldrei verja meiru en $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins hverju sinni. $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggjast við höfuðstól.

12. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

13. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 8 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkur og varnamáladeild utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kys sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir. Nú verður ágreiningur, um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr. Hlutverk fulltrúa varnamáladeildar skal jafnframt vera að ræða við varnaliðið um nauðsynlegar skipulagsbreytingar á varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar, og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðar-ákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni annars hvors sveitarfélagsins eða varnamáladeildar og fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók, og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlök eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Aðalskipulag skal gert í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 217 frá 25. okt. 1966, um gerð skipulagsáætlana.

5. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslíð til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

6. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

7. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvort sveitarfélaganna, sem aðild á að nefndinni og varnamáladeild, greiða í upphafi kr. 5000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1969. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

6. apríl 1968.

Nr. 112.

REGLUGERÐ

fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins er fyrirtæki, sem ríkisstjórnin starfrækir samkvæmt ákvæðum Orkulaga nr. 58/1967, til þess að afla raforku, flytja hana, dreifa henni og selja til héraðsrafmagnsveitna og beint til notenda á þeim svæðum, sem ráðherra raforkumála ákveður.

Rafmagnsveiturnar eru eign ríkisins, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins afla raforku með því að vinna hana í eigin orkuverum eða orkuverum, sem þær eru meðeigendur að, eða kaupa hana af öðrum raforkuframleiðendum. Þær flytja raforkuna um eigin aðalorkuveitur eða orkuveitur annarra til dreifingarsvæðanna. Þær selja raforku í heildsölu til annarra héraðsrafmagnsveitna og dreifa raforku um eigin orkuveitusvæði og selja hana þar einstökum notendum í smásölu.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa einkarétt til að dreifa og selja raforku á núverandi orkuveitusvæðum þeirra.

Ráðherra ákveður staðartakmörk hvers orkuveitusvæðis Rafmagnsveitna ríkisins.

3. gr.

Yfirstjórn og framkvæmdastjórn.

Yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins er í höndum þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Rafmagnsveitustjóri ríkisins er forstjóri rafmagnsveitnanna og hefur, í umboði ráðherra, á hendi stjórn á rekstri þeirra og framkvæmdum.

4. gr.

Svæðagreining Rafmagnsveitna ríkisins.

Orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins er skipt í rekstrarsvæði. Annast sérstakur rafveitustjóri daglegan rekstur veitukerfis eins eða fleiri þessara svæða, undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins.

Þeim þáttum, sem hagkvæmt þykir að sameina í rekstri hinna einstöku rekstrarsvæða, er stjórnað og þeir framkvæmdir frá aðalskrifstofu rafmagnsveitnanna.

5. gr.

Ráðgjafanefnd.

Ráðherra skipar rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis nefnd þriggja manna og skal einn þeirra tilnefndur af Orkuráði, en tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar þeirra sem fulltrúi strjálbýlis, en hinn þéttbýlis. Nefndarmenn skulu eiga lögheimili á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins. Þeir skulu skipaðir til 3ja ára í senn. Af þeim nefndarmönnum, sem fyrst verða skipaðir, skal þó einn ganga út eftir hlutkesti við hin fyrstu tvennu áramót.

Ráðgjafanefnd þessi skal fjalla um öll þau mál, sem rafmagnsveitustjóri leggur fyrir hana, og vera honum til ráðuneytis í hvívetna. Nefndin skal fylgjast með þjónustu og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og gera tillögur til rafmagnsveitustjóra um allt það, er hún telur horfa til bættrar þjónustu við notendur raforku, og til aukinnar hagkvæmni í rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Ætíð skal fund halda, þegar rafmagnsveitustjóri eða tveir nefndarmanna óska þess.

Rafmagnsveitur ríkisins greiða kostnað af nefnd þessari.

6. gr.

Verksvið rafmagnsveitustjóra.

Rafmagnsveitustjóri stjórnar rekstri rafmagnsveitnanna, sér um viðhald og umbætur, og allt, er að rekstri þeirra lýtur, kaup og sölu raforku, fjárhald og reikningsskil. Hann ræður starfsmenn rafmagnsveitnanna, aðra en fasta starfsmenn. Hann skipuleggur verkaskiptingu starfsmanna.

Rafmagnsveitustjóri semur árlega skýrslu um starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins og sendir ráðherra, ásamt efnahags- og rekstrarreikningi þeirra og kostnaðarreikningi yfir mannvirki í smíðum, svo og aðrar skýrslur, sem ráðherra kann að óska eftir. Hann gerir og árlega fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og sendir ráðherra, svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Hann gerir tillögur um nýjar orkuveitur og orkuveitur og orkuver og aukningu eldri virkja. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og fjáröflun til framkvæmda og um ráðstöfun á eigin fé rafmagnsveitnanna. Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, gerir rafmagnsveitustjóri, að undangenginni rannsókn, nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þeim.

Rafmagnsveitustjóri gerir tillögur um gjaldskrár fyrir rafmagnsveiturnar og sendir ráðherra til staðfestingar.

Rafmagnsveitustjóri hefur eftirlit með raflögnum notenda á orkuveitusvæðum rafmagnsveitnanna.

Rafmagnsveitustjóri gerir tillögur til ráðherra um ráðningu fastra starfsmanna rafmagnsveitnanna.

7. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa sjálfstætt reikningshald og taka sjálfir við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal bókhaldi þeirra, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að sjá megi stofnkostnað, tekjur og gjöld hvers rekstrarsvæðis fyrir sig (sbr. 4. gr.) svo og hvernig kostnaður skiptist í vinnslu, aðalorkuflutning og dreifingu raforkunnar.

Tekjur rafmagnsveitnanna af raforkusölu skal varið til að mæta rekstrarkostnaði þeirra og óhjákvæmilegri eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og fyrning eigna. Fyrningu er heimilt að ákveða með hliðsjón af endurnýjunarverði. Þá er heimilt að leggja allt að 10% af tekjunum í varasjóð.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í Orkusjóð, sbr. 63. gr. Orkulaga.

8. gr.

Löggilding rafvirkja. — Raflagnareglur.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafmagnsveitnanna. Hann setur reglur um löggildingu og er heimilt að takmarka hana við tiltekið svæði, svo og um tiltekinn tíma.

Rafmagnsveitustjóri löggildir menn samkvæmt löggildingarreglum þessum, en eigi má löggilda aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins.

Eigi má setja kröfuminni reglur um raflagnir en Rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

Heimilt er að taka gjald fyrir verk, sem rafmagnsveiturnar inna af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og önnur eftirlisstörf.

9. gr.

Gjaldskrár.

Rafmagnsveitustjóri gerir tillögur um og sendir ráðherra til staðfestingar:

- a. Gjaldskrá um sölu háspenntar raforku í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna og orkuvera og beint til notenda samkvæmt sérstökum skilmálum.
- b. Gjaldskrá um sölu lágspenntar raforku beint til notenda og um önnur gjöld.
- c. Gjaldskrá um heimtaugargjöld notenda, sem kaupa lágspennta orku. Heimilt er rafmagnsveitunum að krefja notanda, hvort heldur hann kaupir lágspennta eða háspennta orku, um greiðslu kostnaðar við lögn veitu frá kerfi rafmagnsveitnanna til notkunarstaðar.

Hver sem gerist kaupandi að raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins, er skuldbundinn til þess að hlíta ákvæðum gildandi reglugerða og gjaldskráa rafmagnsveitnanna og breytingum á þeim, sem ráðherra staðfestir.

Rafmagnsveitustjóra er heimilt að semja við eigendur annarra orkuvera um gagnkvæm viðskipti á varaafli og um samrekstur orkuvera.

B. Skilmálar um sölu raforku í heildsölu.**10. gr.*****Heildsöluskilmálar.***

Rafmagnsveitustjóri semur og sendir ráðherra til staðfestingar sérstaka skilmála um sölu raforku í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna og orkuvera, þar á meðal um heimild samkvæmt 76. gr. orkulaga nr. 58/1967 um stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila og innheimtu skuldakröfu með lögtaki.

C. Skilmálar um sölu beint til notenda.**11. gr.*****Sala raforku.***

Rafmagnsveitur ríkisins selja beint til notenda á orkuveitusvæðum sínum alls staðar, þar sem kerfi þeirra ná til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í gjaldskrá rafmagnsveitnanna á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur með 220 eða 380 volta málspennu og með 50 riðum á sekúndu.

Þegar sérstakar ástæður mæla með, er rafmagnsveitustjóra heimilt að láta í té orku með annarri spennu, annarri straumtegund og öðrum riðum.

Rafmagnsveiturnar skulu leiðbeina notendum um hagkvæm kaup og notkun raforkunnar.

12. gr.***Umsókn um heimtaug.***

Umsókn um heimtaug í hús eða á notkunarstað skal vera skrifleg. Skal í umsókninni m. a. skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

Áður en heimtaugin er lögð, skal umsækjandi hafa greitt heimtaugargjald samkvæmt gildandi ákvæðum gjaldskrár.

Heimtaugar með stofnvari og aðrir veituhlutar eru eign rafmagnsveitnanna, óháð heimtaugargjöldum og öðrum stofnkostnaðarframlögum notenda. Rafmagnsveiturnar annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða á öðrum mannvirkjum á notkunarstað, en krefja má notanda um greiðslu þess kostnaðar. Rafmagnsveitunum er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksgreiðslu fyrir notkun á heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafmagnsveiturnar þurfa til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma og/eða þátttöku í kostnaði.

13. gr.***Húsveitur.***

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða Rafmagnsveitur ríkisins, ef þær taka slíkt verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafmagnsveitnanna um allar raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum Rafmagnsveitna ríkisins um raflagnir, en rafmagnsveiturnar annast

úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum, eins og reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins segir til um á hverjum tíma.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitna ríkisins mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafmagnsveitnanna.

Sé út af þessu brugðið, varðar það sektum, þann, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, sem sá um verkið.

Rafmagnsveiturnar taka ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki kerfi þeirra ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

14. gr.

Varaafll og samrekstur.

Veitu, sem að jafnaði notar raforku annars staðar að en frá Rafmagnsveitum ríkisins, má tengja við kerfi þeirra í því skyni, að vera aðallega eða eingöngu notað til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafmagnsveitunum vegna tengingarinnar.

15. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. — Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum Rafmagnsveitna ríkisins um raflagnir.

Rafmagnsveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafmagnsveitnanna hafa frjálstan aðgang að öllum notkunarstöðum, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veiturnar.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun á húsveitu eða tækjum, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitum ríkisins, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafmagnsveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar á húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Óleyfilegt telst það ástand raflagna og tækja, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafmagnsveitna ríkisins.

16. gr.

Mælitæki.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir raforkunotkun kaupanda, svo og stað fyrir þau og um tengingu. Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, þar til að hann hefur fullnægt uppsagnarákvæðum samkvæmt 21. gr. og hefur látið af notkun veitunnar.

Rafmagnsveiturnar leggja til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé athugað eða prófað, skal hann senda skrifaða beiðni um það til rafmagnsveitnanna.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+/\div 4\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skulu rafmagnsveiturnar bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+/\div 4\%$, en rafmagnsveiturnar annars.

Hafi kwst.-mælir sýnt $+/\div 4\%$ skekkju eða meiri, skulu rafmagnsveiturnar áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda, miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa aflmarksmæli eða -rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafmagnsveitunum er skylt að leiðrétta skekkju mælisins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafmagnsveitunum ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skulu rafmagnsveiturnar áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

17. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, geta rafmagnsveiturnar krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafmagnsveitunum heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafmagnsveitunum heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

18. gr.

Greiðsla fyrir raforku.

Reikninga fyrir gjöld samkvæmt 9. gr. skal afhenda í eða senda til húsnæðis þess, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga við framvisun.

Gjöld fyrir raforku má áætla með hliðsjón af fyrri notkun, en lesið skal á mæla og raforkuviðskipti gerð upp eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Telji notandi gjald of hátt áætlað, skulu rafmagnsveiturnar framkvæma endurskoðun á því.

Rafmagnsveiturnar geta krafizt greiðslu allra gjalda samkvæmt 9. gr., þótt reikningur sé véfengdur, en rafmagnsveitunum er skylt að endurskoða reikning, ef rökstuddar kvartanir eru gerðar.

19. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Séu gjöld fyrir raforku, heimtaugargjöld eða annað, skv. 9. gr., eigi greidd innan 10 daga frá því reikningi var framvisað, geta rafmagnsveiturnar rofið straum af veitum gjaldanda, en skulu þó tilkynna um lokun, áður en til hennar kemur.

Rafmagnsveitunum er heimilt að senda skuldakröfu til innheimtu með lögtaki samkvæmt 76. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Greiðsluskylda á lokunartímabili vegna vanskila fellur ekki niður.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
2. að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkvæmt gjaldskrá;
3. að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og taka fast gjald þann tíma, sem veitan er ekki í notkun.

Enginn má framkvæma enduropnun veitu, nema þeir, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun, samkvæmt 16. gr.

20. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafmagnsveitunum, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafmagnsveiturnar bera ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á þeim tímum, sem raforkunotkun er almennt minnst, svo og endranær, þegar brýn þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafmagnsveitunum heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður rafmagnsveitustjóri á hvern hátt það skuli gert.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafmagnsveitunum, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan sólarhring, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo samfellda sólarhringa.

21. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafmagnsveitnanna, er bindandi fyrir hana að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunagjaldskrárliði, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafmagnsveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafmagnsveitnanna. Skal uppsögn tilkynnt rafmagnsveitunum skriflega.

Rafmagnsveiturnar áskilja sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um flutning notenda úr einni íbúð í aðra eða úr einum stað í annan á orkuveitusvæðinu má afhenda rafmagnsveitunum með hálfis mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutning gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hefur fullnægt uppsagnarákvæðum, samkvæmt reglugerð þessari og látið af notkun veitunnar.

Rafmagnsveiturnar geta neitað að taka uppsögn raforkunotkunar veitu til greina, ef áhvilandi skuld er eigi greidd.

22. gr.

Ágreiningur um gjaldskrá.

Verði ágreiningur milli rafmagnsveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð ráðherra raforkumála.

D. Almenn ákvæði.

23. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 50 000.00 krónum — fimmtíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafmagnsveitnanna, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

24. gr.

Málssókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

8. apríl 1968.

Nr. 113.

REGLUGERÐ**um litarmerkingu búfjár.**

Samkvæmt lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjár sjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 12 1967, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Litarmerkja skal sauðfé og önnur húsdýr eftir sauðfjársvæðum, og skal um litarmerkinguna fylgt þeim reglum, sem fyrir er mælt um í 2. og 3. gr.

2. gr.

Óheimilt er að litarmerkja búfé, svo varanlegt sé, nema með þeim sveitar- eða héraðs-lit, sem ákveðinn er í þessum reglum. Búfé á Tilraunastöðinni á Keldum og fé, sem tekið er frá vegna rannsókna eða vegna gruns um sjúkdóma, má þó merkja með rauðum lit, hvar sem er á landinu. Þann sama rauða lit má annars hvergi nota til að auðkenna búfé.

Sauðfjár sjúkdómanefnd getur fyrirskipað merkingu með lituðum, tölusettum eyrnamerkjum á öllu sauðfé á ákveðnum svæðum, ef nauðsyn krefur og líkur eru til, að það geti dregið úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Nota ber gerð merkja, sem sauðfjár sjúkdómanefnd viðurkennir (t. d. úr harðplasti).

Á eyrnamerkjum sauðfjár og hrossa ber, auk númerstölu skepnunnar, að skrá tölunúmer á bæ og hreppi auk sýslubókstafs. Lista yfir númeratölu bæja í hverjum hreppi ber að prenta í markabækur jafn skjótt og því verður við komið. Sama gildir um litakort, sem sýni löggilta merkilíti um allt land.

3. gr.

Litavali við merkingu búfjár með varanlegum litum ber að haga eftir búsetu sem hér segir:

Varnarsvæði:	Takmörk svæðanna (varnarlinur):	Litur:
1. Landnámshólf	Ölfusár- Sogslína og Hvalfjarðarlína	svartur
2. Borgarfjarðarhólf syðra	Hvalfjarðarlína og Skorradalslína	gulur
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra	Skorradalslína og Hvitárlína	hvítur
4. Mýrahólf (a. Hítarár)	Hvitárlína, Miðfjarðar- og Dala-girðingar og Hítará	rauðbrúnn
5. Hnappad.hólf (v. Hítarár)	Hítará, Dala-girðingar og Snæfellsneslína	bleikur
6. Snæfellsneshólf	Snæfellsnes utan Snæfellsneslínu	ljósblár
7. Dalahólf syðra	Dala-girðingar og Hvammsfj.lína	sítrónugulur
8. Dalahólf nyrðra	Hvammsfjarðarlína og Bitru-Gilsfjarðarlína	svartur
9. Steingrímsfjarðarhólf	Bitru-Gilsfjarðar og Steingrímsfj.- og Berufj.línur	ljósblár
10. Reykjaneshólf	Berufjarðar og Þorskafjarðarlínur	hvítur
11. Mið-Vestfjarðahólf	Steingrímsfj., Þorskafj., og Ísafj.- Kollafj.línur	gulur
12. Vestfjarðahólf	Vestfirðir vestan Ísafj.- Kollafj.línu	grænn
13. Miðfjarðarhólf	Hrútafj., Dala- og Mið.fj.-girðingar	grænn
14. Húnaflóahólf	Miðfjarðar-girðingar og Blanda	brúnn
15. Skagahólf	Blanda og Héraðsvötn	bleikur
16. Skagafjarðarhólf	Héraðsv. að sýslumörkum og Siglufj.	gulur
17. Eyjafjarðarhólf vestra	Sýslumörk og Eyjafjarðar-girðingar	dökkblár
18. Eyjafjarðarhólf eystra	Eyjafj.girðingar og Skjálfafljót	rauðbrúnn
19. Skjálfafljóthólf	Skjálfafljót og Jökulsá í Axarfirði	hvítur
20. Axarfjarðarhólf	Jökulsá í Axarfirði, Sléttu-girðing, Ormarsá og Hólsfjöll	grænn
21. Sléttuhólf	Melrakkaslétta norðan Sléttu-girð.	gulur
22. Austurlandshólf	Sléttu-girðing austan Ormarsár að Hornafjarðarfljótum	ljósblár
23. Suðursveitarhólf	Hornafjarðarfljót og Jökulsá á Breiðamerkursandi	svartur
24. Öræfahólf	Jökulsá á Breiðam.sandi og Skeiðará	hvítur
25. Siðuhólf	Skeiðará og Mýrdalssandslína	bleikur
26. Mýrdalshólf	Mýrdalssandslína og Sólheimas.lína	gulur
27. Rangárvallahólf	Rangárvallasýsla	grænn
28. Árneshólf	Þjórásár-, Ölfusar- og Sogslína	ljósblár

Grein er gerð fyrir mörkum varnarsvæða á sérstöku korti, þar sem einnig sést merkilitur hvers svæðis.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUR

um stjórn og verksvið Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

1. gr.

Rannsóknarstöðin er sérstök deild innan Skógræktar ríkisins.

2. gr.

Rannsóknarstöðin skal fyrst og fremst starfa að rannsóknum, sem hafa hagnýta þýðingu fyrir skógrækt og trjárækt á Íslandi.

Helztu verksvið eru:

1. Að afla trjátegunda og trjákvæma til landsins og rannsaka þau við mismunandi skilyrði.
2. Að rannsaka þær trjátegundir, sem til eru í landinu, svo og að annast stofnræktun úrvalstrjáa.
3. Að rannsaka ræktunaraðferðir.
4. Að rannsaka vaxtarskilyrði.
5. Að vinna að kynbótum trjáa.
6. Að kynna innlendar og erlendar niðurstöður rannsókna, sem þýðingu hafa fyrir skógrækt á Íslandi.

3. gr.

Ráðherra skógræktarmála skipar 4 menn ásamt skógræktarstjóra í stjórnarnefnd rannsóknarstöðvarinnar. Nefndin skal fylgjast með störfum stöðvarinnar, leiðbeina um verkefni og vinna að því að efla hana. Skipun stjórnarnefndar gildir 4 ár í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstöðumaður skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt og auk þess afla sér þekkingar á rannsóknarstörfum í skógrækt.

5. gr.

Forstöðumaður annast rekstur rannsóknarstöðvarinnar og gerir áætlun um verkefni:

- a. til langs tíma.
- b. fyrir hvert ár.

Áætlun fyrir komandi starfsár skal lögð fyrir stjórnarnefndina og hljóta samþykkt hennar eigi síðar en 1. apríl.

Forstöðumaður skal semja skýrslu um störf stöðvarinnar við árslok. Þar skal gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem unnið hefur verið að á árinu. Skýrslan skal lögð fyrir stjórnarnefndina og birt ásamt starfsskýrslu Skógræktar ríkisins.

6. gr.

Forstöðumaður birtir niðurstöður rannsókna þegar hann og stjórnarnefnd telja ástæðu til. Þeirri útgáfu skal hagað á þann veg, sem stjórnarnefnd ákveður.

7. gr.

Rannsóknarstöðin hefur sérstakt reikningshald. Stofnkostnaður og rekstursfé stöðvarinnar er framlag ríkissjóðs, svo sem það verður ákveðið í fjárlögum, og annað fé, er stöðinni kann að berast.

8. gr.

Forstöðumaður rannsóknarstöðvarinnar getur, með samþykki skógræktarstjóra, falið starfsmönnum Skógræktar ríkisins rannsóknarstörf, sem gerð verða í umdæmum þeirra. Skógræktarstjóri getur falið rannsóknarstöðinni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins, er samræmist verksviðum stöðvarinnar. Fyrir þessi verk komi gagnkvæmar greiðslur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 15.

19. apríl 1968.

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, eða þeir, sem hún kann að fela umsjón þessara mála, sérstakri hafnarnefnd eða hafnarverði, er hún kann að kjósa.

III. KAFLI

Viðhald og endurbætur. Hafnarsjóður.

3. gr.

Hreppsnefnd sér um viðhald og endurbætur á mannvirkjum þeim, sem gerð eru til lendingarbóta og öðrum eignum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil.

4. gr.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standa straum af kostnaði við mannvirki og tæki í þágu hafnarinnar, viðhald þeirra og frekari umbætur.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ábyrgð á skuldum sjóðsins og er hreppsnefnd, f. h. hreppsins, ábyrg fyrir eignum hans og skuldbindingum.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

IV. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hreppsnefnd sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni eða þeirra, er hún setur til gæzlu þar.

Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmanni hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hreppsnefnd, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

V. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau skip að vikja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hann vísað skipum frá bryggjunni, telji hann það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hverri röð skip komast að bryggju og hvar við hana þau leggjast.

7. gr.

Ef nauðsyn krefur, að skipum sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Einnig er fólki heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

8. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna. Farist það fyrir, má láta gera það á þeirra kostnað.

9. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggjunni eða landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar. Skal flytja vörur og muni jafnskjótt og hann krefst þess, einnig báta er á land hafa verið dregnir.

10. gr.

Heimilt er hafnarverði að takmarka eða banna aðgerð á fiski á bryggjunni. Fiskúrgang skal fjarlægja að aðgerð lokinni og bryggjan þriffin.

VI. KAFLI

Um hafnargjöld.

11. gr.

- a. Opnir bátar undir 6 rúmllestum, þar með uppskipunarbátar, greiði 100 kr. Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald 100 kr. og auk þess 5 kr. af brúttórúmllest.
- b. Innlend veiðiskip greiði 75 aura af brúttórúmllest í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 30 kr.

Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 1 kr. af hverri brúttórúmllest, nema strandferðaskip Skipaútgerðar ríkisins, sem greiði 60 auru af brúttórúmllest.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka eða fella burt gjald þetta ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Undanþegin gjaldi þessu eru varðskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, eða til að setja á land sjúka menn eða látna.

VII. KAFLI Bryggjugjöld.

12. gr.

Hvert það skip eða bátur, sem leggst að bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum sleppt.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring og skal vera:

- a. Bátar, sem um getur í a-lið 11. gr., greiði 5 kr. af brúttórúmllest á ári. Gjaldalagi 1. júlí ár hvert.
- b. Öll önnur skip og bátar greiði 0.50 kr. af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, þó ekki lægra en 50 kr. Strandferðaskip Skipaútgerðar ríkisins greiði kr. 0.30 af hverri brúttórúmllest.
- c. Öll skip, sem stunda flutninga og leggjast að bryggju, skulu greiða festargjald. Gjaldið skal vera 150 kr. fyrir hvert skipti.
- d. Íslenzkir fiskibátar greiði 20 kr. í hvert sinn er þeir leggjast að bryggju.
- e. Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur og farþega og taka gjald fyrir.

VIII. KAFLI Vatnsgjald.

13. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist það gjald, er vatnsveita Bakkagerðis ákveður hverju sinni.

IX. KAFLI

14. gr.

Gjald fyrir uppsátur báta á landi ákveður hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hverju sinni.

X. KAFLI Vörugjöld.

15. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum eða úr einu skipi í annað á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar greinir.

16. gr.

Ef vörur eru fluttar í land um stundarsakir, en eiga að fara til annarra hafna, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land. Undanþegnar gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land vegna skemmda á skipi.

17. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta, fluttar úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, fluttar með varðskipum, taki þau ekki gjald fyrir.

18. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er afgreiðslu skips eða skipstjóra þess skylt að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða.

19. gr.

Vörugjaldskrá, aðfluttar vörur.

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 pr. 100 kg:
Áburður, fóðurvörur, garðávextir, girðingarefni, kornvörur, mjólkurvörur, sykur, þakpappi, kaffi, smjörliki, ávextir, matvata, ótalin annars staðar, kol, koks, sement, bárujárn og járnþipur.
2. flokkur: Gjald kr. 3.00 pr. 100 kg:
Gasolía, benzin, brennsluolía, smurolía, ljósaolía, veiðarfæri, vélátvistur, trolltvinni, kaðall, stál og járnvirar.
3. flokkur: Gjald kr. 5.00 pr. 100 kg:
Bækur, blek, brauð, brauðvörur, garn, gúmmívörur, kitti, einangrunarefni og plötur, gólfdukar, vefnaðarvara, málningarvörur, olíufatnaður, pappírsvörur, stálbik, tjara, kít og gips.
4. flokkur: Gjald kr. 10.00 pr. 100 kg:
Blikkvörur, burstar, bökunarvörur, borðbúnaður, búsaðhöld, eldspýtur, gler og glervörur, hreinlætisvörur, leðurvörur, lyf, þrjónavara, saumavörur, efnagerðarvörur ótaldar annars staðar, smájárnvörur, leirvörur, te, tin, plastvörur og fiskumbúðir.
5. flokkur: Gjald kr. 20.00 pr. 100 kg:
Húsgögn, hljóðfæri, ekki reiknuð með rúmmáli, fatnaður, jólatré, ljósmyndavélar, klukkur, mælar, rafmagnsvörur, raflagnaefni, listmunir, skrifstofuáhöld, skófatnaður, skotfæri, sprengiefni, simar, sódi, krydd, saltþétur, verkfæri, ávaxtadrykkir og öl.
6. flokkur: Gjald kr. 30.00 pr. 100 kg:
Ilmvötn, snyrtivörur, spritt, spíritus, áfengir drykkir, tóbaksvörur, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, sýningarfilmur og viðtæki.
7. flokkur: Gjald kr. 1.00 pr. stykki:
Tómar tunnur og fót, uppsett og í stöfum, bútað í hverja tunnu.
8. flokkur: Gjald kr. 0.50 pr. teningsfet:
Timbur, sem reiknast í rúmmáli.
9. flokkur: Gjald kr. 1.00 pr. teningsfet:
Húsgögn, hljóðfæri, olíugeymar og aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir rúmmáli.

10. flokkur: Gjald kr. 5.00 pr.100 kg:
Allar vörur ótaldar annars staðar.
11. flokkur: Gjald kr. 0.75 pr. 100 kg:
Öll síld í bræðslu í Borgarfirði eða í skip í höfninni.
12. flokkur: Gjald kr. 1.00 pr. uppsöltuð tunna:
Síld og annar fiskur þannig mældur:
13. flokkur: Gjald kr. 1.00 pr. 100 kg:
Porskur og annar fiskur veginn upp úr sjó.

Útfluttar vörur.

14. flokkur: Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:
Saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi, skreið og aðrar sjávarafurðir ótaldar annars staðar.
15. flokkur: Gjald kr. 2.50 pr. tunna:
Fiskur, hrogn, garnir, kjöt, síld hvers konar í tunnum.
16. flokkur: Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:
17. flokkur: Landbúnaðarvörur ótaldar annars staðar.

Ýmislegt.

Kindur og loðdýr, pr. grip	kr. 5.00
Stórgripir, pr. grip	— 10.00
Reiðhjól, pr. stykki	— 5.00
Dráttarvélar, pr. stykki	— 100.00
Jeppar og fólksbilar, pr. stykki	— 150.00
Vörubifreiðar, pr. stykki	— 200.00
Stórvirkar vinnuvélar, pr. stykki	— 250.00
Bátar, opnir pr. stykki	— 150.00

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera 2 kr.

XI. KAFLI

Um innheimtu.

20. gr.

Hlutaðeigandi skipaafgreiðslu ber að sjá um að greidd séu hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru úr landi í skip til sendingar. Einnig ber afgreiðslan ábyrgð á hafnargjöldum á vörum þeim, er í land eru fluttar og hún afhendir móttakanda áður en hann hefur greitt hafnarsjóði þau gjöld, er greiða ber.

Ef skip eða bátur hefur farminn ekki skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjalds.

21. gr.

Öll vörugjöld falla í gjalddaga við fermingu eða affermingu varanna.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Öll gjöld, samkvæmt þessari reglugerð, má taka lögtaki.

23. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á mannvirkjum hafnarinnar, fer eftir almennum fyrirmælum.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum allt að 25 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektir renni í hafnarsjóð.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu nr. 15, 31. janúar 1947, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. apríl 1968.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 146 1. júlí 1964, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún, nr. 33 25. febrúar 1949.

1. gr.

Kaflar A og B í 4. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

A. Gjald fyrir aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður og fóðurvörur, kornvörur, garðávextir, sykur, vikursteinn og vikurplötur.
2. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Málningarvörur, eldfastur leir, járn og stálvörur, kít, sódi, þakpappi, asbest, baðlyf, sápuvörur, veiðarfæri, pappír, strigavörur, rúðugler, segldúkur, tvistur, matvara ótalin annars staðar.
3. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Gasolía, benzín, brennsluolíur, smurolía, ljósaolía.
4. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Kaffi, kakó, te, brauðvörur, jurtafeiti, smjörliki, ávextir, leirvörur, bækur, niðursuðuvörur eldspýtur, leðurvörur, togleðurvörur, lyfjavörur, vefnaðarvörur, linoleum, gólf- og veggflisar, rafmagnsvörur og efni.
5. flokkur: Gjald kr. 20.00 fyrir hver 100 kg:
Glervörur, glysvarningur, sælgætisvörur, öl, gosdrykkir, tóbaksvörur, áfengi, sportvörur.
6. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni og aðrar líkar vörur.
7. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hvert teningsfet:
Húsmunir og hljóðfæri.
8. flokkur: Gjald kr. 3.00 á hverja tunnu:
Tómar tunnur.

9. flokkur: Gjald á hvert stykki:
- | | | |
|---|-----|--------|
| Kindur og loðdýr, hvert stk. | kr. | 5.00 |
| Stórgripir, hvert stk. | — | 10.00 |
| Reiðhjól, hvert stk. | — | 5.00 |
| Reiðhjól, vélknúin, hvert stk. | — | 10.00 |
| Dráttarvélar, hvert stk. | — | 100.00 |
| Jeppar og fólksbifreiðar, hvert stk. | — | 150.00 |
| Vörubifreiðir, hvert stk. | — | 200.00 |
| Vinnuvélar, stórvirkar, hvert stk. | — | 250.00 |
| Bátar, opnir, hvert stk. | — | 150.00 |
10. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Allar vörur ótaldar annars staðar.

B. Gjald fyrir brottfluttar vörur.

1. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Fiskur í hvers konar ástandi, síldar- og fiskimjöl, lýsi, kjöt, sjávar-
afurðir ótaldar annars staðar, mör, tólg, gærur, húðir, ull, ullarvörur,
dúnn og fiður.
2. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hverja tunnu:
Síld, garnir, hrogn, kjöt í tunnum.
3. flokkur: Minnsta gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkist undir
brottfluttar vörur til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar-
vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

2. gr.

Í stað kr. 0.75 í 3. flokki 5. greinar reglugerðarinnar komi kr. 1.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

Nr. 117.

19. apríl 1968.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akraneshöfn, nr. 24 4. febrúar 1963.

1. gr.

2. málsg. 17. greinar orðist þannig:

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert er-
lent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnar-
stjóri lætur skipinu í té.

2. gr.

39. grein orðist þannig:

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

Hafnargjöld greiðast af hæstu rúmlestatölu skipsins meðan það stendur við í höfninni.

3. gr.

41. grein orðist þannig:

- a. Skip, sem heima eiga á Akranesi og minni eru en 20 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjulgjald.
- b. Flóabáturinn Reykjavík — Akranes skal greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 120.00 af hverri brúttórúmllest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini, sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip þau, sem um getur í staflíð d. þessarar greinar skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Innland fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en einu sinni í mánuði en strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiða hálf gjald.
- d. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjaldalagi lestagjalds skv. a. og b. líð þessarar greinar skal vera 1. marz ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjald-daga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu, eða lagzt að bryggju.

4. gr.

42. gr. orðist þannig:

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald skulu samtímis greiða vitagjald kr. 0.15 fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægri en kr. 50.00.

5. gr.

43. grein orðist þannig:

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjur skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 0.50 af hverri rúmlest þó aldrei minna en kr. 50.00 fyrir hvern sólarhring. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykjavík — Akranes eru undanþegnir gjaldi þessu.

6. gr.

44. grein orðist þannig:

Skip minni en 20 rúmlestir brúttó skulu greiða bryggjugjald kr. 15.00 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring.

7. gr.

45. grein orðist þannig:

Fyrir að leggja skipi í fjöru í eign hafnarsjóðs til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 1.00 af hverri brúttórúmllest skipsins, þó aldrei minna en kr. 100.00.

8. gr.

47. grein orðist þannig:

Öll skip, sem skv. 17. gr. eru skyld til þess að taka hafnsögumann skulu ætíð greiða hafnsögugjald, er þau koma til hafnarinnar, hvort sem þau taka hafnsögumann eða ekki.

9. gr.

48. grein orðist þannig:

Innlend fiskiskip, svo og herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin hafnsögugjaldinu nema þau noti hafnsögumann.

10. gr.

49. grein orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 500.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.25 fyrir hverja brúttórúmllest.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni kr. 400.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.80 fyrir hverja brúttórúmllest.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni greiðist kr. 250.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.40 fyrir brúttórúmllest.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 47. gr. greiða kr. 100.00 í hafnsögusjóð.

11. gr.

55. grein orðist þannig:

1. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hvert tonn.
Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, (loðna þó aðeins kr. 6.00), mjólk.
2. flokkur: Gjald kr. 30.00 fyrir hvern rúmmetra.
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn, kork, vikurplötur, tómir ísfiskassar.
3. flokkur: Gjald kr. 1.70 hvert stykki og kr. 17.00 hvert tonn. Síldar og gotutunnur og aðrar líkar tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar, kornvörur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey, beita, laus vikur, gips, salt, kol.
4. flokkur: Gjald kr. 30.00 fyrir hvert tonn.
Saltfiskur óverkaður, laus og pakkaður, ísfiskur, freðsild og frosinn fiskur, laus og í kössum, nýr fluttur úr landi.
5. flokkur: Gjald kr. 34.00 fyrir hvert tonn.
Blý, eldfastur leir, járnror, smíðajárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingarjárn, fisklínur, kaðall, hessian, mótórar, vélahlutir, fisk- og síldarmjöl, sement og pappírspokar.
6. flokkur: Gjald kr. 40.00 fyrir hvert tonn.
Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fiskflök ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
7. flokkur: Gjald kr. 4.70 fyrir hvert stykki:
Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smuroliuföt, gotutunnur og síldartunnur fullar, öl- og gosdrykkjakassar, fullir.
8. flokkur: Gjald kr. 54.00 fyrir hvert tonn:
Brennsluolíur og benzín (laus í geymi).
9. flokkur: Gjald kr. 8.50 fyrir hvert stykki:
Lýsisföt, smurnings- og steinolíuföt, full.

10. flokkur: Gjald kr. 40.00 fyrir hver 100 kg:
Dúnn, fiður, glysvarningur, og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
11. flokkur: Gjald kr. 100.00 fyrir hvert tonn:
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd og ekki heyra undir aðra flokka.
12. flokkur: Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg:
Tóbaksvörur, vín og vínandi.
13. flokkur: Gjald kr. 25.00 fyrir hvert stykki:
Mótorhjól, hross, nautgripir hljóðfæri, kæliskápur, þvottavélar og heyvinnuvélar.

12. gr.

70. grein orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 25 000.00, nema þyngri refsing liggja við eftir almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Djúpavogskauptún, nr. 90 26. marz 1947.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Djúpavogshöfn tekur yfir Djúpavog, Ytri- og Innri-Gleiðuvík sunnan línu, er hugsast dregin úr Svartaskeri að austan í Æðarstein að vestan.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Að loknum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Búlandshrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd og þrjá menn til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar, er hana kýs. Hafnarnefnd sér um, að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún leggur fyrir hreppsnefnd tillögur sínar um úrbætur og nýsmíði á vegum hafnarinnar, sér um viðhald og endurbætur á hafnarmannvirkjum og stjórnar framkvæmdum í því sambandi. Oddviti hreppsnefndar sér um innheimtu gjald þeirra, sem reglugerð þessi kveður á um. Hann sér og um allar fjárreiður hafnarinnar og reikningshald fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

TEKJUR LENDINGARBÓTASJÓÐS.

A. Lestagjald.

- a. Skip og þilfarsbátar, heimilisföst í Djúpavogskauptúni, greiði lestagjald einu sinni árlega, kr. 15.00 fyrir hverja brúttó rúmlest, þó aldrei lægri upphæð en kr. 300.00. Opnir bátar greiði kr. 100.00 á ári.
- b. Hvert skip, sem til hafnarinnar kemur og fermir þar eða affermir, greiði í hvert sinn kr. 0.60 fyrir hverja brúttó rúmlest. Skip, sem til hafnarinnar koma samkvæmt fastri áætlun greiði þó þetta gjald aðeins einu sinni á ári og þá í fyrsta sinn, sem þau koma á því ári.

B. Vörugjald.

1. flokkur: Gjald kr. 0.80 fyrir hver 100 kg:
Hvers konar sjávarafli, lagður á land af fiskiskipum.
2. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, ís.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Olíur og benzín í lausu máli og tunnum.
4. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Landbúnaðar- og sjávarafurðir, korn- og fóðurvörur, sykur og tilbúinn áburður.
5. flokkur: Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:
Byggingavörur, girðingaefni, útgerðarvörur, smurningsolíur í smærri umbúðum og umbúðir um landbúnaðar- og sjávarafurðir.
6. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Nýlenduvörur, niðursuðuvörur, ávextir og önnur matvara, hreinlætisvörur, búshöld, vefnaðarvörur og tilbúinn fatnaður, vélknúin tæki og hvers konar vélar, verkfæri og áhöld, ásamt varahlutum til þeirra.
7. flokkur: Gjald kr. 20.00 fyrir hver 100 kg:
Sælgæti, öl og gosdrykkir, hljóðfæri, snyrtivörur, sportvörur og allar aðrar vörur, sem greiða skal fyrir eftir þyngd og ekki eru taldar í öðrum flokkum.
8. flokkur: Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet:
Tímbur, kork og önnur einangrunarefni.
9. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Húsgögn og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmtaki.
10. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver tunna:
Saltsild, saltkjöt og garnir.
11. flokkur: Gjald kr. 1.00 hvert stykki:
Tómar tunnur.
12. flokkur: Gjald kr. 1.50 hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.

4. gr.

Síðasta málsgrein níundu greinar falli niður.

5. gr.

10. gr. orðist þannig:

A. Bryggjugjald:

Hvert það skip, sem leggst að bryggju Lendingarbótasjóðs eða að öðru skipi, sem við hana er bundið, greiði fyrir það gjald, sem hér segir:

a. Öll aðkomuskip og bátar greiði kr. 0.60 fyrir hverja nettó rúmlest, þó aldrei lægri upphæð en kr. 15.00.

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 stundir eða brot úr þeim.

b. Bátar, heimilisfastir í Djúpavogskauptúni, greiði kr. 5.00 fyrir hverja nettó rúmlest einu sinni á ári, þó aldrei lægri upphæð en kr. 100.00.

B. Vatnsgjald.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

6. gr.

15. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips, skal skips- eða farmeigandi láta ræsta bryggjur og annað það af tækjum hafnarinnar, sem notað hefur verið. Farist það fyrir skal hafnarnefnd sjá um, að ræsting fari fram á kostnað skips- eða farmeigenda.

Til sérstakrar notkunar á bryggjum, uppfyllingu, geymsluhúsum og landi hafnarinnar, svo sem til fiskaðgerðar, síldarsöltunar, geymslu sjávarafla eða annars varnings, skal leitað leyfis hafnarnefndar, enda komi greiðsla fyrir, sem um kann að semjast hverju sinni.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 94 21. ágúst 1961.

1. gr.

31. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:

Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.

2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlandar, gætur, freðsild.
 3. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni, annað en trjáviður og ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni.
 4. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Smurningsolíur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, þokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. h., kjöt, ull, mör, tólg.
 5. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningavörur, alls konar, pappírsvörur, alls konar, krossviður, smjör, smjörliki, jurtafeiti, sápa, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
 6. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
 7. flokkur: Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófataður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd og ekki annars staðar taldar.
 8. flokkur: Gjald 10.00 kr. hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskáp, baðker.
 9. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.
 10. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávar-afurðum í tunnum. Af hálf tunnum reiknast kr. 1.00.
 11. flokkur: Gjald kr. 1.00: Tómar tunnur.
 12. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Tímur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
 13. flokkur: Gjald kr. 10.00 hver gripur eða kind:
Stórgripir, sauðfé.
 14. flokkur: Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Brennsluolíur, benzín.
- Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

2. gr.

2. málsgrein 32. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Af hverju máli sildar greiðist kr. 1.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 34 14. marz 1958.

1. gr.

VI. kafli orðist þannig:

Hafnargjöld.

15. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist hafnargjald af brúttó-rúmlestatali skips, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

16. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Hrísey, eða eru gerðir út þaðan, að minnsta kosti um tveggja mánaða tíma, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 150.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja rúmlest.

Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 300.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja rúmlest.

- b. Fiskiskip greiði í hafnargjald kr. 2.00 af hverri rúmlest, en þó ekki meira en kr. 15.00 á ári af hverri rúmlest.
- c. Strandferðaskip, sem einungis eru í innanlandssiglingum, greiði í hafnargjald kr. 1.00 af hverri rúmlest, en þó ekki meira en kr. 10.00 á ári af hverri rúmlest.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, greiði í hafnargjald kr. 1.50 af hverri rúmlest. Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip og björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

2. gr.

VII. og VIII. kafli reglugerðarinnar falli niður og breytist röð eftirfarandi kafla og greina í samræmi við það.

3. gr.

21. gr. sem verður 19. gr. breytist þannig:

1. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg: Kol, koks og salt.

2. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:

Kornvara, fóðurvara í sekkjum, garðávextir, mjólk, hey, áburður og sement.

3. flokkur: Gjald kr. 4.00 á hver 100 kg:

Oliur, benzín, smuroliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessían, herpinætur, kaðlar, ull, mör, tólg, kolsýra og gærur.

4. flokkur: Gjald kr. 4.50 hver 100 kg:

Saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið, freðsild.

5. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:

Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar, byggingarefni, annað en trjáviður, ekki annars staðar talið, girðingarnet, og girðingarefni, jarðstrengir.

6. flokkur: Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-
dúkar, saumur, málningarvörur alls konar, pappírsvörur alls konar,
krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaefni og aðrar
hreinlætisvörur, járnvörur, handverkfæri, leirvörur, pottar, balar og
þess háttar.
7. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 10 kg:
Kaffi, kaffibætur, kex, aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir,
niðursuðuvörur, súkkulaði, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
8. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófataður, tóbaksvörur og allar aðrar vör-
ur, sem reiknast eftir þyngd og eru ekki annars staðar taldar, filmur,
bækur, lyf.
9. flokkur: Gjald kr. 15.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskáp, baðker.
10. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg: Ísvarinn fiskur.
11. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávar-
afurðum. Af háltunnum reiknast kr. 1.75.
12. flokkur: Tómar tunnur eftir stærð kr. 1.00, 1.50 og 2.00 hvert stykki.
13. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Timbur og allar aðrar vörur, reiknaðar eftir rúmmáli.
14. flokkur: Gjald kr. 20.00 hver stórgripur og kr. 5.00 hver kind.
15. flokkur: Gjald kr. 3.00 hvert tonn, mól og sandur.

4. gr.

22. gr. sem verður 20. gr. orðist þannig:

Af heildarafla skipa greiðast kr. 10.00 af hverri rúmlest fiskjar, slægðum með
haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af sild. Af hverri tunnu eða máli síldar
greiðast kr. 0.75. Kaupandi eða vinnsluaðili, eða hver sá er verkar aflann, inn-
heimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir greiðslu þess til hafnarsjóðs Hríseyjar, þótt
hann innheimti það ekki hjá innleggjanda.

Gjaldið er kræft um leið og afla er landað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl
1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Skútustaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og
hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1968.

Magnús Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

23. apríl 1968.

Nr. 122.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78/1967, um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Enginn, sem eignast hefur íbúð, samkvæmt 18. gr. má selja hana nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar.

Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt visitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. Ef maður hefur átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið, samkvæmt 18. gr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt 19. gr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveða áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið.

Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Nú hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins fallið frá kauprétti sínum á íbúð, samkvæmt 19. gr., og er þá kaupréttur stofnunarinnar á þeirri íbúð endanlega niður fallinn. Sama gildir ef stofnunin neytir ekki kaupréttar síns við nauðungaruppboð samkvæmt 20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnaðismálastofnun ríkisins, sbr. lög frá 8. apríl 1968 um breyting á sömu lögum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1963, um notkun pósts.

16. gr. 3. liður orðist svo:

Þegar senda á slíkar sendingar til útbýtingar, skal leita samninga við póst- og símamálastjórnina þar um. Heimilt er að veita afslátt af venjulegu burðargjaldi þó aldrei yfir 10% eftir því sem um semst. Sendingarnar eru ekki frimerktar, en burðargjaldið er greitt í reiðu fé gegn kvittun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi þegar í stað.

Póst- og símamálaráðherra, 19. apríl 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 155 1. sept. 1957,
um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.**

Staflíður a í 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Enginn, sem eignast hefur íbúð, samkvæmt þessari mgr., má selja hana, nema Húsnaðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framlengja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverð íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjald-daga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungarupphöð, skv. lögum nr. 57 25. maí 1949 um nauðungarupphöð og getur Húsnaðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á upphöðspingi, að eignin verði lögð stofn-uninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluveði

samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveða áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldar stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög frá 8. apríl 1968 um breyting á þeim lögum öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

8. maí 1968.

Nr. 125.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Hítarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hítarár. Heimili þess og varnarþing er Kolbeinsstaðahreppur og Hraunhreppur.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hítarár, en þær eru: Hítarnes, Hítarneskot, Krossholt, Flesjustaðir, Brúarhraun, Moldbrekka, Hróbjargastaðir og Vellir, afréttarland Hraunhrepps, Hítardalur, Helgastaðir og Múlasel, Svarfhóll, Staðarhraun, Melur, Brúarfoss, Lækjarbugur, Skipphylur, Litli-Kálfalækur og Akrar I, II og III.

Til vatnasvæðisins teljast, auk Hítarár, öll þau straumvötn, sem farveg eiga til hennar, svo og Hítarvatn og aðrennslisár þess.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa því í samræmi við það, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma,

og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum og fjárreiðum félagsins.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz eða apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Hofsár í Vopnafirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hofsár. Heimili þess og varnarþing er Vopnafjörður.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hofsá og Sunnudalsá, en þær eru: Syðri-Vík, Skjaldþingsstaðir, Rauðhólar, Svínabakkar, Engihlíð, Refsstaður I, II og III, Egilsstaðir, Hrappsstaðir I og II, Hofteigur, Hagi, Guðmundarstaðir, Sunnudalur, Sunnuhlíð, Síreksstaðir, Þorbrandsstaðir I og II, Einarsstaðir, Foss, Bustarfell I og II, Teigur, Hof, Deildarfell, Fell, Ásbrandsstaðir I og II, og Vatnsdalsgerði.

3. gr.

Verkefni félagsins er: Að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangveiði.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi, og til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu nema sérstök forföll hendi, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár eða lengur.

Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið sé veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í septembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga og úrskurðar stjórnin um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 frá 1957.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Hólshrepps, N-Ísafjarðarsýslu og með tilvísun til 65. gr. 1. nr. 26/1958, hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Frá og með 26. maí 1968 skulu eftirfarandi götur teljast aðalbrautir:

1. Þuríðarbraut.
2. Aðalstræti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 2. maí 1968.

Hafsteinn Hafsteinsson.

Nr. 128.

2. maí 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 2. maí 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Menntaskólans á Akureyri, og skal honum varið skólanum til eflingar.

2. gr.

Nemendur skólans skulu greiða árlegt gjald í sjóðinn eftir því sem kennarafundur ákveður hverju sinni. Gjald þetta innheimtist með öðrum skólagjöldum fyrsta vetrardag ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri lánastofnun, vel tryggðum verðbréfum eða á annan öruggan hátt.

4. gr.

Skólameistari er sjóðvörður og annast innheimtu og reikningshald, hann ákveður og einstakar fjárveitingar úr sjóðnum. Reikningar sjóðsins verði endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eins og aðrir reikningar skólans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Kennarafundur úrskurðar árlega samkvæmt tillögum skólameistara, hve miklum hluta af árstekjum sjóðsins skuli á ári hverju vera heimilt að verja samkvæmt tilgangi hans. Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til að fegra og prýða húsakynni skólans, til verðlauna handa nemendum, til að standa straum af gestamóttöku (fyrirlesara og heiðursboðsgesta), svo og til hvers, er gera má skólavistina fjölbreytilegri og meira aðlaðandi fyrir nemendur, og til þess að skólinn fái sem bezt rækt menningarhlutverk sitt.

7. gr.

Með þessari skipulagsskrá er Skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Gagnfræðaskólans á Akureyri, staðfest 14. maí 1910, úr gildi numin.

2. maí 1968.

Nr. 129.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Kjartans B. Kjartanssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra, 2. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Kjartans B. Kjartanssonar.

Kjartan Birgir Kjartansson, f. 15. 1. 1932, d. 3. 5. 1966, var aðstoðarlæknir við Kleppsspítalann, er hann lézt, og ætlaði hann sér að ljúka sérnámi í geðlækningum. Foreldrar hans, Jóna Ingvarsdóttir og Kjartan J. Jóhannsson héraðslæknir, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs um áramótin 1966—1967, og var tilkynnt um sjóðsstofnunina á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands hinn 25. apríl 1967.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans B. Kjartanssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er krónur 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund 00/100 krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til þeirra, sem leggja í framhaldsnám vegna geðverndarstarfa eða meðferðar geðsjúkra, svo sem lækna, hjúkr-unarkvenna, félagsráðgjafa, sálfræðinga og sjúkravinnukennara.

Sjóðsstjórn er heimilt að færa út og breyta starfssviði sjóðsins, ef ástæða þykir til.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Kjartan J. Jóhannsson héraðslæknir, sem er formaður, meðan hann lifir, prófessorinn í geðlækningum við Háskóla Íslands, og einn maður, er stjórn Geðverndarfélags Íslands velur. Er Kjartan Jóhannsson fellur frá, skal landlæknir skipa formann sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórn skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað, er varðar hag hans og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta endurskoðaða reikninga sjóðsins í tímariti Geðverndarfélagsins. Endurskoðendur Geðverndarfélagsins endurskoða reikninga sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera vextir af höfuðstól, gjafir og önnur tillög, sem sjóðnum kunna að berast. Skipulagsskrá sjóðsins má breyta með einróma samþykkt stjórnar hans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. apríl 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Hafstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 3. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Hafstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Hafstað.

Heimili hans og varnarþing er að Varmalandi, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu.

Sjóðurinn er stofnaður af skólasysturum Guðbjargar Hafstað í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, brautskráðum 1952.

Guðbjörg Hafstað var fædd 25. júní 1928 og lézt 3. júlí 1966.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kaupa listaverk handa Húsmæðraskólanum að Varmalandi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15 000.00 og má ekki skerða þann höfuðstól.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og aðrar gjafir. Fé sjóðsins skal ávaxtað í sparisjóðsbókum og verðbréfum með ríkisábyrgð.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar Húsmæðraskólans að Varmalandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum. Formaður stjórnar er skólastjóri Húsmæðraskólans að Varmalandi. Meðstjórnendur skulu valdir þannig, að skólasystur Guðbjargar Hafstað skiptast á að sitja í stjórninni eitt ár í senn eftir stafrófsröð, meðan þeirra nýtur við, en að því loknu skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem jafnframt hefur heimild til að skipa stjórnarmann í sinn stað. Hinn meðstjórandinn skal vera úr hópi systkina Guðbjargar Hafstað, valinn á sama hátt, og síðar úr hópi barna hennar, sem skiptast á að sitja í stjórninni, jafnóðum og þau verða fjárráða. Að því loknu skal formaður skólanefndar Húsmæðraskólans að Varmalandi skipa þetta sæti.

5. gr.

Stjórnin heldur fund a. m. k. einu sinni á ári og ákveður þá, hvaða listaverk skuli keypt, ef fé er fyrir hendi. Hafa skal, ef unnt er, samráð við sérfróðan mann um val listaverks og leita tillagna hans, áður en ákvörðun er tekin.

6. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Í verksmiðjum má ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess framkvæmt nitritákvæðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun, töku sýnishorna og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni, sem unnið skal innan 5 daga frá löndun, er óheimilt að rotverja. Á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert skal þó heimilt að rotverja hráefni, sem geymt skal lengur en þrjá daga frá löndun.

4. gr.

Natrium nitrit (hreint efni eða upplausn) má aldrei nota eitt sér til rotvarnar, heldur skal aðeins heimilt að nota blöndu, sem inniheldur 12.5 kg nitrit og 25 kg formalin í 100 lítra vatnsupplausn. Formalin eitt sér eða blandað vatni skal heimilt að nota til rotvarnar. Um heppilega skammta af ofanskráðri nitritblöndu gefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins út ráðleggingar a. m. k. árlega.

5. gr.

Hráefni (síld, loðna og annar bræðslufiskur) má aldrei innihalda meira en 0.15% nitrit, þegar það er unnið. Skylt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um að aldrei sé hafin vinnsla úr geymsluhólfi (þró, tanki o. s. frv.) fyrr en sýnishorn, tekið samkvæmt reglum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, reynist innihalda minna en 0.15% nitrit.

Bannað er að blanda saman rotvörðu og órotvörðu hráefni, nema nitritinnihald þess rotvarða sé einnig minna en 0.15%.

Ákvarða skal nitrit minnst tvisvar í viku í hverju nitritrotvöru geymsluhólfi, og skulu niðurstöður bókfærðar.

Nitritákvæðanir í soði skulu gerðar minnst einu sinni á sólarhring og skulu niðurstöður bókfærðar.

6. gr.

Í nýframleiddu mjöli má aldrei vera meira en 0.2% natriumnitrit.

Ef efnagreining leiðir í ljós, að ákveðið mjölmagn innihaldi meira en 0.2% natriumnitrit á framleiðsludegi, ber vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) tafarlaust að tilkynna það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins símleiðis.

Mjöl, sem inniheldur meira en 0.2% natriumnitrit verður að aðgreina og auðkenna sérstaklega í mjölmúsum og er bannað að ráðstafa því, nema með leyfi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins. Skal gera ráðstafanir til að fjarlægja nitritefni úr þessu mjöli, samkvæmt fyrirætlunum, sem Rannsóknastofnunin gefur út.

7. gr.

Í öllum verksmiðjum, sem nota rotvarnarefni, er skylt að halda dagbækur eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimill aðgangur að dagbókunum, og skoðun þeirra og getur krafizt að fá endurrit úr þeim hvenær sem er.

8. gr.

Í verksmiðjum, sem hafa óuppleyst natriumnitrit í vörzlum sínum, ber að geyma það í sérstökum læstum geymslum. Ef því verður við komið, skulu geymslur þessar vera eldtraustar.

Ekki mega óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

9. gr.

Notkun nitritefna um borð í veiðiskipum er óheimil.

10. gr.

Í flutningaskipi má ekki nota nitritefni við geymslu á bræðslusild, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

11. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna um borð í flutningaskipi verður því aðeins veitt, að það hafi umráð yfir nauðsynlegum tækjum, sem nota þarf við skömmtun rotvarnarefnanna, og að skipið flytji einungis bræðslufisk á þeirri vertíð, er það notar nitritefni.

12. gr.

Í flutningaskipi, er notar ofangreint rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur, og skal afhenda verksmiðju þeirri, er tekur við farminum, afrit af dagbókinni, þar sem gerð er grein fyrir rotvörn farmsins.

13. gr.

Því aðeins er heimilt að landa nitritvörðum fiski til verksmiðju, að hún hafi leyfi til notkunar nitritefna.

14. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

15. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins getur breytt ákvæðunum um leyfilega nitritblöndu (sjá grein 4) eða bannað notkun nema ákveðinna skammta af þeim ef henni þykir við þurfa, og séu verksmiðjunum tilkynntar breytingar.

16. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirætlum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirætlum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sviptingu leyfis til notkunar nitrits til rotvarnar og sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 161 4. júlí 1966 og nr. 97 6. júní 1967, um notkun rotvarnarefna til geymslu á sild, loðnu og öðrum bræðslufiski.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 8. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

15. maí 1968.

Nr. 132.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði.**

Fasteignaskatt í Lýtingsstaðahreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

16. maí 1968.

Nr. 133.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 1967.

Efnahagsreikningur 31. des. 1967.

Eignir :

1. Innstæða hjá Búnaðarbanka:		
a. Ráðstafað	kr. 4 000 000.00	
b. Óráðstafað	— 1 076 529.00	
		kr. 5 076 529.00
2. Skuldabréf fyrir lánnum		— 4 400 000.00
		Kr. 9 476 529.00

Skuldir :

1. Skuldlaus eign	kr. 9 476 529.00
	Kr. 9 476 529.00

Rekstrarreikningur 1967.

Tekjur :

1. Lántökugjald	kr. 44 000.00
2. Vextir	— 401 529.00
3. Framlag rikissjóðs	— 10 000 000.00
	Kr. 10 445 529.00

Gjöld :

1. Styrkir	kr. 850 000.00
2. Þóknun til Búnaðarbanka Íslands	— 44 000.00
3. Annar kostnaður	— 75 000.00
4. Yfirfært til næsta árs	— 9 476 529.00
	Kr. 10 445 529.00

Nr. 135.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands.

Rekstrarreikningur.

Tekjur :

1. Bjargráðasjóðsgjöld:		
a. Frá rikissjóði	kr. 1 970 000.00	
b. Frá sveitarsjóðum	— 1 872 940.00	
		kr. 3 842 940.00
2. Vaxtatekjur:		
a. Séreignasjóðs	kr. 883 434.52	
b. Sameignarsjóðs	— 701 892.20	
		— 1 585 326.72
3. Lántökugjöld		— 171 610.00
4. Húsaleigugjöld		— 268 500.00
		Kr. 5 868 376.72

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur	kr.	666 070.72
2. Eftirgefin lán:		
a. 20% eftirgjafir ópl. 1955	kr.	13 700.00
b. Eftirgefin A-lán	—	61 500.00
		<hr/>
		75 200.00
3. Eftirgefnir vextir af ópl. 1955	—	12 300.00
4. Styrkir:		
a. Heyflutningastyrkir	kr.	1 415 613.25
b. Aðrir styrkir	—	115 000.00
		<hr/>
		1 530 613.25
5. Viðhald fasteignar	—	90 383.14
6. Afskriftarreikningur	—	22 784.52
7. Tekjuafgangur:		
a. Séreignasjóðs	kr.	1 819 904.52
b. Sameignarsjóðs	—	1 651 120.57
		<hr/>
		3 471 025.09
		<hr/>
	Kr.	5 868 376.72

Efnahagsreikningur.

Eignir:

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:		
a. Innstæða frá fyrra ári	kr.	11 114 460.67
b. Viðbót á árinu	—	1 819 904.52
		<hr/>
		Kr. 12 934 365.19
b. ÷ Bráðab. lán sameignarsjóðs	—	4 000 000.00
		<hr/>
	kr.	8 934 365.19
2. Sameignarsjóður:		
a. Sjóðseign	kr.	2 900.64
b. Hlaupareikningsinnstæða	—	736 626.02
c. Sparisjóðsinnstæður	—	423 655.55
d. Skuldabréfaeign	—	27 895 292.71
e. Ógreiddir vextir í árslok	—	250 814.00
f. Innbú og lausafé	—	214 810.71
g. Fasteignareikningur	—	157 778.85
h. Útistandandi húsaleiga	—	75 905.24
i. Sjóðsmismunur	—	3 046.00
		<hr/>
		29 760 839.72
		<hr/>
	Kr.	38 695 204.91

Skuldir:

1. Lán Jarðeignasjóðs	kr.	6 000 000.00
2. Geymslufjárreikningur	—	6 333.34
3. Stimpilgjöld	—	708.00
4. Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr.	29 217 138.48
5. Tekjuafgangur	—	3 471 025.09
		<hr/>
		32 688 163.57
		<hr/>
	Kr.	38 695 204.91

Eignabreytingar sameignarsjóðs.**Innborganir :**

1. Tekjuafgangur		kr. 1 651 120.57
2. Afborganir af lánum:		
a. Vaxtalánnum	kr. 1 980 555.66	
b. Óþurrkalánnum	— 257 962.50	
c. A-lánnum	— 1 120 427.32	
		— 3 358 945.48
3. Skerðing eigna:		
a. Sparisjóðsinnstæður	kr. 2 669 209.89	
b. Útistandandi vextir	— 139 761.00	
c. Eftirgjöf lána	— 75 200.00	
d. Afskrift innbús	— 22 784.52	
		— 2 906 955.41
4. Aukning skulda:		
a. Lántökur	kr. 10 000 000.00	
b. Ógreitt stimpilgjöld	— 708.00	
		— 10 000 708.00

Kr. 17 917 729.46

Útborganir :

1. Lánveitingar		kr. 17 161 000.00
2. Aukning eigna:		
a. Sjóðs	kr. 580.37	
b. Hlaupareikningsinnstæðu	— 670 493.85	
c. Innbús	— 9 750.00	
d. Útistandandi húsaleigu	— 75 905.24	
		— 756 729.46

Kr. 17 917 729.46

Reykjavík, í janúar 1968.

Magnús E. Guðjónsson.

Nr. 136.

SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.**Rekstursreikningur árið 1967.****Gjöld :**

Reksturskostnaður	kr. 18 580 057.02
Vextir	— 33 038 280.82
Fyrningar	— 759 946.72
Lagt í varasjóð	— 150 268.67

Kr. 52 528 553.23

Tekjur :

Vextir	kr. 46 307 904.47
Aðrar tekjur	— 6 220 648.76

Kr. 52 528 553.23

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1967.

Eignir :

Skuldabréf fyrir lánunum	kr. 71 691 893.89
Verðbréf	— 34 697 328.18
Víxlar	— 154 736 697.66
Lán í hlaupareikningi	— 156 135 205.86
Bundin innstæða í Seðlabanka	— 87 146 000.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	— 24 856 283.00
Húsbúnaður og innréttingar	— 9 188 600.00
Ógreiddar tekjur	— 8 619 236.18
Ýmsir skuldunautar	— 11 321 814.37
Aðrar eignir	— 10 217 506.87
Sjóður	— 9 746 630.44

 Kr. 578 357 196.45

Skuldir :

Hlutafé	kr. 10 201 000.00
÷ Þar af ógreitt	— 1 194 500.00
	<hr/>
	— 9 006 500.00
Varasjóður	— 4 373 954.74
Innstæður í sparisjóði	— 435 072 353.08
Innstæður í hlaupareikningi	— 30 768 025.48
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	— 24 856 283.00
Fyrirframsgreiddir vextir	— 2 756 292.04
Aðrar skuldir	— 71 523 788.11

 Kr. 578 357 196.45

Reykjavík, 10. jan. 1968.

Einar Ágústsson.

Einar S. Einarsson.

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1967 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1967 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 31. marz 1968.

Ólafur Jóhannesson.

Halldór E. Sigurðsson.

Ásgeir G. Jóhannesson.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 2. apríl 1968.

Erlendur Einarsson.

Vilhjálmur Jónsson.

Hjörtur Hjartar.

VÍSINDASJÓÐUR

Rekstrarreikningur fyrir árið 1967.

Gjöld :

Greitt Raunvísindadeild	kr. 2 975 000.00	
— Hugvísindadeild	— 1 275 000.00	
		kr. 4 250 000.00
Kaup ritara Raunvísindadeildar	—	45 000.00
— — Hugvísindadeildar	—	30 000.00
Ýmiss kostnaður	—	2 175.00
Hreinar tekjur	—	353 490.00

Kr. 4 680 665.00

Tekjur :

Framlag úr Menningarsjóði	kr. 800 000.00	
— — rikissjóði	— 350 000.00	
— — Arðsjóði Seðlabanka Íslands	— 3 632 765.00	
		Kr. 4 782 765.00
÷ Framlag til stofndeildar vísindasjóðs	— 239 138.00	
		kr. 4 543 627.00
Vextir	—	137 038.00
		Kr. 4 680 665.00

Efnahagsreikningur 31. des. 1967.

Eignir :

Innstæða á hlr. 4015 við Seðlabanka Íslands	kr. 481 063.04	
Menningarsjóður, ógreitt framlag	kr. 300 000.00	
÷ Hluti stofndeildar	— 15 000.00	
		— 285 000.00
		Kr. 766 063.04

Skuldir :

Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1967	kr. 412 573.04	
Tekjur skv. rekstrarreikningi	— 353 490.00	
		kr. 766 063.04
		Kr. 766 063.04

Reykjavík, 19. janúar 1968.

Snorri Hallgrímsson.

Þorbjörn Sigurgeirsson.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf dags. 7. febr. 1968.

Ól. Bjarnason.

Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs fyrir árið 1967.

Gjöld :

Hreinar tekjur	kr.	353 387.50
	<u>Kr.</u>	<u>353 387.50</u>

Tekjur :

Framlag úr Vísindasjóði	kr.	239 138.00
Vextir	—	114 249.50
	<u>Kr.</u>	<u>353 387.50</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1967.

Eignir :

Innstæða á hlr. 3103 við Seðlabanka Íslands	kr.	648 390.82
Menningarsjóður, ógreitt framlag	—	15 000.00
Verðtryggð spariskirteini	kr.	1 127 000.00
Áfallnir vextir	—	19 722.50
	<u>—</u>	<u>1 146 722.50</u>
	<u>Kr.</u>	<u>1 810 113.32</u>

Skuldir :

Höfuðstóll:

Vaxtahöfuðst. 1. jan. 1967 ..	kr.	323 671.82
Vextir skv. rekstrarr.	—	114 249.50
	<u>kr.</u>	<u>437 921.32</u>
Bundinn höfuðst. 1. jan. 1967	—	1 133 054.00
Framl. skv. rekstrarr.	—	239 138.00
	<u>—</u>	<u>1 372 192.00</u>
	<u>kr.</u>	<u>1 810 113.32</u>
	<u>Kr.</u>	<u>1 810 113.32</u>

Reykjavík, 19. janúar 1968.

Snorri Hallgrímsson.

Þorbjörn Sigurgeirsson.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf dags. 7. febr. 1968.

Ól. Bjarnason.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs fatlaðra 1967.**

Rekstrarreikningur 1. jan. til 31. des. 1967.

Tekjur :

Gjald af súkkulaði	kr. 1 823 038.03	
Vaxtatekjur	— 66 452.00	
		<hr/>
		Kr. 1 889 490.03

Kr. 1 889 490.03

Gjöld :

Styrkir	kr. 1 826 929.10	
Tekjur umfram gjöld	— 62 560.93	
		<hr/>
		Kr. 1 889 490.03

Kr. 1 889 490.03

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.

Eignir :

Innstæða í sparisjóðsbók	kr. 515 604.22	
		<hr/>
		Kr. 515 604.22

Kr. 515 604.22

Skuldir :

Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr. 453 043.29	
Tekjur umfram gjöld	— 62 560.93	
		<hr/>
		Kr. 515 604.22

Kr. 515 604.22

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.

Nr. 139.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs blindra 1967.**

Rekstrarreikningur 1. jan. til 31. des. 1967.

Tekjur :

Gjald af súkkulaði	kr. 607 679.35	
Vaxtatekjur	— 75 720.00	
		<hr/>
		Kr. 683 399.35

Kr. 683 399.35

Gjöld :

Tekjur umfram gjöld	kr. 683 399.35	
		<hr/>
		Kr. 683 399.35

Kr. 683 399.35

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.

Eignir:

Innstæða í sparisjóðsbók	kr. 1 714 453.15
--------------------------------	------------------

 Kr. 1 714 453.15

Skuldir:

Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr. 1 031 053.80
Eignaaukning	— 683 399.35

 kr. 1 714 453.15

 Kr. 1 714 453.15

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.

Nr. 140.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs vangefinna 1967.

Rekstrarreikningur 1. jan. til 31. des. 1967.

Tekjur:

Flöskugjald	kr. 16 866 294.52
Vaxtatekjur	— 408 438.00

 kr. 17 274 732.52

 Kr. 17 274 732.52

Gjöld:

Styrkir: Til Kópavogshælis	kr. 5 500 000.00
— Akureyrarhælis	— 6 000 000.00
— Skálatúnsheimilisins	— 3 120 000.00
— Sólheimahælis	— 800 000.00

 kr. 15 420 000.00

Kostnaður	— 10 900.00
Tekjur umfram gjöld	— 1 843 832.52

 Kr. 17 274 732.52

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.

Eignir:

Innstæða í Útvegsbanka Íslands hf.	kr. 8 328 320.75
---	------------------

 Kr. 8 328 320.75

Skuldir:

Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr. 6 484 488.23
Tekjur umfram gjöld	— 1 843 832.52

 kr. 8 328 320.75

 Kr. 8 328 320.75

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X
og Alexandrine drottningar til styrktar fátækum
sjómannsekkjum í Reykjavík, árið 1967.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 67 279.62
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 706	— 6 391.56
	<hr/>
	Kr. 73 671.18

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 73 671.18
	<hr/>
	Kr. 73 671.18

Félagsmálaráðuneytið, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Steinunnar Sighvatsdóttur
og Magnúsar Ólafssonar, árið 1967.

Tekjur :

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr. 17 587.95
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 487	— 1 718.90
	<hr/>
	Kr. 19 306.85

Gjöld :

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr. 19 306.85
	<hr/>
	Kr. 19 306.85

Félagsmálaráðuneytið, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Willards Fiskers til Grímseyinga, árið 1967.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:

a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 53 455.93	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 11 533.44	
		kr. 64 989.37

Vextir:

Ef vart verður fúaskemmda í skipi, skal það tilkynnt Samábyrgðinni. Matsmenn Samábyrgðarinnar skulu ákveða í samráði við Skipaskoðun ríkisins, hvernig fúaskoðun fer fram, og skal fara eftir fyrirmælum matsmannanna um frárif vegna skoðunarinnar og undir þeirra umsjón. Viðarsýnishorn, sem send eru sérfræðingi til sveppagreiningar, skulu tryggilega merkt og innsigliuð á staðnum, svo eigi verði um villzt, hvar þau eru tekin.

14. gr.

Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunarinnar að jöfnu milli eiganda og Samábyrgðarinnar. Enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

15. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmdir varð vart, og váttryggjandi hafi átt þess kost að láta skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst. Tjónmati má skjóta til yfirmats, sem framkvæmt er af þremur dómkvöddum mönnum.

Tjón skal talið tilheyrja því váttryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúatjón.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma um tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð á skipi sínu, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Þegar gert er við skip vegna bráðafúatjóns, ber eigandi $\frac{1}{5}$ kostnaðarins, og auk þess sjálfsábyrgð kr. 300.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi hærri tölu en 80 rúmlestir. Grunntalan 300 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á vátryggingarverði nýrra skipa.

Hámarksbætur vegna bráðafúatjóns er vátryggingarfjárhæð skips. Hámarksbætur greiðast, ef viðgerðarmat bráðafúatjóns að frádregnum $\frac{1}{5}$ kostnaðar er jafnhátt eða hærri en vátryggingarverðið, enda sé gert við skipið.

Sé skip gert ónýtt vegna bráðafúatjóns, skulu bætur aldrei vera hærri en 80% af vátryggingarverðinu.

Tjónviðgerðarkostnaður greiðist eins reglulega og vátryggjanda er unnt vegna innheimtu iðgjalda.

Vátryggjandi tekur engan þátt í eldsneytis- eða mannhaldskostnaði skipsins, meðan viðgerð stendur yfir.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um að skipið skuli rifið, án þess að viðgerðarmatið að frádregnum $\frac{1}{5}$ kostnaðar fari fram úr vátryggingarverði skipsins, skal tjónið hætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins, sem eftir verður að frádregnum $\frac{1}{5}$ kostnaðar.

Ef skip er gert ónýtt vegna bráðafúá, á vátryggði leifar skipsins, og tekur hann við leifunum og ber allan kostnað þeirra vegna frá þeim degi að úrskurður vátryggjanda um tjónið liggur fyrir. Þegar þannig stendur á greiðir vátryggjandi aðeins kostnað við nauðsynlegt fraríf vegna fúaskoðunar og stöðu skipsins í slipp þann tíma, er fúarannsókn vátryggjanda fór fram.

16. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöld falla í gjalldaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

Heimilt er vátryggjanda að innheimta vexti af ógreiddum iðgjöldum, og skulu þeir vera 1% p. a. lægri en vixilvextir Landsbankans.

17. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 28. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 88 9. nóvember 1921 og reglugerð nr. 128 15. september 1958.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

Skip merkir í reglugerð þessari öll fljóttandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem sett eru í 2. gr.

2. gr.

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari allt að 100 rúmlestum brúttó að stærð, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vát tryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt reglugerð þessari innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í og með þeim skilmálum sem reglugerðin ákveður.

Neiti einhver skipseigandi að vát tryggja skip, sem tryggingarskyld er samkvæmt reglugerð þessari, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og váttryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 33. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vát tryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Eigi er skylt að vát tryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffæris-skírteini samfleytt um tveggja ára skeið. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirrar áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar- slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en heimild er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein.

6. gr.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessarar reglugerðar. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í

Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. Einnig skal það háð ákvæðum 24. gr. um aðstoð.

7. gr.

Eftirtalin bátaábyrgðarfélög starfa skv. reglugerð þessari, og eru takmörk þeirra sem hér segir:

1. Vélbátatrygging Reykjaness.
Félagssvæði: Frá Krisuvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttá.
Félagssvæði Frá Keilisnesi í Hvalfjarðarbotn.
3. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
Félagssvæði: Frá Hvalfjarðarbotni að Búðum (Búðir ekki með).
4. Bátatrygging Breiðafjarðar.
Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
5. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga.
Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
6. Vélbátatrygging Eyjafjarðar.
Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
7. Skipatrygging Austfjarða.
Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.
8. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla.
Félagssvæði: Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

Allir eigendur váttryggingarskyldra fiskiskipa á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að váttryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—25000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrri félags fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett á öðru félagssvæði og skoðað af matsmönnum viðkomandi félags.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hinum váttryggðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld. sker ráðherra úr.

9. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skulu þeir ganga úr stjórninni til skiptis, tveir annað árið en þrír hitt árið.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kys sér formann og varaformann.

Stjórnarfundur skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær, ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka laga nr. 4/1967, 28. apríl, og þessarar reglugerðar. Hún úrskurðar skaðabótageiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæð nemur 20 000 kr. eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

10. gr.

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þeir ganga úr til skiptis. Á sama hátt skulu kosnir tveir endurskoðendur til vara til sama tíma. Aðalfundur ákveður þóknun endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

11. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnimánaðar ár hvert og aukafundur, þegar stjórnin telur þess þörf eða $\frac{1}{5}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafundur skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 500.000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er, boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er mætt á þeim fundi.

Senda skal ráðuneytinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert. Skulu reikningarnir vera í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

12. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtadar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

13. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrir mælum reglugerðarinnar. Þeir skulu, áður en skipið er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Bátaábyrgðarfélag, váttryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í váttryggingu.

Samábyrgðin gefur út leiðbeiningar fyrir matsmenn, leiðbeiningar um mat skipa, en leita skal samþykkis ráðuneytisins á þeim.

Váttryggingarverð skips skal vera hið sama og matsverð þess.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, sem váttryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin eftir að viðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir viðgerðina.

Ef skip er statt utan váttryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið statt erlendis, ber að tilkynna félaginu eða Samábyrgðinni tjónið simleiðis, og ákveður félagið eða Samábyrgðin skoðunarmenn.

Fari viðgerð á skipi fram í viðgerðarstöð, sem skoðunar- og matsmaður starfar við, skal annar matsmaður fenginn til að framkvæma viðgerðarmat, ef því verður við komið.

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur, aðrar en bætur fyrir alskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 300.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi hærrí tölu en 80 rúmlestir. Grunntalan 300 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á váttryggingarverði nýrra skipa.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum utan hafnar vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir félagið kostnað af því að frádrægunum 25%. Þó skal stjórn Samábyrgðarinnar hafa heimild til að úrskurða lægri frádrátt, ef sannað þykir, að um sérstakt neyðartilfelli hafi verið að ræða. Frádráttur skal þó aldrei vera minni en segir í fyrri málsgrein þessarar greinar.

15. gr.

Félagið greiðir tjón á skipi af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns, með þeim takmörkunum, er ákveðnar eru í reglugerð þessari.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunní að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu, sbr. þó 26. gr.

Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bætir félagið aðeins þegar svo stendur á, að skip verður fyrir slíkum tjónum vegna þess að það veitti aðstoð skipum, sem tryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.

Greiðsla aflatjóns skal ákveðin þannig, að félagið eða Samábyrgðin leita upplýsinga hjá ábyrgum aðila um afla svipaðra skipa á sömu slóðum og skipið, sem í hlut á, var að veiðum, og greiðir félagið meðalflaverðmæti að frádregnum 35%.

Skipaeigendur annast sjálfir viðgerð skipa sinna, nema váttryggjandi ákveði annað.

Ef viðgerð hefur ekki farið fram innan árs frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema váttryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur eða samkomulag hafi orðið við félagið um frestun á viðgerðinni, og skal þó félagið ekki greiða mismun, er kann að hafa orðið á viðgerðarkostnaði vegna verðhækkana frá því að tjónið skeði.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið, þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Váttryggður getur krafizt yfirmats á tjónmati, og skal það framkvæmt af þremur dómkvóddum mönnum.

Nú óskar váttryggður að fá tjónbætur greiddar án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bætur eftir atvikum, en aldrei mega þær vera hærri en 90% af matsupphæð tjónsins að frádreginni sjálfábyrgð skv. 14. gr.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.
4. Að sjór komist í skipið á rúmsjó.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og útbúnaði í herbergjum skipverjanna, sem innifalið er í váttryggingarvirðingargjörð skipsins, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi, eða rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Váttryggður hefur rétt til bóta fyrir algeran skiptapa þegar:

1. Skipið tynist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. að viðgerð og björgun fer fram úr váttryggingarverði þess. Greiði félagið bætur fyrir algeran skiptapa, ber því andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar skipsins. Váttryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar, og váttryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfa dráttur verði á, og á þá váttryggð-

ur því aðeins rétt til bóta fyrir algeran skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði. Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan þja mánaða frá því það var yfirgefið, og á váttryggði þá kröfu til bóta sem um algeran skiptapa væri að ræða. Ef öruggar sannanir liggja fyrir um, að skip hafi farizt, á váttryggði rétt á vöxtum af bótafjárhæðinni, er séu 1% lægri en víxilvextir Landsbankans, eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta váttryggingar- atburðinn og ákveða upphæð bótanna.

20. gr.

Bætur, sem váttryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri, þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut, enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem váttryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru bátaábyrgðarfélögum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York- Antwerpen ákvæðunum frá 1950.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess að skip var ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað eða lestað, þegar það lagði síðast úr höfn.
2. Tjón, sem verður vegna þess að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema váttryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund váttryggða liggur mannaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskyld, að váttryggjandi hafi samþykkt notk- ina
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smiðagalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem váttryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfirvinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir váttryggjendur.

Kostnað vegna aflahlutar, mannahalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur, greiðir váttryggjandi ekki.

Kostnað við gæzlu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Brak, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað váttryggjanda, er eign váttryggjanda.

24. gr.

Öll skip, sem tryggð eru af bátaábyrgðarfélögunum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en váttryggingarfjárhæð skipsins, er hjálpina þáði.

Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1936 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja sjóferð. Hafi félagsstjórnin krafizt þess, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða af vitaverðu hirðuleysi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt váttryggðum annars hefði borið fullar bætur.

Hafi váttryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann orðið valdur að tjóni af ásettu ráði eða af hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn þinglesnu veði í skipinu, enda skerða ákvæði reglugerðarinnar um niðurfall skaðabótaskyldu bátaábyrgðarfélags að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt þinglesinna veðhafa til innheimtu váttryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum er greinir í 22. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerð lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þó gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna.

Viðgerðarreikninga, sem ekki eru komnir í hendur félagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, getur félagið neitað að taka til greina,

nema sannað sé fyrir því, að gildar ástæður séu að þess dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjóttjóns, ef þær eru ekki komnar félaginu í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

28. gr.

Þegar váttryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt reglugerð þessari, skal eigandi skipsins eða skipstjóri þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félags og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur félögunum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan mánaðar frá því að það vildi til, getur félagið neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir því, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skyld er bæði skipstjóra og útgerðarmanni að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem félagið kann að gera í því skyni.

Á váttryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjón og hve miklu það hefur numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum váttryggðu skipum verða að fullnægja þeim, reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipið verður einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar vegna ógætni eða vanrækslu hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt reglugerð þessari. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrir-mælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón á skipum hans, er verða undir stjórn viðkomandi skipstjóra.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna. Iðgjaldið fellur í gjalddaga við upphaf váttryggingartímabilsins.

Heimilt er félögunum að innheimta vexti af ógreiddum iðgjöldum, og skulu þeir vera 1% lægri en víxilvextir Landsbankans.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnarlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á váttryggingarárinu fara fram úr helmingi ársiðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það váttryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjalds. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnarlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli váttryggingarféлага eða hættir að vera váttryggingarskyld. Þó skal alltaf greiða hafnarlegu- og brunatryggingariðgjald af skipi meðan það er í hafnarlegu eða landsátri. Það iðgjald skal ákveðið af ráðuneytinu að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna.

Endurgreiðslu skal reikna hlutfallslega af ársiðgjaldi.

32. gr.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á váttryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af váttryggingum skipa og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta rennur í sjóð félaganna.

Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

33. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og váttryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af váttryggingariðgjöldum skipa.

34. gr.

Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt váttryggingariðgjöld og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin, og er þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

35. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurbyggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. þessarar reglugerðar, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal ákveða, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

36. gr.

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins. Þegar váttryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafa þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

37. gr.

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt reglugerð þessari, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Váttryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélögin gefa út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

38. gr.

Venjur og reglur bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í reglugerð þessari.

39. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 28. apríl 1967, og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 1968.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 167.

20. maí 1968.

REGLUGERÐ**um póst- og símaskóla.****1. gr.**

Stofnaður skal sérstakur skóli, póst- og símaskóli, til að sjá um menntun starfsmanna pósts og síma með tilliti til þarfa stofnunarinnar um sérhæft starfsfólk.

Námið er verklegt og bóklegt. Þegar verklegi hluti námsins fer fram á vinnustað, er skólanum ætlað að hafa yfirumsjón með því og tilheyrandi prófi. Þegar henta þykir, má bóklega námið að meira eða minna leyti fara fram í bréfaskólaformi.

2. gr.

Skólanum stjórnar 5 manna nefnd sérfróðra manna, hvers á sínu sviði, og skal hún skipuð af póst- og símamálastjóra til 3 ára í senn.

Póst- og símamálastjóri ræður skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjórinn sér um undirbúning og rekstur skólans, kennslu og framkvæmd prófa í samræmi við fyrirmæli skólanefndar.

Skólanefndin ræður kennara og prófdómara, velur kennslubækur og prófverkefni í samráði við skólastjóra og hlutaðeigandi kennara.

3. gr.

Póst- og símamálastjóri setur nánari reglur um námið í hverjum ofanefndra flokka, að fengnum tillögum skólanefndar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 8/1935, öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherra, 20. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og Skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Sauðárkrókskaupstað.
2. Hvalfjarðarstrandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu.
3. Grindavíkurbhrepp í Gullbringusýslu.
4. Eyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Byggingasamþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

30. maí 1968.

Nr. 169.

SAMÞYKKT

um hagnýtingu bithaga, hagagjald og girðingargjald á Stokkseyrartorfunni.

I. KAFLI

Um girðingargjald.

1. gr.

Stokkseyrarhreppur annast uppsetningu og viðhald á girðingu um beitiland Stokkseyrartorfunnar.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af girðingunni, greiðslu afborgana og vaxta af skuldum, sem á girðingunni hvíla, svo og kostnaði við viðhald girðingarinnar, skal hver maður, er býr á torfunni, sem ábúandi jarðar eða þurrabúðarmaður, sem er eigandi gripa eða kinda greiða girðingargjald af hverjum framtöldum grip, hrossum og sauðkindum, nema sannað sé að keyptur sé hagi fyrir það annars staðar, eða það haft í eigin girðingu.

3. gr.

Niðurjafnað girðingargjald á hvert hross eða sauðkind skal, fyrir hvert ár, vera það hátt, að trygging sé fyrir því, að innheimt girðingargjald samtals nægi fyrir afborgunum og vöxtum af skuldum vegna girðingarinnar, ásamt viðhaldskostnaði hennar.

4. gr.

Girðingargjald ákveðst árlega, af hreppsnefnd, með hliðsjón af framkvæmdaþörf hverju sinni.

5. gr.

Nú verður árlega niðurjafnaðri viðhaldsupphæð eigi varið allri til viðhalds girðingunni ár hvert, og skal þá leggja það fé, sem ónotað er, inn á sparisjóðsbók, ásamt eftirstöðvum af niðurjöfnun til greiðslu afborgana og vaxta, ef nokkrar verða.

6. gr.

Nú flytur ábúandi jarðar eða þurrabúðarmaður burtu af Stokkseyrartorfunni eða hættir að nota beit í landi torfunnar, og skal hann þá ekkert tilkall eiga til tiltölulegs hluta af niðurjöfnun til viðhalds eða inneigu girðingarinnar.

7. gr.

Niðurjöfnuð girðingargjöld skulu innheimt með fjallskilum, og er gjalddaginn 15. okt. ár hvert.

II. KAFLI

Um hagnýtingu bithaga og hagagjald.

8. gr.

Gripa- og sauðfjáreigendum á Stokkseyrartorfunni, aðrir en ábúendur jarða, (þurrabúðarmenn o. fl.), skulu greiða hagagjald fyrir hvern grip í landi torfunnar, samkv. vorframtali kr. 100.00 fyrir hvert hross og kr. 10.00 fyrir hverja sauðkind.

9. gr.

Sauðfé og hross má ekki hafa innan kaupsins frá og með 6. júní til Skeiðaréttadags, á öðrum tíma er heimilt að hafa gripi þessa innan kaupsins, enda ábyrgjast eigendur að gripirnir valdi ekki öðrum tjóni.

10. gr.

Nú fjölgar stórgripum og sauðfé bænda og þurrabúðarmanna á Stokkseyrartorfunni svo mikið að beitiland torfunnar reynist um of takmarkað og beit ófullnægjandi, og áskilur landsdrottinn sér þá rétt til að ákveða þá ítölu stórgripa og sauðfjár, sem hver gripa- og fjáreigandi má hafa í beitilandi torfunnar.

11. gr.

Óheimilt er búendum og þurrabúðarmönnum á Stokkseyrartorfunni að taka fé eða gripi af mönnum utan torfunnar til beitar í beitilandi hennar, án leyfis landsdrottins, skulu íbúar Stokkseyrartorfunnar jafnan sitja fyrir beit í beitilandi torfunnar meðan hún endist, og um semur við landsdrottinn.

12. gr.

Á hverju vori skal gera áætlun um hvað margar kýr verði reknar í kúabeitiland torfunnar, og skulu kúaeigendur annaðhvort fá einn mann til að sækja þær og reka eða skipta rekstrinum hlutfallslega niður eftir kúafjölda hvers eiganda. Óheimilt er að hafa nautgripi gæzlulausa á almannafæri innan kaupsins.

13. gr.

Rétti til hagbeitar í landi Stokkseyrartorfunnar fylgir fjörubeit, og gilda um fjörubeitina sömu reglur og um hagbeit eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingalögum nr. 10 25. marz 1965, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

24. maí 1968.

Nr. 170.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 24. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Vigdísar Ketilsdóttur og Ólafs Ásbjarnarsonar.

2. gr.

Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 605 000.00, sem lagt er fram af Ásbirni Ólafssyni, stórkaupmanni, Reykjavík, og Ásbjörn Ólafsson, hf., Reykjavík.

Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur Minningarsjóðsins er að styrkja fátækt og efnilegt ungt fólk til náms, sem af sjálfdáðum hefur ekki án aðstoðar tækifæri til þess að afla sér menntunar. Styrkirnir skulu vera það riflegir, að þeir komi að tilætluðum notum, og geta sömu aðilar orðið styrksins aðnjótandi í mörg ár í röð.

4. gr.

Þegar farið verður að úthluta úr sjóðnum, ber að senda skriflega beiðni um styrkveitingar til stjórnar sjóðsins og skal umsækjandi láta getið um aldur og efna-haga og til hvers nota eigi styrkinn. Þá skal tekið fram að afhenda skal dómsmálaráðuneytinu afrit af reikningum sjóðsins árlega.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins eins og hann er og verður á hverjum tíma má aldrei skerða. Heimilt er að hefja styrkveitingar úr sjóðnum nú þegar. Úthluta má styrkjum skv. 3. gr. fyrir allt að 80% af árlegum tekjum sjóðsins, en 20% þeirra leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 605 000.00 svo og þær gjafir og framlög, sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

7. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðsstjórn. Samkvæmt ósk stofnenda sjóðsins hafa þessir menn tekið sæti í fyrstu sjóðsstjórninni:

Ásbjörn Ólafsson, stórkaupmaður, Grettisgötu 2 A, Reykjavík, formaður.

Jóhanna Gunnarsdóttir, frú, Hörgshlíð 18, Reykjavík, ritari.

Eysteinn Guðmundsson, fulltrúi, Flókagötu 66, Reykjavík, gjaldkeri.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í stjóðsstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðsstjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli.

Fari svo einhverntíma, að stjórn sjóðsins sé ekki fullskípuð, skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarnefndarmann í hin auðu sjóðsstjórnarsæti. Tilnefning sjóðsstjórnarmanns gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðsstjórninni ef því þykir ástæða til þess, vegna ósæmilegrar framkomu hans eða verknaðar. Fram til þess tíma að farið verður að úthluta styrkjum úr sjóðnum, fá sjóðsstjórnarmenn enga þóknun fyrir störf sín, en eftir að úthlutun úr sjóðnum hefst, hafa sjóðsstjórnarmenn rétt til vægrar þóknunar fyrir störf sín, en þóknun þeirra verður þó að vera samþykkt af dómsmálaráðuneytinu.

Annar kostnaður vegna minningarsjóðsins greiðist af fé hans.

Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók og skráir allar ákvarðanir, sem teknar eru varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans. Í fundargerðarbókina skal færa skrá yfir allar úthlutanir úr minningarsjóðnum og nöfn þeirra, sem styrks verða aðnjótandi. Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef tveir af sjóðsstjórnarmönnum eru sammála um þær.

8. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, og skal reikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf kemur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi samkvæmt 3. gr. má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. desember 1966.

Í stjórn sjóðsins:

Ásbjörn Ólafsson.

Jóhanna Gunnarsdóttir.

Eysteinn Guðmundsson.

REGLUGERÐ

fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að Félagsstofnun stúdenta, svo sem nánar segir í lögum stofnunarinnar og reglugerð.

2. gr.

Samkvæmt 2. grein laga um Félagsstofnun stúdenta hefur hún það hlutverk að annast rekstur, bera ábyrgð á og beita sér fyrir eflingu félagslegra fyrirtækja í þágu stúdenta við Háskóla Íslands, og hefur stjórn hennar framkvæmdir á hendi m. a. samkvæmt því, er segir hér á eftir:

1. Stofnunin skal taka við stjórn og skuldbindingum stúdentagarðanna og annast rekstur þeirra. Hún skal sjá um byggingu nýrra stúdentagarða og afla fjár til þess.
2. Stofnunin skal taka við framlögum síðari ára frá ríkissjóði og öðrum til félagsheimilis stúdenta, sjá um byggingu þess og stjórna rekstri þess.
3. Stofnunin skal taka við öllum eignum og skuldbindingum Hótel Garðs og annast rekstur hótels á görðunum á sumrin með þeim hætti, sem hún sjálf ákveður.
4. Eignir og skuldbindingar Kaffisölu stúdenta hverfa til stofnunarinnar, og tekur hún við rekstri Kaffisölnunnar.
5. Eignir og skuldbindingar Bóksölu stúdenta renna til stofnunarinnar, og stjórnar hún rekstri Bóksölnunnar.
6. Eignir, skuldbindingar og réttur til rekstrar Ferðaskrifstofu stúdenta hverfa til stofnunarinnar, og stjórnar hún rekstri Ferðaskrifstofunnar.
7. Stofnunin tekur við fjárveitingum úr sjóðum, sem ætlaðir eru til hinna ýmsu félagsiðkana stúdenta, t. d. Stúdentaskiptasjóði, og framlögum úr ríkissjóði til félagsiðkana.
8. Stofnunin tekur við fé samkv. 4. gr. laga um stofnunina.

Stofnuninni er skylt að beita sér fyrir eflingu allra þessara fyrirtækja og sjóða. Einnig skal hún beita sér eftir þörfum fyrir stofnun nýrra fyrirtækja í þágu stúdenta í samráði við háskólaráð, stúdentaráð og menntamálaráðuneyti, enda er hverjum þeim aðila heimilt að gera tillögur um nýbreytni.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð 5 mönnum sem hér segir

Menntamálaráðuneytið skipar 1 mann og varamann hans til tveggja ára í senn. Háskólaráð kys 1 mann og varamann til tveggja ára í senn. Stúdentaráð kys 3 menn og 3 varamenn til tveggja ára í senn. Tilskilið er, að a. m. k. 1 af fulltrúum Stúdentaráðs hafi lokið háskólanámi. Stúdentaráð hlutast til um skipun stjórnar.

Stjórnin kys sér sjálf formann. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og er hann ritari stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar ráðstafar tekjum hennar í samræmi við 2. gr. reglugerðar þessarar, en hvert fyrirtæki skal hafa sérreikning í bókhaldi. Reikningar

skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórnin ræður, að fengnum tillögum háskólaráðs. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir árlega í Lögbirtinga-
blaði og Stjórnartíðindum.

5. gr.

Formaður boðar til fundar í stjórn stofnunarinnar. Sérhver stjórnarmanna getur krafizt fundar í stjórn. Fundir stjórnar eru löglegir, ef fjórir stjórnarmanna sitja fund. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Tveir stjórnarmenn geta skotið ágreiningsefni til úrskurðar menntamálaráðherra.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipa sérstjórnir eða nefndir til að annast um einstök verkefni eða fyrirtæki hennar. Slíkar sérstjórnir eða nefndir skulu skipaðar minnst þremur mönnum, og skal einn þeirra hið fæsta vera úr hópi háskólakennara. Stjórnin setur sérstjórnnum og nefndum erindisbréf.

7. gr.

Starfsár og reikningsár stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, sérstjórna og nefnda, miðast við almanaksár. Ár hvert skal stjórnin birta ársskýrslu um störf sín.

8. gr.

Um skyldur einstakra stúdenta við stofnunina vísast til reglugerðar Háskóla Íslands, og gildir skrásetningarskirteini einnig sem meðlimsskirteini í Félagsstofnun stúdenta.

Aðeins handhöfum skrásetningarskirteina og starfsmönnum háskólans eru heimilisafnot af aðstöðu þeirri, sem félagsstofnunin ræður yfir.

Agamál, sem upp kunna að koma á stúdentagörðum eða öðrum heimkynnum, sem undir stofnunina heyra, sæta úrlausn háskólaráðs.

9. gr.

Félagsstofnun stúdenta tekur til starfa hinn 1. júní 1968. Fyrsta starfsári stofnunarinnar lýkur 1. janúar 1969.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett að fengnum tillögum háskólaráðs og Stúdentaráðs Háskóla Íslands með vísun til 6. gr. laga nr. 33 20. apríl 1968 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. maí 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um umferð í Rangárvallasýslu.

Samkvæmt heimild 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð á Suðurlandsvegi í Rangárvallasýslu:

1. Við vegamót Landvegar, Þykkvabæjarvegur og Suðurlandsvegur skal umferð um Landveg og Þykkvabæjarveg hafa biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

2. Við vegamót Fljótshlíðarvegur og Suðurlandsvegur hjá Hvolsvelli skal umferð um Fljótshlíðarveg hafa biðskyldu gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1968.

F. h. r.

e. u.

Ólafur W. Stefánsson.

12. júní 1968.

Nr. 173.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Kópavogsskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal þar sýna, hvernig áætl- aðar tekjur skiptast.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlí mánuði ár hvert.

- B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.
- E. Bæjarstjórn ákveður gerð merkis og fána bæjarins og setur reglur um notkun þeirra.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnimánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, unz kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og séu skráðar í hana allar skriflegar tillögur, afgreiðsla mála, atkvæðagreiðslur og ályktanir.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpun, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

Heimilt er bæjarstjórn að láta taka það, sem á bæjarstjórnarfundum gerist, upp á segulbönd eða með öðrum samsvarandi hætti, enda setur hún þar um sérstakar reglur.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarstjóra utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar, og hafa skrifarar í samræði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess geta, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sítí fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samröma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulegan fund þriðja föstudag hvers mánaðar og fyrsta föstudag í janúar og júní, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fundi í júlí eða ágúst.

Aukafundi skal halda, skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

Fundum bæjarstjórnar skal að jafnaði ljúka fyrir miðnætti, kl. 24.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum;
2. hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmæltri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið;
3. lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en þriðjudag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til boðað með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með 24 stunda fyrirvara.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðauka-tillögu eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar. En veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárbagsáætlun bæjarins, árs-reikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafna-kall skal hafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 2 bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í rétttri röð í stað nafna þeirra, sem fjar-staddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úr-skurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjar-stjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarskóp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann hafa hana skrif-lega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt. Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. 2 bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brizlum eða vikur verulega frá umræðuefninu, skal forseti yíta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framár á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorazt undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda er laun taka.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Um bæjarráð.

25. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð. Þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann. Kosning bæjarráðs gildir unz nýtt bæjarráð hefur verið kosið.

Bæjarráð kýs sér formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fund að jafnaði vikulega. Heimilt er þó að fella niður annan hvorn fund í júlí- og ágústmánuðum. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda og sér um, að hún verði send bæjarráðsmönnum eigi síðar en um hádegi þann dag, sem fundur er haldinn. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurðar ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum. Þeim úrskurði má skjóta til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð ræður fundarritara utan bæjarráðs.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Kópavogskaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni, þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum.

EKKI getur bæjarráð þó tekið fullnaðarákvörðun um mál, ef bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri, óskar að bæjarstjórn taki fullnaðarákvörðun um það.

27. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn bæjarins, sbr. 47. gr. laga nr. 58/1961. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og sér um, að reikningar hans séu samdir.

Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs og annarra nefnda bæjarins, þegar til umræðu eru málefni, sem snerta störf þeirra og þess er óskað með 24 stunda fyrirvara.

V. KAFLI

Um bæjarstjóra.

29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skyld er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt.

EKKI hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

33. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, sammingsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

34. gr.

Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

VII. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn auk þeirra, sem áður getur, til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

1. Þrjú bæjarfulltrúa í bæjarráð.
2. Fjóra menn í byggingarnefnd og fjóra til vara.
3. Þrjú menn í framfærslunefnd og þrjú til vara.
4. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.
5. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara.
6. Einn mann í stjórn Sparisjóðs Kópavogs og tvo endurskoðendur.
7. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.
8. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
 - a) Þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú til vara.
 - b) Þrjú menn í hverja undirkjörstjórn og þrjú til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Kópavogs og fjóra til vara.
3. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
5. Þrjú menn í bókasafnsstjórn og þrjú til vara.
6. Þrjú menn í stjórn Heilsuverndarstöðvar Kópavogs og þrjú til vara.
7. Tvo menn í náttúruverndarnefnd og tvo til vara.
8. Einn mann til að annast forðagæzlu.
9. Einn mann til að framkvæma millimat.
10. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
11. Sex menn í áfengisvarnarnefnd.
12. Átta menn í sjó- og verzlunardóm.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn skv. sérstökum samþykktum sínum:

1. Fimm menn í íþróttanefnd og fimm til vara.
2. Einn bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs Kópavogskaupstaðar og einn til vara.
3. Fimm menn í vatnsveitunefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
5. Fimm menn í æskulýðsráð og fimm til vara.
6. Fimm menn í leikvallanefnd og fimm til vara.
7. Fimm menn í gatnanefnd og fimm til vara.
8. Fimm menn í hagsýslunefnd og fimm til vara.
9. Fimm menn í hitaveitunefnd og fimm til vara.
10. Þrjú menn í nafnanefnd.
11. Sjö menn í stjórn Félagsheimilis Kópavogs og sjö til vara.
12. Sjö menn í stjórn lista- og menningarsjóðs Kópavogs og sjö til vara.
13. Þrjú menn í umferðarnefnd og þrjú til vara.

38. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

39. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín, og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

40. gr.

Bygginganefnd skipa 4 menn og 4 til vara, auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Bygginganefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrir mælum í lögum og samþykktum um þau mál.

41. gr.

Framfærslunefnd er skipuð 3 mönnum og 3 til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála og um störf nefndarinnar fer að framfærslulögum. Nefndinni er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að ráða sér sérstakan starfsmann, framfærslufulltrúa.

42. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Tveir hinna kjörnu nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar og þrír utan bæjarstjórnar. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta bæjarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarnefndar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

43. gr.

Í heilbrigðisnefnd eru sjálfkjörnir bæjarfógeti, sem er formaður hennar og héraðslæknir. Bæjarstjórn kýs 3 menn í nefndina og 3 til vara, og skal einn þeirra vera bæjarráðsmaður, annar verkfræðingur í þjónustu bæjarins, en hinn þriðji kosinn óbundinni kosningu. Nefndin starfar samkvæmt lögum og heilbrigðissamþykkt bæjarins.

44. gr.

Kjörstjórnir eru kosnar og þær starfa samkvæmt fyrirætlum kosningalaga.

45. gr.

Framtalsnefnd er skipuð fimm mönnum og er kosin og starfar samkvæmt lögum nr. 69/1962.

46. gr.

Í sjúkrasamlagsstjórn kýs bæjarstjórn 4 menn og 4 til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varða, samkvæmt lögum þar um.

47. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

48. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum og 5 til vara. Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með fræðslumálum bæjarins samkvæmt lögum þar um. Fræðsluráð hefur á hendi skólanefndarstörf fyrir barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins.

49. gr.

Bókasafnstjórn skipa 3 menn og 3 til vara. Hún starfar samkvæmt lögum og reglugerð um almenningsbókasöfn.

50. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnar og tvo meðstjórnendur, einn er tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu, og einn af Sjúkrasamlagi Kópavogs.

Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar.

51. gr.

Íþróttanefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Hún fjallar um íþróttamál bæjarins og hefur á hendi umsjón og eftirlit með íþróttamannvirkjum kaupstaðarins og gerir tillögur um breytingar og aukningu á þeim.

52. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Nefndin fer með vatnsveitumál, hefur eftirlit með rekstri vatnsveitunnar og viðhaldi og gerir tillögur um breytingar og viðauka.

53. gr.

Skipulagsnefnd skipa 7 menn, 5 kosnir hlutfallskosningu, bæjarstjóri og bæjarverkfræðingur.

Hún fjallar um skipulagsmál kaupstaðarins samkvæmt samþykkt um skipulagsmál Kópavogs.

54. gr.

Æskulýðsráð er skipað 5 mönnum og 5 til vara. Það vinnur að menningarmálum æskulýðsins í samvinnu við skóla og bæjaryfirvöld. Það skipuleggur tómstundaíðju ungmenna og föndurstarfsemi, gengst fyrir heilbrigðu og þroskandi skemmtanalífi og leitar úrræða til heppilegrar hagnýtingar á starfsgetu unglinga.

55. gr.

Leikvallanefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Hún gerir tillögur um skipulag og staðsetningu, búnað og fyrirkomulag dagheimila, leikskóla, barnaleikvalla og gæzluskýla og hefur eftirlit með starfsemi og rekstri þessara stofnana.

56. gr.

Gatnanefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Hún gerir tillögur um ráðstöfun þess fjár, sem árlega skal verja til gatna- og holræsagerðar.

Enn fremur vinnur nefndin að útvegum og hagnýtingu lánsfjár til gatnagerðar, þegar að slíku ráði verður horfið.

57. gr.

Hagsýslunefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Hún fjallar um hagræðingu og sparnað á rekstri bæjarsjóðs og fyrirtækja hans og gerir tillögur um þau mál.

Einnig skal nefndin aðstoða við gerð fjárhagsáætlunar.

58. gr.

Hitaveitunefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Nefndin fer með hitaveitumál. Hún hefur eftirlit með rekstri og viðhaldi hitaveitunnar og gerir tillögur um viðauka og breytingar.

59. gr.

Nafnanefnd er skipuð 3 mönnum. Hún gerir tillögur til byggingarnefndar um nöfn á götum, torgum og bæjarhverfum í kaupstaðnum.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

60. gr.

Stjórn Félagsheimilis Kópavogs skipa 13 menn og jafnmargir til vara — af þeim kys bæjarstjórn 7 menn og 7 til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með uppbyggingu og rekstri Félagsheimilis Kópavogs, sbr. reglur um það.

61. gr.

Stjórn lista- og menningarsjóðs Kópavogs skipa 7 menn og 7 til vara. Hlutverk sjóðsins er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi og starfar samkvæmt reglum, er bæjarstjórn hefur sett.

62. gr.

Umferðarnefnd skipa 3 menn og 3 til vara. Bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur eiga rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Hún fjallar um umferðarmál kaupstaðarins.

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

63. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarráð ákveður, hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður í 1.—22. flokki launasamþykkta bæjarins, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna, þannig að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 158 20. sept. 1962 um stjórn bæjar-málefna Kópavogskaupstaðar og síðari breytingar á þeirri samþykkt.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þetta gjald innheimtist þó ekki fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

Fyrir hluta úr ári skal greiða sem heilt ár.

2. gr.

Vatnsskattur, skv. 1. grein, skal vera 2½% af fasteignamati húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan skattinn.

3. gr.

Vatnsskattur, skv. 1. og 2. gr., skal innheimtast einu sinni á ári og er gjalddagi hans 1. júní.

Notkunargjald.

4. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 5.00 fyrir hvern tenningsmetra vatns. Vatnsveitan ákveður hvort notk-

unargjald, skv. þessari grein, innheimtist mánaðar- eða ársfjórðungslega. Árleg mælisleiga skal vera kr. 200.00 fyrir hvern mæli.

5. gr.

Þæjarráð getur falið Rafveitu Vestmannaeyja mælaaflestur og innheimtu gjalda skv. 2. og 4. grein.

Vatn til skipa og báta.

6. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 20.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 100.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum og kr. 200.00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum. Vatn til skipa skal staðgreiðast, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin og ef mælingu verður eigi við komið, skal greiða vatnsskatt eftir ákvörðun vatnsveitunnar í hverju tilfelli.

Stofngjöld.

8. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur upp vatnsmæla á sinn kostnað.

9. gr.

Í stofngjöld skal greiða 7.5% af fasteignamatí húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

10. gr.

Ef um sérstaklega langar eða kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talizt getur umfram eðlilegan kostnað.

11. gr.

Gjöld, skv. 9. og 10. gr., er heimilt að innheimta í þrennu lagi fyrir þau hús, sem fokheld eru fyrir 1. janúar 1968. Gjald dagar eru 1. júní 1968, 1969 og 1970.

12. gr.

Fyrir hús, sem fokheld verða eftir 1. janúar 1968, skal innheimta stofngjaldið í einu lagi áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

13. gr.

Þau tengigjöld, sem greidd hafa verið skv. eldri gjaldskrá, skulu dragast frá síðustu greiðslum stofngjalda, skv. 9. til 11. gr.

14. gr.

Framantalin gjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs, nema að því leyti sem Rafveitu Vestmannaeyja kann að verða falin innheimta þeirra, sbr. 5. gr. Sá hluti gjaldanna skal greiðast á skrifstofu Rafveitunnar.

15. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak af ástæðum, sem taldar eru upp í 10. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 500 í opnargjald áður en enduropnun fer fram.

16. gr.

Bæjarráð getur hækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 100%, eða lækkað þau um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Fiskiðnaðurinn.

17. gr.

Bæjarráð getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi. Sú gjaldskrá verði þó innan þeirra takmarkana, sem um getur í 16. grein.

18. gr.

Þegar rætt er um fasteignamat í gjaldskrá þessari, er átt við núgildandi fasteignamat.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.**

1. gr.

Vatnsveita Vestmannaeyja er eign bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Heimili hennar og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Vestmannaeyjakaupstaður hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt, svo og til Vestmannaeyjahafnar.

3. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Bæjarverkfræðingur eða annar, sem bæjarráð ákveður, sér um daglegan rekstur hennar.

4. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast skrifstofa kaupstaðarins allt reikningshald hennar. Reikningar skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar bæjarsjóðs.

5. gr.

Bæjarsjóður Vestmannaeyja ber ábyrgð á öllum fjárhagslegum skuldbindingum vatnsveitunnar.

6. gr.

Vatnsveitan sér um vatnsöflun og leggur dreifikerfi um kaupstaðinn eftir ákvörðun bæjarráðs. Henni er þó ekki skylt að leggja vatnsæðar í einstök hverfi fyrr en deiliskipulag hverfisins hefur hlotið samþykki viðkomandi yfirvalda.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar svo og mannvirki, ef rök mæla með því og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem framkvæmdir vatnsveitunnar kunna að hafa í för með sér, sé ekki önnur lausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

9. gr.

Sá, sem óskar þess, að fá vatnsæð tengda að húsi sínu, skal senda skriflega umsókn um það til vatnsveitunnar. Í umsókninni skal getið um áætlaða vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Vatnsveitan leggur leiðslur frá götuæð til þess hluta byggingarinnar, sem hagkvæmast er fyrir vatnsveituna. Þó skal gæta hagsmuna húseiganda eftir föngum. Vatnsmælir sé settur upp eins nálægt inntaki og mögulegt er, enda fari það ekki í bága við aðrar gildandi reglugerðir og samþykktir. Ef húseigandi óskar að fá inntakið á öðrum stað, skal hann greiða allan aukakostnað, sem af því hlýzt. Allar aðrar innan- og utanhússlagnir eru á kostnað og ábyrgð húseiganda.

10. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum og tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatta á réttum gjalddögum. Vatnsskatt skv. 1. og 2. gr. gjaldskrár, ber að greiða að fullu þó að lokað sé fyrir vatnið af ástæðum þeim, sem upp eru taldar í þessari grein.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eð annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt, sé þess kostur.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, sem leiða kann af reksturstruflunum, takmörkunum á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum, hefur slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort heldur er á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

14. gr.

Bannað er, án sérstaks leyfis, öðrum en slökkviliði, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða að setja dælur eða hreyfivélar í samband við hana.

15. gr.

Vatnsæðar skulu tengdar þannig, að eigi sé hætta á, að vatnið í þeim óhreinkist. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum, nema að einstreymisloki sé settur á leiðslu á kostnað húseiganda, sem tryggir að ekki komist vatn frá einkavatnsbólum inn í vatnsæðar vatnsveitunnar.

16. gr.

Verði húsráðandi eða viðskiptamenn vatnsveitunnar varir við bilanir á heimtaugum veitunnar, skulu þeir tafarlaust tilkynna það til vatnsveitunnar.

17. gr.

Ef óviðkomandi maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það hegningu skv. almennum hegningarlögum. Ef upplýst verður, að tengt hafi verið framhjá vatnsmæli, þannig að ekki mælist öll notkun, skal tafarlaust lokað fyrir vatnsinntak. Vatnsveitan skal áætla hversu mikið vatn hefur runnið fram hjá mælinum og innheimta gjald hjá hinum brotlega samkvæmt því.

18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á öllum skemmdum á vatnsmælum, þar með töldum skemmdum af völdum frosts.

19. gr.

Eigendur húsa og skipa (og/eða leigjendur, að því er varðar notkunargjöld), bera ábyrgð á greiðslu gjalda til vatnsveitunnar, og eru gjöldin tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu 2 ár eftir gjalddaga og ganga fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjöldin má taka með lögtaki.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þingri refsing liggir við, skv. öðrum lögum, og rennur sektarféð í bæjarsjóð Vestmannaeyja. Mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Patrekshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupþínsins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 300.00 árlega, af hverri íbúð og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húseignanna 4%.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldldagi holræsagjaldsins er 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 130 16. sept. 1944, um holræsi í Patreksfirði og breyting á þeirri reglugerð nr. 137 9. okt. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. júlí 1968.

Nr. 177.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968:

Stöður vöruflutningabifreiða yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða fyrir 10 farþega og þar yfir, eru bannaðar í Skúlagötu að norðanverðu á milli Skúlatorgs og Höfðatúns.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. júlí 1968.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 114 24. maí 1965.

1. gr.

Í stað „250“ í 1. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar, eins og henni er breytt með reglugerð nr. 114 24. maí 1965 komi: 300.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt felur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 114 24. maí 1965.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 1 31. janúar 1966, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. júní 1968.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 179.

4. júlí 1968.

REGLUGERÐ

um þorsk- ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.

1. gr.

Gerð þorsk-, ýsu- og ufsanóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk-, ýsu- og ufsanóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Á vetrarvertíð er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski, ýsu eða ufsa á tíma-bilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

4. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskipi, sem stundar veiðar með nót eða þorskanetum, er bannað að kasta slógi útbyrðis á veiðisvæðinu.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gerð þorsk- og ýsunóta nr. 43 27. marz 1965.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

9. júlí 1968.

Nr. 180.

AUGLÝSING**um lækkun hámarkshraða.**

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, eru settar eftirfarandi reglur um lækkun hámarkshraða.

1. gr.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Á Reykjanesbraut, frá vegamótum við Krisuvíkurveg að vegamótum við Hafnaveg (flugvallarveg), verður hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, 70 km á klukkustund.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 12. júlí 1968.

Frá sama tíma fellur úr gildi 9. gr. reglugerðar nr. 4 6. janúar 1968 um umferðarbann, lækkun hámarkshraða o. fl. í sambandi við gildistöku hægri umferðar, svo og auglýsing frá 2. júlí 1968 um hámarkshraða á Reykjanesbraut.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júlí 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra, sem fyrir er, eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindum skilyrðum um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr., nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 12 000 krónur á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald skal greiða 20 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 100 000 kr. matsverði, og 5 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 100 000 krónur, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágpennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 12 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 55 þús. kr. Þó skal tekið tillit til þess, ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðal nýbýli að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar, fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins frá 3. júlí 1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júlí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REIKNINGUR**sjóðsins Gerðuminning.****Tekjur :**

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1967	kr. 105 986.28
2. Minningargjafir afhentar ári, 1967	— 100.00
3. a) Ragnheiður Þorvarðardóttir og Örnólfur Valdimarsson gáfu í sjóðinn	kr. 200.00
b) Þórunn Hafstein gaf í sjóðinn	— 100.00
	— 300.00
4. Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 9 204.90
Vextir í Landsbankanum, sparisjóðsbók	— 6.65
Vextir í Útvegsbankanum, bankabók	— 5.00
	— 9 216.55
	Samtals kr. 115 602.83

Gjöld :

1. Tvær styrkveitingar til námsmeyja í Húsmæðrakennaraskóla Íslands	kr. 5 000.00
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1968:	
a) Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470	kr. 110 523.06
b) Í Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081	— 79.77
	— 110 602.83
	Samtals kr. 115 602.83

Reykjavík, 10. janúar 1968.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugasvert.

Reykjavík, 23. febrúar 1968.

Anna Gísladóttir. Guðrún Markúsdóttir.

Nr. 183.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs vangefinna 1967.****Rekstrarreikningur styrktarsjóðs vangefinna 1. jan.—31. des. 1967.****Tekjur :**

Flöskugjald	kr. 16 866 294.52
Vaxtatekjur	— 408 438.00
	— 17 274 732.52
	Kr. 17 274 732.52

Gjöld :

Styrkir: Til Kópavogshælis	kr. 5 500 000.00	
— Akureyrarhælis	— 6 000 000.00	
— Skálatúnsheimilisins	— 3 120 000.00	
— Sólheimahælis	— 800 000.00	
		kr. 15 420 000.00
Kostnaður	— 10 900.00	
Tekjur umfram gjöld	— 1 843 832.52	
		<u>Kr. 17 274 732.52</u>

Efnahagsreikningur styrktarsjóðs vangefinna pr. 31. des. 1967.

Eignir :

Innstæða í Útvegsbanka Íslands hf.	kr. 8 328 320.75
	<u>Kr. 8 328 320.75</u>

Skuldir :

Höuðstóll 1. jan. 1967	kr. 6 484 488.23
Tekjur umfram gjöld	— 1 843 832.52
	<u>kr. 8 328 320.75</u>
	<u>Kr. 8 328 320.75</u>

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Ingólfur Guðmundsson.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs fatlaðra 1967.

Rekstrarreikningur 1. jan.—31. des. 1967.

Tekjur :

Gjald af súkkulaði	kr. 1 823 038.03
Vaxtatekjur	— 66 452.00
	<u>kr. 1 889 490.03</u>
	<u>Kr. 1 889 490.03</u>

Gjöld :

Styrkir	kr. 1 826 929.10
Tekjur umfram gjöld	— 62 560.93
	<u>Kr. 1 889 490.03</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. 12. 1967.**Eignir :**

Innstæða í sparisjóðsbók	kr. 515 604.22
--------------------------------	----------------

Kr. 515.604.22

Gjöld :

Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr. 453 043.29
-------------------------------	----------------

Tekjur umfram gjöld	— 62 560.93
---------------------------	-------------

kr. 515 604.22

Kr. 515 604.22

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.*Ingólfur Guðmundsson.*

Nr. 185.

REIKNINGUR**Styrktarsjóðs blindra 1967.****Rekstrarreikningur 1. jan.—31. des. 1967.****Tekjur :**

Gjald af súkkulaði	kr. 607 679.35
--------------------------	----------------

Vaxtatekjur	— 75 720.00
-------------------	-------------

kr. 683 399.35

Kr. 683 399.35

Gjöld :

Tekjur umfram gjöld	kr. 683 399.35
---------------------------	----------------

Kr. 683 399.35

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.**Eignir :**

Innstæða í sparisjóðsbók	kr. 1 714 453.15
--------------------------------	------------------

Kr. 1 714 453.15

Skuldir :

Höfuðstóll 1. jan. 1967	kr. 1 031 053.80
-------------------------------	------------------

Eignaaukning	— 683 399.35
--------------------	--------------

kr. 1 714 453.15

Kr. 1 714 453.15

Reykjavík, 25. marz 1968.

Hjálmar Vilhjálmsson.*Ingólfur Guðmundsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Verkamanna- og sjómannafélaganna
í Reykjavík árið 1967.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 273 033.28
2. Árgjöld frá félögum	— 12 778.00
3. Styrkur úr borgarsjóði	— 20 000.00
4. Styrkur úr rikissjóði	— 13 000.00
5. Vextir á árinu	— 32 634.43

Kr. 351 445.71

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu	kr. 67 500.00
2. Ýmis gjöld	— 550.00
3. Sjóður:	
a. Skuldabréf Hitaveitu	kr. 50 000.00
b. — H-B vísitölubréf	— 33 000.00
c. — Byggingarsjóðs verkamanna	— 10 000.00
d. — Alþýðuhúss Reykjavíkur	— 25 000.00
e. — Alþýðuhúss Reykjavíkur	— 11 000.00
f. — Iðnlánasjóður	— 75 000.00
g. Innstæða í Útvegsbankabók	— 2 726.35
h. Innstæða í Landsbankabók og í vörzlu gjaldkera	— 76 669.36

— 283 395.71

Kr. 351 445.71

Reykjavík, 4. apríl 1968.

Hilmar Jónsson.

Jóna Guðjónsdóttir.

Hannes M. Stephensen.

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 8. apríl 1968.

Alfreð Guðmundsson.

Óskar Guðnason.

AUGLÝSING**um umferð í Borgarnesi.**

Innan takmarka Borgarness er leyfður hámarks hraði 45 km., skv. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins birtri í 42. töl. Lögbirtingablaðsins 17. júlí 1968.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 12. ágúst 1968.

F. h. s.

Þorvaldur G. Einarsson, ftr.

20. maí 1968.

Nr. 188.

AUGLÝSING**um umferð á Seyðisfirði.**

Eftir tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

1. Aðalbrautarréttur:

- a. Austurvegur frá Fjarðarárbrú að vegamótum hans og nýs vegar frá Austurvegi 32 að Hafnargötu, svo og sá nýi vegur.
- b. Ránargata frá Fjarðarárbrú að Vestdalseyrarvegi.
- c. Bjólfsgata frá Öldugötu að Ránargötu.
- d. Brekkuvegur gagnvart umferð Miðtúns og Bausvegur.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

2. Einstefnuakstur:

Á Norðurgötu til suðurs frá Bjólfsgötu að syðri lóðamörkum hússins nr. 3 við Norðurgötu.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 20. maí 1968.

Erlendur Björnsson.

Nr. 189

REIKNINGUR**Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen 1967.****Tekjur:****1. Yfirfært frá fyrra ári:**

a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr. 21 463.42
b. — — 572	— 9 469.81

_____ kr. 30 933.23

2. Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr. 2 097.17	
b. — — — 572	— 876.14	
		kr. 2 973.31
		Kr. 33 906.54

Gjöld:

1. Yfirfært til næsta árs:

a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr. 22 544.59	
b. — — — 572	— 11 361.95	
		kr. 33 906.54
		Kr. 33 906.54

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Minningarsjóð Gunnars Jakobsen, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt, að bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 10. maí 1968.

Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

REIKNINGUR**Áhaldasjóðs Barnaspítalasjóðs Hringins 1967.**

Tekjur:

1. Yfirfært frá fyrra ári:		
Landsbankabók nr. 5797	kr. 152 211.12	
2. Vextir:		
Af Landsbankabók nr. 5797	— 13 698.99	
		Kr. 165 910.11

Gjöld:

1. Afhent Barnaspítalasjóð Hringins til áhaldakaupa	kr. 106 000.00	
2. Yfirfært til næsta árs:		
Landsbankabók nr. 5797	— 59 910.11	
		Kr. 165 910.11

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Áhaldasjóð Barnaspítalasjóð Hringins, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 10. maí 1968.

Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patrekshöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar og stjórn.

1. gr.

Patrekshöfn takmarkast annars vegar af standlengjunni á milli Yxnahamars og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum Patreksfirði, undan sömu stöðum.

2. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að líta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega, sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf. En hafnarnefnd getur sagt þeim upp, eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eftir tillögum eða í samráði við hafnarnefnd. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

II. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur gerður af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á

lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er á að fermingu og affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, oliu, eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæðinu má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki né hreyfa þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

Nú hefur bryggja brotnað, og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber bryggjueiganda að taka burt allar eftirstöðvar bryggjunnar, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda, og má taka þann kostnað lög-taki.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa. Skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum og bátum má ekki leggja svo að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast skipstjóri, eða eigandi skips, við að hlýða fyrirmælum hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi, til á höfninni, getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

9. gr.

Í sérhverju skipi, að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlauk á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skip, eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilegt gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

13. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir. Skulu þau þá vikja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggjum.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna á hjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki nægilega gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

16. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður skips eða skipstjóri, láta ræsta bryggjur eða bólvirki, sem notuð hafa verið, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert. Afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skipsins.

17. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðar eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt í lægi. Skal eigandi láta taka skipið, ef

það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum, er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni.

Hafnarvörður ákveður hvert sinn, hvar slíkum skipum skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips, með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu af leka, þótt það sé mannlaust, þá er honum heimilt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess. Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

19. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal eigi sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

Um hafnsögu.

20. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn, svo marga, sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

21. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennishúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

22. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum. Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

23. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Patreksfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal, þegar það er komið hálfu mílu undan Vatneyrarodda, gefa merki um, að það óski hafnsögumanns eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

24. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar í höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur í skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

25. gr.

Hvert skip, sem úr höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum, skv. 4. gr., er skylt að vitja þess.

26. gr.

Hafnsögumanni er skylt að hanna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

27. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi eða ástæða til að halda að sóttthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

28. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, svo og mannahjálp.

VII. KAFLI

Um lestargjöld.

29. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert skipti, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjald af brúttó burðarmagni skips, talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

30. gr.

- a. Af skipum, sem eru stærri en 10 brúttórúmlestir og eru eign aðila á Patreksfirði og skrásett þar, skal greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 15.00 fyrir hverja rúmlest. Gjald dagi er 1. janúar. Séu skip þessi að einhverju leyti í utanlands-siglingum, greiða þau aukalega kr. 0.60 af hverri rúmlest í hvert skipti, er þau koma úr utanlandssiglingu.
- b. Öll önnur skip skulu greiða kr. 1.50 fyrir hverja rúmlest í lestargjald í hvert skipti, sem þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins kr. 0.50 af hverri rúmlest.
- c. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita neyðarhafnar.

VIII. KAFLI

Um bryggju- og bólvirkisgjald.

31. gr.

Öll skip, sem leggjast að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skulu greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt, sem hér segir:

- a. Skip, 10 brúttórúmlestir og stærri, skrásett eða heimilisföst á Patreksfirði, greiði kr. 12.00 af hverri brúttórúmlest á ári.
- b. Öll önnur skip greiði kr. 0.60 af brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en kr. 75.00 í hvert skipti.

32. gr.

Bátar, minni en 10 brúttórúmlestir, eru undanþegnir lesta- og bryggjugjaldi, en greiða skulu þeir einu sinni á ári kr. 500.00 í hafnargjöld.

Gjald dagi er 2. janúar.

IX. KAFLI

Um vatnsgjald.

33. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 20.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 75.00 fyrir fiskiskip, en kr. 150.00 fyrir önnur skip.

X. KAFLI**Um hafnsögugjöld.****34. gr.**

Öll skip, 30 brúttórúmllestir að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar. Herskip, skemmtiferðaskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

35. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greiða sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

36. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, kr. 300.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og kr. 0.30 fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni kr. 250.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.50 fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 lestum og kr. 0.15 fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa greiðist kr. 150.00, auk kr. 0.30 fyrir hverja brúttórúmllest.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða, sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 1. gr., greiða kr. 60.00 til hafnarsjóðs.

XI. KAFLI**Um vörugjöld.****37. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

38. gr.

Fyrir vörur, sem skv. farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

39. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

40. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

41. gr.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

42. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

XII. KAFLI

Vörugjaldskrá.

43. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.:
Fiskur, nýr, slægður eða óslægður, isvarinn, saltaður óverkaður, fiskbein, síld lögð á land til bræðslu, söltunar eða frystingar.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg.:
Kol, koks, salt, sement, leir kalk, vörur úr ódýrum steinefnum svo sem: legsteinar, hleðslusteinar, gólf- og veggflisar úr steinefnum, vikur. Sjávarafurðir til útflutnings.
3. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg.:
Kornvörur, mjólkurvörur, garðávextir, fóðurbætir, tilbúinn áburður, landbúnaðarafurðir til útflutnings, og iðnaðarvörur til útflutnings.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg.:
Benzín og olíur, sykur, ull, kjöt, kaffi, kaffibætir og hráefni til þess, feiti og olíur til framleiðslu iðnaðarvara, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hreinlætisvörur, gler, óunnið járn, bárujárn og saumur.
5. flokkur. Gjald kr. 14.00 fyrir hver 100 kg.:
Hráefni til iðnaðar ótalið annars staðar, útgerðarvörur, vélar og mótórar, ótalið annars staðar, þungavinnuvélar, landbúnaðarvélar og tæki, bifreiðar, bifhjól, og hjólhestar og varahlutir til þeirra, tjara, bik, asfalt, byggingarefni, ótalið annars staðar, þ. á m. gólfdukar úr linóleum, pappa, plasti og asbest.
6. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hver 100 kg.:
Pappírsvörur, nýlendu- og hreinlætisvörur, leirvörur, glervörur og búshöld, ávextir, leðurvörur, brauðvörur, gúmmívörur, kálmeti og plöntur, jarðstrengir og vir alls konar og allar aðrar vörur, sem ekki eru annars staðar taldar og gjald er reiknað eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald kr. 42.00 fyrir hver 100 kg.:
Lýfjavörur, vefnaðarvörur, snyrtivörur, rafmagnsvörur, niðursuðuvörur, ótalið annars staðar, kryddvörur, sportvörur s. s.: ljósmyndavörur,

- áttavitar, klukkur, mælitæki, símataeki, útvarpstæki og upptökutæki, leikföng, skot og skotfæri, húsgögn.
8. flokkur. Gjald kr. 56.00 fyrir hver 100 kg.:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus, eldspýtur.
9. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir og svín.
Gjald kr. 7.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé.
Gjald kr. 1.40 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
Gjald kr. 4.20 fyrir hvert stykki:
Sild og lýsi í tunnum.
10. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður.
11. flokkur: Gjald kr. 1.40 fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur, sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveða af gjaldkera hafnarinnar. Verði um ágreining að ræða, má skjóta úrskurði hans til hafnarnefndar, sem hefur endanlegt úrskurðarvald um vörugjaldið.

Lægsta vörugjaldið í öllum flokkum skal vera kr. 5.00.

Gjaldskrá þessi gildir um vörur, sem fluttar eru til eða frá höfninni.

XIII. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

44. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 0.75 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

45. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

XIV. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

46. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

47. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, ljósgjalds, bryggju- eða festargjalds.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, unz gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skip fer burtu úr höfninni.

48. gr.

Gjöld fyrir vörur, sem um getur í 43. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Patreksfirði. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjöldin eru greidd.

Eigi margir aðilar vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu vörugjaldsins til hafnargjaldkera.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóra eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

49. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð. Má taka þau lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld.

Enn fremur skulu öll skipsgjöld tryggð með lögviði í skipi og gangi það veð í tvö ár fyrir sanningsveðskuldum.

XV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

50. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningar takast ekki um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum mönnum. Hvorum aðila sem er, er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira, en sem nemur 10% af hinni upprunalegu matsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

51. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara hurtu úr höfninni á meðan mál hans er enn óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd metur gilda.

52. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

53. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 9. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

54. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 50 000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Patrekshafnar.

55. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, stað-

festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð um Patrekshöfn, nr. 161 21. september 1959, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hofsóskaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hofsóshöfn takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 1000 metra vestan við Hellisnes, að norðan og sunnan af tveim línnum hornrétt á þá línu, að norðan um Hellisnes og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni.

3. gr.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum þrjá menn í hafnarnefnd og þrjá til vara og ákveður jafnframt formann hennar. Skal einn nefndarmanna vera hreppsnefndarmaður. Kjörtímabil hafnarnefndar er sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarsjóðs, ákveði hreppsnefnd eigi aðra skipan. Sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

Hafnarnefnd ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra, enda komi samþykki hreppsnefndar til. Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður. Rísi ágreiningur um ráðningu starfsmanna eða laun þeirra, sker hreppsnefnd úr.

Formaður hafnarnefndar boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd hefur fundi svo oft sem þurfa þykir, og er formaður hafnarnefndar skyldur að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Hofsóshrepps.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Hofsóshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarvæðinu.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar eða annarra starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða boðum hafnarvarðar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarvörður látið gera það á kostnað eiganda.

9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema með leyfi hafnarvarðar, og skal hann ákveða hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaut í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarvarðar og látið framkvæma þær, hvort heldur er að færa skipið eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringi eða festarstólpa. Flestum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirki.

Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyllt er að hafa tryggar hlífar á milli skips og bryggju eða bólvirkis.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Sérstakt leyfi hafnarvarðar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi. Hafnarvörður ákveður hverju sinni, hvar

slíku skipi skuli lagt, hve traust legufæri þess skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarvörður krefst þess, ella skal það gert á kostnað eiganda.

Sökkvi skip, sem lagt hefur verið á höfninni, skal eigandi láta taka það upp. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

Skip og báta, sem geymd eru í höfninni eða á landi á hafnarsvæðinu, er skylt að færa eða fjarlægja, ef hafnarvörður krefst þess, enda getur hann látið gera það á kostnað eiganda, sé slíkum fyrirmælum eigi fullnægt.

Hafnarsjóður ber eigi ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi í höfninni eða geymd á landi á hafnarsvæðinu.

13. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggju og bólvirkja.

14. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri, auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

15. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, sem nær liggja.

16. gr.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz úr er bætt.

17. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarvarðar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burt, á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinaleysi á bryggju eða hafnarlóðinni.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

Skylt er hverjum þeim aðila, sem afnot hefur af hafnarbryggju eða hafnargarði til fiskaðgerðar eða annars sjófangs, að hreinsa í hvert sinn að aðgerð lokinni, sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður látið hreinsun fara fram á kostnað hlut- aðeiganda.

V. KAFLI

Um almenna reglu.

18. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og enn fremur annarra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur gerður, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum hafnarvarðar eða annarra starfsmanna ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

19. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Áliti hafnarvörður að hætta stafi af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar var- úðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

20. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina byggingu eða önnur mannvirki, eða heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af. Brot gegn því varðar sektum allt að kr. 10 000.00, og getur hreppsnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana, skal leita samþykkis ráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

21. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld samkvæmt þessum kafla í hvert sinn er þau koma inn á hafnarsvæðið. Undanþegin hafnargjöldum eru þó eftirtalin skip: Herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini

sem skemmtiferðaskip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs en hafa ekki samband við land og skip, sem leita hafnar vegna sjóttjóns.

Lestagjald.

22. gr.

- a) Skip og bátar eign manna búsettra á Hofsósi og gerð eru út þaðan, að minnsta kosti tvo mánuði á ári, skulu greiða í lestagjald kr. 200.00 á ári og auk þess kr. 10.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Opnir vélbátar greiði þó aðeins kr. 100 00 á ári.
- b) Önnur innlend fiskiskip, sem afla sinn leggja upp á Hofsós, skulu greiða kr. 0.60 af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði. Lestagjald í hvert sinn skal þó vera kr. 50.00.
- c) Skip, sem sigla eftir fyrirfram gerðri áætlun, skulu greiða kr. 0.40 af brúttórúmllest í hvert sinn, sem þau kom til hafnar.
- d) Öll önnur skip (með þeim undantekningum, sem um ræðir í 21. gr.), skulu greiða kr. 0.80 af hverri brúttórúmllest, í hvert sinn sem þau koma til hafnar. Gjaldldagi lestagjalds samkvæmt a-lið þessarar greinar er 1. ágúst ár hvert. Önnur lestagjöld eru gjaldskyld um leið og skip kemur til hafnar.

Ljósagjald.

23. gr.

- a) Skip og bátar, sem gjaldskyld eru um lestagjald samkvæmt a-lið 22. gr., skulu greiða ljósagjald kr. 100.00 á ári.
- b) Öll önnur skip skulu, um leið og þau eru gjaldskyld um lestagjald, greiða ljósagjald kr. 0.20 af hverri brúttórúmllest. Gjaldldagi ljósagjalds er sá sami og gjaldldagi lestagjalds.

Bryggjugjald.

24. gr.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald svo sem hér segir:

- a) Skip og bátar, sem um ræðir í a-lið 22. gr., skulu greiða kr. 6.00 af hverri brúttórúmllest á ári.
- b) Skip, sem um ræðir í b-lið 22. gr., skulu undanþegin bryggjugjaldi.
- c) Öll önnur skip, sem gjaldskyld eru um lestagjald, skulu greiða fyrir hvern sólarhring, eða brot úr sólarhring, kr. 0.40 fyrir hverja brúttórúmllest. Gjaldldagi bryggjugjalds er sá sami og gjaldldagi lestagjalda.

Aflagjald.

25. gr.

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn í Hofsósi, skulu greiða aflagjald miðað við slægðan fisk með haus kr. 15.00 á smálest og allan saltfisk, sem landað er, kr. 20.00 á smálest. Af hverju máli eða tunnu sildar, greiðist kr. 1.00. Kaupandi eða hver sá, sem verkar aflann, innheimtir gjaldið, og er ábyrgur fyrir greiðslu þess til hafnarsjóðs, hvort sem hann innheimtir það hjá innleggjanda eða ekki. Gjaldið er kræft um leið og afla er landað eða vöru afskipað eða útskipað.

Vörugjald.**26. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni með þeim undantekningum, sem síðar greinir. Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist samkvæmt því sem þar segir.

27. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru í land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

28. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- c) Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

29. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum af hverri sendingu sérstaklega, brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjórar eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörugjaldskrá.**30. gr.**

1. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kol, salt, áburður, fóðurvörur.
2. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Sement, járn, kornvörur, garðávextir, hey, mjólk, fiskumbúðir, pokar, ísvarinn fiskur, byggingavörur aðrar en timbur, ótaldar annars staðar.
3. flokkur: Gjald kr. 3.50 hver 100 kg:
Saltfiskur, frosinn fiskur, frosin sild, sildar- og fiskimjöl.
4. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Brennsluolía, benzín, smurolía.
5. flokkur: Gjald kr. 4.50 hver 100 kg:
Harðfiskur, skreið fullverkaður saltfiskur, kjöt, gærur, sláturafurðir, útgerðarvörur, veiðarfæri og efni í þau, hrogn.
6. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, sykur, smjörlíki, bifreiðavarahlutir, vélar og varahlutir í þær, raflagnaefni, málningarvörur, saumur, gler, allar aðrar vörur, sem gjald er tekið fyrir eftir þyngd, og ekki eru annars staðar taldar.
7. flokkur: Gjald kr. 8.00 hver 100 kg:
Vefnaðarvara, skófatnaður, ávextir, nýir og þurrkaðir, pappír, leirvörur, blikkvörur, álvörur, hreinlætisvörur, glervörur, lyfjavörur, sælgæti, tóbak, öl, gosdrykkir.

8. flokkur: Gjald kr. 1.00 hvert teningsfet:

Timbur og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

9. flokkur: Ýmislegt.

Tómar tunnur	kr.	2.00	hvert	stk.
Saltfullar tunnur	—	3.00	—	—
Fullar tunnur	—	4.00	—	—
Sauðfé	—	5.00	hver	kind.
Stórgripir	—	25.00	hver	gripur.
Smábátar	—	150.00	hver	bátur.
Dráttarvélar	—	100.00	hver	vél.
Fólksbifreiðar	—	150.00	hver	bifreið.
Vörubifreiðar og vinnuvélar	—	200.00	hvert	stk.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

31. gr.

Hafnarvörður eða annar umboðsmaður hafnarnefndar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

32. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz gjöldin eru greidd.

Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

33. gr.

Gjald fyrir vörur, sem um getur í 30. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunni, unz gjaldið er greitt. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru í land á hafnarsvæðinu, fellur í gjalddaga um leið og varan er sett á land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip. Afgreiðslumaður skips skal standa skil á greiðslu vörugjaldsins.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvillhöllum, dómkvöðum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaðurinn við yfirmat greiðist af þeim, er hefur krafizt þess, ef matsupphæðinni verður ekki breytt til hækkunar, er nemur 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

35. gr.

Seglfestu, sand og mól eða annað efni til byggingar, er bannað að taka á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar og landaeiganda. Beitutaka er bönnuð á

hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir heitu-tökuna.

36. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans stendur yfir óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

37. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

38. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 30 000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hofsóshrepps.

39. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hofsóskauptún, nr. 13 12. janúar 1950, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 190 5. nóvember 1963.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 8 krónur af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en 60 krónur. Auk þess greiða þau skip, sem stunda millilandasiglingar 90 aura af hverri nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum greiða 90 aura af hverri nettórúmllest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 150 aura af hverri nettórúmllest.

2. gr.

28. gr., stafliður A og B orðist þannig:

- A. Af öllum aðkomuskipunum greiðist 90 aurar af nettórúmllest fyrir fyrsta sólarhringinn og 60 aurar á nettórúmllest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, er fram yfir er.

B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, skulu greiða 8 krónur af hverri brúttó-rúmlest á ári.

3. gr.

29. grein reglugerðarinnar fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í sam-ræmi við það.

4. gr.

35. gr., sem verður 34. grein, orðist þannig:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur, alls konar óunnið járn, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, garðávextir, verkaður saltfiskur, freðfiskur, frosin síld, timbur, sem reiknað er eftir þyngd.
2. flokkur. Gjald 360 aurar fyrir hver 100 kg:
Fuel-olía, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, múrhúðunarefni, vikursteinar, vikurplötur, þakhellur, steinsteyptar vörur, eldavélar og tilheyrandi, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör, tólg, bárujárn, kjöt, gufuvélar, hreyflar, varahlutir til véla, tjara, asfalt, hvers konar landbúnaðarvélar, fræ, bifreiðar og varahlutir til þeirra, alls konar fiskumbúðir, tvistur, skreið.
3. flokkur. Gjald 450 aurar fyrir hver 100 kg:
Brennsluolíur (aðrar en fuel-olíur) og benzín.
4. flokkur. Gjald 500 aurar fyrir hver 100 kg:
Vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hrogn, strigapokar, útgerðarvörur, s. s. línur, önglar, net og nætur, kitti, gærur, garnir, gashylki, jurtafeti, smurningsolíur, ull, ullarballar, akkeri, blý, plötuviður, smjör, smjörliki, ostur, mjólk, rjómi, vír og vírnet.
5. flokkur. Gjald 750 aurar fyrir hver 100 kg:
Málning og efni til málningar, lakk, lím, gips, korkvörur, brauðvörur, kex, linoleum, pappír og pappírsvörur, bækur, olíufatnaður, skinn (hórð), svo og allar vörur ótaldar annars staðar.
6. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:
Veggfóður, hráefni til iðnaðar s. s. essensar, sýrur, brennisteinn o. þ. h., gúmmi og gúmmívörur, siglingatæki, s. s. áttavitar, dýptarmælar og hraðamælar, niðursuðuvörur, tin, zink, olíuofnar, verkfæri, s. s. smíðatól, rekur og hakar, emalleraðar vörur, leirvörur, algengar, smávélar s. s. prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur s. s. þvottaefni, sápur, sódi, gólf-, skó- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur algengar, eldhúsáhöld, járnkeðjur, meðalalýsi, kjöt-vörur s. s. pylsur.
7. flokkur. Gjald 135 aurar fyrir hver 10 kg:
Baðlyf, ljósefni s. s. vax, karbid o. þ. h., maccaroni, blikkvörur, bökunarvörur s. s. dropar og gerduft, vörur úr eir, messing, brons o. þ. h., barnavagnar, dívanar og efni í þá, leður og leðurvörur, lyfjavörur, ávextir þurrkaðir og nýir, öl- og gosdrykkir.
8. flokkur. Gjald 160 aurar fyrir hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, hátalarar, viðtækjaefni, eldspýtur, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jóla-

- tré, kerrur, hjólbörur, hverfisteinar, rúðugler, segldúkur, prentsverta, kvikmyndafilmur, efnagerðarvörur.
9. flokkur. Gjald 270 aurar fyrir hver 10 kg:
Smáhljóðfæri, tónvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, fatnaður, klukkur, mælar, sínavörur, súkkulaði, kakaóduft, leikföng, sýnishorn, o. þ. h., brýni, rafgeymar, skófatnaður (ekki gúmmí).
10. flokkur. Gjald 560 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spiritus, bólstrunarvörur, hárvötn, snyrtivörur, skartgripir, ilmvötn, dúnn, fiður.
11. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
12. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald 190 aurar fyrir hvert stykki:
Endursendir öl- og gosdrykkjakassar og aðrar tómar umbúðir.
14. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hverja tunnu:
Saltsild.
15. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg:
Sild, sem lögð er á land til bræðslu, söltunar eða frýstingar, nýr fiskur, ísvarinn og saltaður lagður á land úr fiskiskipum.
16. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:
Loðna og kolmunní, sem lögð eru á land til bræðslu eða frýstingar.
Fiskkaupandi eða verkandi afla er ábyrgur fyrir gjaldinu.
Minnsta gjald, sem reiknað er af sendingu, er 300 aurar.

5. gr.

36. gr. sem verður 35. grein, staflíður A, B og C, orðist þannig:

- A. Skip, sem um getur í 26. gr. A, skulu greiða 100 aura fyrir hverja brúttórúmllest á ári, þó ekki minna en 25 krónur árlega.
- B. Skip, sem um getur í 26. gr. B, skulu greiða 25 aura fyrir hverja nettórúmllest hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 100 krónur í hvert skipti. Innlend fiskiskip skulu þó ekki greiða ljósgjald oftast en tvisvar í mánuði.
- C. Skip, sem um getur í 26. gr. C, skulu greiða 45 aura fyrir hverja nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar, þó ekki yfir 180 krónur hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjald fyrir tollefirlit í tollvöruheymslum.

1. gr.

Fyrir vinnu við tollefirlit í tollvöruheymslu, ber geymsluhafa að greiða gjald til viðkomandi tollstjóra.

2. gr.

Tollstjóri ákveður, að höfðu samráði við geymsluhafa, hve marga tollgæzlumenn sé nauðsynlegt að hafa í tollvörugeymslu til að tryggja fullkomið eftirlit. Hann ákveður einnig starfstíma þeirra þar og af hvaða starfsgráðu gæzlumenn skuli vera.

3. gr.

Geymsluhafa ber að greiða gjald fyrir vinnu og veru tollgæzlumanna í tollvörugeymslunni þann tíma, sem hún er opin til afgreiðslu daglega, svo og fyrir þá aukavinnu, sem hann óskar eftir að unnin sé utan afgreiðslutíma eða nauðsynlegt er að framkvæmd sé utan afgreiðslutíma að dómi tollstjóra.

Gjaldið skal miða við kaup viðkomandi tollgæzlumanna, að viðbættu 20% álagi, og skal innt af hendi mánaðarlega eftir á.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47 frá 1960, um tollvörugeymslur o. fl., og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 195.

15. júlí 1968.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Egilsstaðahreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

Magnús Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 196.

11. júlí 1968.

SAMÞYKKT**um afgreiðslutíma verzlana í Ólafsfirði.**

1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra smásöluverzlunar í Ólafsfirði þ. m. t. starfsemi söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir, benzínsölur, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til þjónustu, er bifreiðaafgreiðslur veita atvinnubifreiðastjórum, né heldur til þeirrar þjónustu, er rakarastofur, hárgreiðslu-

stofur, ljósmyndastofur, viðgerðarverkstæði o. s. frv. láta í té, enda fari þessar stofnanir eigi út fyrir verksvið sitt.

Um vinnutíma og önnur starfskjör afgreiðslufólks fer eftir kjarasamningum og venjum.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn Ólafsfjarðar ágreiningsefnið að fengnum tillögum lögreglustjóra, en skjóta má úrskurði til ráðherra og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni. Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 09.00.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum, skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00, á föstudögum eigi síðar en kl. 19.00 síðdegis, enda heri þá daga ekki upp á helgi- og frídaga, sbr. 4. gr.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00 á hádegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlunir opnar til kl. 24.00 og síðasta laugard. fyrir jól til kl. 22.00 (eða annan dag skömmu fyrir jól).

Enn fremur er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00 og annan laugardag til kl. 18.00.

3. gr.

Fiskbúðir mega vera opnar kl. 08.00 til 18.00 virka daga nema laugardaga, en þá skal þeim lokað eigi síðar en kl. 12.00.

Einnig er heimilt að hafa verzlunir, sem hafa allar algengar matvörur á boðstólum svo og brauð- og mjólkurbúðir opnar kl. 10.00 til kl. 12.00 á dögum, er greinir í 4. gr. b-lið.

4. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um lokun sölustaða á helgidögum og hátíðisdögum.

- a. Jóladað, páskadað, hvítasunnudag og föstudaginn langa, 17. júní og nýársdag skulu allir sölustaðir lokaðir allan daginn.
- b. Aðra sunnudaga, skírdag, annan páskadað, sumardaginn fyrsta, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, verzlunarmannafrídaginn og annan jóladað skulu sölustaðir lokaðir allan daginn sbr. þó undantekningar ákvæði, 3. gr. og 5. gr. þessarar samþykktar.
- c. Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 9.00 til kl. 20.00 á tímabilinu 15. sept. til 14. maí. Á tímabilinu 15. maí til 14. sept. frá kl. 09.00 til 23.30 sbr. þó a-lið 4. gr.

Sölustaðir þeir, er um getur í 1. mgr. skulu utan hins almenna sölutíma aðskildir frá verzlun og birgðageymslu verzlunar. Má þá þjónusta fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop. Skulu kaupendur við slík op standa utanhúss og óheimilt er að hafa neins konar skýli í sambandi við söluop, sem börn og unglingar geta safnast saman í.

Um söluop skv. 2. mgr. skal heimilt að selja eftirtaldir vörur:

Dagblöð, tímarit, kort, frímerki, tóbaksvörur, eldspýtur, öl og gosdrykki, ís, sælgæti, nýja ávexti, heitar pylsur, niðursuðuvörur, ávaxtasafa, kaffi, te, kakaó, kex (innpakkað), harðfiskur (innp.), rakblöð, raksápu, handsápu, tannkrem, tannbursta,

greiður, bómull, dömubindi, skyndiplástur, WC-pappír, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, minjagripi, spil, kvensokka og vinnuveltinga.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum skal heimilt að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar að selja samkomugestum sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja þar sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt, sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, er í 2. gr. er nefndur, þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verzlun eða sölustað, þegar lokað er. Einnig er heimilt að afgreiða langferðamenn um nesti fyrir luktum dyrum. Enn fremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma: kol, salt, olíu, veiðarfæri og vistir til skipa.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ástæður til, m. a. þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greitt verði sérstakt gjald fyrir leyfi samkv. 5. gr. Ákveður bæjarstjórn þá gjald þetta til eins árs í senn, og einnig fyrir umferðasölu. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 5. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarráð svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað í tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febr. 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum Þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 72 frá 16. maí 1944 um lokun sölubúða í Ólafsfirði, ásamt síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1968.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Gunnlaugur Þórðarson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru þessir:

Auðkúluhreppur:

1. Mosdalsvegur, af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Hokinsdal.

Þingeyrarhreppur:

1. Hofsvegur, af Múlavegi að Hofi.
2. Kirkjubólsvegur, af Múlavegi að Kirkjubóli.
3. Bakkavegur, af Múlavegi um Bakka á Vestfjarðaveg hjá Brekku.
4. Sandavegur, af Svalvogavegi vestan Sandafells að Söndum.
5. Flugvallarvegur, frá Svalvogavegi að flugvelli á Sandasandi.
6. Sandafellsvegur, frá Vestfjarðavegi á Brekkuhálsi á Sandafell.
7. Hólavegur, af Svalvogavegi að Hólum.
8. Arnarnúpsvegur, af Svalvogavegi að Arnarnúpi.

Mýrahreppur:

1. Hjarðardalsvegur, af Vestfjarðavegi að Fremri-Hjarðardal.
2. Klukkulandsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Klukkulandi.
3. Lækjarvegur, af Ingjaldssandsvegi að Læk.
4. Fellsvegur af Ingjaldssandsvegi að Felli.
5. Arnarnesvegur, af Ingjaldssandsvegi að Arnarnesi.
6. Brekkuvegur, af Ingjaldssandsvegi að Brekku.
7. Hraunvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hrauni.
8. Hálsvegur, af Ingjaldssandsvegi að Hálsi.
9. Ingjaldssandsvegur, fyrir Hrafnaskálanúp á Valþjófsdalsveg.

Mosvallahreppur:

1. Traðarvegur, af Vestfjarðavegi hjá brú á Bjarnardalsá að Tröð.
2. Hólsvegur, af Öundurfarðarvegi að Hóli.
3. Vaðlavegur, af Valþjófsdalsvegi að Vöðlum.
4. Bryggjuvegur, af Valþjófsdalsvegi að hafskipabryggju.
5. Þórustaðavegur, af Valþjófsdalsvegi að Þórustöðum.
6. Hjarðardalsvegur, af Valþjófsdalsvegi að Hjarðardölum.
7. Tunguvegur, frá Valþjófsdalsvegi hjá Tungu að Dalssjó.

Flateyrarhreppur:

1. Eyrarhjallavegur, frá Flaeyri að Búðareyri.
2. Breiðadalsvegur, af Flateyrarvegi að Fremri-Breiðadal.

Suðureyrarhreppur:

1. Vatnadalsvegur, af Súgandafjarðarvegi að Vatnadal.
2. Selárdalsvegur, af Súgandafjarðarvegi hjá Botni, um Gilsbrekku að Selárdal.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög af slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 237 6. október 1964.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt skv. 19. gr. vegalaga nr. 71 30. des. 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. júlí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Snæfjallahreppur:

1. Snæfjallavegur frá Snæfjallastrandarvegi hjá Sandeyri að Snæfjöllum.
2. Bryggjuvegur frá Snæfjallastrandarvegi að Bæjabryggju.

Nauteyrarhreppur:

1. Skjaldfannarvegur, frá Snæfjallastrandarvegi hjá Ármúla að Skjaldfönn.

2. Laugalandsvegur, frá Snæfjallastrandarvegi utan við Melgraseyri að Hraundalsá, gegnt Laugalandsseli.
3. Bakkavegur, frá Snæfjallastrandarvegi hjá Langadalsárbrú neðri að Fremri-bakka.
4. Tunguvegur, frá Snæfjallastrandarvegi hjá Hvammadalsárbrú að Tungu í Dalsmynni.

Reykjarfjarðarhreppur:

1. Miðhúsavegur, frá Þúfnavegi um Miðhús að Hvammismýrum.
2. Heydalsvegur, frá Djúpvegi að Galtahrygg og Heydal.

Ögurhreppur:

1. Laugardalsvegur, frá Laugardalsvegi (landsbr.) hjá Hafnabjörgum að Birnu-stöðum og Laugabóli.
2. Blámýrarvegur, frá Djúpvegi að Blámýri.

Súðavíkurhreppur:

1. Minni-Hattardalsvegur, frá Djúpvegi að Minni-Hattardal.
2. Meiri-Hattardalsvegur, frá Djúpvegi að Meiri-Hattardal.

Eyrarhreppur:

1. Hnífsdalsvegur, frá Bolungarvíkurvegi að Fremri-Hnífsdal.
2. Bakkavegur, frá Hnífsdalsvegi að Bakka.
3. Hraunsvegur, frá Bolungarvíkurvegi hjá Heimabæ að Hrauni.
4. Arnardalsvegur, frá Djúpvegi að Fremri-Arnardal.

Hólshreppur:

1. Skálavíkurvegur, frá Bolungarvík að Minnibakka í Skálavík.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 195 10. nóv. 1960, 232 6. október 1964.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. júlí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kennslutækjasjóð Iðnskóla Akureyrar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Kennslutækjasjóð Iðnskóla Akureyrar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Kennslutækjasjóður Iðnskóla Akureyrar, og eru stofnendur hans 10 ára nemendur I. A. 1961.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla fjár til kaupa á hagnýtum kennslu- og fræðslutækjum fyrir Iðnskóla Akureyrar.

3. gr.

Sjóðurinn veiti, á ókomnum árum, mótöku öllum fjárframlögum og samskotum þeirra, er áhuga hefðu á að efla tækni við kennslu í hinum ýmsu iðngreinum, --- og sýna þar með vilja til framgangs og möguleika á aukinni menntun iðnaðarmanna, svo og hlýhug í garð Iðnskóla Akureyrar.

4. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum, fyrr en höfuðstóll hans er orðinn fullar 20 þús. króna. — Þó skal aldrei veita meira fé en svo, að höfuðstóll nái 5 þús. króna, ásamt ársvöxtum af þeirri upphæð.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti 3 menn: Skólastjóri, ásamt einum kosnum af skólanefnd, og einum, kosnum af hópi stofnenda sjóðsins. Stjórnarkosning skal fram fara á fjögurra ára fresti.

Stjórn sjóðsins annast bókhald hans og ávaxtar fé hans, enda hafi hún fulla ábyrgð á sjóðnum fyrir hönd Iðnskóla Akureyrar.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef nauðsynlegt þykir, á sameiginlegum fundi skólanefndar og sjóðsstjórnar, og ráði einfaldur meiri hluti atkvæða.

7. gr.

Skipulagsskráin öðlast gildi 24. apríl 1961.

Nöfn sjóðstofnenda:

Blængur Grímsson, húsasmiður, Sigurður Bárðarson, bifvélavirki, Ingólfur Ólafsson, klæðskeri, Kristján Árnason, rennismiður, Ásta G. Kröyer, hárgreiðslumær, Margrét Albertsdóttir, gull- og silfursmiður, Ingvi R. Jóhannsson, rafvirkjameistari, Jón A. Jóhannsson, járnsmiður, Svavar Ottesen, prentari, Skúli H. Flosason, málari, Kári B. Jónsson, prentari, Svavar Jóhannesson, húsgagnasmiður, Einar Valmundsson, húsgagnasmiður, Jón Kr. Vilhjálmsson, rafvirki, Guðmundur Valdemarsson, húsasmiður, Gunnlaugur B. Sveinsson, vélvirki, Gunnlaugur Jóhannsson, rafvélavirki, Eggert Ó. Jónsson, rafvirki, Sigurður B. Jónsson, bakari, Helgi Jóhannesson bólstrari, Jón Þ. Haraldsson, vélvirki, Stefán Stefánsson, rennismiður, Guðmundur Stefánsson, bakari, Guðbrandur Sigurgeirsson, húsgagnasmiður, Hörður Jörundsson, málari, Gunnar D. Júlíusson, málari, Guðlaugur Þórhallsson, húsasmiður, Guðjón H. Danielsson, húsasmiður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Poul La Cour prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Poul La Cour, prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Poul La Cour, prófessors, og er stofnaður af Indriða Helgasyni, rafvirkjameistara, Akureyri, í tilefni af 100 ára afmæli Askov-lyðháskóla 16. nóvember 1965.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna nemendur í rafvirkjun og rafvélavirkjun við Iðnskólann á Akureyri fyrir góða frammistöðu í rafmagnsfræði, eigi síður í verklegu en bóklegu, og komi til umsögn meistara og kennara í rafmagnsfræði. Verðlaunin skulu veitt við brautskráningu úr skólanum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur kr. 30 000.00, en sjóðurinn veitir þó viðtöku á ókomnum árum fjárframlögum þeirra, sem hann kynnu að vilja efla til framgangs iðnmenntunar og af hlýhug í garð Iðnskóla Akureyrar.

4. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum nema þriðja hvert ár og þá í hæsta lagi sem svarar eins árs vöxtum sjóðsins. Annað vaxtafé skal leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti þrír menn: Skólastjóri Iðnskólans, rafveitustjórinn á Akureyri og formaður Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

Stjórn sjóðsins annast bókhald hans og ávaxtar fé hans og tryggir það fyrir rýrnun, svo sem hún telur hagkvæmast á hverjum tíma.

6. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár um styrkveitingar úr sjóðnum má stjórnin breyta, ef nauðsynlegt þykir, en þó því aðeins, að allir stjórnarmeðlimirnir séu því samþykki.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 16. nóvember 1965.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

Rafveita Patrekshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Tafla 1.

1. Lýsing og vélanotkun.

Tölu- liðir	Orku- gj. kr. kwst.	Fastagjöld kr.		Skýringar og önnur ákvæði
		á mán.	á ári	
111	6.65	23.75		
112	3.35	33.25	a) 22.80 b) 11.40	a) Verzlanir, vinnust., skrifst. o. þ. h. b. Gangar, geymslur. o. þ. h., þar sem lýsing er.
113	0.50	142.50	á m ² Afl.gj. 1805.00 á kw.	Takmörkuð notkun í allt að 2. klst. á dag. Fastagjald 112/a og b. Afl miðast við 15 mín. meðalálág.

2. Almenn heimilisnotkun, með eða án botnskrúfutaxta.

Tölu- liðir	Orku- gj. kr. kwst.	Fastagjöld kr.		Skýringar og önnur ákvæði
		á mán.	á ári	
121	1.70	24.00	Tafla 2	Fastagjald 112/a og b×2, ef um einhvern atvinnurekstur er að ræða.
122	0.35		Tafla 3	
123	0.50		Tafla 3 . /. 50%	Með sérstöku leyfi rafveitustjórnar hverju sinni.

3. Hitun.

Tölu- liðir	Orku- gj. kr. kwst.	Fastagjöld kr.		Skýringar og önnur ákvæði
		á mán.	á ári	
131	0.95	33.25		Með sérstöku leyfi rafveitustjórnar. Rofi á mestu álagstímum sem hér segir:
132	0.50	33.25		131 í allt að 1 klst. á dag.
133	0.30	33.25		132 í allt að 3 klst. á dag. 133 í allt að 14 klst. á dag.

4. Útilýsing.

Tölu- liðir	Orku- gj. kr. kwst.	Fastagjöld kr.		Skýringar og önnur ákvæði
		á mán.	á ári	
141	2.15	33.25		Götu- og hafnarlýsing.

Tafla 2.

Töluliðir	211	212	213	214
Íbúðarherbergi m ²	< 5	2—25	> 25	Böð, gangar og geymslur ekki talin með.
Fast gjald á herbergi	kr. 114.00	228.00	456.00	

Tafla 3, botnskrúfugjald.

Töluliðir	311	312	313	314	315
Amperstærð 3×220 V. .	16	20	25	35	stærri en 35
Fast gjald á ári	kr. 5 700.00	8 550.00	11 400.00	17 100.00	1140.00 kw.
Einfasa 220	volt, 50 amp. kosta kr. 11 400.00				
við 1×220	volt, reiknast fastagjöld 311—314 sinnum 0.6				
við 2×220	volt, reiknast fastagjöld 311—414 sinnum 1.2				
við 3×380	volt, reiknast fastagjöld 311—314 sinnum 1.8				

Gjöld fyrir raforku til kirkjuhitunar er kr. 0.40 hvert kwst.

Ýmis ákvæði.

1. Leiga mælitækja og annarra tækja er innifalin í fastagjöldum.
2. Vinnulagnir falla undir 1/112 að frádregnum fastagjöldum á ári.
3. Rafveitan annast rekstur og viðhald götulýsingar.
4. Afgjald 1/113 miðast við meðaltal fjögurra hæstu álestra, sem fara fram með jöfnustu millibili mánaðarlega.

Þar sem afl er ekki mælt sérstaklega, reiknast það út frá ástimpluðu afli tækja. Hestaflið reiknast 0.9 kw. Lágmark 4 kw.

Minnsta árgjald skal vera kr. 600.00 á kw. véla, ef uppsett afl er yfir 1.5 kw., þegar keypt er eftir gjaldskrárl. 1/112.

5. Alla raforku til sjúkrahúsa, skóla, veitingarhúsa og slíkra staða, má selja eftir gjaldskrárlið 1/113, eða á kr. 1.75 á kwst. til fasttengdra tækja og ljósanotkun eftir gjaldskrárliðum 1/111 eða 1/112.
6. Um notkun og greiðslur vegna einstakra tækja, sem tengd eru við bæjarkerfið um stundarsakir, skal samið hverju sinni.
7. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjórn heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi.
8. Ef fasviksstöðull hjá notenda verður lægri en 0.8, ber honum að bæta þar úr á sinn kostnað, ef þess er krafizt.
9. 7.5% söluskattur er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Heimtaugargjöld.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málsstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa	6 000.00	380.00
100 A 1-fasa	7 500.00	415.00
60 A 2-fasa	8 500.00	420.00
100 A 2-fasa	11 500.00	450.00
60 A 3-fasa	12 000.00	450.00
100 A 3-fasa	20 000.00	500.00
125 A 3-fasa	25 000.00	550.00
200 A 3-fasa	40 000.00	700.00
350 A 3-fasa	67 000.00	970.00

Lengd jarðlínuheimtaugar reiknist 15 m og loftlínuheimtaugar 40 m.

Fyrir heimtaugar með flutningsgetu 150 kVA, skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 290.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 350, 430, 500 og 600. Yfirlengdargjald 350 amp. samkv. töflu. Lengd heimtaugar reiknast frá varakassa

eða stofnvari hjá notenda. Greiðsla fyrir loftlínuheimtaug skal vera 20% lægri og þegar loftlínu er breytt í jarðlínu greiðist sá mismunur. Þegar byggja þarf spennistöð vegna notenda, leggur hann til lóð eða húsnæði undir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Helmingur heimtaugargjaldsins greiðist þegar sótt er um heimtaug, og afgangurinn þegar lagningu er lokið.

Opnunargjöld og óleyfileg vör.

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd fyrir tilskilinn tíma, sem um getur í reglugerð fyrir Rafveitu Patrekshrepps og tilgreind er á tilkynningum rafveitunnar, skal taka kr. 200.00 fyrir endurofnun veitu, ef til lokunar hefur komið vegna vanskila eða annarra ástæðna. Endurofnun veitu má ekki framkvæma, fyrr en áfallin gjöld hafa verið greidd, eða samið um greiðslu.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör, eða of stór, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimild til hækkunar.

Gjaldskrá þessa má hækka með samþykki hreppsnefndar, allt að 20% án samþykkis ráðuneytis, enda skal sú hækkun auglýst í Lögbirtingablaðinu með nægum fyrirvara.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Rafveitu Patrekshrepps hefur samið og hreppsnefnd Patrekshrepps samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps, nr. 265/1964.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júní 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 202.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga 1967.

Gjöld:

I. Hlutdeild í sameiginlegum skrifstofukostnaði:		
1. Laun og lífeyrissjóðsiðgjöld	kr. 353 959.14	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	— 121 517.16	
3. Pappír, prentun, ritföng, sími	— 56 592.40	
4. Ýmis útgjöld	— 27 898.42	kr. 559 967.12
II. Stjórnarlausn 1966 og 1967	—	165 000.00
III. Önnur laun	—	20 000.00
IV. Stimpilgjöld og lántökugjald	—	62 000.00
V. Vaxtagjöld	—	18 624.00
VI. Annar kostnaður	—	10 650.00
VII. Hagnaður	—	19 391 907.83

Kr. 20 228 148.95

T e k j u r :

I. Vextir	kr.	487 648.95
II. Lántökugjöld	—	240 500.00
III. Óafturkræf framlög:		
a) Frá ríkissjóði	kr.	4 500 000.00
b) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	—	15 000 000.00
		<hr/>
		19 500 000.00
		<hr/>
	Kr.	20 228 148.95

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.

I. Sjóður	kr.	7 840.00
I. Sjóður	kr.	7 274.25
II. Hlaupareikningsinnstæða	—	83 076.85
III. Áhöld og bækur	—	37 427.40
IV. Útistandandi, ógjaldfallnir vextir	—	378 930.00
V. Skuldabréf frá sveitarfélögum	—	24 050 000.00
		<hr/>
	Kr.	24 557 274.25

S k u l d i r :

I. Framkvæmdasjóður Íslands	kr.	5 000 000.00
II. Aðrir lánadrottnar	—	146 742.42
III. Vextir af teknu láni pr. 31. des.	—	18 624.00
IV. Höfuðstóll	—	19 391 907.83
		<hr/>
	Kr.	24 557 274.25

Reykjavík, 15. febrúar 1968.

Magnús E. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.

Reikningurinn endurskoðaður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 30. marz 1968.

Sigurður S. Haukdal.

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967, fyrir Lánasjóð sveitarfélaga, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt einstaka liði ársreikninganna á þann hátt, sem ég álit fullnægjandi, og tel þá sýna skýra og rétta mynd af rekstri sjóðsins árið 1967 og efnahag hans í árslok.

Varðandi hlutdeild í sameiginlegum skrifstofukostnaði vísast til bréfs míns til stjórnar sjóðsins dags. í dag.

Reykjavík, 30. marz 1968.

Atli Hauksson.

REIKNINGUR**Minningsjóðs Kristínar V. Jakobsen 1967.****Tekjur:**

1. Yfirfært frá fyrra ári:			
a.	Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 20 983.34
b.	— — 571	— 14 901.69
			<hr/>
			kr. 35 885.03
a.	Af Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 1 993.42
b.	— — 571	— 1 384.40
			<hr/>
			— 3 377.82
			<hr/>
			Kr. 39 262.85

Gjöld:

1. Yfirfært til næsta árs:			
a.	Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 21 648.76
b.	— — 571	— 17 614.09
			<hr/>
			kr. 39 262.85
			<hr/>
			Kr. 39 262.85

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Minningsjóð Kristínar V. Jakobsen, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt, að bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 10. maí 1968.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

Nr. 204.

REIKNINGUR**Jólaglaðnings- og hjálparsjóðs Gunnlaugs Bjarna 1967.****Tekjur:**

1. Yfirfært frá fyrra ári:			
a.	Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr. 146 304.29
a.	Skuldabréf byggingarsjóðs prentara	— 35 000.00
			<hr/>
			kr. 181 304.29
2. Gjafir o. fl.:			
a.	Gjafir	kr. 20 246.05
b.	Vextir af söfnunarsjóðsbók	— 14 725.07
c.	Vextir af skuldabréfum	— 2 450.00
			<hr/>
			— 37 421.12
			<hr/>
			Kr. 218 725.41

Gjöld :

1. Yfirfært til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr. 188 725.41	
b. 7% skuldabréf byggingasamvinnufél. prentara nr. 385, 384, 380, 379, 378, 377	— 30 000.00	
		kr. 218 725.41
		<u>Kr. 218 725.41</u>

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Jólagaðnings- og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt, að bankainnstæður og verðbréf eru fyrir hendi.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,
löggtur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

Nr. 205.

REIKNINGUR

Barnahjálparsjóðs Hringisins 1967.

Tekjur :

1. Yfirfært frá fyrra ári	kr. 556 407.13
2. Yfirfært frá Barnaspítalasjóð Hringisins	— 1 503 923.66
3. Ýmsar tekjur:	
a. Kaffisala og basar	kr. 221 228.25
Vörur og kostnaður	— 80 250.45
	— 140 977.80
b. Seld merki	— 334 962.38
c. Söfnun í sparibauka í flugvélum	— 22 944.82
d. Áheit og gjafir:	
Minningargjöf um Guðrúnu og Guðjón Guðmundsson	kr. 15 000.00
Minningargjöf frá Nönnu Olgeirsson um foreldra hennar	— 20 000.00
Gjöf frá Guðr. Sigurbj.	— 1 000.00
Gjafakort C. Proppe	— 300.00
Áheit frá N. N.	— 1 000.00
Minningargj. um M. M. Héðinsson	— 300.00
Heillaóskakort Þ. H. og A. P.	— 500.00
Áheit	— 1 500.00
	— 39 600.00
e. Arfur eftir Elísabet Jóhannsdóttur	— 125 000.00
f. Vextir:	
Landsbanki Íslands, bók nr. 25087	kr. 6 341.93
Landsbanki Íslands, bók nr. 1449	— 53 122.89
	— 59 464.82
	<u>Kr. 2 783 280.61</u>

G j ö l d :

1. Yfirfært til næsta árs:		
a. Landsbanki Íslands, bók nr. 25087	kr.	96 768.68
b. — — — — 7394	—	1 385 221.51
c. — — — — 1449	—	1 180 058.35
d. — — ávísundarbók nr. 5450	—	31 243.87
e. Skuldabréf vegna Rauðarársst.	—	66 000.00
f. Birgðir af bazarvörum	—	5 000.00
g. Plastblóm vegna merkjasölu	—	19 988.20
		<hr/>
		kr. 2 783 280.61
		<hr/>
		Kr. 2 783 280.61

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967 hef ég endurskoðað, og ekkert fundið athugavert.

Ég hef sannreynt bankainnstæður.

Reykjavík, 17. maí 1968.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

Nr. 206.

REIKNINGUR

Barnaspítalasjóðs Hringins 1967.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1967.

T e k j u r :

1. Áheit og gjafir:		
a. Áheit, Jóhann G. Sveinsson	kr.	2 500.00
b. Minningargjöf	—	1 200.00
c. — Magnús Héðinss.	—	300.00
e. Áheit frá Hönnu Kristjánsdóttir	—	1 000.00
		<hr/>
		kr. 5 000.00
2. Seld minningarkort:		
a. Sigr. Backmann	kr.	3 680.00
b. Vesturbæjar-Apótek	—	5 005.00
c. Holtsapótek	—	6 530.00
d. Þorsteinsbúð	—	34 000.00
e. Vilhelm Norðfjörð	—	138 773.00
		<hr/>
		— 187 988.00
3. Arður frá Eimskipafélagi Íslands	—	100.00
4. Vextir:		
a. Af skuldabréfi Ólu Þorleifsdóttur	kr.	4 120.00
b. — Landsbankaávísunarbók nr. 5450	—	1 679.52
c. — Landsbankabók nr. 7394	—	94 387.25

d. Af Landsbankabók nr. 1977	kr. 9 823.01	
e. — skuldabr. Guðm. Þórðars.	— 32 500.00	
		kr. 142 509.78
5. Arfur, Egill Vilhjálmsson		— 25 000.00
		<hr/>
		Kr. 360 597.78

G j ö l d :

1. Ýmis kostnaður:		
a. Endurskoðun og ársuppgjör	kr. 6 200.00	
b. Prentun og fjölrítun	— 4 129.00	
c. Auglýsingar	— 11 521.00	
d. Ferðastyrkir	— 20 000.00	
e. Ýmislegt	— 512.50	
		kr. 42 362.50
2. Nettó tekjur		— 318 235.28
		<hr/>
		Kr. 360 597.78

Efnahagsreikningur fyrir árið 1967.

E i g n i r :

1. Verðbréf:		
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr. 500.00	
b. Skuldabr. vegna Óðinsg. 30	— 300 000.00	
c. Skuldabr. vegna Ólu Þorleifsd.	— 49 000.00	
		kr. 349 500.00
2. Bankainnstæður:		
Landsbankabók nr. 1977		— 436 283.01
		<hr/>
		Kr. 785 783.01

S k u l d i r :

1. Höfuðstólsreikningur:		
a. Hrein eign skv. efnahagsreikningi 1966	kr. 1 984 430.14	
b. Tekjuafgangur skv. rekstrarreikningi	— 318 235.28	
c. Frá áhaldasjóði	— 106 000.00	
		<hr/>
		Kr. 2 408 665.42
d. Frá dregst:		
1. Yfirf. til Barnahjálpar- sjóðs Hringsins	kr. 1 503 923.66	
2. Ráðstafað til Barna- spítalans	— 118 958.75	
		<hr/>
		— 1 662 882.41
		<hr/>
		Kr. 785 783.01

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 1967 hefur ég endurskoðað, og ekkert fundið athugavert.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 17. maí 1968.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,

löggiltur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Frjálslynda safnaðarins 1967.

Tekjur :

1. Yfirlært frá fyrra ári:			
a.	Skuldabr. Siglufjarðarkaupst.	kr.	3 000.00
b.	— Skuldabr. byggingarsjóðs verkamanna	—	10 000.00
c.	Útvegsbankabók nr. 13223	—	104 498.55
d.	— — 17341	—	69 038.77
e.	— — — 11120	—	27 069.44
			<hr/>
			kr. 213 606.76
2. Vextir:			
a.	Af skuldabr. Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	120.00
b.	— — Byggingarsjóðs verkamanna	—	400.00
c.	— Útvegsbankabók nr. 11120	—	2 573.00
d.	— — — 17341	—	7 611.00
e.	— — — 13223	—	11 555.00
			<hr/>
			— 22 259.00
			<hr/>
			Kr. 235 865.76

Gjöld :

1. Yfirlært til næsta árs:			
a.	Skuldabr.l. Siglufjarðarkaupstaðar	kr.	2 000.00
b.	— Byggingarsjóðs verkamanna	—	10 000.00
c.	Útvegsbankabók nr. 111141	—	193 865.76
d.	— — — 46945	—	30 000.00
			<hr/>
			kr. 235 865.76
			<hr/>
			Kr. 235 865.76

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning, fyrir Minningarsjóð Frjálslynda safnaðarins, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að verðbréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 20. maí 1968.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðfinnu Einarsdóttur 1967.

Tekjur :

1. Yfirfært frá fyrra ári:			
a. Sogsvirkjunarbréf	kr.	15 600.00	
b. Landsbankabók nr. 5675	—	97 558.40	
			kr. 113 158.40
2. Vextir:			
a. Af Sogsvirkjunarbréfi	kr.	1 236.00	
b. — Landsbankabók nr. 5675	—	8 600.94	
			— 9 836.94
			Kr. 122 995.34

Gjöld :

1. Leikföng til Barnaspítala Hringsins	kr.	39 139.00	
2. Yfirfært til næsta árs:			
a. Sogsvirkjunarbréf	kr.	15 600.00	
b. Landsbankabók nr. 5675	—	67 020.34	
c. Óinnh. vextir af Sogsvirkjunarbr.	—	1 236.00	
			— 83 856.34
			Kr. 122 995.34

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning, fyrir Minningarsjóð Guðfinnu Einarsdóttur, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að verðbréf og bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 22. maí 1968.

Pr. Ragnar Á. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

Eyjólfur Sverrisson.

Nr. 209.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda, árið 1967,

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 459):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	49 815.44	
b. Bankainnstæða	—	13 366.15	
			kr. 63 181.59
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	4 093.27	
b. — bankainnstæðu	—	1 165.16	
			— 5 258.43
			Kr. 68 440.02

Gjöld :

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 50 225.71	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 18 214.31	
		kr. 68 440.02
		<hr/>
		Kr. 68 440.02

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfura við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

Nr. 210.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda, árið 1967.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1967 B, bls. 459):		
a. Innritunarskírteini	kr. 8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 45 247.21	
c. Bankainnstæða	— 21 672.27	
		kr. 75 519.48
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini	kr. 2 298.62	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 3 352.29	
c. — bankainnstæðu	— 1 875.69	
		— 7 526.60
		<hr/>
		Kr. 83 046.08

Gjöld :

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr. 8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 45 989.50	
c. Bankainnstæða	— 28 456.58	
		kr. 83 046.08
		<hr/>
		Kr. 83 046.08

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes, árið 1967.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 460):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 16 341.63
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1 552.45
	<hr/>
	Kr. 17 894.08

Gjöld :

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 1 397.00
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða	— 16 497.08
	<hr/>
	Kr. 17 894.08

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.***Gunnl. E. Briem.**

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

Nr. 212.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds, árið 1967.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 461)	kr. 17 141.66
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 1 673.88
3. Vextir árið 1967 af aðalsjóðnum	— 1 628.46
4. Vextir árið 1967 af sparisjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	— 117.04
	<hr/>
	Kr. 20 561.04

Gjöld :

Í sjóði til næsta árs:

1. Í Söfnunarsjóði	kr. 18 770.12
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfjótsvatnaskirkjugarðs	— 470.93
b. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs	— 462.76

c. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi	kr.	438.13
d. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	—	419.10

 Kr. 20 561.04

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

Nr. 213.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Giga's, árið 1967.

Tekjur :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 463): Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	55 964.56
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	5 316.63

 Kr. 61 281.19

Gjöld :

1. Sjóður til næsta árs: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	61 281.19
--	-----	-----------

 Kr. 61 281.19

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning, árið 1967.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 461):		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 25 956.45	
b. Í Landsbankanum	— 13 359.50	
	<hr/>	kr. 39 315.95
2. Vextir:		
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 2 465.86	
b. — bankainnstæðu	— 913.08	
	<hr/>	— 3 378.94
		<hr/>
		Kr. 42 694.89

G j ö l d :

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 26 779.31	
b. Í Landsbankanum	— 15 915.58	
	<hr/>	kr. 42 694.89
		<hr/>
		Kr. 42 694.89

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

Nr. 215.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1967.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1967 B, bls. 462):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 69 240.22	
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 6 577.82	
	<hr/>	kr. 75 818.04

G j ö l d :

1. Sjóður til næsta árs:

Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 75 818.04
--------------------------------	---------------

 Kr. 75 818.04

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. júní 1968.

Gunnl. E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 9. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

Nr. 216.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubóttasjóðs Páls Jónssonar, árið 1967.

T e k j u r :

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1967 B, 113, bls. 196):

a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 118 863.40
b. Innstæða í Landsbankanum	— 191.11

 kr. 119 054.51

2. Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 11 292.02
b. — Landsbankainnstæðu	— 13.37

 — 11 305.39

 Kr. 130 359.90

G j ö l d :

1. Sjóður til næsta árs:

a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 130 155.42
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 204.48

 kr. 130 359.90

 Kr. 130 359.90

Í samgöngumálaráðuneytinu, 19. júní 1968.

Brynjólfur Ingólfsson.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 8. júlí 1968.

Jón Sigurðsson. Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 170 4. des. 1967 um laun ríkisstarfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms 21. júní 1968.

1. gr.

Við gildistöku dóms þessa skal sú verðlagsuppbót (19.16%), sem greidd er samkvæmt lögum nr. 70/1967, lögð við grunnlaun, sem verðlagsuppbót hefur verið greidd á, og telst hvort tveggja grunnlaun, er verðlagsuppbót skal greidd á samkvæmt ákvæðum dóms þessa.

2. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt dómi þessum greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en kr. 10 000.00 á mánuði. Á þann hluta dagvinnulauna, sem er umfram þessi mörk, skal eigi greidd verðlagsuppbót.

Á grunnlaun, er nema allt að kr. 16 000.00 á mánuði, skal greiða sömu verðlagsuppbót og á 10 000.00 króna grunnlaun, en verðlagsuppbót þessi skal síðan fara lækkandi á hverju grunnlaunastigi fyrir ofan 16 000.00 kr., og skal lækkunin á hverju launastigi nema ½% af viðkomandi grunnlaunum. Þetta skal þó aldrei valda því, að verðlagsuppbót á grunnlaun milli kr. 16 000.00 og kr. 17 000.00 á mánuði verði lægri en helmingur þess fjár, sem er á 10 000.00 króna grunnlaun.

Verðlagsuppbót á eftirvinnu skal greidd með sömu krónutölu og greidd er á dagvinnutaxta (sbr. 8. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóv. 1967). Á nætur- og helgidagavinnu skal einnig greidd verðlagsuppbót með sömu krónutölu og er á dagvinnutaxta, en þó eigi fyrr en frá og með 1. júní 1968.

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Grunnupphæðir mánaðarlauna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækkar hlutfallstala hámark þeirra mánaðarlauna, sem verðlagsuppbót er greidd á, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Frá gildistöku dóms þessa, sbr. 6. gr., og til mailoka 1968 skal greiða 3% verðlagsuppbót á grunnlaun, í samræmi við ákvæði 2. greinar.

4. gr.

Hinn 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968, 1. febrúar 1969 og framvegis á þessum tímum, reiknar Kauplagnsnefnd þá hækkun, sem hlutfallslega hefur orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík síðan 1. nóvember 1967. Frá vísitölunni eins og hún er hverju sinni samkvæmt þessum útreikningi nefndarinnar, dregur hún 2.34 prósentustig, og fæst þá hundradshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mánaðar á eftir, í samræmi við ákvæði 2. gr. Verðlagsuppbótin reiknast með tveimur aukastöfum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda um þá verðlagsuppbót, er skal koma til framkvæmda 1. júní og 1. september 1968, að öðru leyti en því, að verðlagsuppbót, sem svarar ⅓ hækkunar framfærslukostnaðar frá 1. febrúar til 1. maí 1968, skal ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. desember 1968.

5. gr.

Þá er Kauplagnsnefnd reiknar hækkun framfærslukostnaðar samkvæmt 4. gr., skal hún eigi taka tillit til þeirrar hækkunar hans, sem stafar af verðhækkun á bú-

vörum — þeirrar, er leiðir af hækkun á kaupi bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli, vegna ákvæða samnings Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda frá 18. marz 1968.

6. gr .

Dómur þessi gildir frá 1. apríl 1968 og til sama tíma og dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1968.

REGLUR**um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.**

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verður endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir	750 lítrar á ári

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.

Ef vísvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa horizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 71 30. des. 1963 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 30. des. 1958.

Endurgreiðslan á árinu 1968 vegna notkunar árið 1967 skal fara eftir ákvæðum þessara reglna.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1967.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1968, er miðast við legudagafjölda 1967.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,

Sjúkrahús Ísafjarðar,
Sjúkrahús Neskaupstaðar,
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks,
Sjúkrahús Siglufjarðar,
Sjúkrahús Árnesinga.
Sjúkrahús Vestmannaeyja.

Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík,
Sjúkrahús Patreksfjarðar,
Sjúkrahús Hvammstanga,
Sjúkrahús Blönduóss,
Sjúkrahús Húsavíkur,
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,
Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkraskýli Þingeyrar,
Sjúkraskýli Flateyrar,
Sjúkraskýli Bolungarvíkur,
Sjúkraskýli Hólmavíkur,
Sjúkraskýli Vopnafjarðar,
Sjúkraskýli Egilsstaða.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1968, sbr. 104-213-02, er styrkupp hæðin kr. 12 420 000.00 og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur B	kr. 60.00
II. flokkur A	— 47.00
II. flokkur B	— 40.00
III. flokkur A	— 33.00
III. flokkur B	— 27.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1967 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúslögum nr. 54 10. júlí 1964 öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum í framhaldsflutningi.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í l. tl. 3. gr. tollskrárlaga, nr. 63 31. maí 1968, til þess að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað í framhaldsflutningi (Transit), án þess að til komi leyfi ráðuneytisins hverju sinni. Tollyfirvöldum ber að fylgjast með, að viðkomandi vara sé flutt beint úr afgreiðslu farmflytjenda í farartæki það, sem flytja á vöruna úr landi.

Innflytjendur, sem óska eftir framhaldsflutningi á vörum, skulu snúa sér beint til tollstjóra í viðkomandi tollumdæmi með beiðni þar að lútandi. Innflytjanda ber að greiða tollyfirvöldum þann kostnað, sem tollgæzlan kann að hafa af eftirliti með flutningi vörunnar.

Þetta tilkynnist öllum, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

26. júlí 1968.

Nr. 221.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 37 22. febrúar 1968 um breytingu á reglugerð, um bann við veiði smásildar, nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna "Á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst 1968 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði" í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi orðin:

Á tímabilinu frá 1. marz til 1. september 1968 eru sildveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 26. júlí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

30. júlí 1968.

Nr. 222.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í Skógalóni inn af Nýpsfirði.

Samkvæmt 6. lið 14. gr. laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net í Skógalóni inn af Nýpsfirði í Norður-Múlasýslu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Bannsvæðið takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin úr Kolbeinstanga í Straumseyrartanga, þar sem sundið er mjóst.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkv. lögum nr. 53/1957. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarmálaráðuneytið, 30. júlí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um löggiltan pappír fyrir stefnur í áskorunarmálum.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 49 1. maí 1968, um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, löggildist hér með léreftspappír, 85 grömm að þyngd, í stærðinni A 4 (einfaldur og tvöfaldur), til notkunar við ritun stefna í málum samkvæmt nefndum lögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi nr. 3 11. janúar 1967.

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar þar sem taldar eru upp vörur, sem háðar eru innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, bætist:

Tollskrá

Kafli Nr.

Vörutegund

21.07.09 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma og mjólkurís.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um ráðstafanir vegna flutnings saltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

1. gr.

Síldarútvegsnefnd hefur á hendi framkvæmd á flutningi saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til hafna á Íslandi sumarið 1968. Er nefndinni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar þær ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast, til þess að tryggja framgang flutninganna.

2. gr.

Kostnaður við rekstur flutningaskipa samkvæmt 1. gr., svo og allur annar kostnaður við flutningana greiðist úr flutningasjóði samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 60/1968. Enn fremur skal greiða flutningastyrki samkvæmt þessari grein úr sama sjóði.

Greiða skal kr. 130.00 í flutningastyrk á fiskipakkaða tunnu, sem vegur a. m. k. um 90 kg nettó, til þeirra veiðiskipa og móðurskipa, sem flytja saltaða síld af fjarlægum miðum til íslenskra hafna, enda sé síldin viðurkennd, sem markaðshæf vara við skoðun í landi.

Úr flutningasjóði er heimilt að verja allt að 3 millj. króna til þess að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum, eða varinni á annan hátt, sem söltunarhæf berst á land. Styrkurinn skal aðeins greiddur fyrir síld, sem veiðt hefur fjær íslenskri höfn en 300 sjómílu, og skal vera kr. 60.00, fyrir hverja uppsaltaða tunnu. Fella skal niður alla flutningastyrki, þegar síldin er komin það nálægt, að hún geti horizt söltunarhæf að landi í veiðiskipum án ísunar.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar um borð í veiðiskipum með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til þess að tryggja góða verkun og geymslu síldarinnar á hafi úti. Skal í hvívetna farið eftir þeim fyrirmælum um verkun, tegundir og þess háttar, sem nefndin kann að setja á hverjum tíma.

4. gr.

Hvern síldarfarm í flutningaskipi skal losa á 1—3 höfnum eftir atvikum. Skulu útgerðarmenn síldveiðiskipa hafa samþykkt löggilta söltunar- eða pökkunarstöð í landi, er þeir vilja skipta við á hverri losunarhöfn flutningaskips og tilkynnt þær skrifstofu Síldarútvegsnefndar með nægum fyrirvara. Sömu leiðis þarf að tilkynna samþykki móttökuaðila.

5. gr.

Síld, sem flutt er í flutningaskipi, er í eigu og ábyrgð útgerðar síldveiðiskips, þar til hún er yfirtekin af söltunar- eða pökkunarstöð í landi.

6. gr.

Merkja skal hverja fulla síldartunnu um borð í veiðiskipi með nafni skips og dagsetningu. Meðalvigt við yfirtöku í landi skal fundin með því að vigta upp úr tuttugustu hverri tunnu. Við yfirtöku skulu fulltrúar seljenda og kaupenda vera viðstaddir.

Reglugerð þessi er sett samkv. bráðabirgðalögum nr. 60 10. maí 1968, um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrara sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Umferðargjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi, sunnan við Hafnarfjörð, af öllum ökutækjum á norðurleið.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Undanþegnar greiðslu umferðargjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkra-bifreiðar og slökkvibifreiðar, svo og þau ökutæki Vegagerðar ríkisins, sem vinna að viðhaldi Reykjanesbrautar, snjómokstri eða saltdreifingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. maí 1968.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1968.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1968.

Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 20. janúar 1968, nr. 1.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar, undirskrifað af forsetanum 9. janúar 1968, nr. 2.

Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1968, nr. 3.

Lög um hækkun á bóttum almannatrygginga, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1968, nr. 4.

Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, undirskrifuð af forsetanum 10. apríl 1968, nr. 5.

Lög um timareikning á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1968, nr. 6.

Lög um breyting á vegalögum nr. 71 30. desember 1963, undirskrifuð af forsetanum 10. apríl 1968, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 8. apríl 1968, nr. 8.

Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá ljúðveldisins Íslands 17. júní 1944, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1968, nr. 9.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasambýkkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957, undirskrifuð af forsetanum 1. apríl 1968, nr. 10.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1968, nr. 11.

Lög um viðauka við lög nr. 4 31 marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1968, nr. 12.

Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 18. marz 1968, nr. 13.

Lög um breyting á siglingalögum nr. 66 31. desember 1963, undirskrifuð af forsetanum 27. marz 1968, nr. 14.

Lög um breyting á umferðarlögum nr. 26 2. maí 1968, undirskrifuð af forsetanum 28. marz 1968, nr. 15.

Lög um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskirteini á íslenskum skipum, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1968, nr. 16.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skiptasmíðastöðva, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1968, nr. 17.

Lög um breyting á lögum nr. 102/162, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu hjóð- og kirkjujarða, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1968, nr. 18.

Lög um breyting á lögum um Iðnlánasjóð nr. 68 10. október 1957, undirskrifuð af forsetanum 5. apríl 1968, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 60 21. marz 1962, um verkamannabústaði, undirskrifuð af forsetanum 8. apríl 1968, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1968, nr. 21.

Lög um gjaldmiðil Íslands, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1968, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, undirskrifuð af forsetanum 19. apríl 1968, nr. 23.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 24.

Lög um breyting á víxillögum nr. 93, frá 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1968, nr. 25.

Lög um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1968, nr. 26.

Lög um íbúðarhúsnæði i eigu ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1968, nr. 27.

Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1968, nr. 28.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966, undirskrifuð af forsetanum 19. apríl 1968, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1968, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1968, nr. 31.

Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1968, nr. 32.

Lög um Félagssstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1968, nr. 33.

Fjáraukalög fyrir árið 1966, undirskrifuð af forsetanum 22. apríl 1968, nr. 34.

Lög um Fiskimálaráð, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1968, nr. 35.

Lög um breyting á jarðræktarlögum nr. 22 24 apríl 1965, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1968, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmála-sjóðs, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1968, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 21/1957, um dýravernd, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1968, nr. 38.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 20. apríl 1968, nr. 39.

Umferðarlög, undirskrifuð af forsetanum, 23. apríl 1968, nr. 40.

Lög um verzlunaratvinnu, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 41.

Lög um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl., undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 42.

Lög um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 43.

Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar i sveitum, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 44.

Lög um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru i einkaeign, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 45.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jörvik i Hjaltastadahreppi, Norður-Múlasýslu, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 46.

Lög um vörumerki, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 47.

Lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1968, nr. 48.

Lög um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, undirskrifuð af forsetanum 1. maí 1968, nr. 49.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1968, nr. 50.

Lög um bókhald, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 51.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 52.

Lög um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar, undirskrifuð af forsetanum 2. maí 1968, nr. 54.

Lög um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, undirskrifað af forsetanum 2. maí 1968, nr. 55.

Lög um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1968, nr. 56.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 25. apríl 1968, nr. 57.

Lög um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, undirskrifuð af forsetanum 1. maí 1968, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1968, nr. 59.

Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar sildar af fjarlægum miðum sumarið 1968, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1968, nr. 60.

Bráðabirgðalög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, undirskrifuð af forsetanum 17. maí 1968, nr. 61.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, undirskrifuð af forsetanum 28. maí 1968, nr. 62.

Lög um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 31. maí 1968, nr. 63.

Auðlýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 4. júní 1968, nr. 64.

Auðlýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965, undirskrifuð af menntamálaráðherra 22. júní 1968, nr. 65.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 20. apríl 1968, nr. 66.

9. ágúst 1968.

Nr. 227.

REGLUGERÐ

um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.

I. KAFLI

Slátrun.

1. gr.

Enginn má hefja slátrun á búfé, sem um getur í 1. gr. laga nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ef selja á afurðirnar á opinberum markaði, nema hún fari fram í sláturhúsi, sem hlotið hefur löggildingu eða samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Að lokinni læknisskoðun skal allt kjöt og slátur af sláturfénaði, sem um getur í téðum lögum og flutt er á erlendan markað eða til sölu innan lands, metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum, af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötsmanns.

Kaup kjötsmanns skal greiða af þeim, sem starfrækir sláturhúsið.

3. gr.

Sláturfénaður skal vera kominn í sláturhúsrétt kvöldið fyrir slátrunardag. Þar skal ávallt vera drykkjarvatn, einnig fóður, ef slátrun dregst nokkuð verulega fram yfir eðlilegan tíma, einkum ef um er að ræða mjólkurkúr eða tamin hross. Trúnaðarmönnum dýraverndarféлага er heimilt að fylgjast með aðbúnaði og líðan sláturfénaðar og gera rökstuddar kröfur um úrbætur, telji þeir þörf á.

4. gr.

Þeir, sem annast flutning sláturfénaðar til sláturhúsanna skulu hafa útbúnað flutningatækja svo fullkominn, að ekki sé hætt á, að skepnur verði fyrir lemstran eða meiðslum við flutning eða geti sloppið meðan á flutningi stendur.

Loftræsting skal vera góð í flutningavögnum, enda séu þeir yfirbyggðir að einhverju eða öllu leyti. Hólfa skal flutningavagna í hæfilega stórar stíur, samanber gildandi reglur þar um.

Við sauðfjárflutninga til sláturhúsa skal hafa trégrindur á palli flutningavagns og gæta þess, að ekki sé meira en hálfur þumlungur á milli rimla. Sand, mosa, hey, tréspæni eða annað þess háttar skal ekki nota á palla flutningavagna undir sauðfé til sláturhúsa því hætt er á, að gæran óhreinkist þá meira en ella. Hreinsa skal pall og gólfgrindur eftir þörfum.

Um sóttgreinsun flutningatækja, þegar um er að ræða flutning til sláturhúsa á sjúkum gripum eða af sýktum eða grunuðum svæðum, skal fara eftir gildandi ákvæðum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

Við stórgripa-flutninga skal hafa hliðstæðan útbúnað á flutningavögnum og fyrir sauðfé.

Hafa skal það ríkt í huga við alla gripaflutninga til sláturhúsanna, að allar flutningavagnanna séu ekki háilir, að skepnurnar óhreinkist ekki í flutningum, né líði vegna ófullkomins útbúnaðar flutningatækjanna.

Við sláturhúsrétt skal þannig um búið, að hægt sé að reka sláturfénaðinn beint af flutningavagni í rétt. Þá skal hver sá, er annast flutning sláturfénaðar ganga ríkt eftir því, að við heimaréttir sé sá útbúnaður fyrir hendi, að hægt sé að reka fénaðinn hindrunarlaust úr rétt á flutningavagn.

5. gr.

Ekki má flytja sauðfé úr safnréttum þegar í stað til slátrunar. Skal það hljóta hvíld á sæmilegu haglendi í samræmi við þann tíma, sem göngur og réttir hafa tekið og ekki undir þrem sólarhringum ef um langar göngur og þreytt fé er að ræða. Frá þessu ákvæði má þó víkja með veikar kindur eða grunaðar um sýkingu, samanber lög og reglur um sauðfjárveikivarnir. Búpening, sem kominn er í sláturhúsrétt má ekki flytja þaðan, heldur skal honum slátrað í sláturhúsinu, nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

Sláturleyfishafar skulu krefjast þess af eigendum eða umráðamönnum sláturfénaðar, að honum sé skilað sem hreinlegustum til slátrunar, því ella má búast við fellingu afurðanna í gæðamati.

6. gr.

Aflífun sláturfénaðar hvers konar, skal fara fram í samræmi við gildandi reglur, og skal ávallt velja örugga og samvitzkusama menn til þeirra starfa.

7. gr.

Þegar að lokinni aflífun skal hálsskurður eða hjartastunga fara fram og þess gætt, að blóðtæming úr skrokknum geti orðið sem öruggust og bezt. Ef hirða á blóð til manneldis, skal koma í veg fyrir, að gor úr vélindi eða slím úr barka, blandist í það. Flánning, hamfletting, eða húðhreinsun má ekki hefjast fyrr en blæðingu er lokið.

8. gr.

Flánning skal framkvæmd á hreinlegan hátt og skal varast, að kjötið komi í snertingu við óhreinindi, hvers konar. Himnur á yfirborði skrokka má ekki skerða. Kjötskrokkum þarf að skila þannig úr fláningu, að hvorki sjáist á þeim óhreinindi eða neins konar fláningsgallar. Kjötskoðunarlækni og kjötmatsmanni ber að vera vel á verði við skoðun og gæðamat, gagnvart flánings- og verkunargöllum.

9. gr.

Áður en kviðrista er gerð og innfyli tekin úr skrokknum, skal vera búið að losa um endaparm, vélindi og barka. Varast skal, að saur úr endaparmi komist í snertingu við kjöt og innfyli. Til að stöðva gorrennsli úr vélindi, skal setja á það hnút, er stöðvast af smábút af fremsta hluta barkans, sem látinn er fylgja vélindinu.

Eftir kviðristu, skal fyrst taka netjumör, þá maga (vömb) og garnir, síðan lungastykki, ásamt lifur og þind, eftir að hún hefur verið skorin frá rifjum. Ef kljúfa á bringu, skal það gert áður en lungnastykki er tekið til að auðvela blóðhreinsun úr brjóstholi. Gæta skal þess, að lungnastykkið blóðgi ekki skrokkinn að utan, um leið og það er tekið.

10. gr.

Að lokinni fláningu og eftir að innfyli hafa verið tekin úr skrokknum, skal skola burt blóð úr kviðar- og brjóstholi og af hálsi. Nota skal til þess hreint vatn frá vatnshitunarkerfi sláturhússins og því haldið ca 40°C. heitu með hitajafnara. Vatnið skal leitt í slöngu með úðarastút á enda og sé það undir dálitlum þrýstingi. Sé óhjákvæmilegt vegna óhreininda að þvo skrokkinn að utan, skal nota áður nefndan þvottaútbúnað, en hvorki bursta né tusku.

11. gr.

Eftir að skrokkar hafa verið skolaðir, skal snyrting fara fram. Skera skal burtu skemmdir, sem kunna að vera á skrokkum, eftir tilvísan dýralæknis, lagfæra eins og unnt er fláningsgalla, ef óhöpp hafa hent í fláningunni, nema í burtu eistnahimnur og gera yfirleitt það, sem unnt er til þess, að kjötið líti sem bezt út. Kindaskrokka skal bógbinda, þannig, að bregða garnlykkju fremst um bógleggi og aftur á banakringlu beggja vegna svo að hálsinn vísi beint fram af herðakambi og leggja rófu niður svo hún sitji milli lærvöðva. Júgur skal skera af mjólkurkýrum, en skerða sem minnst himnur á lærvöðvum. Ef hár eða annar óþrifnaður sézt á kjötinu á þessu verkunarstigi, skal það hreinsað vandlega áður en vigtun og gæðamat fer fram.

Kindaskrokka skal hengja upp á ryðfrí hækiljárn í síðasta lagi þegar eftir fláningu og skulu járnin fylgja skrokkunum unz þeir eru afgreiddir til sölu nýir eða þar til frýstingu er lokið. Hækiljárn má ekki vera lengra en svo, að hæklar

visi ekki út fyrir mjaðmar- og bógþykkt. Allt annað kjöt skal einnig hengt á ryðfria króka, er að lögun og gerð, henti færibrautarkerfi sláturhússins.

12. gr.

Þegar gengið hefur verið frá kjötinu eins og að framan greinir, skal því komið fyrir í kælrúmi (kjötsal) sláturhússins, til kælingar og skulu skrokkarnir hanga þannig, að þeir snerti ekki hverjir aðra. Mjög skal vanda loftræstingu í kælrúmi og engum leyfður þar umgangur nema til nauðsynlegra starfa. Í kælrúmi skal kjötið ekki hanga lengur en 24 klst. Kindakjöt, sem á að frysta, hangi minnst 6 klst. en 24 klst., það sem salta á, eða selja ófryst. Nautgripakjöt, sem taka á til vinnslu, skal ekki hanga lengur utan frystihúss en 24 klst., en nautgripakjöt af árs gömlum og eldri, sem ætlað er til matargerðar óunnið, skal flutt í sérstakan klefa, með stilli fyrir raka- og hitastig og það geymt áður en það er fryst í 3 til 10 daga við 2 til 5°C. eftir aldri gripanna og ásigkomulagi kjötsins. Kjöt af kálfum undir 1 árs gömlum, sem geyma á frosið, skal leitast við að hraðfrysta og pakka í þéttar umbúðir. Nautgripakjöt, sem ætlað er til vinnslu og geyma á fryst, er bezt að úrbeina á öðrum degi eftir slátrun og frysta þannig í viðeigandi umbúðum. Hrossakjöt skal ekki geyma lengur utan frystihúss en 1 til 2 sólarhringa frá slátrun og folaldakjöt aðeins 1 sólarhring. Hrossum skal því ekki slátrað í öðrum sláturhúsum en þeim, þar sem tryggt er, að kjötið komist í nægilega kælingu eða frystingu á hæfilegum tíma frá slátrun. Hrossakjöt, sem selja á nýtt til neytenda, verður að komast að einum sólarhring liðnum frá slátrun í klefa, þar sem hitastig fer ekki yfir 2°C.

Svinakjöt skal því aðeins fryst að skrokkurinn sé hlutaður sundur og hvert stykki, s. s. læri, hryggur og bógur fryst hvert fyrir sig og síðan pakkað á þéttar umbúðir til geymslu við minnst \pm 24°C.

13. gr.

Nú þarf að flytja nýtt kjöt um lengri eða skemmri veg frá sláturhúsi til frystingar eða sölu. Ber þá sláturleyfishafa að hafa flutningateki þannig útbúið, að kjötið hangi í regn- og rykpéttum vögnum. Þetta gildir um allt kjöt, hvort sem um er að ræða kinda-, nautgripa-, hrossakjöt, eða annað kjöt í heilum skrokkum, helmingum eða fjórðungum.

Krókar, sem notaðir eru í sambandi við þessa flutninga skulu vera úr ryðfríu efni, sem auðvelt er að hreinsa. Engan varning má flytja með kjötinu nema fullhreinsuð innflyli og þá í þeim umbúðum, sem viðurkenndar eru til sláturflutninga.

Ekki má kjöt, sem flytja á burtu ófryst hanga skemur í kælrúmi sláturhúss en 8 klst. eftir slátrun, en að öðru leyti skal haga flutningum þess þannig, að samrýmist ákvæðum 12. gr. hér að framan.

14. gr.

Vigtun og gæðamat á kjöti og öðrum sláturafurðum frá framleiðendum skal fara fram samtímis, enda hafi lækni skoðun þá farið fram. Skal ekki líða lengri tími en 24 klst. frá slátrun þar til innvigtun og gæðamati er lokið. Óheimilt er að flytja sláturafurðir úr sláturhúsi án vigtunar og gæðamats. Skyllt er að vigta hvern einstakan skrokk sér.

Framleiðanda er heimilt að fylgjast með innvigtun sláturafurða sinna, í þeirri röð, sem þær koma fram frá slátrun, en ekki mega þeir valda óþarfa töfum við vigtunina. Við opinberar tilraunir og starfsemi sauðfjárræktarféлага ber sláturleyfishafa að bókfæra á vigtarseðil númer skrokka, sé þess óskað. Heimilt er slát-

urleyfishafa að taka sanngjarna þóknun fyrir þá þjónustu, ef verulegar tafir verða á vigtun af þeim sökum. Á athafnasvæði sláturhúsa skal framleiðandi eða umboðsmaður hans hlíta sömu reglum um klæðnað, vinnubrögð og umgengni og annað starfsfólk.

Ef innvigtun kjöts og annarra sláturafurða fer fram fljótlega eftir slátrun, þ. e. strax eftir hreinsun og snyrtingu, er heimilt að draga frá vigtinni þá sannanlegu rýrnun er fram kemur við fyrstu sex klukkustunda kælingu í venjulegu kæli-rúmi sláturhúss. Löggildur vigtarmaður skal annast vigtun og ber honum að sjá um, að vog sé löggild og hafa daglegt eftirlit með því, að vog sé rétt.

15. gr.

Sláturleyfishafi skal bera ábyrgð á mistökum og skemmdum á sláturafurðum, sem kunna að eiga sér stað í sambandi við útbúnað og vinnubrögð í sláturhúsi, er verða til þess að fella vöruna í gæðamati.

16. gr.

Merkimiða skal binda með sterku garni á hvern skrokk eða hluta úr skrokk við gæðamat. Á miða skal prentað skýrum stöfum nafn eða skammstöfun sláturleyfishafa og númer sláturhúss þar sem slátrað er, ásamt tegundaheiti kjötsins og gæðaflokksmerki. Nafn kjötskoðunarlæknis skal ritað eigin hendi á miðana eða þrykkt á með eiginhandarstimpli, til sönnunnar því, að heilbrigðisskoðun hafi verið fullnægt. Á útflutningskjöti skal einnig vera firmamerki útflytjanda, sé sláturleyfishafi það ekki sjálfur.

Sama merking gildi um aðrar sláturfjárafurðir en kjöt eftir því sem við á og við verður komið. Á merkimiðana skal einnig stimpla viðeigandi ártal, þegar gripnum er slátrað. Á nautgripa- og svínakjöti skal einnig tilgreina mánaðartal ársins.

17. gr.

Kjöt skal ávallt klætt í hreina, hæfilega stóra grisjupoka um leið og það er flutt úr kæli-rúmi (kjötsal) sláturhúss. Pokinn skal vera svo stór og þéttur, að hann hlífi kjötinu vel fyrir óhreindum í geymslu og flutningum. Kindaskrokka skal klæða þannig, að strjúpi nemi við botn pokans, en opið sé bundið vandlega um báða hækla til varnar, að þeir óhreinkist af höndum manna við tilfærslur, flutninga eða á annan hátt. Sláturleyfishöfum ber að vanda vel umbúðir þessar til að koma í veg fyrir, að kjötið óhreinkist í meðförum, ella geta þeir átt á hættu að sæta ábyrgð, t. d. við yfirmat á vörum á sölustað. Ef um langa flutninga er að ræða, er heimilt að krefjast vandaðri umbúða en grisjupoka utan um kjöt, sérstaklega stórgripakjöt. Á kjötpoka skal ávallt vera letrað skýrum stöfum nafn eða skammstöfun sláturleyfishafa, og enn fremur kjöttegund, gæða- og þyngdarflokkur.

18. gr.

Ef sláturvörur hafa verið geymdar eitt ár eða lengur í frystihúsi, getur yfir-dýralæknir og kjötmatsformaður krafizt þess, að skoðun og gæðamat fari fram á ný, sérstaklega á hrossakjöti, ungfálfa- og alikálfakjöti, svínakjöti, alls konar innyflum og hausum. Kostnað af slíkri skoðun og mati greiði eigandi vörunnar annan en þann, sem leiðir af störfum dýralækna og yfirkjötmatsmanna, er greiða skal úr rikissjóði.

II. KAFLI

Flokkun mat og merking.

Kindakjöt.

19. gr.

1. Dilkakjöt.

Dilkakjöt, sem selja á innan lands, nýtt, fryst, saltað og reykt eða flytja á á erlendan markað, skal metið eftir gæðum í 3 flokka. Í fyrsta flokk eru látnir allir skrokkar, sem eru holdmiklir, hæfilega feitir og ógallaðir að útliti. Í annan flokk skal setja miðlungsskrokka að holdum og skrokka, sem eru óhóflega feitir til að fara í fyrsta flokk, enda séu þeir vel útlitandi. Í þriðja flokk skal setja holdlitla skrokka og magra og marða eða limhöggna, og þá skrokka, sem eru ljótir útlits eftir fláningu, svo að telja megi þá verulega lýtta í útliti og gallaða til nýtingar og matargerðar. Kjötið skal metið og merkt í gæða- og þyngdarflokka, um leið og það er vigtað inn frá framleiðanda, sem hér segir:

	I. fl.	II. fl.	III. fl.
a. Dilkaskrokka, sem vega $12\frac{1}{2}$ kg og minna	6	6X	6XX
— — — 13—16 kg	2	2X	2XX
— — — $16\frac{1}{2}$ —19 kg	8	8X	8XX
— — — $19\frac{1}{2}$ — $22\frac{1}{2}$ kg	4	4X	4XX
— — — 23 kg og yfir	T	TX	TXX

Kjötmatsmenn gæti þess vel, að þar sem innvigtun frá framleiðendum er ekki bundin við heilt eða hálf kg, skal lækka eða hækka í þyngdarflokka þannig, að sá skrokkur, sem vegur 12.7 kg, merkist í þyngdarflokkinn 6, en 12.8 kg í þyngdarflokkinn 2, o. s. frv. Útflytjendum heimilast að merkja dilkakjöt í I. flokki fyrir brezkan markað með merki-miðum, sem á er prentað: PRIME ICELAND LAMB.

- b. Það dilkakjöt, sem örugglega verður selt á innlendum markaði, má í samráði við helztu söluaðila merkja eftir gæðaflokkum D I, D II og D III en sleppa þyngdarflokkuninni.
- c. Heimilt er með samþykki ráðherra að sérmeta úrvals dilkaföll eftir matsreglum, sem kjötmatformaður, Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins koma sér saman um, enda hafi áður farið fram ýtarleg könnun á því, hve mikið berst af slíku dilkakjöti til hinna ýmsu sláturhúsa. Skrokkar í þessum gæðaflokki, sem seljast eiga innan lands, skulu merktir D I Úrval. Ráðherra ákveður í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins og að fengnum tillögum þess og helztu kjötsöluaðila, hvort matið nái til alls landsins eða leyfi til sérmats skuli veitt hverjum sláturleyfishafa fyrir sig.

2. Kjöt af veturgömlu og fullorðnu fé.

Kjöt af veturgömlu og fullorðnu fé, sem selja á nýtt, fryst eða saltað, skal metið gæðamati sem hér segir:

- a. Kjöt af veturgömlu geldfé, gimbrum, geldingum og hrútum, skal merkja V I, ef skrokkarnir eru holdmiklir og falletgir í útliti, en V II, séu þeir rýrari eða ljótari í útliti. Rýra skrokka af veturgömlu fé, öðru en hrútum, skal meta og merkja í ærflokka eftir holdum og útliti, en rýra, veturgamla hrúta í H II eða H III. Til þess, að kjöt af veturgömlum hrútum sé metið í gæðaflokkana V I eða V II, skal þeim slátrað ekki seinna en 10. október, ella fari þeir í hrútaflokka eftir gæðum.

- b. Kjöt af sauðum og algeldum ám tveggja og þriggja vetra skal merkja S I, ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og hæfilega feitir, en S II, séu þeir rýrari eða óhæfilega feitir.
- c. Kjöt af geldum ám og sauðum eldri en þriggja vetra skal merkja G I, ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og vel útlitandi. Skrokka af ám, sem missa lömb sín að vorinu og ganga lamblausar yfir sumarið, skal einnig merkja G I, ef holdfylling er góð. Rýra skrokka af sauðum og geldum ám skal meta og merkja í ærflokka eftir gæðum og útliti.
- d. Kjöt af mylkum ám skal merkja Æ I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og lita vel út, Æ II séu þeir sæmilega holdgóðir og ekki útlitsljótir, en Æ III alla rýra skrokka og ljóta í útliti. Kjöt af holdgóðum, mylkum ám, þriggja vetra og og yngri, fallett í útliti, má merkja Æ I Z. Sérstaklega skal vanda til Æ I og Æ II til útflutnings, varðandi heilbrigði og útlit kjötsins. Rýrt geldfé frá flokkunum V., S. og G., sem merkt hefur verið í ærflokk, skal ekki sent á erlendan markað.
- e. Kjöt af fullorðnum hrútum og rýrum, vetur gömlum, skal meta í þrjá gæðaflokka: H I, 2 til 4 vetra, holdgóða og vel útlitandi, H II, 5 vetra og eldri, sæmilega holdgóða og allvel útlitandi, og H III, rýra skrokka og ljótari í útliti.
- f. Útflytjendum heimilast að merkja kjöt af fullorðnu sauðfé fyrir brezkan markað, sem hér segir:

Veturgamalt. 1. gæðaflokkur.

Flokkur L 18 kg og undir merkist	LH
— M 18.5—22 kg merkist	MH
— H 22.5—25.5 kg merkist	HH

Sauðir. 1. gæðaflokkur.

Flokkur 1 22 kg og undir merkist	1W
— 7 22.5—25.5 kg merkist	7W
— 3 26—29 kg merkist	3W
— 9 29.5—32.5 kg merkist	9W
— 5 33—36.5 kg merkist	5W

Sauðir. 2. gæðaflokkur.

Flokkur 1 22 kg og undir merkist	1WX
— 7 22.5—25.5 kg merkist	7WX
— 3 26—29 kg merkist	3WX
— 9 29.5—32.5 kg merkist	9WX
— 5 33—36.5 kg merkist	5WX

Ær.

Flokkur 1 22 kg og undir merkist	1E
— 7 22.5—25.5 kg merkist	7E
— 3 26—29 kg merkist	3E
— 9 29.5—32.5 kg merkist	9E
— 5 33—36.5 kg merkist	5E

Nýrnamör á að skilja eftir í skrokknum. Skera á fram úr bringunni eins og á dilkaskrokkum. Á kjötpoka skal prenta ICELAND MUTTON. Á þá skal enn fremur stimpla kjötflokkunarmerki (LH, MH, HH etc.) og sömuleiðis á kjötmerkimiðana. Skrokkana má ekki kljúfa.

3. Kindakjöt með heilbrigðisstimpli 2.

Allt kindakjöt, sem dýralæknir eða annar kjötskoðunarlæknir merkir með 2 heilbrigðisstimpli skal merkt þannig:

- a. Kjöt af dilkum, D IV.
- b. Kjöt af fullorðnu fé, veturgömlu og eldra, F IV.

4. Saltkjöt.

Þegar kjöt er saltað í tunnur, skulu kjötmatsmenn sjá um, að þær tunnur, sem saltað er í, séu í góðu lagi, vel hreinar og vel bentar, og ekkert það hafi verið í þeim, er haft geti áhrif á bragð kjötsins, lykt eða útlit. Þeir sjá um, að ekkert kjöt verði látið í tunnur, sem ekki hefur áður verið skoðað, stimplað af kjötskoðunarlækni og metið af kjötmatsmanni. Kjötmatsmenn sjá um, að kjötið sé vel kælt, áður en það er saltað og hæfilega mikið af hreinu salti sé notað, eða sem næst 10 kg af salti í hver 112 kg af stórhöggnu kjöti og um 10 kg í hver 130 af spaðkjöti. Í hver 112 kg af kjöti skal setja um 80 g af góðum saltþetri. Þegar kjöt er stórhöggvið, skal skipta hverjum skrokk í sex hluta, þannig, að fyrst sé skrokkurinn klofinn að endilöngu sem allra næst miðjum hrygg og því næst hverjum helmingi skipt í þrjá parta, þ. e. framstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja 4 rif, allur huppurinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal skrokknum því aðeins skipt í sex hluta, að hver þeirra vegi 2 kg eða þar yfir, annars skal honum skipt í 4 hluta. Spaðsaltað kjöt skal höggvið eða sagað sundur í hæfilega stóra bita, þannig að kjötlögin verði ekki of þykk. Kjötinu skal raða vel í tunnurnar og þjappa saman. Stórhöggvið kjöt skal pækla strax eftir söltun, og skal pækillinn vera a. m. k. 24 stig á pækilmæli og búinn til úr hreinu heilnæmu vatni (ekki sjó eða slæmu vatni) og síður gegnum hreint léreft, um leið og hann er látinn á kjötið. Matsmenn skulu sjá um, að endurpækun fari fram svo oft, sem þörf er á, meðan kjötið er geymt. Spaðkjöt skal einnig pækla eftir því, sem nauðsynlegt er talið. Tunnur skulu athugaðar og bættar, ef leki kemst að þeim, og sjá skal til þess, þegar flutningar eða tilfærsla fer fram, að þær séu pækilfylltar og í góðu lagi.

Saltkjöt til útflutnings skal merkt þannig, að á efra helmingi tunnubotnsins standi skýrum stöfum: Íslenzkt saltkjöt, og fyrir neðan viðeigandi flokkunarmarki. Á neðri helmingi tunnubotnsins skal vera einkamerki útflytjanda, a. m. k. tveir bókstafir fyrir nafn hans og heimilisfang, nema auglýst firmamerki sé.

Saltkjöt fyrir innanlandsmarkað skal og merkja skýrum stöfum á efri tunnubotn, tegund og gæðaflokksmerki kjötsins, númer sláturhússins og nafn seljanda. Tunnurnar skulu geymdar á svölum stað, varðar gegn sól og úrkomu.

5. Aðrar merkingar á kindakjöti.

Ef nauðsyn krefur, getur ráðherra ákveðið aðrar merkingar á kindakjöti, sem ætlað er til útflutnings en um getur hér að framan, hvort sem um er að ræða freðkjöt eða saltkjöt.

Nautgripakjöt.

20. gr.

1. Ungkálfbakjöt.

Skrokka, af nýfæddum kálfum til 3 mánaða aldurs skal meta og merkja, sem hér segir:

- a. UK I. á aldrinum 1 til 3 mánaða, séu skrokkarnir vel holdfylltir, einkum í lærum og hrygg, kjötið ljóst á lit og að öllu leyti vel útlitandi.

- b. UK II. af $\frac{1}{2}$ til 1 mánaðar kálfum, líti skrokkarnir allvel út og vegi ekki undir 20 kg, svo og holdþynnri skrokka af kálfum 1 til 3 mánaða, líti þeir allvel út.
- c. UK III., a. eða b., af nýfæddum kálfum til $\frac{1}{2}$ mánaðar aldurs, líti skrokkarnir sæmilega út, þannig að í UK III. a. fari holdgóðir og útlitsfallegir skrokkar og sem vega ekki undir 15 kg., en í UK III. b. holdlitlir skrokkar og þeir, sem vega undir 15 kg. eða eru merktir heilbrigðisstimpli 2. Í ungfálfaflokkinn UK III. a. skal einnig setja lélegra kjöt af kálfum allt til 3 mánaða aldurs.

2. Alikálfakjöt.

Skrokka af kálfum á aldrinum frá 3 til 12 mánaða aldurs skal meta og merkja, sem hér segir:

- a. AK I. séu skrokkarnir vel holdfylltir, einkum í lærum og hrygg, nægilega feitir og vel útlitandi.
Sé um að ræða mjög vel alda kálfa á aldrinum 3 til 6 mánaða skal merkja skrokkana AK I. Úrval, enda séu þeir áberandi vel holdfylltir, einkum í lærum og hrygg, kjötið ljóst og mjög fallett í útliti.
- b. AK II. séu skrokkarnir allvel holdfylltir og ógallaðir í útliti.
- c. AK III. holdlitla skrokka og lakara að útliti.

3. Ungneytakjöt.

Skrokka af ungneytum — nautum, uxum og geldum kvígum, frá 1 til $2\frac{1}{2}$ árs skal meta og merkja, sem hér segir:

- a. UN I. séu skrokkarnir vel holdfylltir einkum í lærum og hrygg, hæfilega feitir og gallalausir að útliti.
Áberandi vel holdfyllta skrokka, einkum á ganglimum og hrygg, svo sem af góðum holdanautablendingum, hæfilega feita og fallega í útliti skal merkja UN I Úrval.
- b. UN II. af holdþynnri gripum en krafizt er í a. lið og einnig mjög feita skrokka, en þó vel útlitandi.
Skrokka af kvígum allt að $2\frac{1}{2}$ árs, sem borið hafa einum kálfi og lítið eða ekkert hafa mjólkað má merkja UN II. séu skrokkarnir vel holdfylltir og fallegir í útliti.
- c. UN III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

4. Nautakjöt.

Skrokka af nautum, uxum og algeldum kúm $2\frac{1}{2}$ árs og eldri skal meta og merkja sem hér segir:

- a. N I. $2\frac{1}{2}$ til 4 ára séu skrokkarnir vel holdfylltir og líti vel út.
- b. N II. 4 til 6 ára og lakari skrokka eða óhóflega feita á aldrinum $2\frac{1}{2}$ til 4 ára, enda líti kjötið allvel út.
- c. N III. skrokka af geldum gripum 6 ára og eldri og lélega eða gallaða skrokka af geldum gripum allt frá $2\frac{1}{2}$ árs.

5. Kýrkjöt.

Skrokka af mjólkurkúm skal meta og merkja, sem hér segir:

- a. K I. skrokka af 4 ára kúm og yngri, ef skrokkarnir eru allvel holdfylltir og líta vel út.
- b. K II. skrokka af 5 til 9 ára kúm líti skrokkarnir vel út og séu sæmilega holdfylltir.

- c. K III. skrokka af 10 ára kúm og eldri og lakari skrokka af yngri kúm, líti þeir sæmilega út.
- d. K IV. skrokka af holdlitlum kúm 10 ára og eldri og allt lélegt eða gallað kjöt af mjólkurkúm á öllum aldri.

Við mat á nautgripakjöti skal kjötmatsmaður sérstaklega vanda til gæðaflokkanna AK I Úrval og UN I Úrval, með tilliti til kjötgæða, verkunar og útlits.

Skrokkar, sem dýralæknir eða hver annar kjötskoðunarmaður stimplar með heilbrigðisstimpli 2, af ungfálfum, alikálfum, ungneytum og nautum, skulu merkjast í III. gæðaflokk þeirrar tegundar, sem þeir tilheyra, en skrokkar af mjólkurkúm í IV. gæðaflokk eða K IV.

Hrossakjöt.

21. gr.

Kjöt af hrossum skal meta og merkja sem hér segir:

1. Folaldakjöt.

- a. FO I., skrokka af folöldum, séu þeir vel holdfylltir, líti vel út og vegi ekki undir 50 kg og séu ekki eldri en 9 mánaða.
- b. FO II., skrokka af holdþynnri folöldum á sama aldri og þá skrokka, er vega undir 50 kg, en eru vel útlítandi.

2. Trippakjöt.

- a. TR I., skrokka af trippum 9 mánaða til 3 ára, vel holdfylltum, hæfilega feitum og vel útlítandi.
- b. TR II., skrokka af holdþynnri trippum 9 mánaða til 3 ára eða mjög feitum, en þó vel útlítandi.

3. Hrossakjöt.

- a. HR I., skrokka af hrossum 4 til 9 ára, ef skrokkarnir eru hæfilega holdfylltir, ekki of feitir og líti vel út.
- b. HR II., skrokka af hrossum 10 ára og eldri, líti skrokkarnir vel út og séu ekki óhæfilega feitir.
- c. HR III., skrokka af hrossum 10 ára og eldri, holdlitlum eða mjög feitum, sérstaklega af gömlum stóðhryssum og graðhestum.

Í þennan flokk skal einnig setja lélega skrokka af folöldum, trippum og hrossum 5 ára og eldri, og alla skrokka af hrossum, ungum sem gömlum, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2 við læknisskoðun.

Svinakjöt.

22. gr.

Við slátrun ber að greina svín í þrjá tegundaflokka:

- 1. grísi, þ. e. ung svín allt að $7\frac{1}{2}$ mánaðar gömul, 2. gyltur, þ. e. kvendýr, sem gengur með fósturi eða hafa fætt afkvæmi, og þau yngri svín, sem þó eru eldri en $7\frac{1}{2}$ mánaðar eða með yfir 70 kg skrokkþunga, 3. galti, þ. e. karldýr á öllum aldri, sem ekki hafa verið vönuð innan 3. mán. aldurs. — Skrokka af grísum skal merkja Sv I., gyltum Sv II. og göltum Sv III. Hverja tegund eða merki skal síðan meta í þrjá gæðaflokka, sem auðkenndir eru með bókstöfunum A, B, og C, í rétttri stafrófsröð eftir gæðum og útliti kjötsins. Merking og gæðamat á svínakjöti skal vera, sem hér segir:

1. Grísir.

- a. Sv I. A, skrokka af grísum allt að 65 kg með vel vöðvafylltan hrygg, læri og bóga. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt og þykkt þess 24 til 30 mm sem mælist þar á hryggnum, sem það er þynnst. Útlit skrokksins og verkun skal vera í mjög góðu lagi.
- b. Sv I. B, skrokka af grísum frá 65 til 70 kg með allgóða vöðvafyllingu og spiklag frá 30 til 35 mm á hrygg. Enn fremur skal meta í þennan flokk sæmilega holdgóða skrokka af grísum undir 65 kg, ef spiklag er yfir 30 mm á hrygg, enda líti fitan vel út og verkun kjötsins í góðu lagi.
- c. Sv I. C, skrokka af grísum 70 kg og undir, illa vöðvafyllta, óhóflega feita, útlitsljóta, vanþroska o. s. frv.

2. Gyltur.

- a. Sv II. A, skrokka af ungum holdgóðum og vel útlitandi gyltum, er vega allt að 90 kg og þá skrokka af ungum svínunum, sem eru eldri en 7½ mánaðar eða ef skrokkurinn vegur yfir 70 kg.
- b. Sv II. B, skrokka af sæmilega holdgóðum og vel útlitandi gyltum, er vega frá 90 til 120 kg.
- c. Sv III. C, skrokka af gömlum gyltum, er vega yfir 120 kg og lélegum gyltum og lakari að útliti.

3. Geltir.

- a. Sv III. A, skrokka af ungum göltum og vel útlitandi.
- b. Sv III. B, skrokka af eldri göltum og lakari yngri, sæmilega útlitandi.
- c. Sv III. C, skrokka af gömlum og rýrum göltum og skrokka af svínunum á öllum aldri, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2, svo og allt svínakjöt ef ætla má, að það sé mengað óbragði eða óþef vegna óheppilegs fóðurs eða af öðrum orsökum.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, ef þörf krefur, sett reglur um læknisskoðun, merkingu og mat á afurðum af geitfé, hreindýrum, alifuglum og öðrum dýrum, sem ætluð eru til manneldis og sölu á opinberum markaði í kjötbúðum, veitingastöðum o. s. frv.

III. KAFLI

Frysting og geymsla.

24. gr.

Eftir að kjöt hefur hangið nægan tíma eftir slátrun, skal það flutt í klefa, þar sem frysting fer fram og taki hún ekki lengri tíma en 24 klst., enda sé kjötið þá fullfrosið. Þar, sem vélaafl til frystingar er of lítið til þess að ljúka fullri frystingu á 24 klst., ber að forkæla kjötið áður en það fer inn í frystiklefan til að flýta fyrir frystingu þar.

25. gr.

Kjöt og aðrar sláturafurðir skal aðeins frysta og geyma í þeim frystihúsum, sem fengið hafa löggildingu til þeirra nota, enda sé þau búin þeim vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru til þess, að varan skemmist ekki á neinn hátt á geymslu-tímabilinu.

26. gr.

Kjötskrokka, heila, hálfra eða hluta, skal frysta uppihangandi og gæta þess að nota aðeins viðeigandi upphengikróka, úr ryðfríu efni, svo kjötið óhreinkist ekki

og skrokkurinn eða einstök stykki haldi rétttri lögun og útliti eftir frystingu. Í frystiklefa má ekki hengja svo þétt, að skrokkar eða einstök stykki frjósi saman, né snerti hvert annað. Umgang um frystiklefa meðan frysting stendur yfir skal ekki leyfa nema af brýnni þörf og fylla ber frystiklefa á sem skemmstum tíma, svo að kuldastig í klefanum lækki ekki um of af völdum þess, að dyr standi óþarflega lengi opnar.

27. gr.

Ekki skal frysta kjöt eða slátur, né neina aðra vöru, í sömu klefum og sláturafurðir eru geymdar. Í frystigeymslum skal frostið vera sem jafnast allan geymslútímann og ekki minna en \div 24.C. Grindur skal hafa undir kjötstöflum og pakk- aðri sláturvöru í frystigeymslum og upp með útveggjum. Dyraumbúnaður skal vera sem beztur með tilliti til kælieinangrunar, frágangur ljóastæða öruggur og lýsing góð. Umgengni skal vera hreinleg í kjötgeymslum og allur ónauðsynlegur umgangur bannaður.

28. gr.

Stöflun á kjöti í frystigeymslu skal vera snyrtileg og haganleg með tilliti til tegunda og gæða- og stærðarflokka kjötsins. Stæður séu vel hlaðnar og frágangur þeirra svo öruggur, að ekki sé hætt á hruni er slys gæti hlotið af eða skemmdir á vörunni. Jafnframt skal varast, að umbúðir skemmist eða óhreinast á einn eða annan hátt í kjötgeymslunni.

29. gr.

Hvorki má frysta né geyma neina þá vöru í kjötfrysti eða kjötgeymslum, er sterk lykt er af, svo sem ópakkað reykt kjöt, ópakkaðan fisk, ópakkaða fugla, línbala (bjóð) né hvað það annað, sem veldur óþrifnaði. Frystihólf eða geymslur einstaklinga skulu þiljaðar frá þeim geymslum, þar sem kjöt eða aðrar sláturafurðir eru geymdar, sem seljast skulu á opinberum markaði.

30. gr.

Frystingu á pakkaðri sláturvöru skal vanda svo sem unnt er, og gæta þess ávallt mjög vel, hvort heldur um er að ræða hraðfrystingu í hraðfrystitækjum eða hægfrystingu á hillum, grindum eða á annan hátt, að pakka vörunni aldrei í stærri einingar en svo, að hún sé fullfrost innan 24 klst. Skal hér nefna kjöt, brytjað eða úrbeinað, innfli alls konar, hausa, blóð o. s. frv. Umbúðir á frystri og pakkaðri sláturvöru skulu ávallt vera í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru hverju sinni og sýni þær auðkenni sláturleyfishafa og sláturstaðar, tegund og þyngd vörunnar, eftir því, sem bezt verður við komið.

IV. KAFLI

Kæling og pökkun á hausum og innflym.

31. gr.

Meðferð og verkun á hausum, blóði, eistum, mör og hvers konar innflym, sem ætluð eru til sölu á opinberum markaði innan lands eða til útflutnings, skal vera í sem bezta lagi. Strax eftir slátrun skulu hausar afhyrntir, klipptir og kældir, blóð siað og kælt, eystu hreinsuð, vambir og garnir gorhreinsaðar, hjörtu blóð- hreinsuð og snyrt, lifur og nýru hreinsuð af mörfitu og tækjum o. s. frv. Við að- skilnað og hreinsun innflyla skal þess vandlega gætt, að gor og saur komist ekki í snertingu við mör, lifur, hjörtu, nýru o. þ. u. l., sem ætluð eru til manneldis og jafnframt forðast að blóðga innflyli, enda er þvottur og tuskunotkun við hreinsun og snyrtingu þessara líffæra bannaður nema af brýnni nauðsyn. Eftir hreinsun og snyrtingu skal þessi vara strax sett í kælingu á þann stað í sláturhúsinu, sem henni

hefur verið ætlaður staður við löggildingu hússins, og í þau ílát, borð eða búnað, sem fullnægir heilbrigðiskröfum og bezt henta við kælinguna. Skulu ílát, borð og tæki vera þannig að gerð, að varan spillist ekki á neinn hátt í kælingunni og hreinsun öll á ílátum, búnaði og umhverfi sé auðveld.

32. gr.

Ekki skal pakka til frystingar blóði né innyflum í lokaðar umbúðir fyrr en hæfileg kæling hefur farið fram, þ. e. minnst 6 klst. frá slátrun í viðurkenndu kælrúmi sláturhússins, og ekki má líða lengri tími frá slátrun en 24 klst., þar til pökkun hefst. Frysting þessara sláturafurða skal hefjast strax eftir pökkun. Hausa skal ekki pakka í lokaðar umbúðir fyrr en þeir eru full frosnir. Gerð og stærð umbúða skal ávallt fara eftir kröfum sölu- og neyzluaðila, innan lands og utan, og skulu þær samrýmast ströngustu kröfum um heilbrigðishætti og vöruvöndun. Umbúðir pakkaðrar sláturvöru skulu ávallt herá með sér tegund og gæðaflokk vörunnar og miði skal lagður með í umbúðir, er gefi til kynna heilbrigðisskoðun, nafn sláturleyfishafa og númer sláturhúss. Við pökkun hvers konar innnyfla af búfé skal halda þeim aðgreindum eftir búfjartegundum, líffærategundum og flokkun. Varast skal, að spilltar vörur blandist saman við óspilltar vörur við pökkun.

V. KAFLI

Flokkun á dilkaslátri.

33. gr.

Ef dilkaslátur er flokkað sem eining frá framleiðanda eða til sölu á opinberum markaði, eru eftirfarandi reglur settar:

- a. Frá framleiðanda skal flokka dilkaslátur eftir þyngd skrokksins við innvigtun svo fremri, að um enga sjúkdóma sé að ræða í innyflum og haus eða afleiðingar þeirra, sem hér segir:

- I. fl. ef skrokkurinn vegur 14 kg og yfir.
- II. fl. ef skrokkurinn vegur $11\frac{1}{2}$ kg til 13.9 kg.
- III. ef skrokkurinn vegur minna en $11\frac{1}{2}$ kg.

Hér er átt við, að skrokkurinn sé veginn með nýrmör, en ef skrokkurinn er veginn án nýrmörs lækka þyngdartakmörkin um $\frac{1}{2}$ kg. Í heilum dilkaslátrum frá framleiðanda er átt við öll innnyfli, blóð, Hausa, fætur og eistu. Mör er hér þó ekki innifalinn, annar en sá, er fylgir ristli.

- b. Heilt, nýtt dilkaslátur til neytanda skal vera sem hér segir:

Blóð $\frac{3}{4}$ l. án umbúða, haus, hornstíður, vel sviðinn og vegi ekki undir 1.2 kg (eða meðalvigt), lifur, hjarta, nýru, vömb, keppur, vinstur, ristill eða mör af ristli, hálsæðar, þind og 1 kg af mör. Vömb, keppur og vinstur skal vera vel gortæmt og skolað.

VI. KAFLI

Merking á sláturvörum í heildsölu og smásölu.

34. gr.

- a. Þegar sláturleyfishafi og heildsölufyrirtæki afgreiðir kjöt í heilum skrokki, helmingum eða fjórðungum til smásöluverzlana, veitingastaða og annarra viðskiptavina er skylt að láta fylgja hverju stykki tegundarheiti og gæðaflokksmerki kjöt matsins. Ef um niðurbrytjað eða úrbeinað kjöt er að ræða, svo og Hausa og innnyfli, skal sett á umbúðir, afgreiðslu- eða söluótu, tegunda- og gæðaflokksmerki vörunnar.

- b. Við sölu kjöts og annarra sláturafurða í smásöluverzlunum skal auðkenna og halda aðgreindum afurðum af hverri búfjártegund og jafnframt verð- og gæðaflokkum af sömu búfjártegund, svo kaupandi geti jafnan athugað, að söluverð sé í beinum tengslum við gæðamat vörunnar frá framleiðanda.

VII. KAFLI

Um störf kjötmatsformanns og yfirkjötmatsmanna.

35. gr.

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði.

Kjötmatsformaður hefur ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirmunsjón með þeim atriðum í reglugerð þessari, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna, og samræma mat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum á öllu landinu, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

36. gr.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem fyllsta þekkingu á verkun, mati og meðferð kjöts og annarra sláturafurða og kynna sér ávallt sem bezt allar breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, er erlendir eða innlendir neytendur og kaupendur eða umboðsmenn þeirra gera til þessarra vara. Sérstaklega skal kjötmatsformaður vera vel á verði í þessum málum og tilkynna hinum yfirmatsmönnum allar breytingar og nýmæli á þessu sviði.

37. gr.

Kjötmatsformaður skal, eftir því sem við verður komið, gera athuganir á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til sölu innan lands og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir. Jafnframt er kjötmatsformanni skylt að gera yfirmat á kjöti eða öðrum sláturvörum að beiðni seljanda eða kaupanda ef hann álitur þess þörf, svo sem af völdum geymslu- og flutningagalla eða af öðrum ástæðum, sem fram kunna að koma. Slík yfirmöt er yfirkjötmatsmönnum skylt að framkvæma, hverjum í sínu umdæmi að beiðni kjötmatsformanns og ávallt í samráði við hann. Allan kostnað, er leiðir af slíku yfirmati, greiðir eigandi vörunnar annan en kostnað er fylgir störfum yfirkjötmatsmanns og kjötmatsformanns, er greiða skal úr ríkissjóði.

38. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu leggja kapp á, að fullnægt sé á viðeigandi hátt þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, að slátrun, verkun, geymsla, flutningar og umbúðir sláturafurðanna séu í sem beztu lagi.

39. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að heilbrigðis- skoðun á sláturafurðum sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytisins til þess starfa. Þá skulu yfirkjötmatsmenn kynna sér ástand slátur- og frystihúsanna og bera fram kvartanir við þá, sem þeim stjórna og þá aðila, sem hús þessi löggilda og eftirlit þeirra annast, ef húsín að þeirra dómi fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til slíkra húsa.

40. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu, hver í sínu umdæmi, senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skulu skipaðir kjötmatsmenn í lögsagnarumdæm-

inu. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Sláturleyfishafa ber að vera yfirkjötmatsmanni til aðstoðar við val kjötmatsmanna, ef þörf gerist. Ekki má skipa sem kjötmatsmenn forstöðumenn eða eigendur fyrirtækja, sem slátrun annast eða verzla með sláturafurðir, verkstjóra eða þá, sem taka slátrun í ákvæðisvinnu, né aðra þá menn, sem riðnir eru við innkaup sláturfjárins eða sölu vörunnar á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu að dómi yfirkjötmatsmanns. Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt, að dómi yfirkjötmatsmanns er og yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann kjötmatsformanni og hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan kjötmatsmann í hans stað samkvæmt ábendingu yfirkjötmatsmanns.

41. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt eftir þörfum, einkum í sláturtíð, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem beztum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er viðkemur slátrun, verkun og geymslu sláturafurðanna og leiðbeina um það, sem ábótavant er. Sérstaklega ber þeim að leiðbeina kjötmatsmönnum við matið og yfirleitt kosta kapps um, að þeir verði sem færastir í starfinu. Yfirkjötmatsmenn skulu skera úr ágreiningi, sem fyrir kann að koma við kjötmatið í daglegum störfum kjötmatsmanna í sláturhúsunum.

42. gr.

Nú verður yfirkjötsmaður þess vís, að einhverjir sláturleyfishafar eða aðrir brjóta á móti ákvæðum laga og reglugerða um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust. Yfirkjötmatsmenn og kjötmatsmenn skulu vera sérstaklega vel á verði gagnvart afurðum af heimaslátruðum gripum, ef ætlað er að selja þær á opinberum markaði.

43. gr.

Yfirkjötmatsmaður skal, ef hann óskar að láta af störfum, tilkynna það landbúnaðarráðuneytinu með minnst 3 mánaða fyrirvara, nema gildir ástæður séu fyrir hendi, að hann geti ekki sinnt starfinu lengur. Sama gildir um uppsagnartíma kjötmatsformanns.

Nú hefur yfirkjötmatsmaður hætt störfum og enginn verið skipaður í hans stað. Er kjötmatsformanni þá, með samþykki landbúnaðarráðherra, heimilt að ráða til bráðabrigða einn eða fleiri menn á það svæði, þar sem yfirkjötmatsmann vantar til að annast aðkallandi yfirmatsstörf um stundarsakir, sérstaklega á tímabilinu 1. sept. til 1. nóv. Skal slíkum aðstoðarmönnum goltið sanngjarnt dagkaup þá daga, sem þeir ferðast og vinna yfirmatsstörf, ásamt ferðakostnaði og dagpeningum.

Hætti kjötmatsformaður störfum áður en skipaður hefur verið annar í hans stað, skal ráðherra setja einn af yfirkjötmatsmönnum kjötmatsformann um stundarsakir, þar til skipun hefur farið fram. Kjötmatsformanni ber að vera ráðherra til aðstoðar við val yfirkjötmatsmanna sé þess óskað.

44. gr.

Yfirkjötmatsmenn og kjötmatsformaður skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlíta reglum þessum og rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra, með alúð og samvirkusemi.

45. gr.

Yfirkjötmatsmönnum ber að senda kjötmatsformanni greinargerð og skýrslu um störf sín ár hvert og tilgreina nöfn og heimilisfang kjötmatsmanna, hjá hvaða

sláturleyfishafa þeir starfi ásamt upplýsingum um aðalstarf. Kjötmatformaður skal halda skrá yfir alla kjötmatmenn á landinu og senda landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um kjötmatið ár hvert.

46. gr.

Starfssvæði hvers yfirkjötmatsmanns skal vera sem hér segir:

1. Frá Skeiðarársandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. Frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði til Hrútafjarðarbotns.
3. Frá Hrútafjarðarbotni um Norðurland að Jökulsá í Axarfirði.
4. Frá Jökulsá í Axarfirði austur um land að Skeiðarársandi.

Kjötmatformaður getur lagt fyrir yfirkjötmatmenn að þeir starfi utan sinna svæða, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI

Um störf og skyldur kjötmatsmanna.

47. gr.

Lögreglustjóri, sýslumaður, skipar kjötmatmenn einn eða fleiri á hverjum sláturstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

48. gr.

Sá sem öðlast kjötmataréttindi, og starfar við kjötmat, skal hafa náð 21 árs aldri og vera ekki eldri en 70 ára og hafa unnið nokkuð við almenn sláturstörf og kjötverkun. Þeir sem lokið hafa sveinsprófi í kjötiðnaði eða hafa sótt nám-skeið í slátrun eða kjötmati, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir starfinu, ef yfirkjötmatmaður mælir með því. Kjötmatmaður má ekki eiga í fyrirtæki því, er hann starfar hjá sem kjötmatmaður, né vera forráðamaður þess félags, sem sláturleyfið hefur. Hann má ekki vera sölumaður afurðanna á einn eða annan hátt, né þiggja neina aukabóknun hjá þeim, sem söluna annast og gæta fyllstu óhlutdrægni í starfi.

49. gr.

Kjötmatmaður skal hafa góða þekkingu á aldri sláturgripa, bæði á fæti og föllum þeirra, og vita um verðgildi afurðanna á opinberum markaði. Hann geri sér ávallt fulla grein fyrir gæðum hverrar vöru, er hann metur, bæði að uppruna, meðferð og útliti. Þá skal kjötmatmaður ganga á undan í öllum þrifnaði, m. a. í hentugum klæðaburði og hreinlegum hlífðarfötum.

50. gr.

Kjötmatmaður skal annast mat, flokkun og merkingu á kjöti og slátri, undir umsjón yfirkjötmatsmanns, eftir þeim reglum, sem settar eru í þessum efnunum, og ber hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanni að sjá um, að sérhver kjötmatmaður, er byrjar í starfi, fái í hendur gildandi reglugerðir, svo og allar breytingar, er kunna að verða gerðar á lögum eða reglugerðaákvæðum, er starf hans snertir.

51. gr.

Kjötmatmaður skal sjá um, að slátrun fari ekki fram, fyrr en sláturfénaður hefur fengið hæfilega hvíld á sláturstað, hvort heldur er eftir rekstur, flutninga á landi, sjó eða lofti. Hann skal fylgjast með, að aflifun fari ekki fram á annan hátt en landslög heimila. Þá skal kjötmatmaður sjá um, að fláning hefjist ekki fyrr en blæðingu er lokið. Hann skal og ganga ríkt eftir því, að fláningin sé það hreinleg, að önnur óhreinindi séu ekki á kjötinu eftir fláningu en blóð svo sem í kviðar- og brjósthóli og strjúpa, er skola má af með volgu vatni. Heitara vatn má

ekki nota en 40°C. Þá skal kjötmatsmaður ávallt víta ef himnur á yfirborði skrokkans eru skornar eða rifnar við fláningu.

52. gr.

Kjötmatsmaður skal, eftir því sem við verður komið, leiðbeina í öllum sláturstörfum, sérstaklega þeim, er lúta að þrifnaði og vöruvöndum. Hann skal fylgjast vel með kælingu, frystingu, söltun og annarri verkun kjöts og sláturs og reyna af fremsta megni að stuðla að því, að varan komist á réttum tíma í góðar umbúðir og geymslustaði. Jafnframt ber kjötmatsmanni að fylgjast með flutningatækjum, sem vörurnar eru fluttar með, hreinlæti og útbúnaði.

53. gr.

Kjötmatsmaður sýni ávallt þrúðmennsku í starfi. Hann skal hafa sem bezta samvinnu við dýralækni eða hvern þann annan lækni eða aðstoðarmann, er vinnur við heilbrigðisskoðun, Þá skal kjötmatsmaður í samráði við sláturhússtjóra stuðla að því að öllu því, sem ábótavant er við sláturstörfin, sé kippt í lag svo fljótt sem auðið er.

54. gr.

Kjötmatsmaður gangi ríkt eftir því, að heilbrigðisskoðun og stimplun fari fram, áður en flokkun og merking hefst. Mat á kjöti eða öðrum sláturvörum er ólögmat án undangenginnar læknisskoðunar, samanber 6., 7. og 8. gr. laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

55. gr.

Ef kjötmatsmaður telur sig órétti beittan eða verða fyrir óréttmætum ásökunum, getur hann skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar yfirkjötmatsmanns eða kjötmatsformanns.

56. gr.

Sýni kjötmatsmaður vanrækslu í starfi, hlutdrægni við mat eða leysi það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, er yfirkjötmatsmanni heimilt í samráði við kjötmatsformann að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal lögreglustjóra þessa ráðstöfun, sem þá vikur hinum brotlega kjötmatsmanni frá störfum og skipar annan kjötmatsmann í hans stað.

57. gr.

Þegar kjöt eða aðrar sláturafurðir eru fluttar úr landi eða til sölu á markaðsstaði innan lands, skal, ef óskað er, fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið, og aðrar sláturafurðir, sé flokkað, metið og merkt og farið með það að öllu leyti eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Í vottorðinu skal tilgreind tegund stykkjatala og þyngd í hverjum flokki fyrir sig. Sé um frysta eða saltaða vöru að ræða, skal tilgreina geymslutíma.

58. gr.

Kjötmatsmönnum er skylt að gæta þess vandlega, að merkimiðar, merkiplötur og umbúðir séu ekki notaðar á annan hátt en við á.

59. gr.

Kjötmatsmaður skal halda dagbók um hve mörgum skepnum er slátrað dag hvern, af hverri tegund búfjár, sauðfé, nautgripum, hrossum o. s. frv. og láta tölu þeirra í té hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanni eða kjötmatsformanni, sé þess óskað.

60. gr.

Kjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi og fara eftir þeim reglum, er settar eru um það. Lögreglustjóri stílar þeim heitið.

61. gr.

Kjötmatsmenn skulu starfa í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og samkvæmt fyrirætlum yfirkjötmatsmanns. Þeim er skylt, eftir því sem við verður komið, vegna matsins, að vinna við verkun kjötsins og annarra sláturafurða.

Kaup kjötmatsmanna skal vera 50% herra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, og greiði hlutaðeigandi sláturleyfishafi kaupið. Ráðherra getur þó eftir óskum kjötmatssformanns ákveðið matsgjald á hverja sláttraða skepnu, ef nauðsynlegt er talið.

62. gr.

Kjötmatismaður skal taka hart á öllum óþrifnaði við sláturstörfin og vera vel á verði gagnvart afurðum, af vanheilum gripum sökum sjúkdóma eða meiðsla. Hann gangi ríkt eftir því, að allri vöru, sem kjötskoðunarlæknir dæmir frá neyzlu til manneldis, sé eytt á öruggan hátt. Óhreinindi á kjöti frá slátrun eða af öðrum ástæðum fellir það í gæðamati og enn fremur fláningsgallar, spilli þeir útliti skrokkana eða rýri þá að verðgildi. Vansköpun eða áberandi vaxtarlíti, beinbrot, gömul eða ný, vanþroski, megurð, offita, stórir marblettir, bólgur, graftarigerðir, sár o. s. frv., eða ef limir eða skrokkhlutar hafa verið afskornir, fellir vöruna í gæðamati, og mega slíkir skrokkar af sláturfénaði aldrei fara í fyrsta gæðaflokk sinnar tegundar. Tjón á sláturpeningi og afurðum vegna ágalla í aðbúnaði, meðferð eða verkun í sláturhúsi, skal sláturleyfishafi bera.

63. gr.

Nú lizt kjötmatsmanni eða yfirkjötmatsmanni svo illa á skrokk eða aðrar sláturvörur, sem stimplaðar hafa verið með heilbrigðisstimpli, að varan fullnægi ekki nauðsynlegum kröfum um gæðastig neins flokks, skal kjötmatismaður þá merkja slíka skrokka eða vöru með orðinu Úrkast. Kjöt eða aðrar sláturvörur geta einnig orðið úrkast af völdum skemmda í flutningum og geymslu eða hvers konar óhappa, sem þessar vörur geta orðið fyrir.

64. gr.

Kjötmatismaður skal, eftir því sem við verður komið, aðstoða dýralækni eða hvern annan kjötskoðunarlækni við heilbrigðisskoðun búfjárafurða í sláturhúsi og vera aðstoðar- og trúnaðarmaður hans um þau atriði, er yfirdýralæknir setur, sérstaklega um pökkun, flutninga og útskipun á vörum á erlendan markað.

65. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt ákvæðum 14. gr. ofanefndra laga, nr. 30/1966.

66. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um kjötmat og fleira, nr. 155/1949, ásamt síðari breytingum.

67. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. ágúst 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Kirkjubæjarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

23. ágúst 1968.

Nr. 229.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn í Skaftafelli í Örfum.

1. gr.

Ferðamönnum eru frjálssar gönguferðir um allan þjóðgarðinn nema um ræktuð svæði.

2. gr.

Bílum ferðamanna er leyfilegt að aka veginn upp að tínhliðum Skaftafellsbæjanna, en hvergi utan þess vegar, nema að þeim stað, skammt suður af aðaltjaldstæði við Bæjargil að vestan, sem merktur er sem bílastæði. En leggist Skeiðará frá Skaftafellsbrekkum svo að bílfært verði neðanundir þeim inn í Morsárdal, verður leyfilegt að aka inn aurana þar sem þeir eru ógrónir.

3. gr.

Aðaltjaldstæði í þjóðgarðinum verður fyrst um sinn upp með Bæjargili að vestan, skammt suður af Svartafossi. Möguleiki mun þó á að fá tjaldstæði fyrir nokkur tjöld annars staðar í þjóðgarðinum í samráði við gæzlumann. Tekið skal fram, að tjaldstæði verða ekki leyfð á gróðurlendi neðan við Skaftafellsbrekkur og ofan akvegjar.

4. gr.

Í náttúruvernd Skaftafells felst, að bannað er að vinna nokkur spjöll á náttúrunni, svo sem brjóta greinar af trjám, grafa upp plöntur, trufla fuglalíf að óþörfu og hrófla við stuðlabergsmyndun og öðru slíku. Þess er að sjálfsögðu vænt, að menn gangi snyrtilega um, skilji hvergi eftir neinn úrgang og sýni yfirleitt góða ferðamenningu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 48/1956, um náttúruvernd, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignaskatt í Bólstaðarhlíðarhreppi, A.-Húnavatnssýslu skal innheimta með 300% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 231.

24. júlí 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kvikmyndasafnið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kvikmyndasafnið.

1. gr.

Kvikmyndasafnið er stofnað af Þorgeiri Þorgeirssyni, Vonarstræti 12, Reykjavík.

2. gr.

Kvikmyndasafnið er sjálfseignarstofnun, sem rekin verður undir eftirliti stjórnar kvikmyndaklúbbsins, en á ábyrgð framkvæmdastjóra þess.

3. gr.

Kvikmyndasafninu eru í upphafi lagðar til eignar eintak af hverri kvikmynd, sem stofnandi hefur gert, svo og frumeintak heimildarkvikmynda hans um frumuppfærslu leikfélagsins Grímu á leikritinu Reiknivélin.

4. gr.

Tilgangur kvikmyndasafnsins er að eignast og varðveita eintök kvikmynda, sem hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Jafnframt skal það stuðla að rannsóknum á kvikmyndasögu og veita fræðslu um hana með útgáfu rita, fræðsluerindum, kvikmyndasýningum og umræðufundum.

5. gr.

Kvikmyndasafninu er óheimil verzlun með þau eintök kvikmynda, sem það á og eignast, enda skal það starfa í samræmi við reglur alþjóðasambands slíkra stofnana (International Federation of Film Archives) og uppfylla skilyrði aðildar að alþjóðasamtökunum.

6. gr.

Fyrsti framkvæmdastjóri kvikmyndasafnsins er stofnandi þess, Þorgeir Þorgeirsson, og annast hann daglegan rekstur þess.

7. gr.

Stjórn safnsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra tilnefndur af stofnanda safnsins og afkomendum eftir hans dag, en tveir tilnefndir af kvikmyndaklúbbum.

Hlutverk stjórnar kvikmyndasafnsins er að hafa eftirlit með rekstri safnsins gæta þess, að hann sé í samræmi við reglur safnsins.

Stjórn safnsins yfirfer reikningsskil safnsins, sem gerð skulu af framkvæmdastjóra að loknu hverju almanaksári. Stjórnin sendi síðan reikninginn til endurskoðanda, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir fyrir 1. marz ár hvert.

8. gr.

Tekjur safnsins verða hluti af árgjöldum félaga í kvikmyndaklúbbum, svo og frjáls framlög styrktaraðila.

9. gr.

Leggi opinber aðili fram fé til styrktar safninu til jafns við tekjur þess sbr. 8. gr. skal sá aðili tilnefna einn mann í stjórn, en kvikmyndaklúbburinn einn í stað tveggja.

10. gr.

Kvikmyndasýningar safnsins skulu fara fram í Litlabíói og er engum öðrum heimill aðgangur að þessu en félögum kvikmyndaklúbbsins, sem náð hafa 16 ára aldri.

11. gr.

Komi að því að starfsemi kvikmyndasafnsins falli niður, skal stjórn safnsins og framkvæmdastjóri ákveða hvaða aðila fela skuli varðveizlu eigna þess að fengnu samþykki endurskoðanda þess, sem tilnefndur er af fjármálaráðuneytinu sbr. 7. gr.

12. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerð einróma af stjórn kvikmyndasafnsins.

Reykjavík, 16. maí 1968.

Þorgeir Þorgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 127/1958, um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Sýna skal sauðfé og öðrum skepnum fyllstu nærgætni við smölun og rekstur, forðast ber að hundbeita það eða þreyta um nauðsyn fram.

Þegar sauðfé, svín eða kálfar eru flutt með bifreiðum, skal ávallt vera gæzlumaður bifreiðastjóra til aðstoðar við flutningana. Skal gæzlumaður fylgjast vel með gripunum og gæta þess, að sem bezt fari um þá og þeir verði fyrir sem minnstu hnjaski.

Bifreiðar þær, sem ætlaðar eru til sauðfjárflutninga, skal útbúa sérstaklega til þeirra nota. Pallgrindur skulu þéttar og sléttar og eigi undir 90 cm á hæð. Flutningspall skal hólfa sundur með traustum grindum í stíur, er rúmi eigi yfir 12 kindur. Dyrumbúnaður skal vera traustur og öruggur. Þegar um langan flutning er að ræða (yfir 50 km), skal flutningspallur hólfaður sundur í miðju að endilöngu, svo að engin stía náí yfir þveran flutningspall. Flutningspall eða stíur skal strá hæfilega miklum sandi eða heyi til þess að draga úr hálfu. Þegar sauðfé er flutt til slátrunar, skal leitast við að nota grindur á bifreiðarpall til að draga úr hálfu og óhreinindum. Grindur skulu þannig gerðar, að engin hætta sé á því, að fé festi fætur í þeim.

Þegar fáir gripir eru fluttir um skamman veg (undir 50 km) er þó heimilt að nota tengivagna til þeirra flutninga. Þeir skulu vera með láréttu gólfi og útbúnir á sama hátt og framan greinir.

Leitast skal við að flytja fé á meðan dagsbirtu nýtur. Verði því ekki við komið, skal hafa ljós á bifreiðarpalli, svo að vel sjáist um allan pallinn, meðan á flutningi stendur.

Til þess að forðast hnjask, mar og meiðsli skal búa svo um, að unnt sé að reka búfé á flutningspall og af honum aftur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 21/1957, um dýravernd, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

Nr. 233.

29. ágúst 1968.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir heimilishjálp, samkvæmt reglugerð nr. 22/1962, svo og reglum, sem félagsmálaráð Reykjavíkurborgar setur þar um, skal greiða á dag kr. 250.00.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað. Enn fremur strætisvagnagjöld að og frá vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 66 16. apríl 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sigurð Einarsson Hlíðar, yfirdýralækní og konu hans Guðrúnu Louisu Hlíðar. Stofnfé er kr. 80 000.00.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Dýralæknafélags Íslands (D. Í.).

3. gr.

Sjóðstjórn skipa eftirtaldir þrír dýralæknar:

1. Yfirdýralæknir, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar.
2. Einn dýralæknir úr stjórn D. Í.
3. Einn dýralæknir kosinn af aðalfundi D. Í.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Hann skal ávaxta með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, bréf gefin út eða tryggð af ríkissjóði, eða á annan jafn öruggan hátt, að dómi sjóðstjórnar.

5. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða með sama hætti og reikninga Dýralæknafélags Íslands.

6. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja þriðjung við höfuðstólinn, en tveimur þriðju má úthluta á hverju ári.

Verði minni upphæð úthlutað eitthvert ár, leggst afgangurinn af vöxtunum við höfuðstól.

Þó skal sjóðstjórn heimilt að úthluta vaxtaupphæð annað hvort ár, og má þá greiða tvo þriðju hluta vaxta tveggja ára í einu. Frá því höfuðstóllinn nær kr. 250 000.00, má veita árlega alla vexti hans.

7. gr.

Höfuðstólinn skal, að öðru leyti, efla með frjálsum gjöfum eða áheitum.

8. gr.

Af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum styrk, til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 4. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1975 (á níráðisafmæli Sigurðar E. Hlíðar).

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Sira Friðrikssjóðs Laugarnessóknar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Síra Friðrikssjóðs Laugarnessóknar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf, er stjórn K. F. U. M. í Reykjavík gaf í tilefni af 75 ára afmæli síra Friðriks Friðrikssonar 1943.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Síra Friðrikssjóður Laugarnessóknar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 5000.00. Skal ávaxta það í Sparisjóði Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum eða á annan tryggan hátt. Framlög eða gjafir, sem sjóðnum berast, skulu lagðar við höfuðstól hans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Vexti skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100 þúsund, þá er heimilt að nota $\frac{1}{2}$ hluta vaxta þar til sjóðurinn er orðinn kr. 200 þúsund og úr því má nota $\frac{3}{4}$ hluta vaxta sjóðsins.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að vexti og útbreiðslu kristilegs æskulýðsstarfs innan Laugarnessóknar og í anda síra Friðriks Friðrikssonar á evangelísk-lútherskum grundvelli.

6. gr.

Varzla sjóðsins er í höndum sóknarnefndar Laugarnessóknar.

7. gr.

Sóknarnefnd ber að varðveita verðbréf sjóðsins og önnur skilríki á tryggum og eldföstum stað.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í reikningum Laugarnessóknar.

9. gr.

Leita skal staðfestu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 20. júní 1968.

Hjörtur E. Guðmundsson,
form.

Ástráður Sigursteindórsson,
ritari.

Egill Th. Sandholt,
gjaldkeri.

Ásta Jónsdóttir.

Friðgeir Grímsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns.

Stofnfé hans er kr. 15 200.00.

Heimili minningarsjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lögreglumönnum verðlaun fyrir frækileg björgunarafrek. Verðlaunin skulu vera silfurbikar og á hann letrað: Minningarsjóður Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns, svo og nafn þess, er fær hann.

3. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 15 200.00, svo og þær gjafir, sem honum kunna að berast í framtíðinni.

4. gr.

Minningarsjóðurinn er eign Lögreflufélags Reykjavíkur. Í stjórn hans skulu eiga sæti þrjú menn kjörnir á aðalfundi Lögreflufélagsins ár hvert, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins ákveður um verðlaunaveitingu fyrir unnið afrek.

5. gr.

Eignir minningarsjóðsins skulu vera í vörzlu skrifstofustjóra lögreglustjóra-embættisins, sem ávaxtar þær á tryggilegan hátt í samráði við stjórn sjóðsins og annast reikningshald fyrir hann.

6. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur, vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðstjórnarmanna og einnig stjórnar Lögreflufélags Reykjavíkur til slíkra breytinga.

Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans svo sem segir í gjafabréfi, dagsettu 16. desember 1966, má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. júlí 1968.

Bjarki Eliasson.

Bogi Jóh. Bjarnason.

Kristmundur J. Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagskrá fyrir Minningarsjóð Mikkalínu Friðriksdóttur og manns hennar Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Mikkalínu Friðriksdóttur
og manns hennar Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Mikkalínu og Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kristjáni Dýrfjörð rafvirkja, til minningar um foreldra hans Mikkalínu og Kristján Oddsson Dýrfjörð, með minningargjöf að fjárhæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum í Félagi eftirlitsmanna með raforkuvirkjum, skammstafað F. E. R., styrki til framhaldsnáms varðandi eftirlitsstörf og erlendra kynningarferða til að kynnast eftirliti með raforkuvirkjum svo og annað það, er eflt getur menntun F. E. R. félaganna á starfssviði þeirra.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu fjögurra manna sjóðsstjórnar. Hana skipi eftirlitsstjóri ríkisins með raforkuvirkjum, og sé hann formaður sjóðsstjórnar, tveir valdir á aðalfundi F. E. R. og fjórði maðurinn sé einn af sonum gefandans eða sá eða sú, er nánustu ættingjar velja.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkissjóðstryggðum verðbréfum, eða í sparisjóðsbókum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðsstjórn árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af tveimur endurskoðendum tilnefndum af F. E. R. í skýrslum stjórnar F. E. R.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og aldrei má lána úr sjóðnum né veðsetja hann. Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 75 000.00, þá $\frac{1}{3}$ vaxta þangað til höfuðstóllinn er orðinn kr. 200 000.00. Eftir það skal leggjast við höfuðstólinn $\frac{1}{10}$ vaxtanna. Þegar sjóðurinn hefur náð þessu marki, getur sjóðsstjórnin fært út starfssvið hans sé hún einhuga um það, en aldrei má vika frá grundvallarreglunni í 3. gr.

Komi það fyrir eitthvert ár, að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðsstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa bréflaga til félaga í F. E. R. í janúar ár hvert. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram fyrir marzlok ár hvert. Sjóðsstjórn sér um úthlutun styrkja.

8. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Þá skal sjóðurinn fyrst um sinn njóta árlegs framlags frá F. E. R., er aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, og skal það fé lagt við höfuðstól sjóðsins. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

9. gr.

Verði F. E. R. lagt niður eða sameinað öðru félagi, skal Minningarsjóður Mikka-línu og Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs starfa áfram sem sérstök stofnun undir stjórn Sambands íslenzkra rafveitna.

Sjóðurinn beri eftir sem áður sama nafn, og starfi í höfuðdráttum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

28. júní 1968.

Nr. 238.

AUGLÝSING

um umferð í Búðareyrarkauptúni í Reyðarfirði.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð:

1. Biðskylda er ákveðin við eftirtaldar götur gagnvart Aðalbraut: Mánagata, Heiðavegur, Hafnargata, Búðavegur, Ásgerði, Aragata, Bakkavegur, Bakkagerðisvegur, uppkeyrsla af bryggju á Bakkagerðiseyri, Brekkugata og Öldugata.
2. Bannað er að leggja ökutæki báðum megin Aðalbrautar við íbúðarhúsið Garð á 50 metra kafla.
Bannað er að leggja ökutæki á 25 metra kafla báðum megin vegar við Verzlunina Framsókn.
3. Um stíg, sem sker Aðalbraut, og liggur á milli íbúðarhúsanna Framtíðar og Ekru, er allur akstur bannaður.
Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 28. júní 1968.

Valtýr Guðmundsson.

REIKNINGUR**Fiskveiðasjóðs Íslands.****Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1967.****Eignir :**

1. Útlán gegn 1. veðrétti í skipum	kr. 1 323 677 196.33
2. Fasteignalán	— 83 779 981.00
3. Fasteignalán PL 480	— 25 420 000.00
4. Stofnlán A—F	— 367 433 501.35
5. Skuldaskilalán	— 686 900.00
6. Vaxtalán	— 3 247 000.00
7. Innlend skipasmíði (lán og innstæður)	— 45 892 367.08
8. Verðbréf	— 44 069 696.31
9. Ýmsir skuldunautar	— 2 728 926.24
10. Bankainnstæður	— 20 531 490.39

Kr. 1 917 467 058.70
Skuldir :

1. Skuldir í erlendri mynt	kr. 116 345 054.28
2. Skuldir við innlenda banka	— 321 942 635.06
3. Framkvæmdasjóður, PL 480	— 28 689 860.00
4. Framlagsreikningar Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsb. ..	— 150 125 000.00
5. Innstæður vegna skipakaupa erlendis	— 489 386 552.00
6. Viðskiptamenn	— 11 844 557.68
7. Stofnsjóður	— 760 000 000.00
8. Varasjóður	— 888 784.00
9. Afskriftareikningur	— 35 000 000.00
10. Yfirfært til næsta árs	— 3 244 615.68

Kr. 1 917 467 058.70

Reykjavík, 26. febrúar 1968.

Elías Halldórsson.*Guðjón Halldórsson.*

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athuga-vert.

Reykjavík, 26. marz 1968.

Einar Bjarnason. Sverrir Júlíusson.

Með visun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1967 rétta.

Reykjavík, 30. apríl 1968.

Davíð Ólafsson. Jóhannes Elíasson Svanbjörn Frímannsson.**Jón Axel Pétursson. Jónas G. Rafnar.**

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1967 hér með staðfestir.

Reykjavík, 30. apríl 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 61 24. marz 1959, um umferðarmerki og notkun þeirra.

1. gr.

Framan við 36. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tvö rauð ljós, samhliða í einum fleti, sem slokkna og kvikna á vixl, merkja, að ökumenn skulu nema staðar á vegi vegna þess að slökkvibifreið er að koma inn á veg eða flugvél stefnir þvert yfir veg í lágflugi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. ágúst 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

6. september 1968.

Nr. 241.

AUGLÝSING

um innheimtu gjalds á útgjöld til ferðalaga erlendis.

Samkvæmt heimild í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um innflutningsgjald o. fl. og í framhaldi af bréfi viðskiptaráðuneytisins til gjaldeyrisbankanna dags. 3. sept. 1968 setur ráðuneytið hér með svofelldar reglur um tilhögun og innheimtu gjalds á útgjöld til ferðalaga erlendis.

1. gr.

Frá og með 4. september 1968 skulu gjaldeyrisbankarnir og umboðsmenn þeirra innheimta fyrir hönd ríkissjóðs 20% gjald af andverði alls selds gjaldeyris til hvers konar ferðalaga í einka- og opinberum erindum svo og í viðskiptaerindum. Skal iðgjaldið innt af hendi um leið og sala gjaldeyrisins fer fram.

2. gr.

Gjaldeyrisdeild bankanna á vegum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hefur umsjón með innheimtu og skilum til ríkissjóðs á andvirði gjaldsins skv. 1. gr.

Viðskiptaráðuneytið, 6. september 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Björgvin Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. september 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar, skálds.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ara Jósefssonar skálds. Ari var fæddur á Blönduósi 28. ágúst 1939. Hann drukknaði 18. júní 1964.

2. gr.

Stofnendur eru ýmsir vinir Ara. Stofnfé er kr. 100 000.00. Sjóðinn má auka með gjöfum eða öðrum hætti. Sjóðinn skal ávaxta í opinberri lánastofnun eða verðbréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum eða með ríkisábyrgð, þar sem stjórn hans telur best henta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun ungum skáldum eða öðrum listamönnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Einn tilnefndur af ættingjum og venzlamönnum Ara, annar af Rithöfundafélagi Íslands, þriðji af ritstjórum og blaðamönnum dagblaðsins „Þjóðviljinn“, fjórði af Samtökum hernámsandstæðinga og fimmti af Mími, félags stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hætti eitthvert ofangreindra félaga starfsemi sinni, er stjórn sjóðsins heimilt að leita til annarra aðila um tilnefningu.

5. gr.

Eigi má skerða höfuðstól sjóðsins meir en svo, að kr. 10 þúsund minnst standi ávallt inni á sjóðnum. Úthlutun skal fara fram á afmælisdegi Ara, 28. ágúst. Fyrsta úthlutun 28. ágúst 1968, hefur þegar farið fram.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 2. apríl 1966.

REGLUGERÐ

um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

1. gr.

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, þ. m. t. sykursíld, kryddsíld og önnur sérverkuð síld. Síldarútvegsnefnd hefur með höndum sölu síldarinnar til útlanda eftir því sem sjávarútvegsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum Síldarútvegsnefndar.

Hafi Síldarútvegsnefnd eigi einkaútflutning allrar saltaðrar síldar, skal hún þó ákveða lágmarkssöluverð fyrir hvern markað á hverri tegund verkunar og gæta þess, að ekki sé boðin eða seld síld undir hinu ákveðna lágmarksverði.

Síldarútvegsnefnd skal hafa skrifstofur á Siglufirði, í Reykjavík og á Austurlandi. Heimili, varnarþing og aðalskrifstofa er á Siglufirði. Nefndin skal þó haga störfum og verkaskiptingu milli skrifstofa sinna og starfsfólks eftir því sem hún telur hagsmunum saltsíldarsölnunnar og saltsíldarframleiðslunnar bezt þjónað hverju sinni.

Síldarútvegsnefnd ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk eftir því, sem nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórar hafa prókúruumboð fyrir Síldarútvegsnefnd og skuldbinda hana eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti, sem öðru vísi er ekki ákveðið.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

2. gr.

Tekjur Síldarútvegsnefndar skulu vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af söluverði rekstrarvara til síldarsöltunar, sem nefndin hefur til sölu meðferðar. Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstól. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og með samþykki ráðherra.

3. gr.

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlandan og erlendan markað. Síldarútvegsnefnd getur sett þau skilyrði, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem best rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar.

Nú hefur söltunarleyfi verið úthlutað, en leyfishafi uppfyllir eigi sett skilyrði eða hlítir eigi þeim fyrirmælum Síldarútvegsnefndar, sem sett hafa verið um verkun, söltun, geymslu, pökkun o. s. frv. og getur þá nefndin fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfinu.

Heimilt er Síldarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé settum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

Síldarútvegsnefnd hefur forgöngu um markaðsleit fyrir saltaða síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á saltaðri síld, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

4. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslenskt skip veiða, eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð nema löggilding Síldarútvegsnefndar komi til.

Eigi má afgreiða farmskirteini fyrir sildarsendingum til útlanda, nema ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 62/1962 sé fullnægt.

Söltuð sild í neytendaumbúðum, þ. m. t. niðurlögð sild framleidd úr saltaðri eða sérverkaðri saltsild, er undanskilin ákvæðum laganna um Sildarútvegsnefnd. Með neytendaumbúðum er átt við hvers konar umbúðir um sild, sem venja er að selja beint til neytenda í smásöluverzlunum markaðslandanna eða hliðstæðar umbúðir. Með niðurlagðri sild er átt við, að sildin sé eitthvað frekar unnin en venjuleg saltsild og sérverkuð sild og umlögð úr tunnum eða öðrum saltsildarumbúðum í neytendaumbúðir, eða hliðstæðar umbúðir. Undanskilin ákvæðum laganna er flökuð sild í hvers konar umbúðum með allt að 15 kg. nettóinnihaldi af sild.

Sildarútvegsnefnd er heimilt að veita undanþágu fyrir venjulegri saltsild og sérverkaðri sild svo og flökum í stærri umbúðum, ef hún telur að slíkt hafi ekki óhagstæð áhrif á sölu og afgreiðslumöguleika fyrir saltsildarframleiðsluna almennt til viðkomandi markaðslanda.

Enn fremur er Sildarútvegsnefnd heimilt að veita undanþágu fyrir smásendingum af sild, þegar sérstaklega stendur á.

Öll niðursoðin sild er undanskilin ákvæðum laganna um Sildarútvegsnefnd.

5. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Sildarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum sildarsaltenda eða Sildarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri sild eða einkarétt til útflutnings á saltaðri sild, sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa. Sé Sildarútvegsnefnd veittur einkaréttur til útflutnings, tekur nefndin ákvarðanir um sölu sildarinnar. Lögmet ákvörðun verður ekki tekin um sildarsölu nema með samþykki a. m. k. fjögurra nefndarmanna.

6. gr.

Sé Sildarútvegsnefnd eða heildarsamtökum sildarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 5. gr., skal hver sildarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar sildar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir sild, sömu gæða, pökkunar og tegundar, enda sé sildin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en fyrirframselda sild af sambærilegum gæðum.

Greiða skal af óskiptu sildarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi Sildarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað í sambandi við sérstaka verkun og meðferð sildarinnar.

Sé Sildarútvegsnefnd veittur einkaréttur, selur hún sildina í eigin nafni. Hver tunna skal við útflutning greinilega merkt, svo að séð verði hver hefur verkað sildina og afhent hana til útflutnings.

Hver sildareigandi ber fulla ábyrgð gagnvart Sildarútvegsnefnd á sild þeirri, er hann afhendir til sölu. Verði Sildarútvegsnefnd skaðabótaskyld vegna galla, sem framleiðanda eða sildareiganda er að kenna, á hún endurgjaldsrétt hjá framleiðanda eða sildareiganda.

Nú verður verðfall eða skylt verður að greiða kaupanda skaðabætur, sem eigi verða raktar til einstakra framleiðenda eða sildareigenda, og er þá heimilt að jafna þeim greiðslum niður á heildarútflutning þess árs.

Sildarútvegsnefnd skal, þar sem því verður við komið, semja svo við kaupendur sildarinnar, að þeir viðurkenni gæði hennar áður en útskipun fer fram, og sé sildin að því leyti þá jafnfamt úr ábyrgð nefndarinnar.

Sildarútvegsnefnd skal gera sitt ýtrasta til að selja sildina ákveðnu verði, og má hún ekki senda sild í umboðssölu, nema brýn nauðsyn beri til.

Skylt er sildareigendum (söltunarstöðvum) að afhenda sild til útflutnings,

þegar Síldarútvegsnefnd telur það nauðsynlegt að ganga frá henni til útflutnings á þann hátt, sem nefndin segir til um. Auk hinnar venjulegu skoðunar og yfirtöku fyrir útflutning hefur Síldarútvegsnefnd rétt til að láta skoða síldina hvenær sem er áður en hún er flutt út. Reynist síldin gölluð eða ekki framleidd í samræmi við verkunarfyrirmæli nefndarinnar eða gæðaákvæði viðkomandi samninga, sem Síldarútvegsnefnd hefur tilkynnt saltendum, getur Síldarútvegsnefnd neitað að taka hana til sölumeðferðar eða útflutnings.

Síldarútvegsnefnd skal, eftir því sem við verður komið, haga útskipun þannig, að sem mestur jöfnuður verði á útflutningi frá söltunarstöðvunum í hlutfalli við magn verkaðrar síldar til útflutnings.

7. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmáum, sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi samkvæmt þesari grein, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 41 2. maí 1968 um verzlunaratvinnu.

8. gr.

Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, em snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þau verða áskynja um á þennan hátt.

Skýrslur um síldarsöltun skulu sendar nefndinni daglega.

9. gr.

Síldarútvegsnefnd er heimilt að takmarka síldarsöltun, ákveða hvenær söltun megi hefjast og hvenær henni skuli lokið eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef nefndin telur slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði saltsíldarinnar eða sölu hennar.

10. gr.

Reikningsár Síldarútvegsnefndar skal vera frá 1. maí til 30. apríl. Síldarútvegsnefnd skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er. Ber Síldarútvegsnefnd að senda sjávarútvegsmálaráðuneytinu afrit af endurskoðuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nefndarinnar, svo og skýrslu framkvæmdastjóra um störf og rekstur á reikningsárinu, ásamt skrá um eignir og skuldir í lok reikningsársins.

Endurskoðendur skulu vera tveir. Skipar sjávarútvegsmálaráðherra annan án tilnefningar en hinn samkvæmt tilnefningu félaga síldarsaltenda. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Að lokinni endurskoðun skulu ársreikningar nefndarinnar, svo og skýrsla framkvæmdastjóra, sendir í afriti til allra þeirra síldareigenda, er afhent hafa Síldarútvegsnefnd síld til sölumeðferðar á viðkomandi reikningsári. Sömu gögn skal senda Alþingi, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.

Nú er sölu og útflutningi síldar lokið að fullu fyrir lok reikningsárs, skal þá Síldarútvegsnefnd gera reikningsskil síldarreiknings svo fljótt sem verða má og greiða síldareigendum að fullu eftirstöðvar síldarandvirðis. Skýlt er endurskoð-

endum, ef þess er óskað, að endurskoða þennan þátt reikningsskila, þó að fullnaðar reikningsskil hafi ekki fram farið.

11. gr.

Nú telur Síldarútvegsnefnd þess þörf að boða til fundar með síldarsaltendum og/eða síldarútvegsmönnum varðandi mikilvæg atriði um sölu og/eða framleiðslu síldar, getur nefndin þá boðað til slíks fundar með hæfilegum fyrirvara.

Ef Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og/eða Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi óska eftir að boðað verði til fundar um mikilsvarðandi mál síldarútvegs eða síldarsölu, er Síldarútvegsnefnd skylt að boða til slíks fundar, svo fljótt sem við verður komið.

12. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer svo sem segir í 11. gr. laga nr. 62/1962.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 21. apríl 1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132 23. júní 1952 um sölu og útflutning saltsíldar, þar með talin kryddsíld, sykursíld og önnur sérverkuð síld.

Sjávarútvegsáráðuneytið, 4. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að fella niður stöðvunarskyldu á Laugalæk gagnvart umferð um Sundlaugaveg og á eystri akrein Miklubrautar gagnvart Suðurlandsbraut.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. ágúst 1968.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur fiskur veiddur í botnvörpu, dragnót, þorsk- ýsu- og ufsanót skal ætíð slægður og þveginn um borð í veiðiskipi svo fljótt er við verður komið, eftir að honum hefur blætt út. Sama gildir um fisk aflaðan með öðrum veiðarfærum, ef veiðiskip leggja ekki afla sinn á land daglega. Á tímabilinu 20. maí — 15. september á hvert, skal slægja allan fisk um borð án tillits til þess með hvaða veiðarfærum hans er aflað.

Þess skal vel gætt við þvott, að ekki sé skilið eftir í kviðarholi fisksins leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði. Fisk skal slægja þannig, að ekki sé skorið fram úr lifodda.

Karfi er undanskilinn framangreindum ákvæðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

11. september 1968.

Nr. 247.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, er taka gildi 1. janúar 1969, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962.

1. Frestur sáttasemjara ríkisins skv. 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. nóvember 1968.
2. Frestur aðila skv. 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. des. 1968.
3. Frestur Kjaradóms skv. 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 16. des. 1968.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Eftir tillögum bæjarstjórnar Neskaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

1. Aðalbrautarréttur:

- a. Mýrargata.
- b. Sverristún.
- c. Miðstræti.
- d. Yzti hluti Melagötu.
- e. Aðalbrautarkerki í Vindheimi hefur verið flutt vestar á mörk Lögsagnarumdæmanna.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

2. Akreinaskipting:

Hafnarbraut í Víkinni er skipt í tvær akreinar, sú nyrðri akist í vestur, sú syðri í austur.

3. Bann við akstri:

- a. Akstur er bannaður á veginum norðan við síldarverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., öðrum en þeim, sem þangað eiga erindi.
- b. Bannaður er akstur af hafnaruppfyllingunni, að vestan, upp á Egilsbraut milli Nýja Kastala og íshússins.

4. Bann við stöðum ökutækja:

Bannað er að leggja ökutækjum við húsin nr. 5 og 7, nr. 6 og 8, 13 og 15 við Egilsbraut.

5. Gangbrautir:

Gangbraut er þvert yfir Hafnarbraut frá austanverðu húsinu nr. 1 við þá götu yfir á stéttina milli húsanna nr. 2 og 2 A.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 30. ágúst 1968.

Sigurður Egilsson.

REGLUGERÐ**um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1968.****1. gr.**

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1968, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 15.000.00
II. flokkur	— 12 000.00
III. flokkur	— 9 000.00
IV. flokkur	— 6 000.00
V. flokkur	— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Reykjavíkur apótek.
- II flokkur: Ingólfs apótek,
Laugavegs apótek,
Lyfjabúðin Iðunn.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,
Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Kópavogs apótek,
Stjörnu apótek,
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Vestmannaeyja,
Garðs apótek,
Ísafjarðar apótek,
Laugarnes apótek,
Sauðárkróks apótek,
Selfoss apótek.
- V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. desember 1968.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. september 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Hér með tilkynnist, að umferðarljós hafa verið sett á Hafnarfjarðarveg skammt fyrir norðan og sunnan nýju slökkvistöðina. Þau verða eingöngu notuð, þegar slökkvibifreiðir eru á leið frá stöðinni til þess að gegna kvaðningu.

Gerð umferðarljósanna er þannig, að tvö rauð ljós eru samhliða á einum fleti. Ef þau kvikna og slökkna á víxl, ber öikumönnum, sem eru á leið um veginn, að nema staðar við ljósin.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. september 1968.

Sigurjón Sigurðsson.

23. september 1968.

395

Nr. 251.

REGLUGERÐ um landspróf miðskóla.

1. gr.

Á miðskólaprófi í bóknámsdeild skal haldið landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið getur fækkað eða fjölgað landsprófsgreinum, ef fræðslumálastjóri og landsprófsnefnd mæla með því. Landspróf skal vera skriflegt að mestu leyti og haldið samtímis um land allt.

2. gr.

Rétt til þess að halda landspróf miðskóla hafa miðskólar, gagnfræðaskólar og aðrir sambærilegir skólar, sem fá til þess leyfi ráðuneytisins.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 10 manna prófnefnd til allt að þriggja ára í senn. Skal prófnefndin heita landsprófsnefnd. Einn nefndarmanna hefur með höndum formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir um námsgreinar landsprófs miðskóla, tveir um íslenzku, en einn um hverja prófgrein aðra en íslenzku. Nefndarmenn skulu vera vel kunnugir kennslu í gagnfræðaskólum og námsefni því, sem krafizt er til prófsins.

Jafnframt fyrrgreindum aðalmönnum í landsprófsnefnd skipar menntamálaráðuneytið 9 varamenn í nefndina, einn fyrir hvern námsgreinarsérfræðing. Ráðuneytið getur og skipað ritara í landsprófsnefnd til aðstoðar við framkvæmdastjórn, ef nefndin mælir með því, og skal hann þá vera varamaður formanns.

Hverfi maður úr landsprófsnefnd, áður en starfstímabil hans er liðið, skal skipa annan í hans stað það sem eftir er tímabilsins.

Þóknun til aðalmanna, varamanna og ritara landsprófsnefndar, prentun og fjölritun verkefna, svo og annar kostnaður við störf landsprófsnefndar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

4. gr.

Landsprófsnefnd gegnir prófdómarastörfum í Reykjavík og næsta nágrenni. Taka varamenn þátt í þessum prófdómarastörfum, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Annars staðar skipar ráðuneytið sérstaka prófdómara að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar. Um laun stjórnskipaðra prófdómara og annan prófkostnað fer eftir gildandi lögum og reglum.

5. gr.

Landsprófsnefnd annast um prentun og fjölritun prófverkefna á þann hátt, sem hún telur öruggastan, en Fræðslumálaskrifstofan sendir þau til skóla í samráði við formann landsprófsnefndar. Skal öllu þann veg háttað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrr en á prófdegi.

6. gr.

Landsprófsnefnd setur nákvæmar reglur um framkvæmd landsprófs miðskóla, úrvinnslu prófverkefna og einkunnagjöf.

7. gr.

Í erlendum tungumálum skal haldið munnlegt próf í framburði og fleiri atriðum, er varða munnlega málnotkun. Prófdómari og kennari dæma um munnlegt próf, og tekið skal tillit til einkunnar þess eftir því, sem landsprófsnefnd mælir fyrir um.

8. gr.

Landspróf miðskóla skal halda í lok hvers skólaárs, samtímis í hverri námsgrein, samkvæmt nánari fyrirmælum landsprófsnefndar.

9. gr.

Eigi síðar en tveimur dögum eftir síðasta próf skulu skólar tilkynna formanni landsprófsnefndar um þá nemendur, sem hafa ekki lokið öllum prófum sakir veikinda eða annarra lögmætra forfalla. Landsprófsnefnd heldur sjúkrapróf fyrir þessa nemendur, og fara þau fram svo fljótt sem auðið er að loknu aðalprófi. Skulu sjúkrapróf haldin í þeim skólum, sem landsprófsnefnd ákveður.

Sjúkraprófsnemendum er skylt að leggja fram læknisvottorð um orsök forfalla í prófi.

10. gr.

Prófdómari og kennari fara yfir úrlausnir nemenda og dæma þær. Þeir skulu koma sér saman um einkunn, en reynist það ókleift, skal leita úrskurðar landsprófsnefndar.

Úrlausnir á sjúkraprófi skulu prófdómari og kennari einnig meta, á sama hátt og á aðalprófi. Ef ekki reynist unnt að ná til kennara um mat sjúkraprófsúrlausna, dæmir landsprófsnefnd ein. Sömuleiðis getur nefndin tekið að sér eindæmi sjúkraprófsúrlausna, ef kennari eða skóli óska þess að koma þar hvernig nærri.

11. gr.

Allar einkunnir á landsprófi miðskóla skal færa inn í prófbók skóla. Prófskýrslu skal senda til formanns landsprófsnefndar.

Landsprófsnefnd skal halda nákvæma prófbók.

12. gr.

Að lokinni úrvinnslu prófa skal þegar senda landsprófsnefnd úrlausnir þeirra nemenda, sem hún hefur eigi sjálf dæmt um, samkvæmt nánari fyrirmælum nefndarinnar. Landsprófsnefnd endurmetur tiltekið úrtak þessara úrlausna, og ákveður nefndin úrtaksreglur. Skal miða úrtak m. a. við það, að úrlausnir þeirra nemenda, sem hlotið hafa aðaleinkunn nærri því marki, er veitir rétt til framhaldsnáms í menntaskóla og kennaraskóla, verði vandlega kannaðar. Verði endurmat landsprófsnefndar til muna frábrugðið dómi einhvers skóla, gerir hún skólanum viðvart um það. Eigi breytir endurmat landsprófsnefndar einkunnum nemenda, en tekið skal tillit til þess samkvæmt því, er um getur í 14. gr.

13. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10.

Einkunnina 0 skal aðeins gefa fyrir afleita frammistöðu, og fellir sú einkunn nemanda á prófinu. Einnig fellur nemandi á prófinu, ef hann fær 1 í tveimur greinum, ellegar 2 eða lægra í þremur greinum.

Ein einkunn skal gefin í hverri námsgrein, nema í íslenzku tvær. Reikna skal meðaleinkunn hvers nemanda með einum aukastaf.

14. gr.

Til að standast landspróf miðskóla þarf nemandi að hafa hlotið a. m. k. 5 í meðaleinkunn. Til inngöngu í menntaskóla eða kennaraskóla þarf nemandi, auk annarra skilyrða hlutaðeigandi skóla, að hafa fengið a. m. k. 6 í meðaleinkunn á prófinu.

Ef dómur einhvers skóla hefur verið til muna frábrugðinn dómi landsprófsnefndar, getur nefndin til samræmingar úrskurðað, að innganga nemenda frá þeim skóla í menntaskóla eða kennaraskóla skuli miðast við aðra lágmarkseinkunn en að ofan greinir.

15. gr.

Landsprófsnefnd getur heimilað nemendum, sem ná ekki 6 í meðaleinkunn á prófinu, en eru nærri því marki, að endurtaka að hausti próf í einstökum námsgreinum. Semur nefndin reglur um slíka endurtekningu prófa hverju sinni.

Halda skal haustnámskeið fyrir nemendur, sem fá heimild til að endurtaka próf. Menntamálaráðuneytið ákveður nánar um framkvæmd námskeiðsins, að fengnum tillögum landsprófsnefndar.

Kostnaður við haustpróf greiðist á sama hátt og getið er um í 3. gr.

16. gr.

Nemanda skal heimilt að þreyta landspróf miðskóla tvisvar, en ekki oftari, nema til komi skrifleg undanþága menntamálaráðuneytisins.

17. gr.

Fyrir upphaf hvers skólaárs skal landsprófsnefnd senda skólum drög að námsskrá. Skal þar gerð grein fyrir námsefni og helztu atriðum, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en auk þess skal lýst í stórum dráttum kröfum næsta prófs og gerð þess.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um miðskólapróf í bók-námsdeild frá 14. apríl 1947.

Reglugerð þessa skal endurskoða fyrir 1. ágúst 1970 í ljósi fenginnar reynslu.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. september 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera 83% af launum þeirra miðað við fullan kennslustundafjölda og 5 ára starfstíma.

2. gr.

Grunntala hjá kennurum gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla og iðnskóla skal vera 83% af ellefuföldum mánaðarlaunum viðeigandi launaflokka, en hjá öðrum kennurum skal grunntalan vera 83% af tólföldum mánaðarlaunum viðeigandi launaflokka. Mánaðarlaun samkvæmt launaflokkum skulu vera þau, sem við eiga eftir 5 ára starfstíma.

3. gr.

Deilitala er árlegur kennslustundafjöldi fastra kennara í hlutaðeigandi skóla við samskonar kennslu.

Vikulegan kennslustundafjölda skal telja:

36 í barnaskólum og Heyrnleysingjaskóla.

30 í gagnfræðaskólum, húsmæðraskólum og iðnskólum.

27 í Hjúkrunarskóla, Myndlista- og handiðaskóla, Kennaraskóla, menntaskólum, sérgreinaskólum fyrir kennaraefni, tækniskóla, Stýrimannaskóla, Vélaskóla, Mat-sveina- og veitingaþjónaskóla, búnaðarskólum og Garðyrkjuskóla.

Í hverjum mánuði skal telja 4 kennsluvikur.

Í árinu skal telja 8 kennslumánuði hjá kennurum gagnfræðaskóla, húsmæðraskóla og iðnskóla, en 9 mánuði hjá öðrum.

Kennslustundafjöldi söngkennara og tónlistarkennara, kennara við vanvitaskóla, heyrnleysingjaskóla og aðra skóla afbrigðilegra og vangefinna barna, skal vera $\frac{4}{5}$ af kennslustundafjölda almennra kennara.

4. gr.

Tímakaup stundakennara er grunntalan samkvæmt 2. grein, deilt með deilitalunni samkvæmt 3. grein. Tímakaupið skal reikna í heilum krónum.

5. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

6. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur skulu hafa sama tímakaup og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við. Greiða skal fyrir hverja klukkustund prófdómara-starfs eins og fyrir eina kennslustund.

7. gr.

Orlofsfé er innifalið í tímakaupinu.

8. gr.

Laun stundakennara barnaskóla skal miða við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

9. gr.

Stundakennarakaup skal greiða fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími.

Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 12 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum án tillits til lengdar kennslustundar. Þó skal greiða stundakennarakaup eftir áðurnefnd tímamörk, sé það hærra en eftirvinnukaup.

10. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólumál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. september 1968 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. september 1968.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

I. KAFLI

Um fjárrekstra á afréttir og notkun fjalilanda.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að álitum hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt sauðfé sitt. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar. Getur þá hreppsnefnd annast um, ef ekki fást upprekstrarlönd í öðrum hreppum, og fénu jafnað niður á þær jarðir, sem að dómi ítölunefndar eða hreppsnefndar eru ekki fullsetnar og með samkomulagi við umráðamenn viðkomandi jarða. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísan hreppsnefndar eða ítölunefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem ákveðið er hér á eftir. Þar sem fjáreigendur Stykkishólms eru í fjallskila- og réttarfélagi við Helgafellssveit, ber fjáreigendum Stykkishólms upprekstur í Helgafellssveit fyrir það upprekstrargjald, sem fjallskilareglugerðin ákveður eftir samkomulagi hreppsnefndar eða ákvörðun ítölunefndar.

2. gr.

Nú þykir einhverjum búendum eða jarðeigendum nauðsyn til bera, að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í heimalöndum eða fjallöndum, og er þeim þá heimilt að krefjast ítölumats samkvæmt gildandi lögum um ítölu.

3. gr.

Í upprekstrartoll greiðast kr. 15.00 fyrir hverja roska kind og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðruvísi um samið. Sé ekki greitt á gjalddaga, ber hreppsnefnd að sjá um innheimtu gjaldsins og hvílir lögtaksréttur á upprekstrargjaldinu.

4. gr.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljóti skaði eða ógreiði af.

Brot móti þessum kafla varðar sektum frá kr. 300.00—3000.00 auk skaðabóta, eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI

Um vorsmalanir.

5. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár að vorinu til rúnings, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afréttum og fjallendum. Enn fremur ákveður hreppsnefnd leitardag, hver í sínum hreppi.

Vorsmölun sauðfjár í fjallöndum og afréttum til rúnings skal lokið fyrir 10. júlí, þó er hreppsnefnd heimilt, ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur að hennar áliti að framlengja tímann og ákveður hún þá síðasta smaladag.

6. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vanalegt er um niðurrjöfnun fjallskila á haustin. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fyrir fé sínu til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum. En þeir, sem féð taka, skulu sjá fyrir vorfjallskilum á því sem sínu eigin fé.

7. gr.

Allt það fé, sem við leitir þessar finnst, skal rekið til lögskilaréttar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa, að annars staðar sé fé að rekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þar til hæfa, er sjái um, að allt gangi vel og skipulega fram, þar sem féð er rekið.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að allt órúið fé innan hrepps og utan, sem í leitum þessum finnst sé rúið, og öll ómörkuð lömb séu mörkuð undir mörk mæðra þeirra eða eigenda. Borgun fyrir rúning á aðkomufé og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að umráðamenn hirði skal vera þessi: Fyrir að rýja kindina kr. 15.00 og fyrir að marka lambið kr. 15.00, og skal sá er verkið vinnur, gera eiganda viðvart, sem svo um leið og hann hirðir ullina, greiðir allan áfallinn kostnað, enda geri sá, sem verkið hefur unnið, eiganda grein fyrir marki og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefur rúið og markað. En menn þurfa að smala yfir lönd nærliggjandi hreppa að vorinu, eða sumrinu, skulu þeir fá leyfi til þess hjá hlutaðeigandi ábúanda eða hreppsnefnd, ef um eyðilönd er að ræða og ekki næst í umráðamann jarðar, og smala þá í samráði við hann. Ber sá, er leyfið veitir, alla ábyrgð á, að samrekstur og sundurdráttur fari vel og skipulega fram, að lömb villist ekki undan ám og að fé flækist ekki til ógreiða. Brot móti þessum kafla varðar kr. 300.00—1500.00 sektum.

III. KAFLI

Um sauðfjármörk.

9. gr.

Sýslunefnd ákveður hvenær markaskrá skuli prentuð og kýs hún þá markavörð til 8 ára í senn eða þess tímabils, er markaskrá gildir, hverju sinni. Marka-

vörður skal hafa umsjón með upptöku nýrra marka og ganga úr skugga um að ekki sé sammerkt innan héraðs eða í nágrennasýslum og að því búnu auglýsa markið.

10. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til þess að hafa glöggt og löglegt eyrnamark á sauðfé sinu, en afeyrt er með öllu bannað og ný gatamörk. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á, að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornmerkja þær svo glöggt sem verða má. Afhenda ber hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það markaverði, sem athugar hvort sammerkt sé og að lokinni þeirri athugun sem um ræðir í 9. gr. auglýsir markið. Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefur, né hafa fleiri en tvö fjármörk. Enn fremur er bannað að taka upp ný mörk, sem skrásett eru í Dalasýslu sunnan varnargirðingar úr Hvammsfirði í Hrutafjörð og Mýrasýslu. Þetta nær þó ekki til þess, er barn tekur við marki foreldris.

11. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna, skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt sem segir í 10. gr. Eigi hann sammerkt við einhvern í sýslunni, skal hann leggja mark sitt niður eða semja við hlutaðeigandi um notkun þess. Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá sýslunnar er prentuð. Allir markeigendur fá eitt eintak af markaskránni. Komi það í ljós, að markeigandi komi ekki marki sinu til prentunar, skal það geymt á nafni viðkomandi hrepps, þar til næsta markaskrá yrði prentuð.

Verði mark ekki tilkynnt við gerð nýrrar markaskrár að þeim tíma liðnum, fellur niður réttur viðkomandi manns eða erfingja hans til marksins.

12. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera stafirnir SH og að auki tölustafir, þannig:

- SH 1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp.
- SH 2 — Eyjarhrepp.
- SH 3 — Miklaholtshrepp.
- SH 4 — Staðarsveit.
- SH 5 — Breiðvíkurhrepp.
- SH 6 — Neshrepp utan Ennis.
- SH 7 — Ólafsvíkurhrepp.
- SH 8 — Fróðárhrepp.
- SH 9 — Eyrarsveit.
- SH 10 — Helgafellssveit.
- SH 11 — Stykkishólmshrepp.
- SH 12 — Skógarstrandahrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimörk eigenda framan á hægri horn. Skylt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur. Ef eyrnamerki eru notuð í stað brennimarks, skulu vera þar fullir einkennisstafir hrepps og sýslu.

13. gr.

Markaskrá sýslunnar skal prenta áttunda hvert ár, nema sýslunefnd ákveði annað, og viðauka yfir mörk fjórða hvert ár, ef þörf krefur. Og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum

og setja saman eftir stafrófsröð í greinilegar skrár. Hreppsnefndin skal því næst, eftir að hún hefur samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að hverjum þeirra gefist kostur á að sjá, að mark hans sé rétt skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin skrána til markavarðar sýslunnar, sem annast um, að aðalskrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni. Skal hann hafa samráð um það við sýslunefnd. Sérhver markeigandi er skyldur að skýra hreppsnefnd frá marki sínu, svo að það komi í markaskrána. Skal hver markeigandi greiða gjald fyrir prentun marks eftir ákvörðun sýslunefndar hverju sinni. Fyrir brennimörk skal þó eigi greiða sérstakt gjald.

Fjáreigendur, sem flytja milli sveita skulu tilkynna hreppstjóra fyrir 15. ágúst ár hvert um mark sitt svo og þeir fjáreigendur, sem tekið hafa upp ný mörk, en áður hafi markaverði verið tilkynnt sbr. ákvæði 10. gr. og hann gengið úr skugga um að ekki sé sammerkt.

14. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í réttum eða að hausti, nema því aðeins að viðstaddir séu tveir vottar.

Brot móti þessum kafla varðar sektum kr. 300.00 til kr. 1500.00.

IV. KAFLI

Um fjallskil.

15. gr.

Á hverju ári skulu hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, kveðja skriflega, með nægum fyrirvara, alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eftir sauðfé, samkvæmt 16. gr. í reglugerð þessari til þess að leita afréttir og önnur fjallönd, innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 18. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um hreppinn og varðar það sektum, ef tefst eða fellur niður. Skal í því nákvæmlega ákveða, hvornig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rétta, geymslu safnsins við réttina, þangað til réttarhald byrjar, hverjir skulu sækja fé í utansveitarréttir og aðrar réttir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til að sækja fé í utansveitarréttir skal velja mark-glögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir um, hverjir skulu vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitar mönnum. Öll óhlýðni gegn fyrirskipun hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkv. 26. gr.

16. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá maður, sem sauðfé á eða hefur undir hendi, hvort sem jörð hefur til afnota eða ekki. Þó skal heimilt að veita þeim mönnum, sem hafa sauðfé sitt í afgirtum heimalöndum sumarlangt, ívilnun í fjallskilum eftir mati viðkomandi hreppsnefndar. Verði slík ívilnun veitt að fullu sbr. þó ákvæði 17. gr. um leitar skyldu lögbýla, en komi fé frá viðkomandi fjáreiganda utan girðingar, skal hann greiða kr. 50.00—100.00 fyrir hverja kind, eftir mati viðkomandi hreppsnefndar.

Fjallskilakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum kostnaði við fjárheimtur að hausti, má jafna niður og leggja á bæði í vinnu og peningum eftir því, sem hreppsnefnd telur nauðsynlegt, enda stofni þá hrepparnir fjallskilasjóði til að jafna kostnað við fjallskil og fjárleitir milli fjáreigenda.

Fjallskilakostnað má taka lögtaki samkv. lögum frá 16. des. 1885, um lögtök og fjárnám.

Fjallskil skal leggja á með hliðsjón af skýrslu forðagæzlumans, síðari hluta vetrar.

Nú reka menn einnig á fjall á öðru leitarsvæði, og eru þeir þá skyldir að inna fjallskil af hendi þar, eftir þeirri tölu roskins fjár, sem rekið er. En reki þeir ekkert fé til fjalls í heimahreppi, eru þeir undanþegnir fjallskilaskyldu þar, enda hafi þeir ekki umráð yfir lögbýli eða hluta af lögbýli.

Annist síðast nefndir fjáreigendur ekki að fullu fénað sinn í réttum, skulu þeir greiða áfallinn kostnað í heimahreppi við að koma fénu til skila.

Verði mikill ágangur úr einni sveit á aðra, skal sú sveit sem áganginum veldur, skyld að leggja til fjallskila hjá ágangspóla, sem svarar 1 dagsverki á hverjar 100 kindur, miðað við 1. rétt næsta ár á undan, þó á þetta ekki við um þá fjáreigendur, sem reka á fjall í öðru leitarsvæði samkv. 5. málsgrein þessarar greinar.

17. gr.

Þeir, sem hafa umráð jarða með fjalllendi, er telst til upprekstrarlands, og eigi eru ábúendur, svo og ábúendur á slíkum jörðum, þótt ekki hafi þeir sauðfé, skulu skyldir til fjallskila í þeim hreppi, sem jörðin liggur í. Fjallskil þessi svari til einu til þriggja dagsverka á ári fyrir hverja slíka jörð. Þeir, sem hafa lögbýli til umráða, eru einnig fjallskilskyldir, þótt býlið teljist ekki upprekstrarland og sé ekki nytjað.

18. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli: Langmerkin eru fjallgarðurinn, þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í grein þessari.

Þvermerkin eru þessi: Á milli Hörðadals og Skógarstrandarhrepps: Gunnarsstaðaá milli fjalls og fjöru. Leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Þaðan leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar að Grímsskarði (Syðra-dysi), Rauðsteinalæk, Moldargilsá, Axarhamri og Tröllahálsi. Þaðan leita Eyrsveingingar að Kaldnasa, Kistufelli, Höfðakúlum og Búlandsgili. Þaðan leita Fróðhreppingar að Stafnafelli, Steinahlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðkúlu, Folahnúk, Tvísteinu, Merarvörðu og Blindaugum. Þaðan leita Ólafsvíkurbúar um Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Einbúa og Loðnugjá, Þaðan leita Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þaðan leita Breiðvíkingar að Axlargangi, beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamörkum milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar allt til hreppamarka milli Staðarsveitar og Miklaholtshrepps í Markgili og þaðan meðfram Baulárvallavegi beina línu í Baulárvallavatn og að Hraungili og Vatnaá og þaðan leita Miklhreppingar austur að Skyrtunnu, Hafursfelli og Svínhóli. Þaðan leita Eyrhreppingar að Svínavatni, Svínaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þaðan leita Kolhreppingar að Geirhnúk eftir Vatnshlíðareggjum að Klyfsandi og Hítará. Meðan að Skógarnesgirðingu við Álftafjörð er haldið við, skal hún skipta leitum milli Eyhreppinga og Miklhreppinga, og er Selbóndinn fjallskilaskyldur í Eyjahreppi.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnsskilum.

19. gr.

Næsta dag fyrir leitardagana skal hver bóndi eða umráðamaður jarðar skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau, sem ekki eru leituð til rétta, og skal hann í tæka tíð reka allt fé, sem í þeim leitum finnst og hann ekki á sjálfur eða heima-fólk hans, til rétta eða í fjallsafnið. Heimalönd teljast aðeins þau lönd, sem að fornu voru notuð fyrir málnytupening og brúkunarhross, en víðáttumeiri lönd séu leituð eftir fyrirskipan hreppsnefndar. Fáí fjáreigendur leyfi til að reka upp fé sitt eftir réttir, skulu þeir skyldir til að leggja menn til í smalamennskur og seinni leitir eftir samkomulagi við landeigendur viðkomandi jarða.

20. gr.

Drjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu leitar skal gengið daginn áður en réttað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til miðréttar (skilaréttar) skal gengið mánudaginn í 23. viku sumars og til þriðju réttar skal gengið mánudaginn síðastan í sumri og réttað sama dag, þar sem hreppsnefnd telur það fært.

Leitardagar skulu til greindir í fjallskilaboðinu svo og réttardagar.

21. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram. Til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittast úr nágrannahreppi eða bíði hver eftir öðrum á gangnamerkjum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitinni samhlíða hver til sinnar réttar.

Nú hittir leitarmaður vanmetakind í leit sinni, og álitur, að hann geti ekki komið henni til réttar, án þess að vanrækja göngu sína. Skal hann þá athuga mark og auðkenni á henni og aflífa hana, ef hún er mjög aðfrankomin og dysja forsvaranlega þannig, að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki hennar.

22. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefur ákveðið skv. 16. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því við komið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt skv. 26. gr.

23. gr.

Leitarstjóri skal strax tilkynna hlífðarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem sérhverja aðra vanrækslu með tilliti til fjallskila til sýslumanns til sekta. Sömuleiðis hefur hver einstakur maður rétt til að kæra til hreppsnefndar, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum fram yfir það, sem reglugerð þessi leyfir, og skal hann hafa gert það skriflega til oddvita fyrir 20. október það ár, en nái hann ekki rétti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endanlegs úrskurðar.

24. gr.

Fjallafé það, sem ofanslangrar að sumrinu, skal þegar þörf gerist, rekið til fjalls í lönd þau, sem notuð eru til upprekstrar. Veiti slíkur fénaður ágang á afgirt ræktarlönd, er fjáreiganda skylt að taka slíkan fénað í örugga vörzlu, svo að ekki valdi áframhaldandi tjóni eða usla.

25. gr.

Öll haustsmölun fyrir 1. rétt á þeim löndum sem leituð eru af gangnamönnum er stranglega bönnuð. Allt það fé sem kemur úr utansveitarréttum skal flutt til lögskilaréttar og skulu skilamenn tilkynna eigendum eða umráðamönnum um það þar, þó er þeim heimilt að skila fé úr utansveitarréttum heim til eigenda þess. Ekki er skylt að reka óskilafé milli bæja eða hreppa.

Hafi eigandi eða umráðamaður eigi hirt fé sitt skv. framansögðu innan sólarhrings, skal hreppsnefnd ráðstafa því á kostnað eiganda.

26. gr.

Hver sem finnur kind í fjalllöndum þeim, sem ekki teljast búfjárhagar, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun, eftir mati óvilhallra manna. Þó mega þau ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ verðs þess, sem kindurnar eru metnar á.

Af þeim kindum, sem finnast heima í búfjárhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sérstaka fyrirhöfn, sem fyrir þeim er haft, ber að greiða.

Komi utansveitarkindur fyrir í heimafé manna að afstöðnum öllum réttum, og hafi þær orðið þar innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eiganda að kostnaðarlausu, þar til hann vitjar þeirra, ef eigandinn ekki sýnir ótilhlýðilegan drátt á að vitja þeirra.

Brot móti kafla þessum varða kr. 300.00 til 1500.00 sektum.

V. KAFLI

Um réttarhöld og meðferð á úrtíningsfé.

27. gr.

Þar skulu réttir vera, sem segir í 29. gr., og svo langt og víða til reka, sem segir í 18. gr. Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

28. gr.

Drisvar skal rétta á hausti í hverri lögskilarétt, skv. 20. gr., og skulu hreppsnefndir annast um, að réttir séu að öllu vel upp byggðar og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annast um dilkadyr sínar, meðan á réttarhaldinu stendur, helzt með grindum eða á annan jafntryggan hátt, og annast þeir einnig um árlegt viðhald á dilkum sínum. Hreppsnefnd skal þó heimilt að taka í sínar hendur viðhald réttardilka, þar sem hún álitur slíka tilhögun heppilegri.

Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar ekki skyldir að leggja til, nema jafnstóra því dilkarúmi, sem þeir þurfa að fá hjá utanhreppsþúum. Þeir menn, sem reka fé sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá sér sjálfir fyrir dilkarúmi. Hreppsnefndir kjósa einn mann fyrir réttarstjóra.

29. gr.

Réttir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú skal greint: Kaldárakkarétt, Þverárrétt, Vörðufellsrétt og Kothraunsrétt, verða mánudaginn í 22. viku sumars. Mýrdalsrétt, Setbergsrétt og Arnarhólsrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars. Langholtsrétt og Lárdalsrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Ölkeldurétt og Grundarrétt fimmtudaginn í 23. viku sumars. Vallnarétt, Ólafsvikurrétt og Bláfeldarrétt föstudaginn í 23. viku sumars. Grafarrétt og Hraunskarðsrétt laugardaginn í 23. viku sumars. Kaldárakkarétt, Kothraunsrétt, Lárdalsrétt og Fagurhólsrétt eru aukaréttir, en hinar allar lögskilaréttir.

Á meðan Bervík í Breiðuvíkurbreppi og nágrenni er í eyði, er Neshreppi skylt að leita svæðið suður að Bervíkurbrauni, enda sjái hann um viðhald Fagurhólsréttar og rétti þar sem aukarétt, Breiðvíkingum að kostnaðarlausu.

Í þeim hreppum, sem aukaréttir eru í, er hlutaðeigandi hreppsnefndum skylt að sjá um, að öllu úrtíningsfé, er fyrir kann að koma á aukaréttum á haustin, sé tafarlaust komið til lögskilaréttar. Hlutaðeigandi hreppsnefndum er skylt að sjá um, að aukaréttir séu þannig útbúnar, hvað dilka og fyrirkomulag snertir, að réttarhaldið geti farið vel og skipulega fram.

30. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskila- og aukarétt, en réttarstjóri annast um innrekstur fjárins og sér um, að féð ekki troðist undir, gætir þess, að fénu sé ekki á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við. Litur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markgöggir menn skoði dilka, áður en út er hleypt, og gæti þess, að féð fari ekki

saman í dilkum. Skal því enginn hleypta út, fyrr en réttarstjórinn leyfir, sem ekki sé fyrr en búið er að töflulesa úrtíning, og skal þá aðalreglan sú, að utanhreppsmenn hleypi fyrst út og svo þeir, sem lengst eru að.

31. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sérstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar, unz búið er að draga úr almenningnum. Að loknum fjárdætti skal þeim sleppt í almenninginn eða girðingu umhverfis réttina og skal þangað færa allar ær, sem von er til um að ættu þá, svo þær geti helgað sér lömb sín. Réttarstjóri skal jafnan vera viðstaddur og engum skal heimilt að taka ómerking sem sína eign, nema með samþykki hans og meiri hluta hreppsnefndar, sé hann viðstaddur. Alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, skal selja strax á réttarstaðnum, og andvirði þeirra renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eftir réttir, fer um, sem annað óskilafé, ef enginn getur helgað sér þá, og rennur þá einnig andvirði þeirra í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

Geti menn sannað með framburði tveggja óvilhallra manna og áreiðanlegra, að ær hafi helgað sér seldan ómerking, skal eigandi ærinnar fá andvirði ómerkingsins að frádregnum uppboðskostnaði.

Á meðan ákvæði laga um sauðfjársjúkdóma gilda, skal þó þrátt fyrir fyrir-mæli þessara greina öllum ómerkingum sem öðru óskilafé lógað strax. Verði því ekki við komið, skal féð geymt í öruggri geymslu, þar til því verður slátrað.

32. gr.

Mýétning allan skal selja í hverri lögskilarétt, þó því aðeins að enginn geti helgað sér þá og að eyrun séu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr. Réttarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og séu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda, og fer þá um kindur þessar eins og annað óskilafé. Sama er um þá mýétninga, sem finnast eftir réttir. Andvirði þeirra, mýétninganna, rennur í viðkomandi fjallskilasjóð, ef hann er til, annars í sveitarsjóð.

33. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu rétt skal sleppt í land réttarbónda eða annars, ef hentugra þykir. En fé það, sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarétt, skal þá þegar afhent hreppstjóra, og skal hann þá strax kveðja til með sér tvo markglögga menn og gætna. Skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk, og segja til um mörk. Hreppstjóri skal skrifa mörkin nákvæmlega upp og lesa þau upp í heyrandi hljóði. Það, sem þá verður óuppdregið, skal þegar sett á opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrír menn bera ábyrgð á, að mörkunum sé rétt lýst.

34. gr.

Réttartoll fyrir lögskilarétt skal greiða úr sveitarsjóði búanda þeim á hvers landi réttin stendur, kr. 200.00 til kr. 500.00 eftir samkomulagi hlutaðeigenda eða mati óvilhallra manna.

35. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilarettir, og þekkja menn eigendur að þeim. Skulu þær þá á kostnað eigenda þeirra geymdar í vörzlu hreppstjóra eða annarra, ef heppilegra þykir. Hreppstjóri annast um, að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta, séu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki ráðstafað kindum þessum að viku liðinni, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarettir og ekki

þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt, sbr. þó 31. gr. Geymslukostnaður sé kr. 5.00 á sólarhring eða greiddur af eiganda eftir samkomulagi.

36. gr.

Lýsing á óskilafé, sem selt er á opinberu uppboði eða lógað er, skal hreppstjóri auglýsa í Lögbirtingablaði eigi síðar en í febr., á kostnað eiganda, ef hann gefur sig fram fyrir 1. okt. næsta ár á eftir, ella sveitarsjóðs.

VI. KAFLI

Um hross.

37. gr.

Enginn hrossaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, er hross á, sem ekki eru í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

38. gr.

Alls staðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim að haustinu smalað og réttað í skilarétt. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafé. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember þ. á. Geymslukostnaður greiðist eftir samkomulagi, eða sé kr. 15.00 á sólarhring.

39. gr.

Hver sá, sem í leyfisleysi lætur hross sín eða þau, sem hann tekur til haggöngu af öðrum, ganga í landi annarra og hirðir þau ekki innan tveggja sólarhringa, eftir að hann hefur fengið tilkynningu um að hirða þau, greiði kr. 10.00 um sólarhring hvern, fyrir hvert þeirra í hagatoll, til þess manns, sem fyrir áganginum verður. Upprekstrartollur skal vera 100.00 krónur fyrir hvert hross, sé ekki öðruvísi um samið.

Brot móti kafla þessum varðar 300.00 til 1500.00 króna sekt.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

40. gr.

Allar sektir, sem nefndar eru í þessari reglugerð, renna í hlutaðeigandi fjallskilasjóð, sé hann til, annars í sveitarsjóð.

41. gr.

Vanræki einstaklingur eða sveitarfélag að framkvæma fjárleitir eða annað skv. reglugerð þessari, skulu viðkomandi sæta sektum kr. 2000.00 til 10000.00.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

43. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um fjallskil o. fl. frá 17. júlí 1956.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af hverfinu,
„Norðurbær“ í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. september 1968 staðfest skipulagsuppdrátt af hverfinu „Norðurbær“ í Hafnarfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Engihlíðarhreppi,
Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignaskatt í Engihlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5 gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR**Hins almenna kirkjusjóðs árið 1967.****A. Rekstrarreikningur.****Tekjur :**

1. Vextir af lánum kirkna	kr.	322 760.25
2. Vextir af skuldabréfum	—	77 050.60
3. Vextir af bankainnstæðu	—	89 756.65
4. Gjaldfallnir óinnheimtir vextir	—	120 000.00
		<hr/>
	Kr.	609 567.50

Gjöld :

1. Rekstrarkostnaður	kr.	25 510.00
2. Tekjuafgangur	—	584 057.50
		<hr/>
	Kr.	609 567.50

B. Efnahagsreikningur.**Eignir :**

1. Í lánum kirkna	kr.	7 232 795.86
2. Skuldabréf	—	868 000.02
3. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	1 722 487.64
4. Innstæða í Samvinnubanka Íslands	—	410 778.61
5. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	200 000.00
6. Óinnheimtir vextir	—	120 000.00
		<hr/>
	Kr.	10 554 062.13

Skuldir :

1. Eignir kirkna 1. jan. 1967	kr.	10 784 154.00
Innlög á árinu	kr.	1 555 347.19
Vextir	—	578 078.00
		<hr/>
		2 133 425.19
		<hr/>
	Kr.	12 917 579.19
÷ Úttekið af innstæðufé	—	2 369 936.72
		<hr/>
		10 547 642.47
2. Tekjuafgangur frá fyrra ári	kr.	440.16
Tekjuafgangur 1967	—	5 979.50
		<hr/>
		6 419.66
		<hr/>
	Kr.	10 554 062.13

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. janúar 1968.***Sigurbjörn Einarsson.**

SKÝRSLA

um eignir kirkna í Hinum almenna kirkjusjóði árið 1967.

Kirkjur	Eign í árslok 1966 kr.	Tekið út kr.	Lagt inn kr.	Vextir kr.	Eign í árslok 1967 kr.
N.-Múlaprófastsdæmi:					
Skeggjastaðakirkja	283.00	—	—	16.00	299.00
Hofskirkja í Vopnafirði ..	109376.00	—	—	6016.00	115392.00
Vopnafjarðarkirkja	346.00	—	—	19.00	365.00
Hofteigskirkja	8559.00	—	—	471.00	9030.00
Eiríksstaðakirkja	557.00	—	—	31.00	588.00
Sleðbrjótakirkja	3373.00	—	—	186.00	3559.00
Möðrudalskirkja	4883.00	—	—	269.00	5152.00
Kirkjubæjarkirkja	19888.00	—	—	1094.00	20982.00
Eiðakirkja	4254.00	—	—	234.00	4488.00
Hjaltastaðakirkja	8328.00	8000.00	—	333.00	661.00
Valbjófsstaðarkirkja	714.00	—	—	39.00	753.00
Ásskirkja	83626.00	—	—	4599.00	88225.00
Bakkagerðiskirkja	56.00	1000.00	1000.00	3.00	59.00
Njarðvíkurkirkja	1645.00	—	—	90.00	1735.00
Húsavíkurkirkja	2732.00	—	—	150.00	2882.00
Seyðisfjarðarkirkja	202.00	—	—	11.00	213.00
Klyppsstaðakirkja	3954.00	—	—	217.00	4171.00
	252776.00	9000.00	1000.00	13778.00	258554.00
S.-Múlaprófastsdæmi:					
Vallanesskirkja	177.00	—	—	10.00	187.00
Þingmúlakirkja	2234.00	—	—	123.00	2357.00
Hallormsstaðarkapella ...	213.00	—	—	12.00	225.00
Neskirkja í Norðfirði	787.00	—	1000.00	52.00	1839.00
Brekkukirkja, Mjóafirði ..	219.00	—	—	12.00	231.00
Kolfreyjustaðarkirkja	66.00	—	—	4.00	70.00
Fáskrúðsfjarðarkirkja	894.00	—	—	49.00	943.00
Heydalakirkja	—	—	1000.00	46.00	1046.00
Stöðvarkirkja	47.00	—	—	3.00	50.00
Djúpavogskirkja	408.00	—	—	22.00	430.00
Berunesskirkja	283.00	—	—	16.00	299.00
Berufjarðarkirkja	283.00	—	—	16.00	299.00
Hofskirkja	291.00	—	—	16.00	307.00
	5902.00	—	2000.00	381.00	8283.00
A.-Skafafellsprófastsdæmi:					
Hafnarkirkja	2399.00	—	—	132.00	2531.00
Bjarnanesskirkja	2794.00	—	—	154.00	2948.00
Stafafellskirkja	1447.00	—	—	80.00	1527.00
Einholtskirkja	217.00	—	—	12.00	229.00

Kirkjur	Eign í árslok	Tekið út	Lagt inn	Vextir	Eign í árslok
	1966				1967
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Kálfafellsstaðarkirkja	198.00	—	—	11.00	209.00
Hofskirkja í Örafum	3966.00	—	—	218.00	4184.00
	11021.00	—	—	607.00	11628.00

V.-Skaftafellsprófastsdæmi:

Prestsbakkakirkja	1415.00	—	—	78.00	1493.00
Kálfafellskirkja	2155.00	—	—	119.00	2274.00
Byggsj. kirkju að Kirkjubkl.	2710.00	—	4600.00	279.00	7589.00
Grafarkirkja	10367.00	—	—	570.00	10937.00
Þykkvabæjarkl.kirkja	18125.00	—	—	997.00	19122.00
Langholtskirkja	11220.00	—	—	617.00	11837.00
Víkurkirkja	371.00	—	—	20.00	391.00
Skeiðflatarkirkja	6202.00	—	—	341.00	6543.00
Reyniskirkja	441.00	—	—	24.00	465.00
Sólheimakapella	12210.00	—	2000.00	713.00	14923.00
	65216.00	—	6600.00	3758.00	75574.00

Rangárvallaprófastsdæmi:

Eyvindarhólakirkja	77.00	—	—	4.00	81.00
Ásólfsskálakirkja	1586.00	—	—	87.00	1673.00
Stóradalskirkja	0.00	—	—	—	0.00
Byggsj. Stóradalskirkju ..	0.00	—	—	—	0.00
Krosskirkja	10718.00	—	—	589.00	11307.00
Akureyjarkirkja	987.00	—	—	54.00	1041.00
Voðmúlstaðakapella	129139.00	11500.00	3200.00	6042.00	126881.00
Breiðabólsstaðarkirkja ...	1935.00	—	—	106.00	2041.00
Hlíðarendakirkja	4200.00	—	—	231.00	4431.00
Oddakirkja	1930.00	—	—	106.00	2036.00
Stórólshvolskirkja	21502.00	660.00	—	1175.00	22017.00
Byggsj. Keldnakirkju	38551.00	—	—	2120.00	40671.00
Kálfholtskirkja	12578.00	—	—	692.00	13270.00
Hábæjarkirkja	179.00	—	—	10.00	189.00
Árbæjarkirkja	237.00	—	—	13.00	250.00
Skarðskirkja	15386.00	—	—	846.00	16232.00
Hagakirkja	8.00	—	—	1.00	9.00
Marteinstungukirkja	209.00	—	—	11.00	220.00
— Menningarsj. G. G.	104171.00	—	175948.20	13450.00	293569.20
	343393.00	12160.00	179148.20	25537.00	535918.20

Árnessprófastsdæmi:

Stóra-Núpskirkja	564.00	—	—	31.00	595.00
Ólafsvallakirkja	3927.00	—	—	216.00	4143.00
Hrepphólakirkja	564.00	—	—	31.00	595.00
Hrunakirkja	3053.00	—	—	168.00	3221.00
Tungufellskirkja	11292.00	—	—	621.00	11913.00

Kirkjur	Eign í árslok	Tekið út	Lagt inn	Vextir	Eign í árslok
	1966				1967
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Skálholtskirkja	86872.00	34800.00	7000.00	3278.00	62350.00
Torfastaðakirkja	1187.00	—	—	65.00	1252.00
Haukadalskirkja	1613.00	—	—	89.00	1702.00
Bræðratungukirkja	1641.00	—	—	90.00	1731.00
Úthlíðarkirkja	16456.00	—	—	905.00	17361.00
Mosfellskirkja	365.00	—	—	20.00	385.00
Miðdalskirkja	16511.00	—	11239.06	910.00	28660.06
Stóru-Borgarkirkja	4522.00	—	—	249.00	4771.00
Búrfellskirkja	424.00	—	—	23.00	447.00
Þingvallakirkja	7926.00	—	—	436.00	8362.00
Ný Þingvallakirkja	2133.00	—	—	117.00	2250.00
Úlfliótsvatnskirkja	1357.00	—	—	75.00	1432.00
Hraungerðiskirkja	4446.00	—	—	245.00	4691.00
Villingaholtskirkja	14242.00	—	—	783.00	15025.00
Selfosskirkja	2256.00	—	—	124.00	2380.00
Eyrarbyggjakirkja	1321.00	—	—	73.00	1394.00
Stokkseyrarkirkja	2162.00	—	—	119.00	2281.00
Gaulverjabæjarkirkja	1077.00	—	—	59.00	1136.00
Kotstrandarkirkja	43238.00	—	—	2378.00	45616.00
Hjallakirkja	61.00	—	—	3.00	64.00
Strandarkirkja	8592763.00	1943687.95	682151.43	456275.00	7787501.48
	8821973.00	1978487.95	700390.49	467383.00	8011258.54

Kjalarnessprófastsdæmi:

Grindavíkurkirkja	3197.00	—	—	176.00	3373.00
Útskálakirkja	640.00	—	—	35.00	675.00
Hvalsnesskirkja	139510.00	—	1750.00	7709.00	148969.00
Keflavíkurkirkja	550.00	—	—	30.00	580.00
Innri-Njarðvíkurkirkja	—	—	12000.00	55.00	12055.00
Hafnarfjarðarkirkja	2980.00	—	—	164.00	3144.00
Kálfatjarnarkirkja	1008.00	—	—	55.00	1063.00
Garðakirkja	7524.00	—	200.00	415.00	8139.00
Bessastaðakirkja	211.00	—	—	12.00	223.00
Mosfellskirkja	996.00	—	—	55.00	1051.00
Ytri-Njarðvíkurk. (bygg.sj.)	576.00	—	—	32.00	608.00
Lágafellskirkja	10511.00	—	—	578.00	11089.00
Viðeyjarkirkja	16013.00	—	—	881.00	16894.00
Reynivallakirkja	1941.00	—	—	107.00	2048.00
Saurbæjarkirkja	253.00	—	—	14.00	267.00
Brautarholtskirkja	2905.00	—	—	160.00	3065.00
Landakirkja	3244.00	—	—	178.00	3422.00
	192059.00	—	13950.00	10656.00	216665.00

Reykjavíkurprófastsdæmi:

Dómkirkjan	63281.00	—	—	3480.00	66761.00
Langholtskirkja	1876.00	—	—	103.00	1979.00

Kirkjur	Eign í árslok 1966 kr.	Tekið út kr.	Lagt inn kr.	Vextir kr.	Eign í árslok 1967 kr.
Kópavogskirkja	133.00	—	300.00	16.00	449.00
Hallgrímskirkja	50766.00	93000.00	82408.50	1690.00	41864.50
Laugarnesskirkja	1486.00	—	50000.00	1457.00	52943.00
Nesskirkja	1392.00	—	—	77.00	1469.00
Háteigskirkja	779.00	—	—	43.00	822.00
Bústaðakirkja	232094.00	200000.00	—	8120.00	40214.00
	351807.00	293000.00	132708.50	14986.00	206501.50

Borgarfjarðarprófastsdæmi:

Saurbæjarkirkja	7996.00	—	—	440.00	8436.00
Hallgrímskirkja	21832.00	—	3950.00	1279.00	27061.00
Leirárkirkja	1199.00	—	—	66.00	1265.00
Hvanneyrarkirkja	722.00	—	—	40.00	762.00
Bæjarkirkja	178.00	—	—	10.00	188.00
Fitjakirkja	2070.00	—	—	114.00	2184.00
Reykholtskirkja	389.00	—	1000.00	44.00	1433.00
Stóra-Ásskirkja	10361.00	—	—	570.00	10931.00
Gilbakkakirkja	1792.00	—	—	99.00	1891.00
Síðumúlakirkja	5694.00	—	—	313.00	6007.00
Húsafellskapella	3685.00	—	1450.00	260.00	5395.00
	55918.00	—	6400.00	3235.00	65553.00

Mýrprófastsdæmi:

Stafholtskirkja	213.00	—	—	12.00	225.00
Hjarðarholtskirkja	14.00	—	—	1.00	15.00
Hvammskirkja	25446.00	17608.77	—	888.00	8725.23
Norðurtungukirkja	1238.00	—	—	68.00	1306.00
Borgarkirkja	390.00	—	—	21.00	411.00
Borgarnesskirkja	422.00	—	—	23.00	445.00
Álftanesskirkja	3862.00	—	—	212.00	4074.00
Akrakirkja	322.00	—	—	18.00	340.00
Álftártungukirkja	2951.00	—	—	162.00	3113.00
	34858.00	17608.77	—	1405.00	18654.23

Snæfellsnessprófastsdæmi:

Miklaholtskirkja	5602.00	—	—	308.00	5910.00
— (viðhaldssjóður)	2261.00	—	—	124.00	2385.00
Fáskrúðarbakkakirkja ...	174.00	—	—	10.00	184.00
Rauðamelskirkja	12170.00	—	—	669.00	12839.00
Kolbeinsstaðakirkja	539.00	—	—	30.00	569.00
— (raflýsingarsjóður)	9041.00	—	—	497.00	9538.00
Staðastaðarkirkja	2035.00	—	—	112.00	2147.00
Búðakirkja	356.00	—	4000.00	38.00	4394.00
Ólafsvíkurkirkja	2035.00	—	—	112.00	2147.00
Ingjaldshólskirkja	92.00	—	—	5.00	97.00

Kirkjur	Eign í árslok 1966 kr.	Tekið út kr.	Lagt inn kr.	Vextir kr.	Eign í árslok 1967 kr.
Brimilsvallakirkja	2035.00	—	—	112.00	2147.00
Setbergskirkja	39613.00	—	—	2179.00	41792.00
Grafarnesskirkja	453.00	—	—	25.00	478.00
Stykkishólmskirkja	377.00	—	—	21.00	398.00
Helgafellskirkja	4560.00	—	—	251.00	4811.00
Bjarnarhafnarkirkja	377.00	—	—	21.00	398.00
Breiðabólstaðarkirkja ...	18831.00	—	—	1036.00	19867.00
Narfeyrarkirkja	12714.00	—	—	699.00	13413.00
	113265.00	—	4000.00	6249.00	123514.00

Dalaprófastsdæmi:

Kvennabrekkukirkja	3649.00	—	2000.00	276.00	5925.00
Stóra-Vatnshornskirkja ..	1702.00	—	—	94.00	1796.00
Snóksdalskirkja	16656.00	—	—	916.00	17572.00
Hvammskirkja	3283.00	—	—	181.00	3464.00
Hjarðarholtskirkja	4349.00	—	—	239.00	4588.00
Staðarfellskirkja	44340.00	—	—	2439.00	46779.00
Staðarhólskirkja	425.00	—	—	23.00	448.00
Skarðskirkja	7677.00	—	—	422.00	8099.00
Dagverðarnesskirkja	3166.00	—	—	174.00	3340.00
	85247.00	—	2000.00	4764.00	92011.00

Barðastrandarprófastsdæmi:

Flateyjarkirkja	2111.00	—	—	116.00	2227.00
Reykhólakirkja	2492.00	—	—	137.00	2629.00
Garpsdalskirkja	1897.00	—	—	104.00	2001.00
Staðarkirkja	9357.00	—	—	515.00	9872.00
Brjánslækjarkirkja	6283.00	—	2000.00	437.00	8720.00
Hagakirkja	1991.00	—	—	110.00	2101.00
Sauðlauksdalskirkja	8674.00	—	2000.00	523.00	11197.00
Saurbæjarkirkja	3965.00	—	—	218.00	4183.00
Breiðavíkurkirkja	3965.00	—	—	218.00	4183.00
Patreksfjarðarkirkja	1268.00	—	—	70.00	1338.00
Stóra-Laugarðalskirkja ..	13140.00	—	3000.00	747.00	16887.00
Bildudalskirkja	1104.00	—	—	61.00	1165.00
Selárdalskirkja	79468.00	—	—	4371.00	83839.00
	135715.00	—	7000.00	7627.00	150342.00

V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:

Hrafnseyrarkirkja	137.00	—	—	8.00	145.00
Álftamýrarkirkja	85.00	—	—	5.00	90.00
Þingeyrarkirkja	846.00	—	—	47.00	893.00
Hraunskirkja	22894.00	—	—	1259.00	24153.00
Núpskirkja	428.00	—	—	24.00	452.00
Mýrakirkja	128.00	—	—	7.00	135.00

Kirkjur	Eign í árslok	Tekið út	Lagt inn	Vextir	Eign í árslok
	1966				1967
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Sæbólskirkja	441.00	—	—	24.00	465.00
Holtskirkja	553.00	—	—	30.00	583.00
Flateyrarkirkja	633.00	—	—	35.00	668.00
Kirkjubólskirkja	633.00	—	—	35.00	668.00
Staðarkirkja	284.00	—	—	16.00	300.00
	27062.00	—	—	1490.00	28552.00

N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:

Hólskirkja í Bolungarvík .	2601.00	—	—	143.00	2744.00
Ísafjarðarkirkja	12336.00	—	—	678.00	13014.00
Ögurkirkja	7131.00	—	—	392.00	7523.00
Eyrarkirkja í Seyðisfirði ..	6987.00	—	—	384.00	7371.00
Súðavíkurkirkja	5485.00	—	—	302.00	5787.00
Vatnsfjarðarkirkja	749.00	—	—	41.00	790.00
Nauteyrarkirkja	5295.00	—	—	291.00	5586.00
Melgraseyrarbænhús	1910.00	—	—	105.00	2015.00
Hesteyrarkirkja	33287.00	—	—	1831.00	35118.00
Staðarkirkja í Aðalvík	3851.00	—	—	212.00	4063.00
	79632.00	—	—	4379.00	84011.00

Strandaprófastsdæmi:

Árnesskirkja	14425.00	—	—	793.00	15218.00
Staðarkirkja í Steingr.f. ...	1032.00	—	—	57.00	1089.00
Kollafjarðarnesskirkja ...	61.00	—	—	3.00	64.00
Prestsbakkakirkja	383.00	—	—	21.00	404.00
Staðarkirkja í Hrutaf.	1884.00	—	—	104.00	1988.00
	17785.00	—	—	978.00	18763.00

Húnavatnsprófastsdæmi:

Melstaðarkirkja	15098.00	14680.00	—	496.00	914.00
Kirkjuhvammiskirkja	283.00	—	—	16.00	299.00
Staðarbakkakirkja	473.00	—	—	26.00	499.00
Efra-Núpskirkja	358.00	—	—	20.00	378.00
Tjarnarkirkja	10.00	—	—	1.00	11.00
Breiðabólstaðarkirkja ...	1074.00	—	—	59.00	1133.00
Viðidalstungukirkja	2286.00	—	—	126.00	2412.00
Þingeyrakirkja	603.00	—	—	33.00	636.00
Undirfellskirkja	0.00	—	—	—	0.00
Blönduósskirkja	3651.00	—	—	201.00	3852.00
Holtastaðakirkja	2766.00	—	—	152.00	2918.00
Bólstaðarhlíðarkirkja	3978.00	—	—	219.00	4197.00
Bergsstaðakirkja	319.00	—	—	18.00	337.00
Auðkúlukirkja	8010.00	—	—	441.00	8451.00
Svinavatnskirkja	2261.00	—	—	124.00	2385.00
Höskuldsstaðakirkja	371.00	—	—	20.00	391.00

Kirkjur	Eign í árslok	Tekið út	Lagt inn	Vextir	Eign í árslok
	1966				1967
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Höfðakirkja	53.00	—	—	3.00	56.00
Hofskirkja	3648.00	—	—	201.00	3849.00
	45242.00	14680.00	—	2156.00	32718.00
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
Hvammskirkja	2677.00	—	—	147.00	2824.00
Ketukirkja	2998.00	—	—	165.00	3163.00
Sauðárkróskirkja	2866.00	—	—	158.00	3024.00
Rípukirkja	597.00	—	—	33.00	630.00
Glaumbæjarkirkja	1001.00	—	—	55.00	1056.00
Reynisstaðarkirkja	1417.00	—	—	78.00	1495.00
Víðimýrarkirkja	1311.00	—	—	72.00	1383.00
Mælifellskirkja	656.00	—	—	36.00	692.00
Reykjakirkja	1265.00	—	—	70.00	1335.00
Ábæjarkirkja	1265.00	—	—	70.00	1335.00
Miklabæjarkirkja	703.00	—	455000.00	734.00	456437.00
Silfrastaðakirkja	1432.00	—	—	79.00	1511.00
Flugumýrarkirkja	1511.00	—	—	83.00	1594.00
Hólakirkja	3721.00	—	50.00	224.00	3995.00
Viðvíkurkirkja	550.00	—	—	30.00	580.00
Hofsstaðakirkja	565.00	—	—	31.00	596.00
Hofskirkja	848.00	—	—	47.00	895.00
Fellskirkja	50.00	—	—	3.00	53.00
Barðskirkja	8725.00	45000.00	45000.00	480.00	9205.00
Knappsstaðakirkja	3223.00	—	—	177.00	3400.00
	37381.00	45000.00	500050.00	2772.00	495203.00
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
Miðgarðakirkja	934.00	—	—	51.00	985.00
Siglufjarðarkirkja	77.00	—	—	4.00	81.00
Vallakirkja	364.00	—	—	20.00	384.00
Urðakirkja	420.00	—	—	23.00	443.00
Upsakirkja	3053.00	—	—	168.00	3221.00
Hríseyjarkirkja	3203.00	—	—	176.00	3379.00
Stærri-Árskógskirkja	172.00	—	—	9.00	181.00
Möðruvallaklausturskirkja	13880.00	—	—	763.00	14643.00
Bakkakirkja	1611.00	—	—	89.00	1700.00
Bægisárkirkja	770.00	—	—	42.00	812.00
Akureyrarkirkja	2052.00	—	—	113.00	2165.00
Lögmannshlíðarkirkja	3387.00	—	—	186.00	3573.00
Munkaþverárkirkja	344.00	—	—	19.00	363.00
Kaupangskirkja	455.00	—	—	25.00	480.00
Grundarkirkja	424.00	—	—	23.00	447.00
Möðruvallakirkja	424.00	—	—	23.00	447.00
Saurbæjarkirkja	20868.00	—	—	1148.00	22016.00
Hólakirkja	424.00	—	—	23.00	447.00
	52862.00	—	—	2905.00	55767.00

Kirkjur	Eign í árslok	Tekið út	Lagt inn	Vextir	Eign í árslok
	1966				1967
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
Laufásskirkja	431.00	—	—	24.00	455.00
Svalbarðskirkja	342.00	—	—	19.00	361.00
Grenivíkirkirkja	3428.00	—	—	189.00	3617.00
Hálskirkja	4654.00	—	—	256.00	4910.00
Illugastaðakirkja	39.00	—	—	2.00	41.00
Ljósavatnaskirkja	3031.00	—	—	167.00	3198.00
Þóroddsstaðakirkja	3824.00	—	—	210.00	4034.00
Lundarbrekkukirkja	3030.00	—	—	167.00	3197.00
Skútustaðakirkja	191.00	—	—	11.00	202.00
Reykjahlíðarkirkja	679.00	—	100.00	40.00	819.00
Grenjaðarstaðarkirkja	1122.00	—	—	62.00	1184.00
Þverárkirkja	1455.00	—	—	80.00	1535.00
Einarsstaðakirkja	1455.00	—	—	80.00	1535.00
Nesskirkja	3199.00	—	—	176.00	3375.00
Þönglabakkakirkja	12588.00	—	—	692.00	13280.00
Flateyjarkirkja	112.00	—	—	6.00	118.00
	39580.00	—	100.00	2181.00	41861.00
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
Viðihólskirkja	82.00	—	—	5.00	87.00
Skinnastaðarkirkja	196.00	—	—	11.00	207.00
Raufarhafnarkirkja	14263.00	—	—	784.00	15047.00
Sauðanesskirkja	619.00	—	—	34.00	653.00
Svalbarðskirkja	300.00	—	—	17.00	317.00
	15460.00	—	—	851.00	16311.00
	10784154.00	2369936.72	1555347.19	578078.00	10547642.47

Sé tekjuafgangi, kr. 6 419.66 bætt við ofangreinda upphæð, kr. 10 547 642.47, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningi, kr. 10 554 062.13.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. janúar 1968.

Sigurbjörn Einarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Daniéls Eiríkssonar, útgefin á venjulegan hátt af dómsmálaráðherra að mandatum 17. september 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóðs Daniéls Eiríkssonar og konu hans
Amalíu Geirsdóttur, Súgandafirði.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Daniéls Eiríkssonar og Amalíu Geirsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 7 þúsund kr. framlagi frá systkinum Daniéls Eiríkssonar, þeim Jóni Eiríkssyni, Kristjáni B. Eiríkssyni, Guðrúnu Eiríksdóttur, Kristínu Eiríksdóttur og Eiríki E. F. Guðmundssyni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðar- og ræktunarframkvæmdum í Súgandafirði.

4. gr.

Tilgangi sínum er sjóðnum ætlað að ná með því að styrkja áhugamenn um jarðrækt í Súgandafirði, veita viðurkenningu fyrir búnaðarframkvæmdir, styrkja efnilega menn til búnaðarnáms eða rannsókna á sviði búnaðar, einnig til hagnýtra leiðbeininga um ræktun og fegrun sveitarinnar.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund kr. — má veita úr honum í fyrsta sinn $\frac{2}{3}$ vaxta hans, en $\frac{1}{3}$ vaxta leggst við höfuðstólinn. Veita skal úr sjóðnum þriðja hvert ár eftir sömu hlutföllum, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund kr., þá skal veita úr honum þriðja hvert ár $\frac{3}{4}$ vaxta hans, en $\frac{1}{4}$ leggjast við höfuðstól.

6. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum til minningar um Daniel og Amalíu, enn fremur öðrum gjöfum veittum í því augnamiði að auka ræktunarframkvæmdir í Súgandafirði.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga eða annarri tryggri peningastofnun.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: formaður búnaðarfélags í Súgandafirði og tveir menn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, annar þeirra nákominn ættingi Daniéls, eða maður, sem ættingjar hans tilnefna, og skal hann vera formaður. Nú er enginn nákominn ættingi Daniéls í Suðureyrarhreppi og tilnefning hefur ekki komið frá ættingjum, þegar gera skal breytingar á stjórninni. Skal þá formaður búnaðarfélagsins vera formaður sjóðsstjórnar, og tveir stjórnarmenn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, án tilnefningar.

9. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, tilnefndir af hreppsnefnd.

10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 9. marz 1965, fellur úr gildi.

8. október 1968.

Nr. 259.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar: Náms- og ferðasjóður, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar:
Náms- og ferðasjóður.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. marz 1951 af Hjúkrunarfélagi Íslands til minningar um Hans Adólf Hjartarson, sem lézt það ár.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11 000.00.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarkonur í ofangreindu félagi til frekara náms, og eins til ferðalaga í sambandi við félagsmál.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

Sjóðinn skal ávaxta þar til hann er orðinn kr. 100 000.00. Að því búnu má verja allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins til styrkveitinga, en hinn hlutinn skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 200 000.00. Að því búnu má verja öllum vöxtunum til styrkveitinga, ef með þarf.

Fyrst í stað skal úthluta styrkjum úr sjóðnum annað hvert ár, þar til stjórn sjóðsins ákveður annað.

4. gr.

Nú skyldi eitthvert ár eigi vera úthlutað styrk úr sjóðnum, og leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn.

5. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur aðilum. Skal einn vera formaður Hjúkrunarfélags Íslands, annar skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, en hinn þriðji skal kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, um leið og formannskjör fer fram. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur að reikningum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók, og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana, svo og styrkveingar allar og reikningar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir, en síðan skulu reikningarnir samþykktir af aðalfundi félagsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til hjálpar heyrnardaufum börnum“. Hann er stofnaður af minningargjöf um hjónin Ingibjörgu Þóru Kristjánsdóttur Kúld, f. 12. apríl 1877, og Þorgrím Jónsson, bónda að Laugarnesi, f. 27. febrúar 1873, og því jafnframt minningarsjóður um þau hjón. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heyrnardauf börn til sjálfsbjargar og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð skólastjóra Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík, einum tilnefndum af félagi foreldra heyrnardaupra barna, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparissjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 10 000.00. Eftir það má nota $\frac{2}{3}$ vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17. september 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur og Önnu Steinþórsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur
og Önnu Steinþórsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jólaglaðningssjóður Ríkeyjar og Önnu.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Steinþór Benjamínsson og börn hans, Brynhildur, Elísabet og Birgir. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um eiginkonu Steinþórs, Ríkeyju Sigurðardóttur, sem lézt 2. ágúst 1948, og Önnu Bryndísi Steinþórsdóttur, dóttur þeirra, sem lézt 14. desember 1966.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 og skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Þingeyri.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja gamalt fólk, sem á enga aðstendendur, á jólum, ef elliheimili verður stofnað í Þingeyrarhreppi. Úthlutun má fyrst fara fram árið 1985, en þá eru 100 ár frá fæðingu Ríkeyjar. Fram að þeim tíma skulu vextir af sjóðnum og aðrar tekjur bætast við höfuðstól, en eftir að úthlutun hefst, má úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, en $\frac{1}{4}$ hluti bætist við höfuðstól.

5. gr.

Kvenfélagið „Von“ á Þingeyri annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum og veitir gjöfum og áheitum móttöku. Hætti kvenfélagið „Von“ störfum, er það ósk stofnenda, að hreppsnefnd Þingeyrarhrepps skipi sjóðnum nýja stjórnendur.

6. gr.

Ef elliheimili hefur ekki verið stofnað í Þingeyrarhreppi árið 2000, skal stjórn sjóðsins heimilt að verja öllum sjóðnum eða hluta hans til annarra líknarmála í Þingeyrarhreppi.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þingeyri, 28. september 1968.

AUGLÝSING

**um breytingu á reglugerð nr. 25 6. marz 1959,
um útflutning hrossa.**

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Landbúnaðarráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um útflutning á fyllsugum til nóvemberloka 1968, enda verði þá gerðar sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með líðan hrossanna.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 64 26. nóvember 1958, um útflutning hrossa, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ**um lokunartíma sölubúða í Kópavogi.****1. gr.**

Óeimilt er að stunda kvöld- og nætursölu í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar. Kvöldsala telst á tímabilinu frá kl. 19.00—24.00 og nætursala frá kl. 24.00—8.00 að morgni.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að krefjast sérstaks gjalds, veiti hún leyfi til kvöld- eða nætursölu. Gjald þetta er ákveðið árlega af stjórnarráðinu eftir tillögu bæjarstjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum Þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. maí 1968.

Nr. 265.

AUGLÝSING**um umferð í Blönduóskaupþúni.**

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Blönduóskaupþúni:

1. Eftirfarandi götur hafa aðalbrautarrétt: Þingbraut, Aðalgata, Blöndubýggð, Norðurbraut og Húnabraut. Hafa verið sett biðskyldumerki við öll vegamót við þessar götur nema vegamótin: Brekkugata—Þingbraut, Brekkugata—Aðalgata, og Túngata—Blöndubýggð, þar eru stöðvunarskyldumerki.
2. Stöðvun bifreiða og biðstöður eru bannaðar beggja vegna Aðalgötu á mótis við verzlunarhús Verzlunarfélags Austur-Húnvetninga.
3. Bilastöður eru bannaðar á suðaustur helmingi Aðalgötu gegnt Hótel Blönduós.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Húnavatnssýslu, 26. maí 1968.

Jón Ísberg.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5 gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 267.

7. október 1968.

AUGLÝSING**um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu
nr. 157 6. júlí 1943.**

Ákvæði til bráðabirgða í niðurlagi reglugerðarinnar orðist svo: „Heimilt er upprekstrarfélagi, ef meirihlutasamþykkt liggur fyrir, að leggja aukagjald á rekið (flutt) fé til afréttar“.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 61 1961 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 268.

17. október 1968.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1967.

T e k j u r :

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr. 27 918 817.43
2.	Bætt við innstæður vaxtaeigenda:		
	a. Innlög á árinu	kr. 1 499 886.47	
	b. Verðlaun úr Minningarsjóði Eiríks prófessors Briems	— 1 233.95	
	c. Vaxtabætur Söfnunarsjóðsins	— 28 183.59	
	Innstæðuaukning alls	kr. 1 529 304.01	
	d. Vextir lagðir við höfuðstól	— 1 967 440.88	
		—	3 496 744.89
3.	Vextir af útlánnum	kr. 2 665 407.92	
4.	Þóknun, dráttarvextir o. fl.	— 54 513.20	
5.	Vextir geymdir til útborgunar 1968	— 419 365.13	
		—	3 139 286.25
			Kr. 34 554 848.57

G j ö l d :

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1967:		
	a. Ársvextir 9.5%	kr. 2 348 240.02	
	b. Dagvextir 8.5%	— 38 565.99	
		—	kr. 2 386 806.01
2.	Kostnaður:		
	a. Launagreiðslur	kr. 114 600.00	
	b. Annar kostnaður	— 85 636.10	
		—	200 236.10
3.	Vextir er féllu til útborgunar 1967	kr. 344 749.59	
4.	Höfustóll greiddur á árinu	— 111 284.02	
		—	456 033.61
5.	Sjóður í árslok 1967:		
	a. Veðskuldabréf	kr. 6 899 480.00	
	b. Skuldabr. bæjar- og sveitarfélaga	— 8 053 078.70	
	c. — byggingasamvinnufél. með ríkisábyrgð	— 13 073 921.09	
	d. bankavaxtabréf	— 655 000.00	
	e. önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	— 1 450 000.00	
	Verðbréfaeign samtals	kr. 30 131 479.79	
	f. Óinnheimtir vextir	— 1 271 466.54	
	g. Skrifstofugögn	— 17 930.00	
	h. Innstæða í Seðlabanka Íslands	— 1 067.40	
	i. Í sjóði hjá féhirði	— 89 829.12	
		—	31 511 772.85
			Kr. 34 554 848.57

Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1967.

Eignir :

1. Veðskuldabréf	kr. 30 131 479.79	
2. Óinnheimtir vextir	— 1 271 466 54	
3. Skrifstofugögn	— 17 930.00	
4. Innstæða í Seðlabanka Íslands	— 1 067.40	
5. Sjóður hjá féhirði	— 89 829.12	
		kr. 31 511 772.85
		Kr. 31 511 772.85

Skuldir :

1. Innstæður vaxtaeigenda:		
a. Aðaldeild	kr. 22 111 700.49	
a. Erfingjarentudeild	— 582 356.07	
c. Útborgunardeild	— 6 795 974.81	
		kr. 29 490 031.37
2. Vextir fyrir 1967, geymdir til útborgunar	— 419 365.13	
3. Varasjóður	— 1 602 376.35	
		Kr. 31 511 772.85

Reykjavík, 28. febrúar 1968.

Gunnlaug Briem. Jón Skaftason.

Nr. 270.

11. september 1968.

AUGLÝSING

um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum, sem hafa eyðilagzt, skemmt eða rýrnað.

Fjármálaráðuneytið mun nota heimildir sínar í 2. tölulið 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaga nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., til þess að leyfa niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna eyðileggingar, skemmda eða rýrnunar, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörurnar verða að hafa eyðilagzt, rýrnað eða skemmt á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna.
2. Vörunum sé framvísað fyrir tolleftirlitsmönnum og þeim gerð grein fyrir skemmdum þeirra eða rýrnun áður en þær eru fluttar úr geymslum tollgæzlunnar eða farmflytjanda.

Sé um að ræða vörur, sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum, má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist tolleftirlitsmenn með heimflutningum og skoðunin sé framkvæmd strax að honum loknum.

Skoðun, sem fer fram heima hjá innflytjanda skal framkvæmd af tveim tollmönnum, og ber innflytjanda að greiða viðkomandi tollstjóráskrifstofu allan kostnað af skoðuninni samkvæmt reikningi.

3. Sé um algera eyðileggingu að ræða, skal vörunum fleygt undir tolleftirliti, og skal sá, er þess beiðist, greiða kostnað til tolleftirlitsins samkvæmt reglum 2. liðs hér að framan.
4. Skoðun samkvæmt 2. lið að framan skal fara fram svo tímanlega, að beiðni um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu aðflutningsgjaldanna ásamt skýrslu tolleftirlitsmanna, svo og matsgerð umboðsmanna váttryggjanda, ef um hana er að ræða, sé afhent tolyfirvaldi í síðasta lagi innan sex vikna frá komudegi farartækis þess, er vöruna flutti til landsins.
5. Fullnaðartollafgreiðsla vörunnar, þ. e. endanleg greiðsla aðflutningsgjalda af vörunni eða eyðing hennar skv. 3. lið að framan, fari fram innan tveggja mánaða frá komudegi þess farartækis, er flutti vöruna til landsins.

Að því er snertir vörur þær, sem þegar eru komnar til landsins, telst tveggja mánaða fresturinn í 5. lið að framan renna út er tveir mánuðir eru liðnir frá dagsetningu þessarar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 11. september 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

3. október 1968.

Nr. 271.

AUGLÝSING

um niðurfellingu innflutningsgjalds.

Ákveðið hefur verið, samkv. heimild í 2. gr. laga nr. 68/1968 um innflutningsgjald o. fl., að fella niður við innflutning 20% innflutningsgjald af eftirtöldum tollskrárnúmerum:

A. Umbúðir sjávarútvegs:

Tollskrárn.:

- 39.07.32 Fiskkassar og fiskkölfur úr plasti.
- 44.08.00 Trjáviður í tunnustafi o. fl.
- 44.22.02 Síldartunnur úr trjáviði og hlutar til þeirra.
- 48.07.88 Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun.
- 48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.
- 48.16.07 Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.19.02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
- 57.10.01 Umbúðastrigi.
- 73.23.04 Áletraðar dósir, úr járnri, stáli eða legeringum þeirra málma, utan um útflutningsvörur.
- 73.40.42 Fiskkassar, fiskkölfur o. fl.
- 76.16.02 Fiskkassar og fiskkölfur úr alumíni og alumínlegeringum.
- 83.13.03 Áletruð lok, úr ódýrum málmum, á dósir utan um útflutningsvörur.

B. Veifarfæri:

- 39.01.06 Handfæralínur í þessum tollskrárnúmerum.
- 39.07.31 Nótaflotholt o. fl.
- 39.07.33 Lóðabelgir.
- 40.14.01 Botnrúllur.
- 41.01.11 Nautshúðir í botnvörpur.
- 44.28.81 Botnvörpuhlerar o. fl.
- 45.03.01 Netja- og nótakorkur.
- 59.05.01 Fiskinetjaslöngur aðrar en úr polyethylen og/eða polypropylen.
- 70.21.01 Netjakúlur.
- 73.25.02 Virkaðlar meira en 0.5 cm. að þvermáli.
- 73.40.41 Veifarfæralásar o. fl.
- 74.19.01 Veifarfæralásar o. fl.
- 76.16.01 Netjakúlur.
- 93.04.02 Hvalveiðibyssur.
- 93.07.21 Skutlar og skot í hvalveiðibyssur.
- 97.07.01 Fiskiönglar venjulegir.

C. Salt o. fl.:

- 09.10.01 Síldarkrydd.
- 25.01.09 Salt.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 280 30. des. 1966, um útvarpsrekstur ríkisins,
sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 19 27. janúar 1967.**

1. gr.

27 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins er heimilt að innsigla hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtæki, hafi afnotagjaldskrafa eigi verið innleyst innan þriggja mánaða frá gjald-daga hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68 28. des. 1934, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. október 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga, um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda heimild eins og hér segir:

1. Nýsmíði stálskipa.

Að endurgreiddur verði tollur af nýsmíði stálskipa 10 brl. eða stærri, smíðuðum hérlendis, og skal endurgreiðslan nema 10.2% af upphaflegu samningsverði.

Endurgreiðslur fara þannig fram:

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar lokið er að byrða bol skipsins eða sjóða „sektionir“ saman.

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður í vélarrúmi skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu, skal einnig greiða 10.2% af þeim hluta hækkunarinnar, sem beinlínis stafar af auknum innflutningi efnis og tækja fram yfir það sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, enda hafi viðbótarsamningur verið gerður um breytingarnar.

Komi til viðbótarendurgreiðslu vegna þessa, skal sú endurgreiðsla fara fram í einu lagi að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda, og skal afrit af smíðalýsingu og smíðasamningum fylgja umsókn til ráðuneytisins.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal endurgreiðslan miðuð við söluverð, og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

Tollar af efni og tækjum skulu ekki vera innifaldir í samningsverði skips. Tollendurgreiðslur falli til skipasmíðastöðvarinnar, sem smíðina annast.

2. Nýsmíði tréskipa.

Endurgreidd verða 11.0% af upphaflegu samningsverði tréskips, 10 brl. eða stærra, smíðuðu hérlendis.

Endurgreiðslan fari þannig fram:

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar lokið er við að reisa bönd skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður í vélarrúmi skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu, skal einnig greiða 11.0% af þeim hluta hækkunarinnar, sem beinlínis stafar af auknum innflutningi efnis og tækja fram yfir það, sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, enda hafi viðbótarsamningur verið gerður um breytingarnar.

Komi til viðbótarendurgreiðslu vegna þessa, skal sú endurgreiðsla fara fram í einu lagi að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda, og skal afrit af smíðalýsingu og smíðasamningum fylgja umsókn til ráðuneytisins.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal endurgreiðslan miðuð við söluverð, og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

Tollar af efni og tækjum skulu ekki vera innifaldir í samningsverði skips. Tollendurgreiðslur falli til skipasmíðastöðvarinnar, sem smíðina annast.

3. Viðgerðir skipa.

Endurgreiddur verður 15% tollur af upphæð reikninga yfir innflutt efni, sem notað hefur verið til viðgerðarinnar, öðru en tækjum þeim, sem greind eru hér á eftir, en af þeim verði greitt sérstaklega við framvísun tollreikninga.

1. Aðalvél.
2. Skrufubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
3. Öxulbremsa.
4. Fjarstýringartæki véla.
5. Ljósavélar.
6. Rafalar.
7. Loftþjöppur.
8. Loftkútar.
9. Gear fyrir aflúttak.
10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
11. Eldsneytisdælur.
12. Smuroliudælur.
13. Oliuskilvindur.
14. Vökvahæðarmælar (pejlcenral).
15. Ferksvatnsgenerator.
16. Bógskrúfur.
17. Frysti- og kælivélar.
18. Ísvélar.
19. Ísdælur eða færítæki.
20. Spil hvers konar.
21. Fiskidælur.
22. Spildælur.
23. Stýrisvélar.
24. Sjálfstýring.
25. Nótarkranar og kraftblakkir.
26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
27. Hverfirúður.
28. Ankeri og keðjur.
29. Áttavitar.
30. Asdictæki, fiskleitartæki.
31. Dýptarmælar.
32. Talstöðvar.
33. Lorantæki.
34. Miðunarstöð.
35. Radar.
36. Ljósastarar.
37. Sveifarás í aðalvél.

Aðflutningsgjöld af pípum, fittings, lögnum, lokum og öðru efni, sem þarf til niðurstetningar ofangreindra tækja, greiðast ekki eftir aðflutningsskýrslum. Sama gildir um efni til viðgerða og varahluti til þeirra.

Endurgreiðslur koma því aðeins til greina, að viðgerðarkostnaður nemi kr. 500 000.00 eða meiru og að viðgerðin fari fram óslitið.

Verktaki skal afhenda Skipaskoðun ríkisins í umboði fjármálaráðuneytisins alla reikninga yfir efnið, sem notað var til viðgerðarinnar. Skulu þeir stílaðir á skip það, sem um er að ræða og samþykktir af verkkaupa eða fulltrúa hans. Reikningunum fylgi verklýsing, sem staðfest er af skipaskoðunarstjóra að við-

gerð lokinni, enda fylgist Skipaskoðun ríkisins með verkinu frá upphafi og taki það út.

Þegar greitt er sérstaklega gegn framvísun tollreikninga, skulu reikningar (fakturur) fylgja þeim.

Þegar skipt er um vélar í skipum eða ný tæki sett í þau, telst það viðgerð.

Endurgreiðslurnar falli til skipamiðastöðvarinnar eða verkstæðis þess, sem viðgerðina framkvæmir, þó er þessum aðilum heimilt að framselja þær verkkaupa.

4. Söluskattur.

Að endurgreiddur verði allur söluskattur, sem viðkomandi skipasmíðastöð sannar, að hún hafi greitt til innheimtumanns ríkissjóðs vegna tiltekinnar nýsmíði skips 10 brl. eða stærra. Sama gildir um meiri háttar viðgerðir, sem endurgreiðslurétt hafa samkv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Beiðni um endurgreiðslu söluskatts skal senda ráðuneytinu um leið og beiðni um endurgreiðslu tolla, og skal beiðninni fylgja nákvæm greinargerð, þannig fram sett, að skattyfirvöld geti auðveldlega sannreynt réttmæti endurgreiðslufjárhæðar.

5. Reglur þessar ná til allra skipa, sem nú eru í smíðum og ekki hafa verið afhent kaupanda við undirskrift auglýsingar þessarar.

6. Endurgreiðsla tolla vegna báta minni en 10 brl., fer eftir sömu reglum og tíðkamt hefur til þessa, þ. e. kr. 3800.00 pr. rúmlest, auk tolla af vélum og tækjum samkv. tollreikningum

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

21. október 1968.

Nr. 274.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 30. október 1968 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með sett eftirgreind sérákvæði um umferð í Kópavogskaupstað:

1. Umferð um tengiveg frá Vogatungu til suðurs inn á Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut) er bönnuð.
2. Samfelld gata, sem liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi (Reykjanesbraut) austan hans á svæðinu frá gatnamótum Nýbýlavegar—Hafnarfjarðarvegur inn á Hafnarfjarðarveg rétt norðan Hlíðarvegur, en gata þessi er nú nefnd Vogatunga—Dalbrekka, skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þó þannig að umferð um þessa götu viki fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg þar sem hún tengist honum á framangreindum stöðum.
3. Bannað er að beygja til vinstri á Hafnarfjarðarvegi við báða enda grindverks, sem er á miðjum Hafnarfjarðarvegi á Kópavogshálsi, allt að næstu gatnamótum sunnan og norðan grindverks þessa.
4. Bifreiðastöður við austanverða Grænutungu eru bannaðar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 22. október 1968.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 276.

17. október 1968.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Akrahreppi.

Reglugerð þessi stað staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 51, 10. júní 1964 5. gr. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1968

20. október 1968.

433

Nr. 277.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reyðarfjarðarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Reyðarfjarðarhöfn nær yfir Reyðarfjörð, vestan línu sem hugsast dregin úr Hagahorni, norðan fjarðarins, í Hlein, sunnan fjarðarins.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra og til leiðarmerkja við höfnina og innsiglingu.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum til fjögurra ára í senn 3 menn í hafnarnefnd. Tveir þeirra mega vera utan hreppsnefndar.

Hafnarnefnd skal sjá um, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögu hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Handbært fé sjóðsins skal ávaxtast í Landsbanka Íslands eða annarri jafn tryggri lánastofnun.

3. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Hreppsnefnd skipar svo marga fasta starfsmenn, sem þurfa þykir eftir tillögu hafnarnefndar, og starfa þeir undir umsjón hafnarnefndar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar.

Er öllum skylt að hlýða boði og banni hennar eða þess eða þeirra, sem settir eru til að gæta reglu.

B 54

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

7. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins, og á ljóskerum.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Bannað er að hleypa af skotvopnum á bryggjum hafnarinnar og við þær.

9. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar. Beiðni um slíkar framkvæmdir skulu vera skriflegar og sendist hafnarnefnd, er sendir hana hreppsnefnd með tillögum sínum. Byggingaleyfi gilda aðeins í eitt ár.

IV. KAFLI**Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.****10. gr.**

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanna hennar, um það hvar þau skuli leggjast. Skip eða bátar mega aldrei leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða festar, að það tálmi umferð.

Festar skipa má aldrei leggja yfir alfara leið. Í hverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur er að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

V. KAFLI**Um notkun hafnarbryggju.****11. gr.**

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma, þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau skip að víkja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hún krefst þess. Verði ágreiningur, ræður hafnarnefnd hvar og í hvaða röð skip koma að bryggju.

12. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma á við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, er nær liggja.

13. gr.

Við uppskipun og útskipun kjölfestu, sands eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólverks, svo að ekki falli fyrir borð. Sé þess ekki nægilega gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarnefnd vísar til.

14. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa, skal afgreiðslumaður skips eða skipstjóri láta ræsta bryggju eða bólverk, sem notuð hafa verið, ef þörf gerist. Afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lög taki hjá afgreiðslumanni skipsins eða eiganda.

15. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki vera á bryggju eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu muni þessa og vörur jafnskjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI**Um lestagjöld.****16. gr.**

Öll skip, er leggjast við festar eða bryggju innan takmarka hafnarinnar skulu greiða lestagjald, miðað við brúttórúmlestatölu skipsins, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

Undanþegin eru þó herskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, björgunarskip, skip sem leita til hafnar vegna sjóskaða, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Reyðarfirði og skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 10 krónur af hverri brúttórúmllest.

Séu þessi skip að einhverju leyti í utanlandssiglingum, greiða þau aukalega kr. 0.40 af hverri brúttórúmllest í hvert skipti, sem þau koma úr utanlands-siglingum. Vélbátar undir 12 lestum brúttó greiða kr. 100.00 á ári.

- b. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun greiði hálflestagjald.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, greiði kr. 1.00 af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Liggi skip lengur en 14 daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim.

VII. KAFLI

Um bryggjugjald.

17. gr.

Hvert skip, sem leggst að bryggju eða skipi, sem liggur við bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir brúttóstærð skipsins talinni í heilum rúmlestum, en brotum sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring.

- a. Skip, sem um getur í a-lið 16. gr., greiði kr. 8.00 af hverri brúttórúmllest á ári. Bátar undir 12 brúttórúmllestum greiði kr. 40.00 á ári.
- b. Skip, sem um getur í b-lið 16. gr., greiði kr. 0.40 af hverri brúttórúmllest á sólarhring.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.65 af hverri brúttórúmllest. Innland vöru- og farþegaskip greiði þó aðeins kr. 0.40 af hverri brúttórúmllest.

18. gr.

Herskip, skemmtiferðaskip og íslensk vitaskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjöldum.

VIII. KAFLI

Um vörugjald.

19. gr.

Vörugjald skal greiða til hafnarsjóðs af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í kafla þessum.

20. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarrar hafnar en Reyðarfjarðar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

21. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi.

- a. Umbúðir, sem endursendar eru.
- b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skips til eigin nota, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem fluttur er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin nota.
- c. Póstur og farangur ferðamanna.
- d. Innland mjólk, sem flutt er til hafnarinnar.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

23. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 5 krónur. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarnefnd úrskurða.

24. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Gjald kr. 3.25 fyrir hver 100 kg:
Sjávararafurðir ótaldar annars staðar, landbúnaðarafurðir ótaldar annars staðar, áburður, kol, kox, fóðurvörur, salt, sement, kalk.
2. flokkur: Gjald kr. 4.70 fyrir hver 100 kg:
Oliur, benzín, síldarlýsi og síld söltuð til útflutnings.
3. flokkur: Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Byggingarvörur ótaldar annars staðar, bifreiðar, vélar og smurningsolfur.
4. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:
Heimilistæki og búsaðhöld, verkfæri og matvörur ótaldar annars staðar.
5. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 10 kg:
Leðurvörur, (skófatn.), vefnaðarvörur, þrjónavörur, sportvörur, filmur, leikföng, skotfæri og samskonar vörur ótaldar annars staðar.
6. flokkur: Gjald kr. 6.75 fyrir hver 10 kg:
Tóbak, sælgæti, áfengir drykkir og spíritus og ilmvoðn.
7. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur, fót og umbúðir.
8. flokkur: Gjald kr. 1.35 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og aðrar vörur, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
9. flokkur: Gjald kr. 20.00 fyrir hvert stykki:
Lifandi búfé.
10. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 10 kg:
Allar aðrar vörur, sem ekki falla undir áðurgreinda flokka, samkvæmt eðli sínu.
11. flokkur: Gjald kr. 1.35 fyrir hver 100 kg:
Aflagjald af síld og öðrum fiski.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða kr. 0.60 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningar takast ekki um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvillhóllum mönnum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm

óvilhöllum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni upprunalegu matsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

26. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

27. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lög-reglustjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarnefnd, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða samkvæmt reglugerð þessari, svo og sektir og skaðabætur, ef um er að ræða.

28. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

29. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100.000.00, nema þyngri refsing liggvi við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í Hafnarsjóð Reyðarfjarðar.

30. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

31. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn, nr. 213 19. desember 1960, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. október 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

57. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélagsins Súganda, Suðureyri. Staðfest 18. okt. 1968.
58. Nefnd Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Vélstjórafélags Íslands, Mótórvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Félags Bryta. Staðfest 22. okt. 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

30. október 1968.

Nr. 279.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. desember 1965, um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar 2.5% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 625.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 53 4. marz 1966 um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Eyrarhreppi, Snæfellsnessýslu.
2. Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.
3. Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt er með auglýsingu nr. 23 14. febrúar 1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 281.

6. nóvember 1968.

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessa samþykkt fyrir byggingarsamvinnufélög:

73. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Lund, Akureyri. Staðfest 11. október 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 282.

31. október 1968.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

8. gr. orðist svo:

1. gr.

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 40% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 50% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast gildi 8. nóvember 1958.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 55 14. febrúar 1968 um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

6. nóvember 1968.

Nr. 283.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarráðs hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar í **Skipholti** að sunnan- og vestanverðu frá Háteigsvegi að Nóatúni.
2. Stöðvunarskylda verður á **Háaleitisbraut** við **Kringlumýrarbraut** að vestanverðu.
3. Einstefnuakstri í **Mjóuhlíð** hefur verið snúið við þannig, að einstefna verður til austurs frá **Eskihlíð** að **Engihlíð**.
4. Bifreiðastöðubann hefur verið afnumið í **Þverholti** að austanverðu á milli **Lauga-vegar** og **Stórhólts**.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. nóvember 1968.

Sigurjón Sigurðsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurlflugvöll.

1. Lendingargjöld.

Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjöld kr. 56.65 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 28.31 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 94.40.

2. Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 94.37
12—18 m	— 189.98
18—24 m	— 283.90
24—30 m	— 377.50
Yfir 30 m	— 425.43

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

3. Gjald af flugvélabenzíni.

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvöllinum eða frá honum, skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.8514
Á hvert. U. S. gallon	— 3.208

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 27. nóvember 1967.

Utánríkisráðuneytið, 13. nóvember 1968.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 49/1967 til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar skólaárið 1968/69.

1. gr.

Ríkissjóður annast greiðslu kennslukostnaðar samkvæmt því sem segir í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því sem nánar er ákveðið í þessari reglugerð.

Sveitarfélög sjá um útborgun slíks kostnaðar, annars en fastra launa skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og launa stjórnskipaðra prófdómenda, er greiðast beint úr ríkissjóði.

Sveitarfélögin eiga rétt á endurgreiðslu kennslukostnaðar samkvæmt þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skólans laun vegna stunda- og forfallakennslu og allar aukagreiðslur til skólustjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi og fyrirmælum ráðuneytisins um framkvæmd á dómsorðum kjaradóms. Greiðslur þessar eru vegna kennslu samkvæmt námsskrá, vörzlustarfa kennara, auk þeirra starfa sem talin eru í 6. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt þessari reglugerð eru fyrir:

- a) Aukastundir fastra kennara: Eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu. Vinna á laugardögum í matartíma, skal tilgreind sérstaklega, ef greidd er.
- b) Kennslu stundakennara.
- c) Vinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna.
- d) Vörzlu í kaffihléum.
- e) Vörzlu í heimavist.
- f) Álag fyrir skyldukennslu utan takmarka dagvinnutíma.
- g) Eyður í stundaskrá.
- h) Forfallakennslu.

4. gr.

Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Samanlagðar greiðslur ríkissjóðs vegna launa fastra kennara og vegna greiðslna samkv. 3. gr. hækki ekki frá því sem greiðslur ríkissjóðs og sveitarfélaga voru skólaárið 1967/68 vegna sömu atriða, nema um sé að ræða eftirfarandi:

- a) Breytingar á námsfyrirkomulagi eða starfstíma skóla, sem menntamálaráðuneytið hefur skriflega samþykkt.

- b) Fjölgun nemenda og/eða lengingu skólagöngu á barna- og gagnfræðastigi að svo miklu leyti sem ekki er unnt að mæta kostnaðaraukningu vegna þessa með bættu skipulagi.
- c) Kostnaðarhækkun vegna úrskurðar kjaradóms eða ákvæða kjarasamninga um breytt laun eða starfsskilyrði.
- d) Launahækkun vegna dýrtíðaruppbótar.
- e) Hækkun milli skólaáranna 1967/68 og 1968/69 á greiðslu vegna hjálparkennslu, félagsstarfa og aðstoðar kennara við skólastjórn innan marka 6. gr. þessarar reglugerðar.

2. Samanlagðar skyldukennslustundir fastra kennara og þær stundir sem taldar eru í 3. gr. og jafngildi annarra launagreiðslna en kennaralauna, sem færa má til reiknaðra stunda, fari ekki fram úr hámarksákvæðum 19. gr. laga nr. 49/1967, nema frávik skv. 3. mgr. 19. gr. sömu laga hafi verið úrskurðuð af ráðuneytinu. Eyður í stundaskrá og umsjón skulu færðar til reiknaðra stunda, en forfallakennsla ekki.

5. gr.

Greiðslukröfu sveitarfélaga fylgi eftirfarandi upplýsingar, staðfestar af skólastjóra:

1. Fjöldi nemenda samdægurs í skóla.
2. Samanlagður kennarastundafjöldi á viku (einn fjórði mánaðar) við skólann skipt á:
 - a) Skyldukennslu fastra kennara.
 - b) Aukastundir fastra kennara.
 - c) Stundir stundakennara.
 - d) Enn fremur fylgi yfirlit, er sýni skiptingu samanlagðs kennarastundafjólða, annars vegar vegna kennslu samkvæmt námsskrá og hins vegar vegna annarra starfa kennara, sundurliðað eftir tegund starfa.
3. Yfirlit, er sýni greiðslur til hvers kennara sundurliðað samkvæmt 2. tl. þessarar greinar og samsvarandi tímafjólða eða einingar, sem greitt er fyrir.
4. Samsvarandi upplýsingar varðandi sömu skólamánuði skólaárið 1967/68.
5. Sérstakt yfirlit yfir forfallakennslu ásamt afritum af læknisvottorðum samkvæmt reglugerð nr. 122/1967, um breytingu á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir þær upplýsingar, sem krafizt er samkvæmt þessari grein.

Við greiðslukröfur vegna september- og októbermánaða 1968 má þó víkja frá þessum ákvæðum eftir samkomulagi aðila, enda fylgi þessar upplýsingar fyrir september og október greiðslukröfu fyrir nóvembermánuð.

6. gr.

Hjálparkennslu vegna nemenda í almennum, fullskipuðum deildum í skólum skyldunámsins greiðir ríkissjóður sem svarar allt að einni kennslustund á skólaári á hvern nemanda, þar sem hennar er talin þörf að dómi skólastjóra.

Störf kennara að félagsmálum í skólum gagnfræðastigs greiðir ríkissjóður sem svarar allt að hálfri kennslustund á skólaári á hvern nemanda. Skólaárið 1968/69 greiðir ríkissjóður þó Reykjavíkurborg fyrir starf kennara að félagsmálum í skólum gagnfræðastigs í samræmi við bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1966.

Aðstoð kennara við skólastjórn greiðir ríkissjóður sem hér segir:

Í skólum með	Stundir á kennsluviku
1200 nemendur og fleiri	36
1100 — — —	32
1000 — — —	28
900 — — —	24
800 — — —	20
700 — — —	16
600 — — —	12
500 — — —	8
400 — — —	6
300 — — —	4

7. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs á launum, er sveitarfélög hafa greitt kennurum í samræmi við upptalningu í 3. gr., felur ekki í sér viðurkenningu ráðuneytisins á því að rétt hafi verið greitt samkvæmt reglum 2. gr. eða almennt samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1967.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, gildir fyrir skólaárið 1968/69.

Menntamálaráðuneytið, 26. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

13. nóvember 1968.

Nr. 286.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu innflutningsgjalds samkv. 4. gr. laga nr. 68/1968,
um innflutningsgjald o. fl.

1. gr.

Innflytjendur vöru, sem innflutningsgjald sky. 1. gr. laga nr. 68/1968 hefur verið greitt af og flutt hefur verið inn með erlendum greiðslufresti með leyfi réttra stjórnvalda eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins að því marki sem eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Að kaupverð vara, sem um ræðir hafi verið greitt í íslenskum banka hinn 12. nóv. 1968 eða síðar. Eigi 1. málsliður þessa töluliðs einungis við hluta sendingar, endurgreiðist innflutningsgjaldið hlutfallslega að því leyti sem varan greiddist með nýju gengi.
2. Að innflytjandi leggi fram:
 - 2.1 Frumrit aðflutningsskýrslu (bleikt einstak) með kvittun tollstjóra um greiðslu innflutningsgjaldsins.
 - 2.2 Innkaupsreikning með áritun gjaldeyrisbanka.
 - 2.3 Afreikning banka á andvirði gjaldeyris (ásamt vixli).

2. gr.

Nú hefur innflytjandi fengið innflutningsgjaldið endurgreitt af öðrum orsökum en greinir í 1. tl. 1. gr., svo sem vegna útflutnings vörunnar eða þess háttar og kemur þá ekki til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Endurgreiðslan fer fram hjá ríkisféhirði, Arnarhvoli, Reykjavík, enda sé um-sókn skrifleg og studd fullnægjandi sönnunargögnum.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu innflutningsgjalds skv. þessari reglugerð verður því að-eins tekin til greina, að henni sé lýst innan tveggja mánaða frá dags. á afreikn-ingi banka sbr. 1. gr., lið 2.3.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68/1968 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. nóvember 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun karteflna og grænmetis, nr. 162 28. september 1962.

1. gr.

1. og 2. málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins með nægum fyrir-vara, hvaða afbrigði skulu teljast til I. flokks og II. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt: I. flokkur: Í 1. flokki mega aðeins vera kartöflur af þeim afbrigðum, sem Rannsóknastofnun land-búnaðarins ákveður. Hrein afbrigði aðgreind í tvo stærðarflokka frá 28 gr til 42 gr (þ. e. aðgreindar á 33 m/m netsigti) og 40 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar 40 m/m netsigti). Kartöflurnar skulu vera þurrar og heilbrigðar vel með farnar og fallegar útlits. Grænar og verulega hýðisskemmdar kartöflur má ekki selja í I. flokki.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 59 19. júlí 1960, um Framleiðslu-ráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð frá Hlí­nar Þorsteinsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóm­smálaráðherra 11. nóvember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóðs frá Hlí­nar Þorsteinsdóttur, Reykjavík.

Fædd 5. desember 1899. Dáin 9. nóvember 1964. Gift 3. júlí 1920 Gísla Jónssyni alþingismanni.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafarbréfi dagsettu 10. júní 1966 og afhent Sambandi ísl. berklasjúklinga að Reykjalundi sama dag. Í bréfi þessu er svo fyrir­mælt, að allar tekjur af rithöfundalaunum sem greidd kunna að verða fyrir verkið, í hverri mynd, sem það kann að verða notað, skuli verða stofnfé þessa sjóðs. Með öðru bréfi er sami réttur til rithöfundalauna af síðari handritum Gísla Jónssonar látinn sjóðnum í té. Inngreitt fé til sjóðsins sem rithöfundalaun, er nú rúmar kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —, og er það stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru.

- a. Það fé, sem framvegis verður greitt í ritlaun fyrir útgáfu á ritverkum Gísla Jónssonar, svo og hverjar aðrar þær tekjur af verkum þessum, svo sem af upplestri, kvikmyndagerð o. fl. ef til kemur, allt samkvæmt 1. gr. þessarar skipu­lagsskrár.
- b. Vextir af innstæðufé eins og það er á hverjum tíma.
- c. Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta hjá Sambandi ísl. berklasjúklinga á Reykjalundi, svo lengi, sem stofnunin er starfrækt sem öryrkjastofnun. Skal S.Í.B.S. greiða hæstu banka útláns­vexti af innstæðu sjóðsins eins og hún er á hverjum tíma. S.Í.B.S. ber fulla ábyrgð á fé sjóðsins, og getur sjóðstjórnin krafizt tryggingar fyrir upphæðinni, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, þyki henni það nauðsynlegt. Þá getur hún einnig ávaxtað féð á annan hátt, ef það sýnist hagkvæmara fyrir sjóðinn og sjóð­stjórnin er einróma sammála um það.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka hljómlistarlíf á meðal vistmanna á Reykjalundi og öðrum öryrkjaheimilum, eftir því sem fé er fyrir hendi á hverjum tíma, svo og að styrkja þá öryrkja til framhaldsnáms í hljómlist, sem vænta má, að geti gert hljómlistarkennslu síðar að lífsstarfi, eða og aflað sér tekna með hljómlistastarfi. Skal þetta gert á eftirfarandi hátt.

- a. með hljómlistakennslu í stofnuninni á meðal vistmannanna;
- b. með hljómlistakynningu á meðal vistmannanna;
- c. með kaupum á hljómlistaáhöldum, svo sem slaghröpu, orgeli, lúðrum, og öðrum hljóðfærum, eftir því sem þörf er á á hverjum tíma, einnig með kaupum á nótum og kennslubókum, allt samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar;

d. með styrkjum til framhaldsnáms í hljómlist til þeirra vistmanna, þáverandi eða fyrrverandi, sem vænta má, að álisti stjórnarinnar, að geti að námi loknu aflað sér lífvænlegra tekna við hljómlistarstörf, eða af frumsömdum verkum sínum á hljómlistasviðinu. Einnig til að styrkja útgáfu hljómlistaverka þessara vistmanna.

Sjóðstjórnin getur sett það skilyrði fyrir styrknum, að hann verði allur endurgreiddur eða hluti hans, ef tekjur af verkum styrðega að loknu námi leyfa, þegar frá þeim hefur verið dreginn riflegur lífeyrir til framfærslu fjölskyldunnar. Þáverandi eða fyrrverandi vistmenn á Reykjalundi skulu jafnan ganga fyrir um slíka styrkji, að öðru jöfnu.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 200 000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — má verja úr honum helming árlegra tekna til gjalda samkvæmt 4. gr. Hinn helming tekna skal jafnan leggja við höfuðstálinn. Þá getur sjóðstjórnin breytt þessum hlutföllum, ef hún er einróma sammála um breytinguna.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Skulu þeir endurskoðaðir árlega af endurskoðendum S.Í.B.S. og birtir árlega með reikningum sambandsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipa þannig.

1. Forseti S.Í.B.S. og er hann jafnan formaður sjóðsstjórnarinnar. Taki hann af einhverjum ástæðum eigi sæti í stjórninni, skal stjórn S.Í.B.S. skipa mann í hans stað.
2. Skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, eins og hann er ráðinn á hverjum tíma. Taki hann af einhverjum ástæðum ekki sæti í stjórninni, tilnefni hann mann í sinn stað í stjórnina.
3. Gísli Jónsson, eftirlifandi maki Hlínar Þorsteinsdóttur, á meðan hann er á lífi. Að honum látnum ákveða niðjar þeirra hjóna, hver taka skal það sæti. Hafi þeir eigi skipað í stjórnina innan sex vikna frá því að þeim hefur verið tilkynnt örugglega um kjörið, skipar stjórn S.Í.B.S. mann í það sæti. Komi síðar ósk um það frá niðja hjónanna, að taka sæti í sjóðsstjórninni, skal það veitt eigi síðar en einu ári liðnu frá því að sú ósk er framborin.

8. gr.

Hætti S.Í.B.S. að starfa sem öryrkjastofnun, og öðrum stofnunum falin þau störf, koma þær stofnanir sem aðili að sjóðnum að taka þá við öllum þeim skyldum, sem S.Í.B.S. hafði áður gagnvart honum. Sjóðurinn skal þó jafnan vera til sem sérstakur sjóður og má aldrei innlima hann í aðra sjóði eða breyta nafni hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. maí 1968.

F. h. stjórnar sjóðsins

Gísli Jónsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Jarðræktarsambandið Hjörleifur.

I. KAFLI

Búnaðarfélögin í Vestur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum í Rangárvalla-sýslu gera svofellda ræktunarsamþykkt.

1. gr.

Sambandssvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Öll búnaðarfélögin í Vestur-Skaftafellssýslu og Búnaðarfélag Austur-Eyjafjalla og Búnaðarfélag Merkurþæja. Skal nafn þess verða Jarðræktarsambandið Hjörleifur.

2. gr.

Jarðræktarsambandið Hjörleifur tekur að sér, á þann hátt, sem nánar er tekið fram í samþykkt þessari eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktarsvæðinu eftir því sem bezt á við á hverjum stað, að undanskildum þeim jörðum er falla kunna undir ákvæði IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965.

1. Að ræsa fram land til túnræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar lands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðvinnslu á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein 2. tölul.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum. Allar framkvæmdir skv. þessari grein, 1. til 4. lið skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipan og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs árlega 3 menn í fulltrúaráð fyrir ræktunarsambands-svæðið. Fulltrúaráðið kýs á aðalfundi 5 menn í stjórn, til eins árs í senn. Skal formaður kosinn sameiginlega af öllum fulltrúum án tillits til búsetu. Síðan skiptist fulltrúaráðið í deildir og kjósa Eyfellingar og Mýrdælingar saman tvo menn og fulltrúar frá búnaðarfélögum austan Mýrdalssands aðra tvo. Varastjórn skal kosin með sama hætti.

4. gr.

Stjórn jarðræktarsambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykkt í sveitum, að hafa samráð við vélanevnd ríkisins um kaup og val vélanna.

5. gr.

Stjórn jarðræktarsambandsins sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, sem keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn jarðræktarsambandsins annast um allan rekstur vélanna, henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaraðila á samþykktarsvæðinu, og ákveða á hvaða tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, er unnið skal að.

7. gr.

Stjórn jarðræktarsambandsins ræður starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur umsjón með öllum jarðræktarframkvæmdum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til eins árs í senn og felur honum með erindisbréfi framkvæmdastjórn.

8. gr.

Allir þeir samningar er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd jarðræktarsambandsins skv. samþykktum þess eða ályktunum aðalfundar eru skuldbindandi fyrir félagsheildina þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir einstök búnaðarfélög þess bornir.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði að skrá verkeiðnir félagsmanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint hverra jarðabóta er óskað og hve mikilla á því ári, eftir því sem næst verður komist. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjóra fyrir 1. febrúar ár hvert. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers þeirra fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um það, að félagið takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, er hjá þeim verða unnin á því starfsári.

10. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 9. gr. ber framkvæmdastjórn að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil atriði í framkvæmdaáætlun ber að leggja hann fyrir næsta aðalfund ræktunarsambandsins til úrskurðar. Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun, svo sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnrækt sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, er brjóta á til ræktunar hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsáskvarðanir og greiðslu kostnaðar.

12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirfarandi hátt:

1. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hagsmuna njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal taka tillit til þess, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Verði ágreiningur um þessi atriði skal úr honum skorið með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiddar af verkkaupanda, eftir þeim skildaga, og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamning. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

13. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningagjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er aðalfundi að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

14. gr.

Aðalfundur jarðræktarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því sem vinna á.

15. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tíma, sem ekki er unnt að vinna að skurðgreftri, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila að taka að sér verk fyrir búendur, hreppsfélög, eða aðra aðila á sambandssvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði annarar greinar, ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir jarðræktarsambandið og samþykktarsvæðið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að það brjóti í bága við hagsmunum samþykktaraðila.

16. gr.

Rekstrarafgangur og áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkefnum, sem um getur í 15. gr. skal leggjast í stofnsjóð jarðræktarsambandsins og varið skv. ákvæðum þeim er um hann gilda sbr. 17. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

17. gr.

Jarðræktarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Fer upphæð stofnfjár eftir þörfum. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélögin á samþykktarsvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð, er nemur hið minnsta $\frac{1}{4}$ hluta alls stofnfjárins samkvæmt 1.—4. lið.

2. Í stofnsjóð renna óafturkræf frjáls fjárframlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð jarðræktarsambandsins.
4. Framlög úr ríkissjóði til vélakaupa renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast. Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:
 - a. Tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 16. gr.
 - b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

18. gr.

Stofnfjárframlög hreppabúnaðarfélaga greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þá er samþykkt hefur öðlast gildi. Framlag hvers hreppabúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

19. gr.

Komi í ljós síðar að auka þurfi stofnsjóð, að álitu framkvæmdastjórnar, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjár aukningu til stjórna búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu, er þær leggja fyrir almennan fund í félögunum til samþykktar. Að fenginni meirihluta samþykkt í búnaðarfélögunum, skal tillagan borin upp á aðalfundi jarðræktarsambandsins. Verði hún samþykkt þar með meiri hluta atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélagin.

20. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingum í því jarðræktarframlagi er á umbætur verður greitt úr ríkissjóði, samkvæmt II. og III. kafla jarðræktarlaga.

21. gr.

Skylt er samþykktaraðilum að hafa greitt framkvæmdastjórn $\frac{3}{4}$ af áætluðu kostnaðarverði að frádregnu væntanlegu jarðabótaframlagi þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið.

Eftirstöðvarnar greiðast á gjalddaga, er verktökusamningur ákveður.

VI. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og yfirstjórn fjármála.

22. gr.

Reikningsár jarðræktarsambandsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun hafi farið fram áður en aðalfundur jarðræktarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kjörnir á aðalfundi jarðræktarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikninga sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi jarðræktarsambandsins. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur ef tilefni er til þess.

VII. KAFLI

Um breytingar samþykkt og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélagum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar Jarðræktarsambandinu Hjörleifur, er sendir þær til allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund jarðræktarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmaður aðalfundur jarðræktarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

28. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 290.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur frá Kóngsbakka árið 1967.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári	kr. 35 554.86
2. Vextir 1967	— 3 324.06
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	— 102.16
4. Innlagt á árinu	— 100 00
	<hr/>
	Kr. 39 081.08

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði í árslok	kr. 39 081.08
	<hr/>
	Kr. 39 081.08

Kóngsbakka ytri, 8. ágúst 1968.

Haukur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

REIKNINGUR

**Gjafarsjóðs Símonar Bjarnarsonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttir
fyrir árið 1966 og 1967.**

Tekjur :

Frá fyrra ári:

1. Spariskírteini	kr. 16 000.00
2. Innstæða í bankabók nr. 25505	— 2 630.21
3. Vextir 1966	— 236.42
4. Vextir 1967	— 258.00

 Kr. 19 124.63
Gjöld :

Flutt til næsta árs:

1. Spariskírteini	kr. 16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505	— 3 124.63

 Kr. 19 124.63

Gilhaga, 1. janúar 1968.

Helga Guðmundsdóttir, formaður.

Reikning þennan hef ég endurskoðað og geri engar athugasemdir.

Björn Egilsson, Sveinstöðum.

Nr. 292.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1967.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1967.

Gjöld :

I. Vélbátafloktinn:

Tjón	kr. 58 473 524.66
÷ Hluti endurtryggjenda	— 45 430 753.03

 Kr. 13 042 771.63

Yfirfært til næsta árs til

vara fyrir tjónum	kr. 23 431 900.00
÷ Hluti endurtryggjenda	— 17 817 245.00

 5 614 655.00

 kr. 18 657 426.63

II. Skip landhelgisgæzlunnar:

Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum	kr. 1 805 940.00
÷ Hluti endurtryggjenda	— 1 771 029.00

 34 911.00

III. Rekstrarkostnaður	kr. 5 615 844.59	
÷ Hluti Bráðafúadeildar	— 954 479.85	
		kr. 4 661 364.74
IV. Umboðslaun til bátaábyrgðarfélaga		— 3 143 378.83
V. Afskriftir:		
Bifr. 20% af	kr. 283 664.00	
		kr. 56 732.80
Skrifstofuáhöld 12% af ...	kr. 726 206.23	
		— 87 144.75
Björgunaráh. 12% af	kr. 265 667.14	
		— 31 880.05
		— 175 757.60
VI. Tekjuafgangur		— 1 374 972.93
		Kr. 28 047 811.73

T e k j u r :

I. Vélbátafloktinn:		
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr. 24 099 459.00	
÷ Hluti endurtryggjenda	— 19 140 887.00	
		Kr. 4 958 572.00
2. Iðgjöld	kr. 66 057 900.31	
÷ Hluti endurtryggj. .	— 49 678 767.35	
		— 16 379 132.96
		Kr. 21 337 704.96
Yfirfært til vara fyrir		
iðgjaldaafslætti ...	kr. 5 800 000.00	
÷ Hluti endurtryggj. .	— 4 350 000.00	
		— 1 450 000.00
		kr. 19 887 704.96
3. Umboðslaun		— 6 830 597.63
II. Skip Landhelgisgæzlunnar:		
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	kr. 1 104 840.00	
÷ Hluti endurtryggjenda	— 1 077 585.00	
		Kr. 27 255.00
2. Iðgjöld	kr. 3 616 059.78	
÷ Hluti endurtryggj. .	— 3 560 863.90	
		— 55 195.88
		— 82 450.88
3. Umboðslaun		— 534 130.24
III. Vaxtatekjur		— 230 558.02
VI. Tjónaefirlit		— 482 370.00
		Kr. 28 047 811.73

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1967.

E i g n i r :

I. Sjóður	kr. 103 743.77	
Innstæður í hlaupareikningum	— 601 910.05	
Innstæður í sparisjóðsbókum	— 2 124 306.08	
		kr. 2 829 959.90

II. Útistandandi skuldir		kr. 65 462 239.28
III. Verðbréfaeign	kr. 275 000.00	
Víxlæign	— 3 504 000.00	
Hlutabréf í Björgunarfélaginu	— 70 000.00	
		— 3 849 000.00
IV. Bifreið	kr. 283 664.00	
Afskrifað pr. 21. 12. 1967	— 226 931.20	
		— 56 732.80
Skrifstofuáhöld	kr. 726 206.23	
Afskrifað pr. 31. 12. 1967	— 485 193.34	
		— 241 012.89
Björgunaráhöld	kr. 265 667.14	
Afskrifað pr. 31. 12. 1968	— 31 880.05	
		— 233 787.09
V. Lág múli 9, 4. hæð.	kr. 2 850 000.00	
Innréttingar Lág múla 9	— 620 197.77	
		— 3 470 197.77
VI. Biðreikningur		— 15 758.40
		Kr. 76 158 688.13

Skuldir :

I. Stofnfé rikissjóðs		kr. 2 000 000.00
II. Skuldheimtumenn		— 32 970 856.34
III. Ógreiddur launaskattur	kr. 273 184.50	
Ógreiddur launaskattur	— 10 585.00	
		— 283 769.50
IV. Til vara fyrir tjónum og iðgjaldaafslætti:		
Vélbátaflotinn fyrir tjónum	kr. 23 431 900.00	
Vélbátaflotinn fyrir iðgjöldum	— 5 800 000.00	
Skip Landhelgisgæzlunnar fyrir tjónum ...	— 1 805 940.00	
	Kr. 31 037 840.00	
÷ Hluti endurtryggjenda	— 23 938 274.00	
		— 7 099 566.00
V. Höfuðstóll 31. 12. 1966	kr. 32 429 523.36	
Tekjuafgangur 1967	— 1 374 972.93	
		— 33 804 496.29
		Kr. 76 158 688.13

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1967 er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sjóðseign, sparissjóðs- og hlaupareikningsinnstæður og verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 11. október 1968.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1967.
(Bráðafúadeild).

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1967.

G j ö l d :

Uppgerð tjón á árinu	kr. 34 488 952.16	
Uppbætur á tjón 1965	— 5 174 877.00	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	— 30 352 322.99	
	Kr. 70 016 152.15	
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	— 27 279 034.28	kr. 42 737 117.87
Rekstrarkostnaður	kr. 852 281.77	
Kostnaður vegna fúarannsóknna	— 317 275.45	
Aðstöðugjald	— 300 000.00	
		— 1 469 557.22
Afskrifað af skrifstofuáhöldum 12% af	kr. 110 580.30	
		kr. 13 269.63
Afskrifað af rakaeyðingartækjum 12% af	kr. 452 777.17	
		— 54 333.26
		— 67 602.89
Vaxtagjöld		— 310 268.65
		Kr. 44 584.546.63

T e k j u r :

Iðgjöld	kr. 37 582 708.84	
Vaxtatekjur	— 4 161.42	
Tekjur af sölu fúavarnarefnis	— 149 353.05	
Rekstrarhalli	— 6 848 323.32	
		Kr. 44 584.546.63

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1967.

Eignir :

Sjóður	kr.	407.76	
Innst. í sparisjóðsbók, Verzl. Íslands	—	510 623.03	
Innst. á hlr., Verzl.b. Íslands	—	19 584.59	
Innst. á hlr., Landsb. Íslands	—	126 559.85	
			kr. 657 175.23
Verðbréf	—	40 000.00	
Víxlaeign	—	43 148.12	
Eign í m/b Reyni, NK 47	—	82 454.59	
Útistandandi skuldir	—	55 536 031.20	
Fúavarnarefni	—	77 000.00	
Skrifstofuáhöld	kr.	110 580.30	
÷ afskrifað pr. 31. des. 1967	—	61 708.68	
			— 48 871.62
Rakaeyðingartæki	kr.	452 777.17	
÷ afskrifað pr. 31. des. 1967	—	63 435.76	
			— 389 341.41
Skuldir umfram eignir 31. 12. 1967:			
Rekstrarhalli 1967	kr.	6 848 323.32	
Hrein eign 31. des. 1966	—	2 077 605.80	
			— 4 770 717.52
			Kr. 61 644 739.69

Skuldir :

Skuldheimtumenn	kr.	28 250 897.05	
Ógreiddur söluskattur	—	3 517 687.72	
Ógreitt af uppgjörðum tjónum	—	5 573 072.19	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	kr.	30 352 322.99	
Greitt upp í óuppgerð tjón	—	6 049 240.26	
			— 24 303 082.72
			Kr. 61 644 739.69

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. des. 1967 er samin eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sjóðseign og bankainnstæður hafa verið sannreynðar.

Reykjavík, 11. október 1968.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurbhöfn,
nr. 243 21. desember 1965.

1. gr.

Gjöld þau, sem getur í 1. gr. reglugerðarinnar varðandi breytingu á 33., 34., 35., 36., 37. og 41. gr. svo og gjöld sem getur í 2. gr. reglugerðarinnar varðandi breytingu á 48. gr. reglugerðar fyrir Reykjavíkurbhöfn nr. 233 29. desember 1961, hækki um 20 af hundraði (20%).

2. gr.

Fyrir flutning á hafnsögumönnum skal greiða í samræmi við 51. gr. hafnarreglugerðarinnar fyrir Reykjavíkurbhöfn.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, og lögum nr. 27 22. nóvember 1918 um hafnsögu í Reykjavík, staðfestist til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

28. nóvember 1968.

Nr. 295.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal gjald að upphæð kr. 1000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs, sbr. 3. gr.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 10. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 500.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 57. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 31. desember 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. nóvember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 5 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 15. desember 1968 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 297.

3. desember 1968.

REGLUGERÐ

um, að fjárhæð krafna og reikninga skuli greind með heilum tug aura.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1969 skal fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings greind með heilum tug aura, þannig að hálfum tug aura eða lægri fjárhæð skal sleppt, en hærri fjárhæð í aukum hækkuð í heilan tug aura.

2. gr.

Enginn er skyldugur til að greiða fjárhæð, er reiknast í hálfum tug aura eða lægri. Hins vegar eru allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð, er reiknast hærri en í hálfum tug aura með heilum tug aura.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1969.

Viðskiptaráðuneytið, 3. desember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

R E G L U G E R Ð

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.

Af vörum, sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum:

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
1. Ferðamenn	$\frac{3}{4}$ lítra. Auk þessi 1 líter af víni undir 21% styrkleika.	200 stk. vindlingar eða 250 gr. annað tóbak.	Öl ekkert.
2. Skipverjar á íslenskum skipum, sem eru lengur í ferð en 20 daga. (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð).	$2 \times \frac{3}{4}$ lítra	400 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	48. fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslensku skipum, sem eru 20 daga eða skemur í ferð	$\frac{3}{4}$ lítra.	200 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	24. fl.
4. Flugáhafnir	$\frac{3}{8}$ lítra.	100 stk. vindlingar eða tilsvarendi magn annað tóbak.	12. fl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 gr., hver smávindill 2.5 gr. og hver vindlingur 1.25 gr. Hver flaska af öli má innihalda allt að 500 gr.

Ef skip, sem er í utanlandssiglingum, dvelur hér við land lengur en 7 daga samfleytt, má gefa skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða tilsvarendi magn af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóri, yfirvélstjóri og bryti skulu, vegna risnu, fá tvöfaldan tóbaksskammt þann, sem að framan greinir.

Frekari ívilnanir varðandi áfengi og tóbak fá skipverjar ekki.

Skipverjum og flugliðum erlendra farartækja er óheimilt að hafa með sér í land úr farartæki sínu annað eða meira af hinum tollfrjálsa varningi en hæfilegan dagskammt af tóbaksvörum við hverja landgöngu.

Ákvæði þessi gilda, að því er áfengi varðar, ekki fyrir menn, sem eru undir 21 árs aldri og að því er varðar tóbak ekki fyrir þá, sem eru undir 16 ára aldri. Menn njóta eigi undanþágu, nema þeir sanni aldur sinn með framvísun nafnskirteinis eða á annan hátt, ef tollgæzlumaður krefst þess.

3. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talizt hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi héraendis og hagi hans að öðru leyti, og enn fremur að varningurinn verði fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti, sem hann eyðist ekki héraendis.

Ferðamönnum, búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er undir 2. gr. — fyrir allt að 8 000.00 krónur að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó ekki vera meira en helmingur þessarar upphæðar og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) ekki nema tíundi hluti hennar. Börn yngri en 12 ára njóta ekki réttinda til innflutningsgjaldskyldra vara án greiðslu aðflutningsgjalda.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan, sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, fyrir allt að kr. 5 000.00 við hverja komu til landsins, enda hafi þeir verið lengur í ferð en 20 daga. Tilsvarendi undanþága fyrir þá, sem skemur hafa verið í hurtu er kr. 1500.00 við hverja komu. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér samkv. þessu heimildarákvæði, og eru ekki háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiðir af 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

4. gr.

Innflutningsbann og takmarkanir.

Ákvæði þessi veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni eða innflutningshömlum, sem kunna að vera á ýmsum vörutegundum af varúðarráðstöfunum.

Innflutningur, samkv. þessari reglugerð, er því m. a. bannaður á:

1. Ósoðnum kjötvörum og öðrum sláturafurðum.
2. Eggjum og hvers konar afurðum alifugla.
3. Smjöri.
4. Lyfjum umfram þau, sem eru til persónulegra nota viðkomandi ferðamanns.
5. Útvarps- og sjónvarpstækjum.
6. Skotvopnum.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

Tollundanþága samkvæmt ákvæðum þessum gildir einungis um varning, sem er fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi eða fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Séu vörur, sem tollafgreiddar hafa verið með undanþágu samkvæmt reglugerð þessari, seldar eða boðnar til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, varðar það refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 68 frá 1956.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar, sem er í heild dýrari en nemur hámarki heimillar undanþágu hvers ferðamanns samkvæmt 2. og 3. málsg. 3 gr.

Undanþága samkvæmt 2. og 3. gr. tekur einungis til varnings, sem viðkomandi ferðamenn hafa í eigin vörzlum við komu frá útlöndum og framvísa við tollgæzlumenn þegar við komu af skipsfjöllum eða úr flugvél, sem flytur þá til landsins.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Allar tollundanþágur samkvæmt reglugerð þessari eru bundnar því skilyrði, að viðkomandi ferðamaður eða farmaður framvísi vörum sínum skilvíslega fyrir tollgæzlumönnum á þann hátt, sem reglur tollgæzlunnar mæla fyrir um. Vilji farmaður flytja vörurnar í land úr farartæki sínu, skal það gert á þeim tíma, sem tollgæzlan ákveður og undir toleftirliti. Fari varningur fram úr hámarki því, sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð þessari, og honum er ekki framvísað til tollgreiðslu, verður litið á þann flutning sem óleyfilegan og hann upptækur ger til ríkissjóðs.

Heimilt er tollgæzlunni að setja ákveðið hámark fyrir leyfðan tollfrjálsan innflutning tiltekinna vörutegunda í háum tollflokkum innan þeirra marka, sem að öðru leyti eru sett í reglum þessum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tölulið 2. gr. tollskrárlaga nr. 63 31. maí 1968 og 42. tl. 3. gr. sömu laga, tekur gildi 1. desember 1968 og er þá jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 6 25. jan. 1966, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1968.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

12. nóvember 1968.

Nr. 299.

AUGLÝSING**um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfirði:

1. Einstefnuakstur verður um Austurgötu til austurs frá Reykjavíkurvegi að Lækjargötu. — Bifreiðastöður eru leyfðar á syðri götubrún, en bannaðar á nyrðri helmingi götunnar.
2. Bannað er að leggja vörubifreiðum og fólksbifreiðum yfir 12 farþega á Austurgötu, Hverfisgötu, Kirkjuvegi og Merkur götu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar við **Reykjavíkurveg**, neðan (sunnan) gatnamóta Austurgötu og Kirkjuveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. des. 1968.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 12. nóvember 1968.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING**um myntútgáfu.**

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðla-bankinn hinn 1. desember n. k. gefa út 50 króna málmpening með svofelldri gerð:

Peningurinn er 30 mm í þvermál og vegur 12.5 grömm. Hann er úr hreinu nikkeli. Á framhlið peningsins eru tölustafirnir 50 fyrir miðjum pening inni í hring og þar fyrir ofan „ÍSLAND“ en að neðan „KRÓNUR“.

Á bakhlið peningsins er mynd af Alþingishúsinu og ártalið „1968“ þar fyrir ofan, en fyrir neðan „1. DESEMBER 1968 FULLVELDI ÍSLANDS“ í þrem línum. Rönd peningsins er slétt.

Peningurinn er gefinn út til að minnast 50 ára fullveldis Íslands. Jafnhliða því að vera minnispeningur hefur hann fullt myntgildi og skal hann vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði.

Viðskiptaráðuneytið, 25. nóvember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 301.

15. nóvember 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án öikumanns.

1. gr.

Í stað „21. árs“ í 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 85. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. nóvember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 302.

17. desember 1968.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 6, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Frá og með 1. janúar 1969 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 6, útgefna í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um húnað og rekstur lyfjabúða,
nr. 151 22. marz 1968.

1. gr.

22. gr. b. liður reglugerðarinnar orðist svo:

- b. Sóttþreinsunarefni, svo og efni og samsetningar, sem búið er um til afhendingar í lyfjabúð og ætlaðar eru til tæknilegra nota (undanþegnar eru þó samsetningar ætlaðar til framleiðslu á snyrtivörum), skal auðkenna rauðum merkimiða. Eiturefni skal einnig merkja rauðum merkimiða, eða eins og heilbrigðisyfirvöld kunna að mæla fyrir um. Efni notuð í rannsóknaskyni skal auðkenna gulum merkimiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. lyfsörlulaga nr. 30 29. apríl 1963, tekur gildi 15. janúar 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Íslenzkum bátum allt að 200 brúttórumlestum að stærð, sem veiða með botnvörpu, skal heimilt á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1969 að veiða á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar.

1. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3 11. marz 1961. Togveiðar skulu þó bannaðar innan markalínu, sem hugsast dregin í kringum Grimsey 4 sjómílur frá yztu annesjum og skerjum hennar.
2. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í vestur frá Garðskaga, og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur nr. 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju. Öll veiði skal þó hönnuð á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og lands og takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Urðarviti og Faxaskersviti beri saman og að austan af línu, sem hugsast dregin þannig, að Bjarnarey að vestan beri við Elliðaey að austan

og enn fremur á svæði, þar sem sæsimastrengir liggja að og frá Vestmannaeyjum til útlanda vestan Stórhöfða á 200 metra belti beggja megin við strengina. Þá skulu togveiðar bannaðar á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Skaffárósum og að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í suður frá Stokksnesi.

3. Á svæði sem takmarkast að vestan af lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar og að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar.

Á svæðum þeim, sem að framan greinir eru togveiðar enn fremur bannaðar á hrygningarsvæðum síldar og loðnu, eins og þau skulu ákveðin með auglýsingu.

Enn fremur skal með auglýsingu ákveðið bann við togveiðum á þeim svæðum og tíma, sem hætta er á árekstrum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net svo og vegna nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi í norður frá Gjögurtá og að austan af línu, sem hugsast dregin í réttvísandi norður frá Rauðanúp.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar svo og auglýsingum, sem út verða gefnar, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 20. desember 1968 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1968

11. desember 1968.

467

Nr. 305

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29, 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir eftir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

59. Nefnd Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, en aðild að nefndinni eiga: Verzlunarmannafélag Akraness, Borgarness, Snæfellinga, V.-Barðastrandarsýslu, Bolungarvíkur, Ísafjarðar, Húnvetninga, N.-Þingeyjarsýslu, Reyðarfjarðar og Egilsstaðahrepps, V.-Skaftfellinga, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyja, Árnes-sýslu og Hafnarfjarðar. Aðsetur nefndarinnar er í Reykjavík. Staðfest 10. des. 1968.
60. Nefnd Verzlunarmannafélags Suðurnesja. Aðsetur nefndarinnar er í Keflavík. Staðfest 10. des. 1968.
61. Nefnd Verkamannafélags Borgarfjarðar (eystra). Aðsetur: Borgarfjörður, N.-Múl. Staðfest 10. des. 1968.
62. Nefnd Trésmiðafélags Akureyrar, Múrarafélags Akureyrar og Málarafélags Akureyrar. Aðsetur: Akureyri. Staðfest 10. des. 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

16. desember 1968.

Nr. 306.

AUGLÝSING

um umferð í Skútustaðastaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Skútustaðahreppi:

1. Á Mývatnssveitarvegi nyrðri, við Reykjahlíð. Hámarkshraði 45. km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við heimkeyrslu að Hótel Reynihlíð að stað 40 m norðan við aðalvegamót sunnan útibús Kaupfélags Þingeyinga. Framangreindur vegarkafli skal jafnframt vera aðalbraut.

B 58

2. Á Norðurlandsvegi, við Skútustaði og Álftagerði. Hámarkshraði 45 km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við ræsi austan Skútustaða að stað 200 m vestan við vestasta íbúðarhús sunnan vegar í Álftagerði.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Fjórði töluliður B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 75% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, er fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Ólafur Stefánsson.

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag árið 1969 verið ákveðinn sem hér segir:

Fávítahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 440.00
Barnaheimili templara, fávítahæli, Skálatúni	— 375.00
Barnaheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnessýslu	— 325.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshreppi	— 325.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngás, Reykjavík	— 260.00

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Starfræktar skulu, á vegum ríkisins, sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja tollfrjálsar vörur, áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af frihafnarstjóra, sem utanríkisráðherra skipar, og ber hann ábyrgð á rekstri hennar undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Frihafnarinnar, skal frihafnarstjóri ráða að fengnu samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli skal sjá um og bera ábyrgð á að gætt sé nauðsynlegra varáðarráðstafana um meðferð seldrar vöru, unz farþegar og áhafnir eru komnar um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

4. gr.

Frihöfnin fær, unz annað kann að verða ákveðið, til umráða í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma, svo og birgðaskemmur innan flugvallarsvæðisins, eftir því, sem þörf krefur.

5. gr.

Frihafnarstjóri skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru til Frihafnarinnar.

Þegar vörur eru seldar til Frihafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur er um að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan bera ábyrgð á og hafa eftirlit með, að vörur þessar séu fluttar til Frihafnarinnar.

6. gr.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning ber að endurgreiða nefnd gjöld, ef Frihöfnin kaupir slíkar vörur, sem söluvarning. Skulu gjöldin endurgreidd, þá er varan er komin í tollvörugeymslu, skv. vottorði tollgæzlumanns.

7. gr.

Frihöfninni er heimilt að annast innflutning á öllum varningi, sem hún óskar að selja á sínum vegum.

Einnig er Frihöfninni heimilt að kaupa vörur beint úr tollvörugeymslu innflytjenda.

8. gr.

Útfylla skal í tvíriti afgreiðsluseðil fyrir hvern þann, sem viðskipti á í Frihöfninni.

Skal þar greina:

a) Nafn flugfélags.

b) Í hvaða gjaldeyri er greitt og hve mikið.

Viðkomandi kvittar á bæði eintökin. Að því búnu skulu vörurnar settar í umbúðir, með innsigli: Frihöfnin- Keflavíkurflugvelli, Duty Free Store- Keflavík Airport.

Kaupanda skal síðan afhent annað eintak afgreiðsluseðilsins, en Frihöfnin heldur hinu.

9. gr.

Frihöfnin skal selja varning sinn í erlendum gjaldeyri, þó með þeirri undantekningu, að Íslendingum skal heimilt að verzla í Frihöfninni fyrir þann íslenska gjaldeyri, sem þeim á hverjum tíma er leyfilegt að hafa með sér úr landi.

Meðan ekki er starfrækt bankaútibú með gjaldeyrisviðskipti í flugstöðinni, er erlendum flugfarþegum heimilt að verzla fyrir allt að þeirri upphæð í íslenskum gjaldeyri, sem þeir geta sýnt kvittun fyrir að hafi verið keypt í íslenskum banka.

10. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellinum, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur, vörur sem keyptar hafa verið í Frihöfninni eða gæta þess að ekki sé farið með þær út úr flugvélinni.

11. gr.

Frihöfninni er heimilt að senda vörur í pósti til viðtakanda búsettra erlendis í samráði við tollyfirvöld, enda hafi varan verið greidd fyrir fram.

Tollgæzlan skal bera ábyrgð á, að réttar vörur séu sendar samkvæmt pöntunum og bera ábyrgð á, að vörunum sé komið í hendur pósthjónustunnar.

Afgreiðsluseðill, vegna póstsendinga þessara, skal útfylltur á sama hátt og ef um staðgreiðslu er að ræða í Frihöfninni, nema hvað tollgæzlumaður og póstaafgreiðslumaður staðfesta með undirskrift sinni móttöku vörunnar fyrir hönd kaupenda.

12. gr.

Birgðir Frihafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og bera saman við birgðabók og afgreiðsluseðla.

Niðurstaða talningar skal send utanríkisráðherra og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli hverju sinni.

13. gr.

Ef Frihöfnin hefur í birgðum sínum illseljanlegar eða gallaðar vörur, er henni heimilt að selja þær til þeirra aðila hjá varnarliðinu, sem rétt hafa til innkaupa fyrir erlendan gjaldeyri.

Sala þessi skal fara fram undir eftirliti tollgæzlu.

14. gr.

Skrifstofa frihafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Frihafnarinnar.

Frihafnarstjóri skal árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar til afnota við samningu fjárlaga.

15. gr.

Frihafnarstjóri skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvöru-geymslur o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 175 frá 6. október 1960, um tollfrjálsar verðlanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utánríkisráðuneytið, 17. desember 1968.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

3. desember 1968.

Nr. 310.

H A F N A R R E G L U G E R Ð

fyrir Norðurfjarðarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Norðurfjarðarhöfn tekur yfir Norðurfjörð innan línu, sem hugsast dregin úr Bergistanga norðanmegin fjarðarins í Urðarnes sunnan fjarðarins.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Norðurfjarðarhafnar og skal honum varið til greiðslu kostnaðar við rekstur hafnarinnar, til þess að gera umbætur á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra. Hafnarnefnd Norðurfjarðarhafnar skipa þrjú menn, sem hreppsnefnd Árneshrepps kys til fjögurra ára í senn. Hafnarnefnd hefur á hendi innheimtu hafnargjalda og reikningsskil fyrir hafnarsjóð. Kosning í hafnarnefnd skal jafnan fylgja hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd skal sjá um, að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórna hafnarsjóðnum með eftirliti hreppsnefndar.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til umræðra framkvæmda eftir úllögum hafnarnefndar, og ber ábyrgð á sjóðnum sem öðrum eignum hreppsins.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði og banni tafarlaust og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að ferminu þeirra eða affermingu.

6. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvorki kasta úti á höfninni, og seglfestu má hvergi taka innan takmarka hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar. Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

7. gr.

Fiskiskip, og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi ferminu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Aldrei mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé nægilegt rými fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða aðrar festar, að það tálmi umferð. Festar skipa má aldrei leggja yfir alfaraleið.

V. KAFLI

Um lestagjöld.

8. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, svo og skip, sem leggja upp afla til vinnslu á Norðurfirði, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, sem hér segir:

Vélbátar yfir 5 rúmlestir brúttó, greiði kr. 20.00 af hverri brúttórúmllest, þó ekki yfir kr. 1000.00 árlega. Vélbátar undir 5 rúmlestum greiði árlega gjald kr. 100.00.

- b. Fiskiskip greiði kr. 1.00 af hverri nettórúmllest, þó ekki oftari en 5 sinnum á ári.
- c. Innland strandferðaskip greiði kr. 0.10 af hverri brúttórúmllest, nema farþegskip Skipaútgerðar ríkisins, sem greiða þessi gjöld í tíu fyrstu skiptin á ári hverju.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 1.20 af hverri nettórúmllest, í hvert skipti, er þau koma á Norðurjarðarhöfn.
- e. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita neyðarhafnar. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

VI. KAFLI

Um bryggjugjöld.

9. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi. Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af öllum aðkomuskipum öðrum en herskipum og varðskipum, greiðist kr. 0.20 af nettórúmlest fyrir fyrsta sólarhring og kr. 0.15 fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.
- b. Bátar og skip, heimilisföst í Árneshreppi, svo og skip, sem leggja þar upp afla til vinnslu, skulu greiða kr. kr. 8.00 af hverri brúttórúmlest, einu sinni á ári.

VII. KAFLI

Um vörugjald.

10. gr.

Vörugjald skal greiða til hafnarsjóðs af öllum vörum, svo og af skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

11. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast í land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé það ákveðið samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

12. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.
- f. Síld og annar sjávarafli, sem lagður er í land til verkunar, ef samið er sérstaklega um slík not af mannvirkjum hafnarinnar.

13. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalda. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

14. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjaldið greiðist eins og þar segir.

VIII. KAFLI
Vörugjaldskrá.

15. gr.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. Kol, salt, sement pr. 100 kg	kr. 2.50
2. Salfiskur, verkaður og óverkaður, pr. 100 kg	— 2.50
3. Freðfiskur, pr. 100 kg	— 2.50
4. Síldarlýsi og annað lýsi, pr. 100 kg	— 2.50
5. Freðsild, pr. 100 kg	— 2.50
6. Fiski-, síldar- og fóðurmjöl, pr. 100 kg	— 2.50
7. Korn, mjölvörur, sykur, pr. 100 kg	— 2.50
8. Tilbúinn áburður, pr. 100 kg	— 2.50
9. Fuelolía, pr. 100 kg	— 3.00
10. Hráolía, steinolía, benzin, pr. 100 kg	— 3.50
11. Kjöt, pr. 100 kg	— 3.50
12. Fiskumbúðir, pr. 100 kg	— 3.50
13. Skreið, pr. 100 kg	— 3.50
14. Línur, ónglar, net, nætur, pr. 100 kg	— 4.00
15. Smurningsolíur, pr. 100 kg	— 4.00
16. Málning, pr. 100 kg	— 6.00
17. Hreinlætisvörur, pr. 100 kg	— 8.00
18. Kaffi, pr. 100 kg	— 12.00
19. Ávextir, pr. 100 kg	— 8.00
20. Rúðugler, pr. 100 kg	— 12.00
21. Vefnaðarvörur, pr. 100 kg	— 20.00
22. Tóbak, pr. 100 kg	— 40.00
23. Timbur, pr. teningsfet	— 0.60
24. Tómar tunnur, pr. stk.	— 1.20
25. Saltsild, pr. tunnu	— 2.50
26. Aflagjald af síld og öðrum fiski, pr. 100 kg	— 0.80
27. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, pr. 100 kg.	— 4.00

Minnsta gjald í hverjum flokki er kr. 2.50.

16. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Vörugjöld falla í gjalddaga áður en viðkomandi skip fer úr höfninni, nema annað hafi verið samið um við hafnarstjórn. Gjald-daga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í skipunum og gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár.

17. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 16. gr. greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Norðurfirði, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum þar til gjaldið er greitt.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð Norðurfjarðarhafnar.

IX. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð fer fram.

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

19. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

20. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef um slíkt er að ræða, er hann á að greiða.

21. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji fyrir samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Norðurfjarðarhafnar.

23. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. des. 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð prófastshjónanna á Hofi,
séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, dags. 29. ág. 1965, undirrituðu af honum og eftirlifandi börnum þeirra prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur, þeim Jakobi Einarsyni, fyrrv. prófasti og frú Ingigerði Einarsdóttur, ásamt eiginkonu séra Jakobs, frú Guðbjörgu Hjartardóttur og eiginmanns frú Ingigerðar, Helga bókbindara Tryggvasoni, og auk þeirra, eftirlifandi konu Vigfúsar ráðuneytisstjóra Einarssonar frá Hofi, frú Guðrúnu Sveinsdóttur.

Í gjafabréfi þessu afhendir Benedikt með samþykki þessara aðila, Eiðaskóla, skuldlaust, þar sem óselt er af ritsafninu Ættir Austfirðinga, eftir Einar prófast Jónsson á Hofi í Vopnafirði, dáinn 24. júlí 1931.

Stofnfé sjóðsins er andvirði þeirra bóka, að frá dregnum kostnaði, er seldar voru á tímabilinu, 29. ág. 1965 til 13. ág. 1968, samt. kr. 55 802.29 — krónur fimmtíu og fimm þúsund átta hundruð og tvær, og tuttugu og níu aurar —.

3. gr.

Tekjur sjóðsins er andvirði þeirra bóka, sem seldar eru eftir 13. ág. 1968, að frá dregnum kostnaði. Vextir af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir og áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum, sem segir í 6. grein þessarar skipulagsskrár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, skólastjórn Eiðaskóla, sem er formaður stjórnarinnar, og tveimur fulltrúum frá Múlasýslum, sínum frá hvorri, kosnum af sýslunefndum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er einkum að styrkja bókasafn Eiðaskóla, en enn fremur að styrkja og stuðla að söfnun og útgáfu á hvers konar austfirzkum ætta- og sagnafróðleik.

6. gr.

Ársvextir sjóðsins, gjafir, áheit og annað, auk andvirðis seldra bóka, sbr. 4. gr., skulu leggjast við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00 — hundruð þúsund krónur —, er þá stjórninni heimilt að verja $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum hans til þeirra hluta, sem skipulagsskráin mælir fyrir um, sbr. 5 gr. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur — er stjórninni heimilt að nota alla ársvexti hans í sama skyni.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða visitölu-tryggðum verðbréfum, er stjórnin telur fullkomlega trygg.

Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er styrk fá úr sjóðnum, svo og í hvaða skyni. Enn fremur allar greiðslur, er sjóðurinn innir af höndum. Þá skulu einnig ársreikningar sjóðsins innfærast í gerðabók þessa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúar næst á eftir. Reikningar sjóðsins sendist árlega eftirliti ríkisins með opinberum sjóðum til endurskoðunar.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá sjóðsins, ef brýnar ástæður þykja til, enda gegni sjóðurinn áfram því hlutverki að stuðla að menntun og menningu á Austurlandi.

11. gr.

Stofndagur sjóðsins skal talinn 7. des. 1968, sem er 115. afmælisdagur séra Einars prófests Jónssonar.

12. gr.

Hætti núverandi Eiðaskóli (þ. e. Alþýðuskólinn) störfum, tekur sú menntastofnun á Austurlandi, sem talið verður að komið hafi í hans stað, við núverandi hlutverki Eiðaskóla í stjórn sjóðsins.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar, samkvæmt 10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 10. nóvember 1968.

18. desember 1968.

Nr. 312.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hólshreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Hólshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningarsjóðs vestfirzkrar æsku, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. nóvember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs vestfirzkrar æsku.

1. gr.

Sjóðurinn hetir Menningarsjóður vestfirzkrar æsku og er stofnaður af Sigríði Valdemarsdóttur til minningar um Elínu Hannibalsdóttur, Valdemar Jónsson og Matthildi Hannibalsdóttur.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja vestfirzkrar ungmenni til framhaldsnáms, sem þau ekki geta stundað í heimabyggð sinni. Að öðru jöfnu skulu eftirtaldir aðilar njóta forgangs um styrk úr sjóðnum:

- a. Ungmenni, sem misst hafa fyrirvinnu, föður eða móður og einstæðar mæður.
- b. Konur, meðan fullt launajafnrétti er ekki í raun
- c. Ef engar umsóknir eru frá Vestfjörðum, koma eftir sömu reglum Vestfirðingar búsettir annars staðar.
- d. Afkomendur Elínar Hannibalsdóttur og Valdemars Jónssonar og systkina þeirra gangi þó fyrir öðrum tilheyrandi hverjum lið fyrir sig.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra tilnefndir úr stjórn Vestfirðingafélagsins árlega. Þann þriðja tilnefna systkini stofnandans, Sigríðar Valdemarsdóttur, úr sínum hópi eða afkomendur eftir hennar dag, en fram til þess tíma mun hún annast sjóðinn.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja, en sjóðurinn skal vera í vörzlu Vestfirðingafélagsins og skulu reikningar hans endurskoðaðir með reikningum félagsins.

4. gr.

Með orðinu vestfirzkr er átt við Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð, Stranda- og Barðastrandasýslur eða félagssvæði Vestfirðingafélagsins allt.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera arður af hluta Sigríðar Valdemarsdóttur í húseigninni Njálsgötu 20, frá 4. ágúst 1966, en eftir dag stofnandans skal húseign þessi verða eign sjóðsins og honum til ráðstöfunar.

6. gr.

Úthlutanir úr sjóðnum skulu fara fram 4. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti 4. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti 4. ágúst 1967. Veita má árlega ⅓ af tekjum sjóðsins í styrki. Ekki skal afhenda veittan styrk fyrr en viðkomandi er innritaður í skóla og sendir vottorð þar um.

7. gr.

Meðmæli skulu fylgja umsóknum frá viðkomandi skólastjórn eða öðrum, sem þekkja umsækjendur, efni þeirra og aðstæður.

Reykjavík, 29. marz 1967.

Sigríður Valdemarsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð ljósmæðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð ljósmæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður ljósmæðra“ og er stofnaður af Ljósmæðrafélagi Íslands og Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur.

Stofnfé sjóðsins frá Ljósmæðrafélagi Íslands er að upphæð kr. 1 950.00, er gefið var til minningar um frú Ingibjörgu Jónsdóttur, ljósmóður, frá Mörtungu, er lézt í júlí 1966. Enn fremur gjafir, sem borizt hafa síðan, til minningar um látnar ljósmæður o. fl. að upphæð kr. 17 298.91, eða samtals kr. 19 248.91.

2. gr.

Ljósmæðrafélag Reykjavíkur leggur fram sjóð sinn, sem stofnaður var 15. janúar 1950, undir nafninu „Liknar og menningarsjóður Ljósmæðrafélags Reykjavíkur“, nú að upphæð kr. 17 161.52. Enn fremur kr. 8 912.78, sem þeim hefur borizt sem minningargjafir.

Stofnfé frá Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur er þannig samtals kr. 26 074.30. Eign sjóðsins við stofnun er því samtals kr. 45 323.21.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og áheitungum, og minningarsjöld eru gefin út til ágóða fyrir sjóðinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja ljósmæður til framhaldsnáms og einnig má veita fé til hverra þeirra líknarmála, sem ljósmæðrastéttin hefur hug á að styðja.

5. gr.

Frankvæmdir á ofangreindu miðist við, að sjóðurinn nemi aldrei minni upphæð en kr. 25 000.00.

6. gr.

Skal stjórn sjóðsins heimil ráðstöfun vaxta og tekna sjóðsins eftir því sem þörf krefur, en þó aldrei skerða fyrrgreinda upphæð kr. 25 000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa tveir fulltrúar frá Ljósmæðrafélagi Íslands og einn frá Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðarbók fyrir sjóðinn, sem lögð er fram á aðalfundi beggja félaganna.

9. gr.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum, skulu sendast stjórn sjóðsins.

10. gr.

Ef annað hvort félagið hættir störfum, skal hitt félagið tilnefna alla þrjá stjórnendur sjóðsins.

11. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ofangreindra félaga, ásamt einum löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Ef tímabært þykir að breyta skipulagsskrá þessari, skal leita samþykkis á aðalfundi beggja félaganna.

13. gr.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá nr. 56 frá 1950 fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Reykjavík, 16. ágúst 1968.

F. h. Ljósmeðrafélags Íslands og Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Steinunn Finnbogadóttir.

Helga Marin Níelsdóttir.

Nr. 315.

2. desember 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Krisjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Kristjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðbjarts Kristjánssonar. Hann var fæddur 18. nóv. 1878, dáinn 9. sept. 1950.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konu, börnum og ýmsum fleirum. Stofnfjárhæð hans er kr. 10 110.00 — tíu þúsund eitthundrað og tíu krónur —, sem ávaxtast í Búnaðarbanka Íslands.

Auka má sjóðinn með viðbótartillögum og minningargjöfum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25 000.00, má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtum samkvæmt fyrir-mælum 4. gr. En hinn helmingur ársvaxtanna leggst áfram við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50 000.00, þá má verja $\frac{3}{4}$ ársvaxta í sama tilgangi, en $\frac{1}{4}$ ársvaxta leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 250 000.00. Úr því má verja öllum ársvöxtunum samkv. ákvæðum 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja eða verðlauna þá einstaklinga er skara fram úr við ræktun trjá-lunda við heimili sín eða sýna sérstaka snyrtimennsku í umgengni.
2. Að styrkja félagsleg átök í ræktun jarðar og búfjár.

3. Að veita námsstyrki eða verðlaun til efnilegra nemenda við framhaldsnám að loknu skyldunámi.
4. Að veita kirkju- og menningarmálum fjárstuðning.
- Sjóðsstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutun fjár úr sjóðnum og velur um hvað verðlaunað er eða styrkt hverju sinni.
- Starfssvið sjóðsins er Miklaholtshreppur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir menn: Formaður Búnaðarfélags Miklaholtshrepps, sem jafnframt skal vera formaður sjóðsstjórnar, oddviti Miklaholtshrepps, og þriðji maður kosinn af aðalfundi Búnaðarsambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til tveggja ára í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda funda- og gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, úthlutun styrkja úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðsstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 18. nóvember. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, kosnum af hreppsnefnd Miklaholtshrepps.

Reikningsgerð skal lokið fyrir 1. febr. ár hvert.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands.

8. gr.

Staðfesting skipulagsskrár fyrir sama sjóð frá 24. apríl 1951 fellur úr gildi.

September 1968.

Gunnar Guðbjartsson. Elín Guðbjartsdóttir. Guðbjörg Guðbjartsdóttir.
Þorkell Guðbjartsson. Guðbrandur Guðbjartsson.
Kristján Guðbjartsson. Ragnheiður Guðbjartsdóttir.
Kristjana Bjarnadóttir, ekkja Alexanders Guðbjartssonar.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Neskaupstað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Hálsahreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Viilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 318.

23. desember 1968.

AUGLÝSING**um skipulag í Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Skorradalshrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagmálaráðuneytið, 23. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 319.

23. desember 1968.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 268 30. des. 1964, um fasteingaskatt í Reykjavík.**

1. gr.

Í stað orðanna: „með 100% álagi“ í 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar komi „með 200% álagi.“

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1969 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagmálaráðuneytið, 23. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ**um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar
almannatrygginga árið 1969.**

Árið 1969 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

b. Hjón	kr. 5 500.00
b. Karlar	— 5 000.00
c. Konur	— 3 750.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	kr. 48.00
------------------------------	-----------
3. Í janúar 1969 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	kr. 2 800.00
b. Konur	— 2 000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.****I. Einstakir aðgöngumiðar.**

Fullorðnir, sérklefar	kr. 18.00
— skiptiklefar eða skápar	— 15.00
Börn — — —	— 5.00

II. Afsláttarmiðar.

Fullorðnir, sérklefar, 10 miðar	— 115.00
— — 20 —	— 200.00
— skiptiklefar eða skápar 10 miðar	— 100.00
— — — 20 —	— 180.00
Börn — — — 10 —	— 35.00
— — — 20 —	— 60.00

III. Sundnámskeið.

Fullorðnir, (20 st. hver st. 40 mín.) (var 20 st. 30 mín á 250)	— 400.00
Börn, (20 st. hver st. 40 mín.) (var 20 st. 30 mín. á 150)	— 250.00

IV. Leiga.

Sundskýla	kr. 10.00
Sundbolur	— 10.00
Handklæði	— 10.00
Geymsluhólf, þvottur á sundfötum og handklæðum (Sundhöll)	— 100.00

V. Gufuböð.

Einstök skipti, 60 mín.	— 35.00
------------------------------	---------

VI. Íþróttafélög.

Félagar 16 ára og eldri	— 7.00
— yngri en 16 ára	— 3.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 14 14. janúar 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 51 15. maí 1964 um gerð
og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farn (sendibifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Frá sama tíma skulu allar kennslubifreiðir og bifreiðir, sem leigðar eru án ökumanns, vera búnar öryggisbeltum fyrir ökumann og farþega í framsæti. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt. Óheimilt er að nota öryggisbelti, sem einungis eru fest yfir mjaðmir eða einungis yfir mjöðm og öxl, nema eigi sé unnt eða mjög erfitt sé að koma við festingu fyrir aðra gerð öryggisbelta. Þess skal sérstaklega gætt, að gengið sé tryggilega frá festingu beltis við bifreið.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 1. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright og er stofnaður hinn 1. desember 1968 með \$20 000 (tuttugu þúsund Bandaríkjadala) framlagi til minningar um eftirtalda ættingja og venzlamenn:

Foreldrar: Arndís Jónsdóttir, Péturssonar háyfirdómara (1857—1936). Guðmundur Guðmundsson, læknir (1853—1946), grafinn í La Peyreuse, Port of Spain.

Eiginmaður: Henry Newcome Wright, lögmaður LLD., London, FRGS. FLE., FRAS (1884—1955), grafinn í La Peyreuse, Port of Spain.

Systkini:

Sturla Guðmundsson, cand phil. (1883—1910). Þóra Guðmundsdóttir Hermannsson (1888—1918). Sigprúður Guðmundsdóttir (1884—1905).

Móðursystir og eiginmaður hennar:

Þóra Jónsdóttir (1858—1947). Jón Magnússon, forsætisráðherra (1859—1926).

Móðurbræður:

Friðrik Jónsson, cand theol. (1860—1938). Sturla Jónsson, kaupmaður (1861—1947).

2. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu Vísindafélags Íslendinga (Societas Scientiarum Islandica). Hann skal ávaxta þannig, að fylgt sé hagkvæmstu skilmálum og fjárhagsástæðum hvers tíma.

3. gr.

Höfuðsól sjóðsins má aldrei skerða. Vexti skal flytja til Íslands eftir þörfum. Vextir sjóðsins skulu standa undir fjárveitingum og viðurkenningargjöfum til Íslendinga, sem unnið hafa veigamikið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

4. gr.

Að tilmælum gefanda skal stjórn sjóðsins skipuð þremur mönnum. — Dr. Kristjáni Eldjárn, Dr. Jóhannesi Nordal og Dr. Sturlu Friðrikssyni. Skulu þeir vera í sjóðstjórn eins lengi og þeir óska þess eða þeirra nýtur við. Að þeim tíma liðum skal á aðalfundi Vísindafélags Íslendinga kjósa í sjóðstjórn í þeirra stað til fjögurra ára í senn. Dr. Sturla Friðriksson er formaður sjóðsins. Eftirmaður hans sem formaður sjóðstjórnar skal vera kjörinn úr hópi ættmenna Ástu Guðmundsdóttur Wright, ef og þegar vól er á hæfum ættmanni, en aðrir í sjóðstjórn skulu valdir úr hópi meðlima Vísindafélagsins, þannig að annar sé úr raunvísindum en hinn úr lögfræði.

5. gr.

Stjórn sjóðsins fjallar um öll málefni sjóðsins, ræður útnefningu á verðlaunabæjum og annast umsýslu og annað, er sjóðinn varðar. Stjórnin getur tilnefnt

verðlaunanefnd eða ráðgjafanefnd í hverju efni er henni sýnist, en þær nefndir skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Stjórnin ein ákveður val verðlaunaþega og upphæð verðlauna.

6. gr.

Verðlaunaveiting fer fram við opinbera athöfn, þar sem einnig skal skýra skilmerkilega frá ástæðu verðlaunaveitingar. Skal sú skýrsla prentuð í ritum félagsins og þess jafnframt getið í hverra minningu verðlaunin eru veitt. Stjórnarmeðlimir og nefndarmenn geta ekki orðið aðnjótandi verðlaunanna.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Vísindafélags Íslendinga.

Hafi stjórn sjóðsins eitthvert ár ekki kveðið val á hæfum verðlaunaþega, skal bæta þeim vöxtum, sem annars hefðu farið til veitingar, við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

(Að samþykktum breytingum þann 21. 10. 1968.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að reisa og reka samkomuhús og starfsmiðstöð fyrir íslenska alþýðu og flokk hennar, Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn eða hvern þann sósíalistiskan fjöldaflokk, sem tekur við hlutverki hans að dómi sjóðstjórnar, eða að vinna að framgangi sósíalismans á Íslandi á annan hátt.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið samkvæmt 2. gr.

Eignir hans má ekki skerða.

Sjóðurinn er stofnaður fyrir frumkvæði Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og aðrar gjafir, arður af sölu minningarspjalda, sem hann gefur út, svo og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 9 mönnum, sem miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins kys til fjögurra ára frá október 1968 að telja.

Sjóðstjórnin kys þriggja manna framkvæmdanefnd úr sínum hópi til að annast daglegar framkvæmdir.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp árlega og miðast við almanaksárið.

Reikningar skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, kosnum af miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalístaflokksins til fjögurra ára.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur ein breytt þessari skipulagsskrá.

Skal hún innan fjögurra ára hafa tekið ákvörðun um hvernig framvegis skuli kjósa stjórnina.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við lágspennu.****I. GJALDSKRÁLÍÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	9.00 á kwst.
12	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	4.60 á kwst.

2. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

21	Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	2.30 á kwst.

Aflmarksmæling.

23	Aflgjald, lágmarksstilling 2 kw.	—	5 750.00 á ári.
	— frá 2 til 6 kw.	—	1 955.00 á kw. á ári.
	— umfram 6 kw.	—	1 250.00 á kw. á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.40 á kwst.
	— af notkun umfram aflstillingu	—	4.60 á kwst.

Mestaafismæling.

24	Aflgjald, lágmark 8 kw.	—	18 400.00 á ári.
	— umfram 8 kw.	—	2 300.00 á kw. á ári.
	Orkugjald	—	0.40 á kwst.

4. Vélanotkun o. fl.

31	Fast gjald	kr.	F 1 + F 2.
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	4.60 á kwst.
32	Aflgjald, lágmark 2 kw.	—	5 060.00 á ári.
	— umfram 2 kw.	—	2 530.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.70 á kwst.
34	Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	865.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	0.40 á kwst.
35	Aflgjald, lágmark 2.5 kw (uppsett kw. í málraun véla)	—	5 060.00 á ári.
	— umfram 2.5 kw.	—	2 025.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	0.70 á kwst.

4. Húshitun.

41	Fast gjald	kr.	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	1.00 á kwst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42	Fast gjald, lágmark 2 kw.	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.40 á kwst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
43	Fast gjald, lágmark 2 kw.	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.25 á kwst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51	Fast gjald	kr.	F 1.
	Fyrir hvert götuljósker	—	6 × F 1.
	Orkugjald	—	1.15 á kwst.
52	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	2.90 á kwst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu, vegna vanskila, eru samtals kr. 400.00 í hvert skipti.

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1	kr.	58.00 á mánuði.
F 2 a) Verzlaniir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	2.30 á m ² á mánuði.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	1.20 á m ² á mánuði.
F 3	—	23.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

- a) Fyrir fjöldskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra, tvö.
- b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m², mælt innan útveggja, án geymslu og ganga þeim tilheyrandi.
- c) Fyrir útihús vegna búrekstrar.
Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining.
Hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
- d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.
30 m² fyrir vinnslurúm.
40 m² fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kw. kr. 230.00 á ári.

2. Mestaafismæling.

- 1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalalag.
- 2. Gjaldskrárliður 24.
Gjaldskytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram í byrjun hvers ársfjórðungs.
- 3. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskytt afl hvers almanaksárs er meðaltal tveggja hæstu álestra, en álestrar fara fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

- 1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.
- 2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum um skemmri eða lengri tíma, eftir aðstæðum hverju sinni.
Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð á dísilolíu í Reykjavík, kr. 2 575.00 á tonn. Hitaverð lækki eða hækki hver kwst. um 2.4 aura á gjaldskrárlið 41 og 1 eyri á lið 42 fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis, samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 7.5% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 208/1967.

Atvinnuáráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 326.

30. desember 1968.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við háspennu.**

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu orkunnar með 6—11 kv. spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er almennt miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kw. afl og fyrir 6—11 kv. aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og sammingsbundna tímallengd notkunar.

Raforkugjald.

Aflgjald	1 880.00 kr. á árskw.
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartími á kw.	25 aurar á kwst.
Fyrir næstu notkun allt að 2000 klst. ársnýtingartími á kw.	21 aurar á kwst.
Fyrir notkun umfram 4000 klst. ársnýtingu á kw.	20 aurar á kwst.

Aflmæling.

Árskw. miðast við álagstoppa, sem er meðalalag á 30 mín. tímabili. Aflgjald skal reiknað á meðaltal fjögurra hæstu álagstoppa á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. janúar að telja.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kwst. deild með þeim álagstoppi á kw. sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Launafll.

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta rafmagnsveiturnar krafizt, að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla, í samráði við kaupanda, ársgreiðslu hans, miðuð við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar, eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76 gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Söluskattur er ekki innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 og tekur hún gildi 1. janúar 1969. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 206/1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

31. desember 1968.

Nr. 327.

REGLUR**um öryggisbelti í bifreiðum.****1. gr.**

Öryggisbelti eru ýmist þriggja eða tveggja punkta:

Þriggja punkta öryggisbelti er hvorttveggja í senn notað yfir mjaðmir og yfir mjöðm og öxl.

Tveggja punkta öryggisbelti eru tvenns konar:

- a) Belti notað yfir mjaðmir.
- b) Belti notað yfir mjöðm og öxl.

2. gr.

Þann enda öryggisbeltis, sem liggur yfir mjöðm, skal festa í lágfestipunkti og þann enda, sem liggur yfir öxl, skal festa í háfestipunkti.

Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjaðmir hefur tvo lágfestipunkta. Tveggja punkta öryggisbelti yfir mjöðm og öxl hefur einn lágfestipunkt og einn háfestipunkt. Þriggja punkta öryggisbelti hefur tvo lágfestipunkta og einn háfestipunkt.

3. gr.

Óheimilt er að nota tveggja punkta öryggisbelti nema eigi sé unnt eða mjög erfitt sé að koma við festingu fyrir þriggja punkta öryggisbelti.

4. gr.

Öryggisbelti við sæti, sem næst er dyrum í bifreið, skal að jafnaði vera þriggja punkta. Nú er vegna byggingarlags bifreiðar ekki unnt að koma fyrir traustri háfestingu, nema með verulegri röskun á yfirbyggingu, og er þá heimilt að nota tveggja punkta belti yfir mjaðmir, þótt næst sé dyrum í bifreið.

5. gr.

Þess skal sérstaklega gætt, að gengið sé tryggilega frá festingu beltis við bifreið.

6. gr.

Öryggisbelti eru háð árlegri skoðun og samþykki bifreiðaeftirlits ríkisins.

Bifreiðaeftirlit ríkisins, 31. desember 1968.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
nr. 8. 23. janúar 1968.

1. gr.

2. gr. Gjaldskráinnar orðist svo:
Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Jarðstrengur		Loftlína	
	stofngj. kr.	lengdargj. kr./m	stofngj. kr.	lengdargj. kr./stólpa
1 25 A 1-fasa			4 593	5 360
2 60 A —	1 048	462	5 360	6 123
3 100 A —	1 048	555	6 890	7 656
4 25 A 3-fasa			5 360	6 123
5 60 A —	1 048	555	6 890	7 656
6 100 A —	3 173	631	9 187	9 569
7 200 A —	10 910	957	18 374	11 484
8 300 A —	44 200	x		
9 150 kVA —	50 700	x		
10 300 kVA —	101 400	x		
11 500 kVA —	169 000	x		
12 800 kVA —	270 400	x		

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mælitækis	Upp að 30 amp. kr.	35—50 30 amp kr.	55—100 30 amp. kr.	Yfir 100 amp. kr.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér	72.00			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	156.00	264.00	306.00	504.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	264.00	306.00	480.00	768.00

Rofar:

1 × 10 amp. til o. m. 2 × 30 amp.	390.00
3 × 15 — 3 × 60 amp	480.00
3 × 100 — 3 × 350 amp.	1 164.00

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 1. ml. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið svo sem hér segir:

- 7.1 Kr. 7.69 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli.
- 7.2 Kr. 10 578.20 hvert árskilowatt til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 7.3 Kr. 2.04 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi 1 057.82 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfplatarmálsrýmis þess, er lýsa skal, og kr. 32.66 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm.

Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3.5.

- 7.4 Kr. 2 191.70 hvert árskilowatt, og öll notkun kr. 2.04 kwst., ef um meira en 2.5 kw.-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfplatarmáls 15 wött á kr. 1 326.50 árskw. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við voltamper í stað watta.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

- 8.1 Raforka til ljósa um sérsmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilissvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 1.92 kwst.
- 8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum skv. lið 8. 1.
- 8.3 Kr. 1.67 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, og auk þess fastagjald kr. 161.46 á ári af hverju íbúðarherbergi.
- 8.4 Kr. 1.67 hver kwst., sem seld er um sérsmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.

- 8.5 Kr. 1.67 hver kwst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.
- 8.6 Kr. 5 713.38 hvert árskw., sem selt er um hemilmæla og auk þess kr. 1.56 hver kwst., fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi umfram tvö.
- 8.7 Kr. 5 713.38 hvert árskw., sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verzlunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á 1.56, og hemilstilling miðuð við 500 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir fyrstu 25 ferm. gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins, en ef óskað er hærrí hemilstillingar en um getur í þessum tölulíð, skal gjaldið vera 10 578.20 árskw.
- 8.8 Kr. 1.45 hver kwst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Texti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra, sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Verð á raforku til vélareksturs, skal ákveðið svo sem hér segir:

- 9.1 Kr. 3.84 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli.
- 9.2 Kr. 768.91 hvert uppsett árskw., og öll notkun kr. 1.50 kwst.
- 9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkunina svo sem hér segir:
Kr. 1 288.00 á árskw.
Auk þess skal greiða kr. 0.66 fyrir hverja kwst.
- 9.4 Kr. 4 172.57 fyrir hvert árskw., sem sett er um hemilmæli, og kr. 2.04 hver kwst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum líð.
- 9.5 Kr. 4.05 fyrir hverja kwst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbýggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

6. gr.

10. gr. orðist svo:

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:

- 10.1 Kr. 0.81 hver kwst., seld um kwst.mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
- 10.2 Kr. 0.70 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim stundum tvisvar á dag.
- 10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 0.70 hverja kwst., en þá skal fastagjald vera kr. 1 604.02 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 737.31 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 4 556.30 á ári.
- 10.4 Kr. 0.70 hver kwst., fyrir notkun til hitunar á neyrluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
- 10.5 Kr. 0.51 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.
- 10.6 Kr. 0.32 hver kwst., sem seld er um kwst.mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 9—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun í húsrými, sem er stærra en 2000 rúm-metr., eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12.30—15.30.
- 10.7 Kr. 0.43 hver kwst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22.00—9.00 og kr. 1.67 hver kwst., sem seld er á tímabilinu kl. 9.00—22.00.

7. gr.

11. gr. orðist svo:

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds.

Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkvæmt aflagjaldskrá.

Bráðabirgðaákvæði í lok V. kafla.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í gjaldskrá þessari, á raforku og mælaleigu, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkv. álestri í janúar 1969 skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 5% álagi.
2. Notkun samkv. álestri í febrúar 1969 skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 10% álagi.
3. Notkun samkv. álestri í marz 1969 skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem mælaálestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkv. álestri í janúar 1969 reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
5. Heimtaugagjöld skal reikna samkvæmt þessari gjaldskrá, frá 1. janúar 1969.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnuáráðuneytið, 30. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Lanssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 6000.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1800.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 600.00
4. — tengil (með rafvökum)	— 550.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjöld á ársfjórðungi (í kr.)

I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar Afgreiðslutími símtala á virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	400	320	240
4 —	540	430	320
6 —	610	490	370
8 —	680	540	410
10 —	740	590	440
12 —	760	610	460
14 —	790	630	480
16 —	820	660	500
24 —	865	690	520

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætast við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, upphæð sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka, fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

II. Fyrir aukabúnað.

1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð kr. 220.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi — 320.00
3. — — — — í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfalli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
4. — hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi — 35.00
5. — hvern tengil (með rafvökum) — 40.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Almenn ákvæði.

Ofan nefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að álitu símtjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatækjum.

1. Milli húsa við sömu sírstöð, fyrir hvert talfæri með línu kr. 3000.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli.
 - a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð — 500.00
 - b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri — 1000.00
3. Frá húsi á svæði annarrar handvirktrar sírstöðvar — 4000.00

Ófannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1800.00

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 600.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um stystkíni.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1200.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhold á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri	kr. 7500.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) —	1800.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 2700.00
4. — venjulega aukabjöllu	— 600.00
5. — tengil	— 500.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi sírstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni sírstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra sírstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarrar sírstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin fara eftir útförnum símtalafjölda (teljaraskrefum) og eru:
 - a. Kr. 1.60 fyrir hvert teljaraskref á símtalateljara hlutaðeigandi símanúmers. Lágmarksgjald á ársfjórðungi kr. 865.00, en með samþykki ráðherra má þó lækka það á smástöðvum (undir 100 númerum).
 - b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma greiðist aukalega kr. 350.00 á ársfjórðungi. Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða

fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 120.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 300.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi innan 1 km fjarlægðar frá símstöð, en annars bætist línuleiga við skv. VIII kafla B	— 500.00
— 1 tengil	— 25.00
— venjulega aukabjöllu	— 30.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa nú miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig.

a. Línugjald frá símstöð til miðstöðvarborðs eftir samtalsfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 100.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 250.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

c. Talfæragjald: kr. 250.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

4. Fyrir ný skiptiborð, önnur tæki, línur eða sérbúnað, en að framan greinir, verða afnotagjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva, fyrir hvert venjulegt talfæri kr. 3750.00 (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)

2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:

a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 500.00

b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri

3. Frá húsi á svæði annarrar sjálfvirkrar símstöðvar

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1800.00, ef flutt er inn 6 mánaða, en í allt að kr. 2400.00 ef 6—12 mánuðir liða á milli.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 600.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1200.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímataekja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 4200.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í II. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

a. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Stöðvar		
Afgreiðslutími		
á virkum dögum		
2	std.	kr. 200.00
4	—	— 250.00
6	—	— 310.00
8	—	— 360.00
10	—	— 380.00
12	—	— 390.00
14	—	— 420.00
16	—	— 440.00
24	—	— 460.00

b. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í II. kafla B.

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur henda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símataekja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í sam- band. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald- dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasam- bandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöð- um, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofn- unum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan ís- lenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega um- sókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá lúkis- útvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12., skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftir- litsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvar- vörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá

- leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi sendistöðvar aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, í samræmi við IV. kafla A. 12.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skirteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skirteini loftskýtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
 5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrir mælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.
 6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
 7. Reikningar, vegna viðgerða, skulu greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að verkið var framkvæmt.
 8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um kerfi póst- og símamálastjórnarinnar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.
 9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
 10. Nú hefur stöð verið innsigliuð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliugjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsigliunar, ber leyfishafi.
 11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
 12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir á ári:

a. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 500.00
b. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 250.00
c. Leyfisbréf, önnur radiótæki en sendar	— 80.00
d. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 1000.00
e. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 600.00
f. Eftirlitsgjald árlega, fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	— 40.00
g. Eftirlitsgjald árlega, fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns. Sama gjald er fyrir ferðatalstöðvar	kr. 300.00
h. Innsigliugjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 600.00
i. Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 600.00
 13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

B. Radiótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftskýtastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru

- eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
2. Póst- og símamálastjórnin annast viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transistora, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.
 3. Óski leigutaki, að viðgerð sé flýtt sérstaklega, ber honum að greiða ferðakostnað og annan aukakostnað, er af því hlýzt. Sömuleiðis ber leigutaki kostnað af því, ef viðgerð er framkvæmd eftir hans ósk, utan venjulegs dagvinnutíma.
 4. Öll radiótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
 5. Stofngjald fyrir radiótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
 6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t.d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því vikið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
 7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
 8. Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin:
 - a. Innsiglað senditækin, þó þannig að nota megji tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.

b. Tekið tækin í sína vörzlu, án undangenginnar innsíglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar eftir að viðgerð fór fram.

Fyrir enduroppnun innsíglis greiðist innsíglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsíglis greiði leigutaki, auk innsíglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskæptastöðvagjöld með símareikningum hlut- aðeigandi aðila, að við lagðri lokun símans.

9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðskipta við eigin skip eða báta, þá lætur póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækjunum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftirá mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.
10. Póst- og símamálastjórnin seldur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömu leiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleiðutími 2 vikur, annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömu leiðis ber leigutaka að sjá um váttryggingu tækjanna á sinn kostnað.
11. Póst- og símamálastjórnin gefur út sérstaka gjaldskrá fyrir leigukjör radiótækja o. fl. Leigukjör fyrir radiótæki, sem ekki er gefið um í þeirri gjaldskrá, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar sínstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

- A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
- B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er heinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

- a. veðurfréttir og ástand vega,
- b. tilkynningar um komu- og brottfarartíma,
- c. tilkynningar um bilanir eða breytingar á áætlun,

- d. tilkynningar um viðgerðir, áriðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
 e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar landsímans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skirteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti milli bifreiða (og annarra landfarstöðva) og framan- greindra stöðva eru innifalin í leigu senditækja bifreiðinna (landfarstöðvanna), séu þau í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Sé sendistöð bifreiðarinnar (landfarstöðvarinnar) eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

Gjöld fyrir viðskipti um fjarskiptastöðvar póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig innifalin í leigunni, ef þau eru innan sama innanbæjarsímakerfis og viðkomandi fjarskiptastöð, og efnislega samkvæmt 3. gr. þessara reglna.

Gjöld fyrir viðskipti út fyrir þetta innanbæjarsímakerfi greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru í höfuðatriðum sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl (handvirk afgreiðsla):

Um	0— 10 km	línulengd	kr.	10.00
—	10— 25	—	—	18.00
—	25—100	—	—	24.00
—	100—225	—	—	30.00
—	225—350	—	—	37.00
	Yfir 350	—	—	45.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála-stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsgjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofanefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 6.00 innan 100 km vegalengdar, kr. 12.00 þar yfir. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki. Kvaðningsgjald reiknast ávallt við símtöl um leiðir, þar sem er sjálfvirkt langlínusamband fyrir.
5. Boðsending: kr. 18.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símstöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.
6. Afturköllun símtals: kr. 4.00.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands, samanlagt fyrir hvert viðtalsbil:

- a. Landlínugjald kr. 16.00.
 - b. Strandargjald kr. 30.00, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíli frá landi, en annars kr. 60.00.
 - c. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.
- Gjöld fyrir símtöl við erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: kr. 3.00 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 30.00.
2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.70 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 17.00.
3. Blaðaskeyti: 60 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 18.00.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 60.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 40.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-gjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 18.00—25.00 eftir gerð.

Jóla- og nýárskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 36.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 30.00.

8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalásjóðs.

9. Loftskæyti og talskæyti: Gjald fyrir loftskæyti og talskæyti um íslenzkar strand-arstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
- Venjulegt símkeytagjald innanlands.
 - Strandargjald kr. 2.20 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
 - Skipsgjald. Engin íslenzk skip önnur en farþegaskip taka skipsgjald, sem getur verið mismunandi fyrir hvert skip. Erend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

Fyrir loftskæyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skæyti.

10. Móttaka símskæyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 6.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskæyti kostar kr. 4.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskæyti: Símskæyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símsstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skæyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 18.00 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.
- Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskæyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskæytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
13. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskæyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskæytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skæyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 10.00 fyrir hvert 50 textaorð eða færri, en kr. 4.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskirteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskæyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskæyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskirteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).

2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

- I. Stofngjald.
- | | |
|--|---------------|
| a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu | kr. 20 000.00 |
| b. Tengigjald við telexstöð | — 10 000.00 |
| c. Bæjarlína | — 2 500.00 |
- II. Afnotagjald á ársfjórðungi:
- | | |
|---|------------|
| a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða) | — 8 000.00 |
| b. Tengigjald við telexstöð | — 4 000.00 |
| c. Línuleiga samkvæmt VIII. Kafla B. | |
- III. Gjald fyrir flutning á venjulegri fjarritvél milli húsa í sama bæ — 5 000.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir línur til fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir.

B. Línur.

Séu línur láttnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

- | | | |
|---|------------|--------|
| 1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.5—0.7 mm | kr. 370.00 | pr. km |
| 2. — 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm | — 500.00 | — — |
| 3. — 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm | — 600.00 | — — |
| 4. — loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er ... | — 600.00 | — — |

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðist kr. 450.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 80.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 110.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 220.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazz aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símanotandi að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 150.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 180.00
2. Aukanafn í skrá	— 220.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 110.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 180.00 + 220.00	— 400.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 220.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 110.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 180.00. Auglýsingalína kostar kr. 110.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, tilkynni það hlutaðeigandi símstöðvarstjóra, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.

2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og þer þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða sírstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlíkusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlíkusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma- búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofn- gjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs tal- færís er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálf- sögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sóttþreinsun tal- færa.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, þer þegar í stað að tilkynna það sírstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn þer ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.
8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er pósti- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram af- notagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt pósti- og símamálastjórnin hafi ekki getað afgreitt beiðni um flutning símans á þeim tíma.
10. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um samtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 100.00 fyrir lokun og enduroppnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skai hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

